

AUGLÝSING

um birtingu á tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og ESB-gerð á sviði fjármálaþjónustu sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn.

Eftirtaldar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar fela í sér að tilteknar reglugerðir á sviði fjármálaþjónustu eru teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993 þar sem samningurinn var upphaflega birtur:

1. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2025 frá 20. febrúar 2025, sjá fylgiskjal nr. 1 með auglýsingu þessari.
2. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2025 frá 20. febrúar 2025, sjá fylgiskjal nr. 2 með auglýsingu þessari. Tekin er upp reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937, með aðlögunum, sjá fylgiskjal nr. 3 með auglýsingu þessari.

Þær ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar og reglugerð sem að framan greinir eru birtar sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari. Birtingin er liður í undirbúningi þess að fjármála- og efnahagsráðherra leggi fyrir Alþingi lagafrumvörp til innleiðingar á viðkomandi reglugerðum í íslenskan rétt, með þeim aðlögunum sem gerðar hafa verið við upptöku þeirra í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Sömu ákvarðanir og reglugerð verða jafnframt á síðara stigi birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 13. mars 2025.

F. h. fjármála- og efnahagsráðherra,

Guðrún Þorleifsdóttir.

Steinar Örn Steinarsson.

Fylgiskjal 1.**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 40/2025****frá 20. febrúar 2025****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 frá 14. desember 2022 um stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt fyrir fjármálageirann og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1060/2009, (ESB) nr. 648/2012, (ESB) nr. 600/2014, (ESB) nr. 909/2014 og (ESB) 2016/1011¹.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2556 frá 14. desember 2022 um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB, 2014/65/ESB, (ESB) 2015/2366 og (ESB) 2016/2341 að því er varðar stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt fyrir fjármálageirann².
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB), 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB), lið 19b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB), 30. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB), lið 31ba (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB) og lið 31bb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB),
„- **32022 L 2556:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2556 frá 14. desember 2022 (Stjtið. ESB L 333, 27.12.2022, bls. 153).“
2. Eftirfarandi er bætt við lið 16e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366) og lið 31d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341):
„, breytt með:
- **32022 L 2556:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2556 frá 14. desember 2022 (Stjtið. ESB L 333, 27.12.2022, bls. 153).“
3. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31pc (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2486):
„31q. **32022 R 2554:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 frá 14. desember 2022 um stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt fyrir fjármálageirann og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1060/2009, (ESB) nr. 648/2012, (ESB) nr. 600/2014, (ESB) nr. 909/2014 og (ESB) 2016/1011 (Stjtið. ESB L 33, 27.12.2022, bls. 1).
Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
 - a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin aðildarríkin og lögbær yfirvöld þannig að þau taki til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð, til viðbótar við merkingu þeirra í tilskipuninni.
 - b) Evrópsku eftirlitsstofnanirnar (ESAs) og Eftirlitsstofnun EFTA skulu, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum, starfa saman, skiptast á upplýsingum og hafa samráð að því er varðar þessa reglugerð, einkum áður en þær grípa til aðgerða.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 333, 27.12.2022, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 333, 27.12.2022, bls. 153.

- c) Ákvarðanir, beiðnir, tilmæli, álit, áætlanir og aðrar ráðstafanir sem Eftirlitsstofnun EFTA grípur til skv. 31., 33., 35.-39., 42. og 43. gr. skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem viðkomandi eftirlitsstofnun hefur samið í samræmi við 1. mgr. 31. gr. að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.
- d) Þegar vísað er til seðlabankanna í aðildarríkjunum í reglugerðinni, skal, að því er varðar Liechtenstein, vísað til fjármálaráðuneytisins í Liechtenstein.
- e) Í 61. lið 3. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „evrópska eftirlitsstofnun“.
- f) Í 30. lið 3. gr. koma orðin „ákvæði EES-samningsins eða landslaga“ í stað orðanna „landslög Sambandsins eða landslög“ og í og 3. mgr. 55. gr. koma orðin „ákvæðum EES-samningsins eða landslaga“ í stað orðanna „lögum Sambandsins eða landslögum“.
- g) Í 10. mgr. 6. gr. og 5. mgr. 19. gr. koma orðin „EES-samninginn eða landsbundin sérlög“ í stað orðanna „lög Sambandsins og landsbundin sérlög“.
- h) Í 7. mgr. 19. gr. er orðunum „og seðlabönkum EFTA-ríkjanna“ bætt við á eftir orðunum „aðilum seðlabankakerfis Evrópu“.
- i) Í 1. mgr. 31. gr.:
 - i) orðunum „, eða Eftirlitsstofnunar EFTA, að því er varðar þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu með staðfestu í þriðja landi en eiga dótturfyrirtæki í EFTA-ríki,“ bætt við á eftir orðunum „sameiginlegu nefndarinnar“,
 - ii) orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ er bætt við á eftir orðunum „þá evrópsku fjármálaeftirlitsstofnun sem er ábyrg“,
 - iii) eftirfarandi er bætt við b-lið:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal vera aðaleftirlitsaðili fyrir sérhvern mikilvægan þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu með staðfestu í EFTA-ríki eða þriðju aðila sem veita upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu með staðfestu í þriðja landi en eiga dótturfyrirtæki í EFTA-ríki. Evrópsku eftirlitsyfirköldin skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, tilnefna viðeigandi evrópska fjármálaeftirlitsstofnun sem skal aðstoða Eftirlitsstofnun EFTA við að sinna hlutverki sínu samkvæmt reglugerðinni, þ.m.t. að undirbúa drögin sem vísað er til í aðlögunartexta c).“.
- j) Í 5. mgr. 31. gr. bætast orðin „, eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á,“ við á eftir orðunum „sameiginlegu nefndarinnar“.
- k) Í ii-lið 8. mgr. 31. gr., bætast orðin „eða, að því er varðar EFTA-ríkin, ramma til stuðnings sömu verkefna og um getur í 2. mgr. 127. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ við á eftir orðunum „sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“.
- l) Í 11. mgr. 31. gr. bætast orðin „, eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á,“ við á eftir orðunum „sameiginlegu nefndarinnar“.
- m) Í 4. mgr. 32. gr., er eftirfarandi undirgreinum bætt við:

„Lögbær yfirköld EFTA-ríkjanna skulu hafa sömu réttindi og skyldur og lögbær yfirköld aðildarríkja ESB í störfum á eftirlitsvettvangnum.

Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa rétt til að tilnefna tvo fulltrúa í eftirlitsvettvanginn, þar af skal annar vera háttsettur fulltrúi, með sömu réttindi og skyldur og fulltrúar evrópsku eftirlitsstofnananna.“.
- n) Í 8. mgr. 32. gr. koma orðin „ákvæða EES-samningsins“ í stað orðanna „reglna Sambandsins“.
- o) Í 1. mgr. 34. gr. er eftirfarandi málslíð bætt við:

„Eftirlitsstofnun EFTA, í hlutverki sínu sem aðaleftirlitsaðili, skal taka þátt í sameiginlega eftirlitskerfinu (JON).“.
- p) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 3. mgr. 35. gr.:

„Áður en drög að tilmælum fyrir Eftirlitsstofnun EFTA eru undirbúin í samræmi við d-lið 1. mgr. skal evrópska fjármálastofnunin sem er ábyrg gefa þjónustuveitanda þriðja aðila í upplýsinga- og fjarskiptatækni tækifæri til að veita viðeigandi upplýsingar innan 30 almanaks-“.

daga, sem sýna fram á væntanleg áhrif á viðskiptavinum sem eru aðilar sem falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar og, eftir því sem við á, setja fram lausnir til að draga úr áhættu.“

- q) Eftirfarandi málslíður bætist við í 9. mgr. 35.:
„Fastanefnd EFTA-ríkjanna skal ákvarða hvernig úthluta skal fjárhæðum févíta sem Eftirlitsstofnun EFTA innheimtir í hlutverki sínu sem aðaleftirlitsaðili.“
 - r) Eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fyrstu undirgrein 11. mgr. 35. gr.:
„Áður en drög að ákvörðun um févíti skv. 6. mgr. eru samin fyrir Eftirlitsstofnun EFTA skal evrópska fjármálaeftirlitsstofnunin sem er ábyrg gefa fulltrúum mikilvægs þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu, og sætir málsmæðferð, tækifæri til að tjá sig um niðurstöðurnar og skal hún einungis byggja ákvarðanir sínar á þeim niðurstöðum sem mikilvægur þriðji aðili sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu og sætir málsmæðferð hefur fengið tækifæri til að gera athugasemdir við.“
 - s) Í 2. mgr. 36. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaftirlitsstofnunin, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin“.
 - t) 3. mgr. 37. gr. hljóðar svo, að því er varðar EFTA-ríkin:
„tilgreina réttinn til endurskoðunar EFTA-dómstólsins á ákvörðuninni, í samræmi við 36. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.“
 - u) Í 2. mgr. 40. gr.:
i) orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ er bætt við á eftir orðunum „Evrópsku eftirlitsstofnunum“,
ii) eftirfarandi undirgrein er bætt við:
„Þátttaka Eftirlitsstofnunar EFTA í sameiginlega skoðunarhópnum skal, í þeim tilvikum þegar eftirlitsstarfsemin felur ekki í sér þátttöku þriðja aðila sem veitir upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu eða dótturfyrirtækis með staðfestu í EFTA-ríki, vera valfrjáls.“
 - v) Í 1. mgr. 49. gr. er „og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku eftirlitsstofnanirnar“.
 - w) Orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ bætast við á eftir orðunum „evrópsku eftirlitsstofnanirnar“ í 2. mgr. 49. gr. og orðunum „Evrópsku eftirlitsstofnunum“ í 1. mgr. 56. gr.
 - x) Í 64. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „17. janúar 2025“ sem „frá þeirri dagsetningu sem ákvörðuð er í landslögum en þó eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2025 frá 20. febrúar 2025“.
4. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31baa (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014), lið 31bc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012), lið 31bf (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014), lið 31eb (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009) og lið 31f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011):
- „– **32022 R 2554:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 frá 14. desember 2022 (Stjtið. ESB L 333, 27.12.2022, bls. 1).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2022/2554 og tilskipunar (ESB) 2022/2556, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. febrúar 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

* Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. febrúar 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður

Fylgiskjal 2.**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 41/2025****frá 20. febrúar 2025****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði með sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937¹, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90275, 2.5.2024.
- 2) Þegar EFTA-ríkin skilgreina hvaða lönd skulu vera á listanum yfir ósamvinnuþýðar lögsögur í landslögum sínum, skulu þau taka fullt tillit til lista ESB yfir ósamvinnuþýðar lögsögur í skattalegu tilliti.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31q (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554) í IX. viðauka við samninginn:

„31r. **32023 R 1114:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði með sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtið. EB L 150, 9.6.2023, bls. 40), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90275, 2.5.2024.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin aðildarríkin og lögbær yfirvöld þannig að þau taki til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð, til viðbótar við merkingu þeirra í tilskipuninni.
- b) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, Evrópska bankaftirlitsstofnunin, Seðlabanki Evrópu og Eftirlitsstofnun EFTA skulu, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum, starfa saman, skiptast á upplýsingum og hafa samráð að því er varðar þessa reglugerð, einkum áður en þær grípa til aðgerða.
- c) Tilvísanir í valdheimildir Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar skv. 5. mgr. 9. gr. og 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010, ber að skilja sem tilvísanir í valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar EFTA-ríkin í málum sem kveðið er á um í, og í samræmi við, lið 31g í þessum viðauka.
- d) Tilvísanir í valdheimildir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skv. 5. mgr. 9. gr., 17. og 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010, ber að skilja sem tilvísanir í valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA, að því er varðar EFTA-ríkin, í málum sem kveðið er á um í, og í samræmi við, lið 31i í þessum viðauka.
- e) Seðlabanki Evrópu skal aðstoða Eftirlitsstofnun EFTA við framkvæmd á verkefnum stofnunarinnar við að gefa út álit sem kveðið er á um í 5. mgr. 17. gr., 5. mgr. 20. gr., 2. mgr. 24. gr., 3. mgr. 24. gr. og 3. mgr. 25. gr. og leggja fram mat í samræmi við 5. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar. Seðlabanki Evrópu og Eftirlitsstofnun EFTA skulu leitast við að komast að samkomulagi um sameiginlega afstöðu til innihalds álitins.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40.

Takist ekki að komast að sameiginlegri afstöðu og Seðlabanki Evrópu er ekki sammála álit Eftirlitsstofnunar EFTA eða upplýsingunum um matið, getur hann lagt fram sérálit til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Í slíku tilviki, getur forseti Seðlabanka Evrópu eða stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA farið þess á leit við samningsaðila að þeir vísi málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um það í samræmi við 111. gr. EES-samningsins, sem skal gilda að breyttu breytanda. Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar, getur samningsaðili hvenær sem er vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar að eigin frumkvæði, í samræmi við 5. og 111. gr. þessa samnings.

- f) Þrátt fyrir aðlögunartexta k), l), n), p) og q) skal Seðlabanki Evrópu gefa út álit sem kveðið er á um í 5. mgr. 17. gr., 5. mgr. 20. gr., 2. mgr. 24. gr., 3. mgr. 24. gr. og 3. mgr. 25. gr. og leggja fram mat í samræmi við 5. mgr. 22. gr. til lögbærra yfirvalda EFTA-ríkjanna þar sem eignartengdi tókinn vísar til evrunnar. Í slíkum tilvikum skal Eftirlitsstofnun EFTA ekki gefa út álit.
- g) Ákvarðanir, bráðabirgðaákvarðanir, beiðnir, afturkallanir ákvarðana og aðrar ráðstafanir sem Eftirlitsstofnun EFTA grípur til skv. 2. mgr. 43. gr., 3. mgr. 44. gr., 1. mgr. 56. gr., 3. mgr. 57. gr., 1. mgr. 103. gr., 1. mgr. 104. gr., 117. gr., 1. mgr. 122. gr., 3. mgr. 123. gr., 5. mgr. 124. gr., 125. gr., 1. mgr. 130. gr., 1. mgr. 131. gr., 1. mgr. 132. gr. og 1. mgr. 137. gr., skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin eða Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, eftir því sem við á, hafa samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.
- h) Þegar vísað er til seðlabankanna í aðildarríkjunum í reglugerðinni, skal, að því er varðar Liechtenstein, vísað til fjármálaráðuneytisins í Liechtenstein.
- i) Í 6., 19., 51., 98. og 128. gr. koma orðin „ákvæðum EES-samningsins eða landslaga“ í stað orðanna „lögum Sambandsins eða landslögum“ og í 67. gr. og 109. gr. koma orðin „ákvæði EES-samningsins eða landslaga“ í stað orðanna „lög Sambandsins eða landslög“.
- j) Í 1. mgr. 14. gr., 6. mgr. 34. gr. og 33. lið V. viðauka við þessa reglugerð, koma orðin „viðeigandi staðla samkvæmt EES-samningnum“ í stað orðanna „viðeigandi staðla Sambandsins“.
- k) Í 5. mgr. 17. gr.:
 - i) í fyrstu undirgreininni, er orðunum „og, að því er varðar lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanka Evrópu“,
 - ii) í annarri og þriðju undirgrein, er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanki Evrópu“.
- l) Í 20. gr.:
 - i) í 4. mgr. er orðunum „og, að því er varðar lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanka Evrópu“,
 - ii) í 5. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðinu „Seðlabanki Evrópu“.
- m) Í 4. mgr. 21. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanki Evrópu“.
- n) Í 5. mgr. 22. gr. er orðunum „eða, að því er varðar lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanki Evrópu“.
- o) Í 2. mgr. 23. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanki Evrópu“.
- p) Í 2. og 3. mgr. 24. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanki Evrópu“.
- q) Í 25. gr.:
 - i) í fyrstu undirgrein 3. mgr. er orðunum „eða, að því er varðar lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanka Evrópu“,
 - ii) í annarri undirgrein 3. mgr. og 4. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanki Evrópu“.
- r) Í 2. og 6. mgr. 43. gr. bætist orðin „eða, að því er varðar eignatengda tóka sem útgefandi sem hefur staðfestu í EFTA-ríki gefur út, Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópska bankaefirlitsstofnunin“ og í 7. mgr. 43. gr. bætist orðin „að því er varðar eignatengda tóka sem

útgefandi sem hefur staðfestu í EFTA-ríki gefur út, Eftirlitsstofnunar EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar“.

- s) Í 4. mgr. 43. gr. er orðunum „og, að því er varðar lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir hugtakinu „Seðlabanka Evrópu“.

- t) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 5. mgr. 43. gr.:

„Að því er EFTA-ríkin varðar, komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að eignatengdur tóki uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. í samræmi við 2. mgr. skal hún gera drög að ákvörðun um að flokka eignatengda tókann sem mikilvægan eignatengdan tóka og tilkynna drögin að ákvörðuninni til útgefanda þess eignatengda tóka, til lögbærs yfirvalds í heimaEFTA-ríki útgefandans, til Eftirlitsstofnunar EFTA, Seðlabanka Evrópu og, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr., til seðlabanka hlutaðeigandi EFTA-ríkis.“

Útgefendur slíkra eignatengdra tóka, lögbær yfirvöld þeirra, Eftirlitsstofnun EFTA, Seðlabanki Evrópu og, eftir atvikum, seðlabanki hlutaðeigandi EFTA-ríkis skulu hafa 20 virka daga frá dagsetningu tilkynningar um drög að ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til að leggja fram skriflegar athugasemdir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka þessar athugasemdir til greina á viðeigandi hátt áður en hún semur drög með tilliti til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 6. mgr.“.

- u) Í 8. mgr. 43. gr.:

- i) í fyrstu undirgrein bætast orðin „eða, að því er varðar mikilvæga eignatengda tóka sem útgefandi sem hefur staðfestu í EFTA-ríki gefur út, Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“,

- ii) eftirfarandi undirgreinum er bætt við:

„Að því er EFTA-ríkin varðar, komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að tilteknir eignatengdir tókar uppfylli ekki lengur skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. í samræmi við 2. mgr. skal hún gera drög að ákvörðun um að flokka eignatengda tóka ekki lengur sem mikilvæga og tilkynna drögin að ákvörðuninni til útgefanda þess eignatengda tóka, til lögbærs yfirvalds í heimaEFTA-ríki útgefandans, til Eftirlitsstofnunar EFTA, Seðlabanka Evrópu og, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr., til seðlabanka hlutaðeigandi EFTA-ríkis.“

Útgefendur slíkra eignatengdra tóka, lögbær yfirvöld þeirra, Eftirlitsstofnun EFTA, Seðlabanki Evrópu og, eftir atvikum, seðlabanki hlutaðeigandi EFTA-ríkis skulu hafa 20 virka daga frá dagsetningu tilkynningar um drög að ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til að leggja fram skriflegar athugasemdir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka þessar athugasemdir til greina á viðeigandi hátt áður en hún semur drög að ákvörðun fyrir Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt 9. mgr.“.

- v) Í 9. og 10. mgr. 43. gr. bætist orðin „eða, að því er varðar mikilvæga eignatengda tóka sem útgefandi sem hefur staðfestu í EFTA-ríki gefur út, Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir hugtakinu „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“.

- w) Í 1. mgr. 44. gr. er orðunum „og, að því er varðar lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanka Evrópu“.

- x) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 2. mgr. 44. gr.:

„Að því er EFTA-ríkin varðar, skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, innan 20 virkra daga frá tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, semja drög að ákvörðun þar sem fram kemur álit hennar á grundvelli starfsáætlunarinnar um það hvort líkur á því að eignartengdi tókin uppfylli eða uppfylli a.m.k. þrjár af þeim viðmiðunum sem settar eru fram í 1. mgr. 43. gr. og tilkynna til útgefanda þess eignatengda tóka, til lögbærs yfirvalds í heimaEFTA-ríki útgefandans, til Eftirlitsstofnunar EFTA og til seðlabanka hlutaðeigandi EFTA-ríkis þar sem útgefandinn hefur staðfestu og, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 43. gr., til seðlabanka Evrópu eða til seðlabanka hlutaðeigandi EFTA-ríkis.“

Lögbær yfirvöld útgefenda slíkra eignatengdra tóka, Eftirlitsstofnun EFTA, Seðlabanki Evrópu og, eftir atvikum, seðlabanki hlutaðeigandi EFTA-ríkis skulu hafa 20 virka daga frá dagsetningu tilkynningar um þessi drög að ákvörðun til að leggja fram skriflegar athugasemdir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka þessar athugasemdir til greina á viðeigandi hátt áður en hún semur drög að ákvörðun fyrir Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt 3. mgr.“.

- y) Í 3. mgr. 44. gr. bætast orðin „eða, að því er varðar eignatengda tóka sem útgefandi sem hefur staðfestu í EFTA-ríki gefur út, Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópska banka-
eftirlitsstofnunin“.
- z) Í 4. mgr. 44. gr. bætast orðin „eða, að því er varðar mikilvæga eignatengda tóka sem útgefandi sem hefur staðfestu í EFTA-ríki gefur út, Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópsku banka-
eftirlitsstofnunarinnar“.
- za) Í 4. mgr. 45. gr. bætast orðin „eða, að því er varðar mikilvæga eignatengda tóka með staðfestu í EFTA-ríki, Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópska banka-
eftirlitsstofnunin“.
- zb) Í 1. og 5. mgr. 56. gr. bætast orðin „eða að því er varðar rafeyristóka sem útgefandi sem hefur staðfestu í EFTA-ríki gefur út, Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópska banka-
eftirlitsstofnunin“ og í 6. mgr. 56. gr. bætast orðin „eða að því er varðar rafeyristóka sem útgefandi sem hefur staðfestu í EFTA-ríki gefur út, Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópsku banka-
eftirlitsstofnunarinnar“.
- zc) Í 3. mgr. 56. gr. er orðunum „og, að því er varðar lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanka Evrópu“.
- zd) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við í 4. mgr. 56. gr.:
- „Að því er EFTA-ríkin varðar, komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að rafeyristóki uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 43. gr. í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skal Evrópska banka-
eftirlitsstofnunin gera drög að ákvörðun um að flokka rafeyristókann sem mikil-
vægan rafeyristóka og tilkynna drögin að ákvörðuninni til útgefanda þess rafeyristóka, til lögbærs yfirvalds í heimaEFTA-ríki útgefandans, Eftirlitsstofnun EFTA, Seðlabanka Evrópu og, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. til seðlabanka hlutaðeigandi EFTA-ríkis.
- Útgefendur slíkra rafeyristóka, lögbær yfirvöld, Eftirlitsstofnun EFTA, Seðlabanki Evrópu og, eftir atvikum, seðlabanki hlutaðeigandi EFTA-ríkis skulu hafa 20 virka daga frá dagsetningu tilkynningar um drög að ákvörðuninni til að leggja fram skriflegar athugasemdir. Evrópska banka-
eftirlitsstofnunin skal taka þessar athugasemdir til greina á viðeigandi hátt áður en hún semur drög með tilliti til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 5. mgr.“.
- ze) Í 7. mgr. 56. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðinu „Evrópsku banka-
eftirlitsstofnunarinnar“ og „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ á eftir „Evrópsku banka-
eftirlitsstofnuninni“.
- zf) Í 8. mgr. 56. gr.:
- i) í fyrstu undirgrein er orðunum „eða að því er varðar rafeyristóka sem útgefandi sem hefur staðfestu í EFTA-ríki gefur út, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir „Evrópska banka-
eftirlitsstofnunin“,
- ii) eftirfarandi undirgreinum er bætt við:
- „Að því er EFTA-ríkin varðar, komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að tiltek-
inn rafeyristóki uppfylli ekki lengur skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 43. gr. í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skal Evrópska banka-
eftirlitsstofnunin gera drög að ákvörðun um að flokka ekki lengur rafeyristókann sem mikilvægan rafeyristóka og tilkynna drögin að ákvörðuninni til útgefanda þess rafeyristóka, til lögbærs yfirvalds í heimaEFTA-ríki útgefandans, til Eftirlitsstofnunar EFTA, Seðlabanka Evrópu og, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr., til Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka hlutaðeigandi EFTA-ríkis.
- Útgefendur slíkra rafeyristóka, lögbær yfirvöld, Eftirlitsstofnun EFTA, Seðlabanki Evrópu og seðlabanki hlutaðeigandi EFTA-ríkis skulu hafa 20 virka daga frá dagsetningu tilkynningar um drög að ákvörðun Evrópsku banka-
eftirlitsstofnunarinnar til að leggja fram skriflegar athugasemdir. Evrópska banka-
eftirlitsstofnunin skal taka þessar athugasemdir til greina á viðeigandi hátt áður en hún semur drög með tilliti til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 9. mgr.“.
- zg) Í 9. og 10. mgr. 56 gr. bætist orðin „eða að því er varðar rafeyristóka sem útgefandi sem hefur staðfestu í EFTA-ríki gefur út, Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópska banka-
eftirlitsstofnunin“ og orðunum „Evrópsku banka-
eftirlitsstofnuninni“ og orðin „eða að því er varðar rafeyristóka sem útgefandi sem hefur staðfestu í EFTA-ríki gefur út, Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópsku banka-
eftirlitsstofnunarinnar“.

zh) Í 57. gr.:

- i) í 1. mgr. er orðunum „og, að því er varðar lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Seðlabanka Evrópu“,
- ii) eftirfarandi undirgreinum er bætt við í 2. mgr.:

„Að því er EFTA-ríkin varðar, skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, innan 20 virkra daga frá tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, semja drög að ákvörðun þar sem fram kemur álit hennar á grundvelli starfsáætlunar útgefandans um það hvort líkur á því að rafeyristókinn uppfylli eða uppfylli a.m.k. þrjár af þeim viðmiðunum sem settar eru fram í 1. mgr. 43. gr. og tilkynna til útgefanda þess rafeyristóka, til lögbærs yfirvalds í heimaEFTA-ríki útgefandans, til Eftirlitsstofnunar EFTA, Seðlabanka Evrópu og, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 56. gr., seðlabanka hlutaðeigandi EFTA-ríkis um þau drög.

Lögbær yfirvöld útgefenda slíkra rafeyristóka, Eftirlitsstofnun EFTA, Seðlabanki Evrópu og, eftir atvikum, seðlabanki hlutaðeigandi EFTA-ríkis skulu hafa 20 virka daga frá dagsetningu tilkynningar um þessi drög að ákvörðun til að leggja fram skriflegar athugasemdir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka þessar athugasemdir til greina á viðeigandi hátt áður en hún semur drög með tilliti til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 3. mgr.“,

- iii) í 3. mgr. bætist orðin „eða að því er varðar rafeyristóka sem útgefandi sem hefur staðfestu í EFTA-ríki gefur út, Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“,
- iv) í 4. mgr. er orðunum „eða, Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðunum „ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar“,
- v) í 4. mgr. er orðunum „eða að því er varðar mikilvægan rafeyristóka, Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðunum „til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar“,
- vi) í 5. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar“.

zi) Í stað annars málslíðar 2. mgr. 59. gr. komi eftirfarandi:

„Þeir skulu hafa aðsetur framkvæmdastjórnar á Evrópska efnahagssvæðinu og a.m.k. einn af framkvæmdastjórnunum skal vera búsettur á Evrópska Efnahagssvæðinu eða í Sviss.“

zj) Í 1. mgr. 73. gr. koma orðin „gagnaverndunarstaðla samkvæmt EES-samningnum“ í stað orðanna „gagnaverndarstaðla Sambandsins“.

zk) Í 95. gr.:

- i) í 1. mgr. er orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina“ og orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni“,
- ii) í 4. mgr. er orðunum „og ef lögbært yfirvald EFTA-ríkis á í hlut, Eftirlitsstofnun EFTA,“ bætist við á eftir orðunum „Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni“,
- iii) í 5. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar skoðun eða rannsókn í EFTA-ríki,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“ og „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“.

zl) Í 100. gr. koma orðin „ákvæðum EES-samningsins eða landslaga“ í stað orðanna „ákvæðum laga Sambandsins eða landslaga“.

zm) Í 103., 104. og 105. gr. koma orðin „EES-samningnum“ í stað orðanna „lögum Sambandsins“.

zn) Í 1. og 7. mgr. 103. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.

zo) Í 1. til 7. mgr. 104. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“.

zp) Í 110. gr.:

- i) í 4. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „eigin frumkvæði“,

- ii) í 5. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin.“
- zq) Í 111. gr.:
 - i) í 1. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „30. júní 2024“ sem „30. júní 2025“,
 - ii) í 3. mgr. koma orðin „EES-samninginn“ koma í stað orðanna „löggjöf Sambandsins“.
- zr) Í 117. gr.:
 - i) í fyrstu undirgrein 1. mgr. bætast orðin „eða Eftirlitsstofnunar EFTA, að því er varðar mikilvæga eignatengda tóka sem útgefandi sem hefur staðfestu í EFTA-ríki gefur út,“ við á eftir orðunum „Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar“,
 - ii) í annarri undirgrein 1. mgr. og í 3., 4. og 5. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaefirlitsstofnunin“.
- zs) Í 2. mgr. 119. gr.:
 - i) eftirfarandi lið er bætt við:
„n) Eftirlitsstofnun EFTA.“,
 - ii) eftirfarandi undirgrein er bætt við:
„Þáttaka Eftirlitsstofnunar EFTA í fagráðunum skal vera valfrjáls, í málum sem varða útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka eða mikilvægra rafeyristóka sem hafa staðfestu utan EES-ríkjanna.“.
- zt) Í 120. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir „Evrópska bankaefirlitsstofnunin“ og „Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni“.
- zu) Í 121. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni“ og orðunum „eða Eftirlitsstofnunar EFTA“ á eftir orðunum „Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar“.
- zv) Í 122. gr.:
 - i) orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ er bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaefirlitsstofnunin“ og orðunum „eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á“ á eftir orðunum „Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar“,
 - ii) að því er EFTA-ríkin varðar hljóðar texti g-liðar 3. mgr. sem hér segir:
„tilgreina réttinn til endurskoðunar EFTA-dómstólsins á ákvörðuninni, í samræmi við 36. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.“.
- zw) Í 123. gr.:
 - i) í 1. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða útgefanda sem fellur undir rannsókn og hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðinu „Evrópska bankaefirlitsstofnunin“ og orðunum „eða Eftirlitsstofnunar EFTA, ef um er að ræða útgefanda sem fellur undir rannsókn og hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar“,
 - ii) í 1. mgr. er eftirfarandi undirgrein bætt við:
„Embættismenn og aðrir aðilar sem hafa til þess umboð Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar skulu hafa rétt til að vera Eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar við að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari grein og hafa rétt til að taka þátt í rannsóknum að beiðni Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar.“,
 - iii) í 2., 3., 4., 5., 6. mgr. og fyrsta málslíð 7. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðanna „Evrópska bankaefirlitsstofnunin“ og orðanna „Evrópsku bankaefirlitsstofnunina“ og orðin „Eftirlitsstofnunar EFTA“ í stað orðanna „Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar“,
 - iv) annar málslíður 3. mgr. hljóðar sem hér segir:
„Ákvörðunin skal tilgreina viðfangsefni og tilgang rannsóknarinnar, fívíti sem kveðið er á um í 132. gr. og réttinn til þess að EFTA-dómstóllinn endurskoði ákvörðunina, í samræmi við 36. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.“,

- v) í öðrum málslíð 7. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „málaskrá Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA“ í stað orðanna „málaskrá Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar“,
- vi) þriðji málslíður 7. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, hljóðar sem hér segir:
„Lögmæti ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA er aðeins háð endurskoðun EFTA-dómstólsins í samræmi við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.“.
- zx) Í 124. gr.:
- i) í 1. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða útgefanda, sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“ í 1. mgr.,
- ii) í 1. mgr. er eftirfarandi undirgrein bætt við:
„Eftirlitsstofnun EFTA skal, án ótilhlýðilegrar tafar, framsenda Evrópsku verðbréfa-markaðseftirlitsstofnuninni upplýsingar sem tekið var við samkvæmt þessari grein.“,
- iii) í 2. til 10. mgr. og fyrsta málslíð 11. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðanna „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“ og orðanna „Evrópsku bankaftirlitsstofnunina“ og orðin „Eftirlitsstofnunar EFTA“ í stað orðanna „Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar“,
- iv) eftirfarandi undirgrein er bætt við í 2. mgr.:
„Embættismenn Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar og aðrir einstaklingar hún veitir leyfi skulu eiga rétt á að vera Eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar við að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari grein og eiga rétt á að taka þátt í vettvangsrannsóknnum að beiðni Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar.“,
- v) annar málslíður 5. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, hljóðar sem hér segir:
„Ákvörðunin skal tilgreina viðfangsefni og tilgang skoðunarinnar, dagsetninguna sem áætlað er að hún hefjist og féviti sem kveðið er á um í 132. gr., svo og réttinn til endurskoðunar EFTA-dómstólsins á ákvörðuninni, í samræmi við 36. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.“,
- vi) í öðrum málslíð, að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „málaskrá Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA“ í stað orðanna „málaskrá Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar“,
- vii) þriðji málslíður 11. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, hljóðar sem hér segir:
„Lögmæti ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA er aðeins háð endurskoðun EFTA-dómstólsins í samræmi við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.“.
- zy) Í 125. gr.:
- i) orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ er bætt við á eftir orðunum „Til að Evrópska bankaftirlitsstofnunin“,
- ii) orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ er bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaftirlitsstofnunin“.
- zz) Í 128. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir „Evrópska bankaftirlitsstofnunin“.
- zza) Í 129. gr.:
- i) er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku bankaftirlitsstofnunina“ þar sem það kemur fyrir í fyrsta sinn,
- ii) er orðunum „, fyrir Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku bankaftirlitsstofnunina“ þar sem það kemur fyrir í annað sinn,
- iii) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópska bankaftirlitsstofnunin“ og orðunum „Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni“.
- zzb) Í 130. gr.:

- i) í 1. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða útgefanda mikilvægra eignatengdra tóka sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaefirlitsstofnunin“,
- ii) í 2. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða útgefanda mikilvægra rafeyristóka sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaefirlitsstofnunin“,
- iii) í 3. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „Evrópska bankaefirlitsstofnunin“ og „Evrópsku bankaefirlitsstofnunina“ sem „Eftirlitsstofnun EFTA“,
- iv) í 4., og 5. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaefirlitsstofnunin“,
- v) eftirfarandi undirgrein er bætt við í 6. mgr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna útgefanda mikilvægs eignatengds tóka eða útgefanda mikilvægs rafeyristóka sem hefur staðfestu í EFTA-ríki, sem ber ábyrgð á brotinu, án ástæðulausrar tafar, um allar ráðstafanir sem gripið er til skv. 1. eða 2. mgr. og tilkynna hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum, Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni og framkvæmdastjórninni um ráðstöfunina. Evrópska bankaefirlitsstofnunin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu birta opinberlega á vefsetrum sínum allar slíkar ákvarðanir innan 10 virkra daga frá þeim degi sem slík ákvörðun er samþykkt nema slík birting kunni að tefla fjármálastöðugleika í vísýnu eða valda hlutaðeigandi aðilum óhóflegum skaða. Við slíka birtingu skal ekki birta persónuupplýsingar.“,

- vi) í 7. mgr. er eftirfarandi undirgrein bætt við:

„Opinberar birtingar Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA á ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA sem um getur í 6. mgr. skulu innihalda eftirfarandi yfirlýsingar:

- a) yfirlýsingu sem staðfestir rétt aðilans sem ber ábyrgð á brotinu til endurskoðunar EFTA-dómstólsins á ákvörðuninni,
- b) ef við á, yfirlýsingu sem staðfestir að endurskoðun hafi verið lögð fram og tilgreinir að slík endurskoðun hafi ekki áhrif til frestunar,
- c) yfirlýsingu um að það sé mögulegt fyrir EFTA-dómstólinn að fresta beitingu umdeildu ákvörðunarinnar í samræmi við 40. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.“.

zze) Í 131. gr.:

- i) í 1. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða útgefanda mikilvægra eignatengdra tóka eða mikilvægra rafeyristóka sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaefirlitsstofnunin“,
- ii) í 2. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaefirlitsstofnunin“ þar sem hugtakið kemur fyrir í fyrsta sinn,
- iii) í 2. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku bankaefirlitsstofnunina“ þar sem hugtakið kemur fyrir í annað sinn.

zzd) Í 132. gr.:

- i) orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ er bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“,
- ii) er orðunum „eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „ákvörðun Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar“.

zze) Í 133. gr.:

- i) í 1. mgr. er orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaefirlitsstofnunin“,
- ii) í 4. mgr. er eftirfarandi undirgrein bætt við:

„Fastanefnd EFTA-ríkjanna skal ákvarða hvernig úthluta skal fjárhæðum sekta og fávíta sem Eftirlitsstofnun EFTA innheimtir.“,
- iii) í 5. mgr. er eftirfarandi undirgrein bætt við:

„Ef Eftirlitsstofnun EFTA ákveður að leggja ekki á sektir eða dagsektir skal hún upplýsa fastanefnd EFTA-ríkjanna og lögbær yfirvöld EFTA-ríkisins sem um ræðir um það og setja fram ástæður ákvörðunar sinnar.“

zzf) Í 134. gr.:

i) eftirfarandi undirgrein er bætt við í 1. mgr.:

„Ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur, þegar hún sinnir eftirlitsskyldum sínum skv. 117. gr., skýrar og sannanlegar ástæður til að ætla að brot hafi átt sér stað eða muni eiga sér stað, eins og skráð er í V. eða VI. viðauka, skal hún tilnefna óháðan rannsakanda innan Eftirlitsstofnunar EFTA til að rannsaka málið að höfðu samráði við Evrópsku bankaftirlitsstofnunina. Rannsakandinn skal hvorki taka þátt í né hafa tekið beint eða óbeint þátt í eftirliti með útgefendum viðkomandi mikilvægra eignatengdra tóka né útgefendum mikilvægra rafeyristóka og skal sinna skyldum sínum óháð stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA og Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni.“

ii) í 4., 5. og 7. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, bætast orðin „og Eftirlitsstofnun EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópska bankaftirlitsstofnunin“ og „Evrópsku bankaftirlitsstofnunina“ og orðin „og Eftirlitsstofnunar EFTA“ á eftir orðunum „Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar“,

iii) í 7. mgr. og í 9. mgr. bætast orðin „eða Eftirlitsstofnunar EFTA“ við á eftir orðunum „Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar“,

iv) í 8. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, hljóðar textinn sem kemur á eftir orðunum „135. gr.“ sem hér segir:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal ákveða hvort brot sem skráð er í V. eða VI. viðauka hafi verið framið af útgefanda mikilvæga eignatengda tókans eða af útgefanda mikilvæga rafeyristókans sem sætir rannsókninni og, ef svo er, grípa til eftirlitsráðstafana í samræmi við 130. gr. eða leggja á sekt í samræmi við 131. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal láta Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni í té allar upplýsingar og málsskjöl sem eru nauðsynleg til að hún geti sinnt skyldum sínum samkvæmt þessari málsgrein.“

v) í 11. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðanna „Evrópska bankaftirlitsstofnunin“.

zzg) Í 135. gr.:

i) eftirfarandi undirgreinum er bætt við í 1. mgr.:

„Áður en Evrópska bankaftirlitsstofnunin semur drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA skv. 130., 131. eða 132. gr. skal hún gefa aðilunum sem sæta rannsókn tækifæri til að tjá sig um niðurstöðurnar. Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal einungis byggja drög sín á niðurstöðum sem aðilarnir sem sæta rannsókninni hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.

Eftirlitsstofnun EFTA skal einungis byggja ákvarðanir sínar skv. 130., 131. eða 132. gr. á niðurstöðum sem þeir aðilar sem falla undir málsmæðferð hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.“

ii) í 2. mgr. er eftirfarandi undirgrein bætt við:

„Ákvæði annarrar og þriðju undirgreinar 1. mgr. gilda ekki ef brýnna aðgerða er þörf til að koma í veg fyrir verulegan og yfirvofandi skaða gagnvart fjármálastöðugleika eða handhafa sýndareigna, einkum smásöluhafa. Í slíkum tilvikum er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun og skal hún þá gefa hlutaðeigandi aðilum tækifæri til að tjá sig eins fljótt og auðið er eftir að ákvörðunin er tekin.“

iii) í 3. mgr. koma orðin „málsskjölum Evrópsku bankastofnunarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA“ í stað orðanna „málsskjölum Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar“,

iv) í 3. mgr. koma orðin „innri undirbúningsskjala Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA“ í stað orðanna „innri undirbúningsskjala Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar“.

zzh) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við í 1. mgr. 137. gr.:

„Að því er varðar útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka og útgefendur mikilvægra rafeyristóka sem hafa staðfestu í EFTA-ríki, skal Eftirlitsstofnun EFTA innheimta gjöld á sama grundvelli og gjöld sem eru innheimt af öðrum útgefendum mikilvægra eignatengdra tóka og útgefendur mikilvægra rafeyristóka í samræmi við þessu reglugerð og við framseldu lagagerð framkvæmdastjórnarinnar sem vísað er til í 3. mgr.

Fjárhæðir þær sem Eftirlitsstofnun EFTA innheimtir í samræmi við þessa málsgrein skulu afhentar Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni án ástæðulausrar tafar.“.

zzi) Í 138. gr.:

- i) orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ er bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“,
- ii) eftirfarandi málsgrein er bætt við:
„5. Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópska bankaftirlitsstofnunin skulu ráðgast hvor við aðra áður en verkefni er úthlutað.“.

zzj) Í 149. gr.:

- i) í 1. mgr., bætast orðin „eða á þeirri dagsetningu sem ákvörðuð er í landslögum en þó eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2025 frá 20. febrúar 2025“ við á eftir orðinu „Evrópusambandsins“,
- ii) í 2. mgr. orðast „30. desember 2024“ sem „frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2025 frá 20. febrúar 2025 eða frá þeirri dagsetningu sem ákvörðuð er í landslögum en þó eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2025 frá 20. febrúar 2025“,
- iii) 3. og 4. mgr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.

zzk) Í 76. lið V. viðauka og 35. lið VI. viðauka er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaftirlitsstofnunin“.

- 2. Eftirfarandi undirlið er bætt við liði 14 (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB), 31g (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010) og 31i (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„- **32023 R 1114:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 (Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90275, 2.5.2024.“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2023/1114, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L, 2024/90275, 2.5.2024, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn á fjórtánda degi eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram*.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. febrúar 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

* Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal 3.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/1114****frá 31. maí 2023****um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937**

EVRÓPUÞINGID OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽²⁾,í samræmi við almenna lagasetningarmedferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikilvægt er að tryggja að lagagerðir Sambandsins um fjármálaþjónustu séu viðeigandi fyrir stafræna öld og stuðli að framtíðarmiðuðu hagkerfi sem virkar fyrir almenning, þ.m.t. með því að auðvelda notkun á nýsköpunartækni. Sambandið hefur grundvallarhagsmunum af því að þróa og stuðla að upptöku á umbreytandi tækni í fjármálagæiranum, þar með talið upptöku á dreifðri færsluskrártækni. Þúist er við að ýmiss konar notkun á dreifðri færsluskrártækni, þ.m.t. bálkakeðju-tækni, sem ekki hefur verið rannsökuð að fullu haldi áfram að leiða til nýrra tegunda viðskiptastarfsemi og viðskiptalíkana sem, ásamt sýndareignageiranum, munu leiða til hagvaxtar og nýrra atvinnutækifæra fyrir borgara Sambandsins.
- 2) Sýndareignir (e. *crypto-assets*) eru ein helsta nýtingarleið dreifðrar færsluskrártækni í fjármálagæiranum. Sýndareignir eru stafræn framsetning á virði eða réttindum sem geta mögulega skapað verulegan ávinning fyrir markaðsaðila, þ.m.t. smá-söluhafar sýndareigna. Framsetning á virði er m.a. ytra virði, sem ekki er eðlislægt, sem hlutaðeigandi aðilar eða markaðs-aðilar hafa úthlutað sýndareigninni, en þar er átt við huglægt verðmæti sem byggist eingöngu á áhuga kaupanda á sýndareigninni. Með því að einfalda fjármögnunarferla og auka samkeppni gætu tilboð á sýndareignum opnað möguleika á nýstárlegri leið til fjármögnunar fyrir alla, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki. Þegar eignir eru notaðar sem greiðslumiðill geta sýndareignir skapað tækifæri með tilliti til ódýrari, hraðvirkari og skilvirkari greiðslna, einkum yfir landamæri, með því að takmarka fjölda milliliða.
- 3) Sumar sýndareignir, einkum þær sem teljast vera fjármálagæringar eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽⁴⁾, falla undir gildissvið gildandi lagagerða Sambandsins um fjármálaþjónustu. Þess vegna gilda nú þegar heildarreglur Sambandsins um útgefendur slíkra sýndareigna og um fyrirtæki sem stunda starfsemi sem tengist slíkum sýndareignum.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 152, 29.4.2021, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. ESB C 155, 30.4.2021, bls. 31.⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 20. apríl 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 16. maí 2023.⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagæringa og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

- 4) Aðrar sýndareignir falla þó utan gildissviðs lagagerða Sambandsins um fjármálaþjónustu. Eins og sakir standa eru engar reglur, aðrar en þær sem varða aðgerðir gegn peningabætti, um þjónustustarfsemi sem tengist slíkum óeftirlitsskyldum sýndareignum, þ.m.t. um rekstur viðskiptavettvanga fyrir sýndareignir, skipti á sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir og veitingu vörsluþjónustu og umsjón með sýndareignum fyrir hönd viðskiptavina. Ef slíkar reglur eru ekki fyrir hendi hvílir áhætta á eigendum þessara sýndareigna, einkum á sviðum sem reglur um neytendavernd ná ekki yfir. Ef slíkar reglur eru ekki fyrir hendi getur það einnig leitt til verulegrar áhættu fyrir heilleika markaðar, þ.m.t. með tilliti til markaðssvika og efnahagsbrota. Til að stýra þessari áhættu hafa sum aðildarríki komið á sértækum reglum fyrir allar, eða hlutmengi, sýndareigna sem falla utan gildissviðs lagagerða Sambandsins um fjármálaþjónustu og önnur aðildarríki eru að íhuga hvort setja eigi lög á sviði sýndareigna.
- 5) Ef ekki er fyrir hendi heildarrammi Sambandsins um markaði fyrir sýndareignir getur það leitt til skorts á tiltrú notenda á þessum eignum, sem gæti verulega hamlað þróun markaðar með þessar eignir og leitt til þess að tækifæri á sviði nýrrar stafrænnar þjónustu, óhefðbundinna greiðslumiðla eða nýrra fjármögnunarmöguleika fyrir fyrirtæki í Sambandinu fari forgörðum. Auk þess myndu fyrirtæki sem nota sýndareignir ekki hafa neina réttarvissu um hvernig meðhöndla ætti sýndareignir þeirra í hinum ýmsu aðildarríkjum, sem myndi grafa undan viðleitni þeirra til að nota sýndareignir til stafrænnar nýsköpunar. Skortur á heildarramma Sambandsins um markaði fyrir sýndareignir gæti einnig leitt til sundurleitni reglusetningar, sem myndi raska samkeppni á innri markaðnum, gera þjónustuveitendum sýndareigna erfiðara fyrir með að auka starfsemi sína yfir landamæri og myndi leiða til eftirlitshögnunar. Markaðir fyrir sýndareignir eru enn litlir og ógna ekki fjármálastöðugleika eins og er. Þó er mögulegt að smásölueigendur taki í framtíðinni almennt upp þær tegundir sýndareigna sem hafa að markmiði að halda verði sínu stöðugu í tengslum við tiltekna eign eða eignakörfu og að slík þróun gæti haft í för með sér fleiri áskoranir með tilliti til fjármálastöðugleika, snurðulauss reksturs greiðslukerfa, miðlunar peningastefnu eða peningalegs fullveldis.
- 6) Sérstakur og samræmdur rammi um markaði með sýndareignir er því nauðsynlegur á vettvangi Sambandsins til að setja sértækar reglur um sýndareignir og tengda þjónustu og starfsemi sem fellur ekki enn undir lagagerðir Sambandsins um fjármálaþjónustu. Slíkur rammi ætti að styðja nýsköpun og sanngjarna samkeppni, en tryggja um leið mikla vernd fyrir smásöluhafa og heilleika markaða fyrir sýndareignir. Skýr rammi ætti að gera þjónustuveitendum sýndareigna kleift að færa rekstur sinn í auknum mæli yfir landamæri og auðvelda þeim aðgang að bankaþjónustu til að gera þeim kleift að reka starfsemi sína snurðulaust. Rammi Sambandsins fyrir markaði með sýndareignir ætti að kveða á um meðferð á útgefendum sýndareigna og þjónustuveitendum sýndareigna í samræmi við meðalhóf og gefa þannig jöfn tækifæri að því er varðar markaðsaðgang og áframhaldandi og síðari þróun markaða með sýndareignir. Hann ætti einnig að stuðla að fjármálastöðugleika og snurðulausum rekstri greiðslukerfa og taka á hættu vegna peningastefnu sem gæti komið upp vegna sýndareigna sem miða að því að halda verði sínu stöðugu með tilliti til tiltekinna eignar eða eignakörfu. Viðeigandi reglusetning viðheldur samkeppnishæfni aðildarríkjanna á alþjóðlegum fjármála- og tæknimörkuðum og veitir viðskiptavinum verulegan ávinning með tilliti til aðgengis að ódýrari, hraðvirkari og öruggari fjármálaþjónustu og eignastýringu. Með ramma Sambandsins fyrir markaði með sýndareignir ætti ekki að setja reglur um undirliggjandi tækni. Í lagagerðum Sambandsins ætti að forðast að leggja óþarfa og óhóflega stjórnsýslubyrði á notkun tækni, þar sem Sambandið og aðildarríkin leitast við að viðhalda samkeppnishæfni á heimsmarkaði.
- 7) Samstöðuaðferðirnar sem eru notaðar til að sannreyna viðskipti með sýndareignir gætu haft alvarleg neikvæð áhrif á loftslagið og önnur umhverfistengd neikvæð áhrif. Slíkar samstöðuaðferðir ættu því að fela í sér umhverfisvænni lausnir og tryggja að útgefendur sýndareigna og þjónustuveitendur sýndareigna beri kennsl á og birti upplýsingar um helstu neikvæðu áhrifin sem þær gætu haft á loftslagið, sem og öll önnur umhverfistengd neikvæð áhrif. Þegar ákvarðað er hvort skaðleg áhrif eru mikilvæg ætti að taka tillit til meðalhófsreglunnar og stærðar og umfangs þeirrar sýndareignar sem gefin er út. Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (ESMA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽⁵⁾, ætti að fá umboð til að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í samvinnu við Evrópsku bankaftirlitsstofnunina (EBA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽⁶⁾, til að tilgreina nánar efni, aðferðafræði og framsetningu upplýsinga í tengslum við sjálfbærnivísa með tilliti til neikvæðra áhrifa á loftslag og annarra umhverfistengdra neikvæðra áhrifa og til að útlista helstu orkuvísa. Drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum ættu einnig að tryggja samfellu í upplýsingagjöf útgefenda sýndareigna og þjónustuveitenda sýndareigna. Við gerð draga að tæknilegum eftirlitsstöðlum ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að taka tillit til ýmissa tegunda samstöðuaðferða sem notaðar eru til sannreyingar á viðskiptum með

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjóð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjóð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

sýndareignir, einkenna þeirra og mismunar á þeim. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti einnig að taka tillit til fyrirbyggjandi krafna um upplýsingagjöf, tryggja fyllingu og samkvæmni og forðast að auka álag á fyrirtæki.

- 8) Markaðir með sýndareignir eru hnattrænar og því í eðli sínu yfir landamæri. Þess vegna ætti Sambandið að halda áfram að styðja alþjóðlega viðleitni til að stuðla að samleitni í meðhöndlun sýndareigna og þjónustu sýndareigna fyrir milligöngu alþjóðlegra stofnana eða aðila eins og ráðgjafarnefndarinnar um fjármálastöðugleika, Baselinefndarinnar um bankaefirlit og fjármálaaðgerðahópsins.
- 9) Lagagerðir Sambandsins um fjármálaþjónustu ættu að byggjast á meginreglunum um „sama starfsemi, sama áhætta, sömu reglur“ og hlutleysi í tæknilegu tilliti. Þess vegna ættu sýndareignir sem falla undir gildandi lagagerðir Sambandsins um fjármálaþjónustu að falla áfram undir gildandi regluramma, óháð tækninni sem notuð er við útgáfu þeirra eða tilfærslu, frekar en þessa reglugerð. Til samræmis við það undanskilur þessi reglugerð sérstaklega frá gildissviði sínu sýndareignir sem teljast vera fjármálagerningar eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun 2014/65/ESB, þær sem teljast vera innstæður eins og þær eru skilgreindar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB ⁽⁷⁾, þ.m.t. samsettar innstæður eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 2014/65/ESB, þær sem teljast vera sjóðir eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 ⁽⁸⁾, nema ef þær eru skilgreindar sem rafeyristókar (e. *e-money tokens*), þær sem teljast vera verðbréfaðar stöður eins og þær eru skilgreindar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 ⁽⁹⁾, og þær sem teljast vera skaða- eða líftryggingarsamningar, lífeyrisafurðir eða -áætlanir og almannatryggingakerfi. Með hliðsjón af því að ekki ætti að meðhöndla rafeyri og fjármuni sem veitt hefur verið viðtaka í skiptum fyrir rafeyri sem innstæðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB ⁽¹⁰⁾ má ekki meðhöndla rafeyristóka sem innstæður sem falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar.
- 10) Þessi reglugerð ætti ekki að gilda um sýndareignir sem eru einkvæmar og ekki útskiptanlegar fyrir aðrar sýndareignir, þ.m.t. stafræn list og safneignir. Virði slíkra einkvæmra og einstæðra sýndareigna má rekja til sérstakra einkenna hverrar sýndareignar og þess notagildis sem hún veitir handhafa tókans. Þessi reglugerð ætti ekki heldur að gilda um sýndareignir sem standa fyrir þjónustu eða efnislegar eignir sem eru einkvæmar og einstæðar, s.s. afurðatryggingar eða fasteignir. Þótt viðskipti með einkvæmar og einstæðar sýndareignir kunni að fara fram á markaði og að þeim verði safnað til spákaupmennsku er ekki auðvelt að skipta þeim fyrir annað og ekki er unnt að ganga úr skugga um virði einnar slíkrar sýndareignar í hlutfalli við aðra, þar sem hver þeirra er einstök, með samanburði við fyrirbyggjandi markað eða sambærilega eign. Slíkir þættir takmarka að hvaða marki hægt er að nýta þessar sýndareignir fjárhagslega og takmarka þannig áhættu eigenda og fjármálakerfisins og réttlæta undanþágu þeirra frá gildissviði þessarar reglugerðar.
- 11) Einstaka þættir einkvæmrar og einstæðrar sýndareignar ættu ekki að teljast einkvæmir og einstæðir. Útgáfa sýndareigna sem einstæðra tóka í stóri röð eða safni ætti að teljast vísbending um útskiptanleika þeirra. Það eitt að úthluta einkvæmu auðkenni til sýndareignar nægir ekki í sjálfu sér til að flokka hana sem einkvæma og einstæða. Eignimar eða réttindin sem sett eru fram skulu einnig vera einkvæm og einstæð til að sýndareignin teljist einkvæm og einstæð. Undanþága sýndareigna sem eru einkvæmar og einstæðar frá gildissviði þessarar reglugerðar er með fyrirvara um flokkun slíkra sýndareigna sem fjármálagerninga. Þessi reglugerð ætti einnig að gilda um sýndareignir sem virðast einkvæmar og einstæðar en hafa í reynd sérkenni eða einkenni sem eru tengd notkun þeirra í reynd, sem gætu gert þær útskiptanlegar eða ekki einkvæmar. Í því tilliti ættu lögbær yfirvöld, við mat og flokkun á sýndareignum, að innleiða nálgun sem grundvallast á efni framar formi þar sem eiginleikar viðkomandi sýndareignar ákvarða flokkun en ekki tilgreining útgefandans.
- 12) Rétt þykir að undanskilja tiltekin viðskipti innan samstæðu og suma opinbera aðila frá gildissviði þessarar reglugerðar þar sem þau fela ekki í sér áhættu fyrir vernd fjárfesta, heilleika markaðar, fjármálastöðugleika, snurðulausan rekstur greiðslu-kerfa, miðlun peningastefnu eða peningalegt fullveldi. Opinberar alþjóðastofnanir sem njóta undanþágu eru m.a. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðagreiðslubankinn.

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB frá 16. apríl 2014 um innstæðutryggingakerfi (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 149).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB, 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu tilskipunar 2007/64/EB (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun, og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 347, 28.12.2017, bls. 35).

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfærnisefirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB (Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7).

- 13) Stafrænar eignir sem seðlabankar gefa út í krafti þeirra sem yfirvöld á sviði peningamála, þ.m.t. stafrænar seðlabankapeningar, eða sýndareignir sem önnur opinber yfirvöld gefa út, þ.m.t. miðlæg, svæðisbundin og staðbundin yfirvöld, ættu ekki að falla undir ramma Sambandsins um markaði fyrir sýndareignir. Tengd þjónusta sem slíkir seðlabankar veita þegar þeir koma fram sem yfirvald í peningámálum eða önnur opinber yfirvöld ættu ekki heldur að falla undir þann ramma Sambandsins.
- 14) Til að tryggja skýra afmörkun, annars vegar á sýndareignum sem falla undir þessa reglugerð og hins vegar fjármálagerningum, ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að fá umboð til að gefa út viðmiðunarreglur um viðmiðanir og skilyrði fyrir að flokka sýndareignir sem fjármálagerninga. Þessar viðmiðunarreglur ættu einnig að auðvelda skilning á þeim tilvikum þar sem sýndareignir, sem annars teljast einkvæmar og ekki útskiptanlegar með öðrum sýndareignum, gætu talist vera fjármálagerningar. Til að stuðla að sameiginlegri nálgun við flokkun á sýndareignum ættu Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ⁽¹¹⁾ („evrópsku eftirlitsstofnanirnar“) að stuðla að umræðum um slíka flokkun. Lögbær yfirvöld ættu að geta beðið evrópsku eftirlitsstofnanirnar um álit á flokkun á sýndareignum, þ.m.t. ábendingar tilboðsgjafa eða aðila sem sækjast eftir töku til viðskipta. Tilboðsgjafar eða aðilar sem sækjast eftir töku til viðskipta eru fyrst og fremst ábyrgir fyrir rétttri flokkun sýndareigna, sem lögbær yfirvöld gætu vefengt, bæði fyrir birtingardag tilboðsins og hvenær sem er eftir það. Þegar flokkun sýndareignar virðist ekki vera í samræmi við þessa reglugerð eða aðrar viðkomandi lagagerðir Sambandsins um fjármálaþjónustu ættu evrópsku eftirlitsstofnanirnar að nýta valdheimildir sínar samkvæmt reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 til að tryggja samræmda og samfellda nálgun við slíka flokkun.
- 15) Samkvæmt fjórða undirlið 2. mgr. 127. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er eitt grundvallarverkefni seðlabankakerfis Evrópu að stuðla að snurðalausum rekstri greiðslukerfa. Seðlabanki Evrópu getur, skv. 22. gr. bókunar 4 um stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu sem tengist sáttmálunum, sett reglur til að tryggja skilvirk og traust stöðustofnunar- og greiðslukerfi innan Sambandsins og við önnur lönd. Í því skyni hefur Seðlabanki Evrópu samþykkt reglugerðir varðandi kröfur fyrir kerfislega mikilvæg greiðslukerfi. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á ábyrgð Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarríkjanna í Seðlabankakerfi Evrópu á að tryggja skilvirk og traust stöðustofnunar- og greiðslukerfi innan Sambandsins og við önnur lönd. Af þessum sökum og til að koma í veg fyrir mögulega setningu hliðstæðra reglubálka ættu Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Seðlabanki Evrópu að hafa náð samstarf við gerð viðkomandi draga að tæknistöðlum samkvæmt þessari reglugerð. Enn fremur er afar mikilvægt fyrir Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarríkjanna að hafa aðgang að upplýsingum þegar þeir uppfylla skyldur sínar í tengslum við eftirlit með greiðslukerfum, þ.m.t. stöðustofnun greiðslna. Þar að auki ætti þessi reglugerð ekki að hafa áhrif á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 ⁽¹²⁾ og ætti að túlka hana á þann hátt að hún stangist ekki á við þá reglugerð.

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

⁽¹²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 frá 15. október 2013 um að fela Seðlabanka Evrópu sérstök verkefni að því er varðar stefnur sem snerta varfæmisesiftirlit lánastofnana (Stjtið. ESB L 287, 29.10.2013, bls. 63).

- 16) Lagagerðir sem samþykktar eru á sviði sýndareigna ættu að vera sértækar og framtíðarmiðaðar, geta haldið í við nýsköpun og tækniþróun og byggjast á nálgun sem byggist á hvatningu. Því ætti að skilgreina hugtökin „sýndareignir“ og „dreifð færsluskrártækni“ á eins víðtækan hátt og unnt er til að ná yfir allar tegundir sýndareigna sem nú falla utan gildissviðs lagagerða Sambandsins um fjármálaþjónustu. Sérhver lagagerð sem samþykkt er á sviði sýndareigna ætti einnig að stuðla að því markmiði að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Af þessum sökum ættu einingar sem bjóða þjónustu sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar einnig að fara að gildandi reglum Sambandsins um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem fella inn alþjóðlega staðla.
- 17) Stafrænar eignir sem ekki er hægt að yfirfæra til annarra handhafa falla ekki undir skilgreininguna á sýndareignum. Því skulu stafrænar eignir, sem aðeins útgefandi eða tilboðsgjafi samþykkir og sem tæknilega er ómögulegt að yfirfæra beint til annarra handhafa, falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar. Dæmi um slíkar stafrænar eignir eru trygðarkerfi þar sem einungis er hægt að skipta trygðarpunktum fyrir fríðindi við útgefanda eða bjóðanda þessara punkta.
- 18) Í þessari reglugerð eru sýndareignir flokkaðar í þrjár gerðir, sem ætti að aðgreina hverja frá annarri og lúta mismunandi kröfum með hliðsjón af áhættunni sem í þeim felst. Flokkunin byggist á því hvort sýndareignir leitast við að halda virði sínu stöðugu með tilvísun í aðrar eignir. Fyrsta gerðin samanstendur af sýndareignum sem miða að því að halda verðgildi sínu með því að vísa aðeins í einn opinberan gjaldmiðil. Hlutverk slíkra sýndareigna er mjög svipað og rafeyrisnotkun eins og hún er skilgreind í tilskipun 2009/110/EB. Slíkar sýndareignir eru, líkt og rafeyrir, rafrænar staðgenglar myntar og peningaseðla og eru líklegar til að verða notaðar til greiðslu. Þessar sýndareignir ætti að skilgreina í þessari reglugerð sem „rafeyristóka“. Önnur gerð sýndareigna varðar „eignatengda tóka“ sem miða að því að halda verðgildi sínu stöðugu með því að vísa í annað verðgildi eða rétt, eða sambland af þessu, þ.m.t. einn eða fleiri opinbera gjaldmiðla. Þessi önnur tegund nær yfir allar aðrar sýndareignir, aðrar en rafeyristóka, þar sem virði þeirra er tryggt með eignum, til að forðast sniðgöngu og gera þessa reglugerð framtíðarmiðaða. Loks samanstendur þriðja gerðin af sýndareignum, öðrum en eignatengdum tókum og rafeyristókum, og nær yfir margs konar sýndareignir, þ.m.t. nytjatóka.
- 19) Þrátt fyrir líkindi rafeyris og sýndareigna sem vísa í opinberan gjaldmiðil er, sem stendur, mismunur að því er varðar mikilvæga þætti. Handhafar rafeyris, eins og skilgreint er í tilskipun 2009/110/EB, eiga alltaf kröfu á hendur útgefanda rafeyrisins og hafa samningsbundinn rétt til að innleysa, hvenær sem er og á nafnverði, peningalegt virði rafeyrisins í þeirra vörslu. Á hinn bóginn veita tilteknar sýndareignir, sem vísa í opinberan gjaldmiðil, handhöfum þeirra ekki slíka kröfu á hendur útgefendum slíkra sýndareigna og gætu fallið utan gildissviðs tilskipunar 2009/110/EB. Aðrar sýndareignir sem vísa til opinbers gjaldmiðils veita ekki kröfu á nafnverði gagnvart gjaldmiðlinum sem þær vísa til eða þær takmarka innlausnartímabilið. Sú staðreynd að handhafar slíkra sýndareigna eiga ekki kröfu á útgefendur slíkra sýndareigna, eða að slík krafa er ekki á nafnverði gagnvart gjaldmiðlinum sem þessar sýndareignir vísa í, gæti grafið undan tiltrú handhafa þessara sýndareigna. Til að komast hjá því að reglur, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/110/EB, séu sniðgengnar ætti skilgreiningin á rafeyristókum að vera eins við og unnt er til að ná yfir allar gerðir sýndareigna sem vísa til eins opinbers gjaldmiðils. Að auki ætti að mæla fyrir um ströng skilyrði um útgáfu rafeyristóka, þ.m.t. skyldu um að rafeyristókar séu gefnir út af annaðhvort lánastofnun með starfsleyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB⁽¹³⁾ eða rafeyrisfyrirtæki með starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2009/110/EB. Af sömu ástæðu ættu útgefendur rafeyristóka að tryggja að handhafar slíkra tóka geti nýtt rétt sinn til að innleysa tókana hvenær sem er og á nafnverði, gegn gjaldmiðlinum sem vísar í þessi tóka. Þar sem rafeyristókar eru sýndareignir og þeir geta skapað nýjar áskoranir með tilliti til verndar smásöluhafa og heildarvirkni sértækra markaða fyrir sýndareignir ættu þeir einnig að falla undir reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð til að takast á við þessar áskoranir.

⁽¹³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

- 20) Í ljósi mismunandi áhættu og tækifæra sem stafa af sýndareignum er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur fyrir tilboðsgjafa og aðila sem leita eftir töku annarra sýndareigna en eignatengdra tóka og rafeyristóka til viðskipta, sem og fyrir útgefendur eignatengdra tóka og rafeyristóka. Útgefendur sýndareigna eru einingar sem hafa yfirráð yfir gerð sýndareigna.
- 21) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um sértækar reglur fyrir einingar sem veita þjónustu í tengslum við sýndareignir. Fyrsti flokkur slíkrar þjónustu felst í því að tryggja rekstur viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir, til að skiptast á sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir, annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina og veita yfirfærslu-þjónustu fyrir sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina. Annar flokkur slíkrar þjónustu felst í því að markaðssetja sýndareignir, taka á móti fyrir mælum eða senda fyrir mæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina, framkvæma fyrir mæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina, veita ráðgjöf um sýndareignir og veita eignastýringu sýndareigna. Sérhver aðili sem veitir þjónustu á sviði sýndareigna í atvinnuskyni í samræmi við þessa reglugerð ætti að teljast vera „þjónustuveitandi sýndareigna“.
- 22) Þessi reglugerð ætti að gilda um einstaklinga og lögaðila og tiltekin önnur fyrirtæki og um þjónustu tengda sýndareignum og starfsemi sem þau annast, veita eða stjórna, beint eða óbeint, þ.m.t. þegar hluti slíkrar starfsemi eða þjónustu er framkvæmd með dreifstýrðum hætti. Ef þjónusta í tengslum við sýndareignir er veitt með algjörlega dreifstýrðum hætti ætti hún ekki að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Þessi reglugerð tekur til réttinda og skyldna útgefenda sýndareigna, tilboðsgjafa, aðila sem sækjast eftir töku sýndareigna til viðskipta og þjónustuveitenda sýndareigna. Ef sýndareignir hafa engan tilgreindan útgefanda ættu þær ekki að falla undir gildissvið II., III. eða IV. bálks þessarar reglugerðar. Þjónustuveitendur sýndareigna sem veita þjónustu fyrir slíkar sýndareignir ættu þó að falla undir þessa reglugerð.
- 23) Til að tryggja að öll almenn útboð á sýndareignum, öðrum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum, sem mögulega geta nýst fjárhagslega, eða öll taka sýndareigna til viðskipta á viðskiptavettvang fyrir sýndareignir („taka til viðskipta“), í Sambandinu séu undir viðeigandi vöktun og eftirliti lögbærra yfirvalda ættu allir tilboðsgjafar eða aðilar sem sækjast eftir töku til viðskipta að vera lögaðilar.
- 24) Til að tryggja verndun þeirra ættu væntanlegir smásöluhafar sýndareigna að vera upplýstir um einkenni, hlutverk og áhættu sýndareigna sem þeir hyggjast kaupa. Þegar tilboðsgjafar eða aðilar sem sækjast eftir töku annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka til viðskipta, eða þegar sótt er um töku slíkra sýndareigna til viðskipta í Sambandinu, ættu þeir að semja, senda lögbæru yfirvaldi sínu og birta upplýsingaskjal sem inniheldur skyldubundna birtingu („hvítbók um sýndareign“). Í hvítbók um sýndareign ættu að vera almennar upplýsingar um útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem sækist eftir töku til viðskipta, um verkefnið sem á að framkvæma með því fjármagni sem aflað verður, um almenna útboðið á sýndareignum eða um töku þeirra til viðskipta, um réttindi og skyldur sem tengjast sýndareignum, um undirliggjandi tækni sem notuð er að því er varðar slíkar sýndareignir og um tengda áhættu. Hvítbók um sýndareignir ætti hins vegar ekki að innihalda lýsingu á áhættu sem ekki er hægt að sjá fyrir og mjög ólíklegt er að komi fram. Upplýsingarnar í hvítbókinni um sýndareignir, sem og í viðeigandi markaðsefni, s.s. í auglýsingaefni og markaðsefni, þ.m.t. eftir nýjum leiðum á borð við samfélagsmiðla, ættu að vera sanngjarnar, skýrar og ekki villandi. Auglýsingaefni og markaðsefni skal vera í samræmi við upplýsingarnar sem veittar eru í hvítbókinni um sýndareignir.
- 25) Hvítbækur um sýndareignir, þ.m.t. samantektir þeirra, og starfsreglur viðskiptavettvanga fyrir sýndareignir ættu að vera á minnst einu af opinberum tungumálum heimaðildarríkis og gistaðildarríkis eða, að öðrum kosti, á tungumáli sem hefur er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum. Þegar þessi reglugerð er samþykkt er enska venjubundna tungumálið í alþjóðafjármálageiranum en það gæti breyst í framtíðinni.
- 26) Til að tryggja hóflega nálgun ættu engar kröfur í þessari reglugerð að gilda um almenn útboð á sýndareignum, öðrum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum, sem eru boðnar ókeypis eða sem eru sjálfkrafa gerðar sem umbun fyrir að viðhalda dreifðri færsluskrá eða sannreyna viðskipti í tengslum við samstöðuaðferð. Auk þess skulu engar kröfur gilda um tilboð á nytjatókum sem veita aðgang að vöru eða þjónustu sem er til fyrir, sem gera handhafa kleift að sækja vöruna eða nota þjónustuna, eða þegar handhafi sýndareigna hefur aðeins rétt til að nota þær í skiptum fyrir vörur og þjónustu í takmörkuðu neti söluaðila sem hafa gert samning við tilboðsgjafann. Slíkar undanþágur ættu ekki að taka til sýndareigna sem standa fyrir geymdar vörur og ekki er ætlast til að kaupandi innheimti þær eftir kaupin. Undanþágan vegna afmarkaðs nets ætti heldur ekki að gilda um sýndareignir sem venjulega eru hannaðar fyrir sístækkandi net þjónustuveitenda. Lögbært yfirvald ætti að meta takmörkun á undanþágu fyrir takmörkuð net í hvert sinn sem útboð, eða samanlagt virði fleiri en eins útboðs, fer yfir tiltekin mörk, sem þýðir að nýtt útboð ætti ekki að njóta sjálfkrafa góðs af undanþágu fyrra útboðs. Þessar undanþágur ættu að falla úr gildi þegar tilboðsgjafinn, eða annar aðili sem kemur fram fyrir hans hönd, tilkynnir fyrirætlun tilboðsgjafans um að sækja um töku til viðskipta eða þegar undanþegnar sýndareignir eru teknar til viðskipta.

- 27) Til að tryggja hóflega nálgun ættu kröfurnar í þessari reglugerð um að semja og birta hvítbók um sýndareignir ekki að gilda um tilboð á sýndareignum, öðrum en eignatengdum tókum og rafeyristókum, sem gerð eru fyrir færri en 150 aðila í hverju aðildarríki, eða sem einungis er beint til hæfra fjárfesta þar sem slíkir hæfir fjárfestar geta eingöngu átt slíka sýndareign. Lítil og meðalstór fyrirtæki og sprotafyrirtæki ættu ekki að verða fyrir of mikilli og óhóflegri stjórnsýslubyrði. Til samræmis við það ættu tilboð til almennings um aðra sýndareign en eignatengda tóka eða rafeyristóka í Sambandinu, þar sem heildarfjárhæð greiðslna nemur ekki hærri fjárhæð en 1 000 000 evrum á 12 mánaða tímabili, einnig að vera undanþegin skyldunni um að útbúa hvítbók um sýndareignir.
- 28) Það eitt að taka til viðskipta eða birta kaup- og sölutilboð ætti í sjálfu sér ekki að teljast almennt útboð á sýndareignum. Slík taka til viðskipta eða birting ætti einungis að teljast vera tilboð til almennings um sýndareignir ef það felur í sér orðsendingu sem inniheldur tilboð til almennings samkvæmt þessari reglugerð.
- 29) Jafnvel þótt sum tilboð á sýndareignum, öðrum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum, séu undanþegin ýmsum skyldum þessarar reglugerðar, eiga lagagerðir Sambandsins, sem tryggja neytendavernd, s.s. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB ⁽¹⁴⁾ eða tilskipun ráðsins 93/13/EBE ⁽¹⁵⁾, þ.m.t. allar upplýsingaskyldur sem þar er að finna, áfram við um almenn tilboð á sýndareignum ef þau varða tengsl milli fyrirtækja og neytenda.
- 30) Ef almennt útboð varðar nytjatóka fyrir vörur sem eru ekki enn til eða þjónustu sem ekki er starfrækt enn, ætti gildistími almenna útboðsins, eins og lýst er í hvítbókinni um sýndareignir, ekki að vera lengri en 12 mánuðir. Þessi takmörkun á tímalengd almenna útboðsins er ótengd þeirri stundu þegar varan eða þjónustan verður til eða verður starfrækt og handhafi nytjatökans getur notað hana eftir að almenna útboðinu lýkur.
- 31) Til að gera eftirlit mögulegt ættu tilboðsgjafar og aðilar sem sækjast eftir töku annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka til viðskipta, áður en þeir bjóða út sýndareignir á almennum markaði í Sambandinu eða áður en þessar sýndareignir eru teknar til viðskipta, að senda hvítbók sína um sýndareignir og, að beiðni lögbærs yfirvalds, markaðsefni sitt til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem þeir eru með skráða skrifstofu eða, ef þeir eru ekki með skráða skrifstofu í Sambandinu, aðildarríkisins þar sem þeir eru með útibú. Tilboðsgjafar sem hafa staðfestu í þriðja landi ættu að senda hvítbók sína um sýndareignir og, að beiðni lögbærs yfirvalds, markaðsefni sitt til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem þeir fyrirhuga að bjóða sýndareignirnar.
- 32) Rekstraraðili viðskiptavettvangs ætti að bera ábyrgð á því að uppfylla kröfurnar í II. bálki þessarar reglugerðar þegar sýndareignir eru teknar til viðskipta að hans eigin frumkvæði og hvítbókin um sýndareignir hefur ekki þegar verið birt í þeim tilvikum sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð. Rekstraraðili viðskiptavettvangs ætti einnig að bera ábyrgð á því að farið sé að þessum kröfum ef hann hefur gert skriflegan samning í því skyni við aðilann sem sækist eftir töku til viðskipta. Aðilinn sem sækist eftir töku til viðskipta ætti áfram að bera ábyrgð ef hann veitir rekstraraðila viðskiptavettvangsins villandi upplýsingar. Aðilinn sem sækist eftir töku til viðskipta skal einnig bera ábyrgð á málum sem ekki eru falin rekstraraðila viðskiptavettvangsins.

⁽¹⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 (tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti) (Stjtið. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).

⁽¹⁵⁾ Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum (Stjtið. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29).

- 33) Til að koma í veg fyrir óþarfa stjórnsýslubyrði ætti þess ekki að vera krafist að lögbær yfirvöld samþykki hvítbók um sýndareignir fyrir birtingu hennar. Lögbær yfirvöld ættu þó að hafa vald til að fara fram á breytingar á hvítbók um sýndareignir og á öllu markaðsefni og, ef nauðsyn krefur, að fara fram á að viðbótarupplýsingar séu færðar í hvítbókina um sýndareignir.
- 34) Lögbær yfirvöld ættu að geta stöðvað tímabundið eða bannað útboð til almennings á öðrum sýndareignum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum, eða tóku slíkra sýndareigna til viðskipta, ef slíkt útboð á almennum markaði eða taka til viðskipta uppfyllir ekki gildandi kröfur þessarar reglugerðar, þ.m.t. ef hvítbókin um sýndareignir eða markaðsefnið er ekki sanngjarnt, ekki skýrt eða villandi. Lögbær yfirvöld ættu einnig að hafa vald til að birta viðvörun um að tilboðsgjafinn eða aðilinn sem sækist eftir töku til viðskipta á skipulegan markað hafi ekki uppfyllt þessar kröfur, annað hvort á vefsetri sínu eða með fréttatilkynningu.
- 35) Birta ætti hvítbók um sýndareignir, sem hefur verið send á viðeigandi hátt til lögbærs yfirvalds, og markaðsefni. Að slíkri birtingu lokinni ætti tilboðsgjöfum og aðilum sem sækjast eftir töku annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka til viðskipta að vera heimilt að bjóða þessar sýndareignir um gervallt Sambandið og sækja um töku slíkra sýndareigna til viðskipta í Sambandinu.
- 36) Tilboðsgjafar annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka ættu að hafa skilvirkt fyrirkomulag til að hafa eftirlit með og vernda fjármuni eða aðrar sýndareignir sem aflað er við almennt útboð. Þetta fyrirkomulag ætti einnig að tryggja að allir fjármunir eða aðrar sýndareignir sem er safnað frá handhöfum eða væntanlegum handhöfum verði skilað á viðeigandi hátt eins fljótt og auðið er ef útboð til almennings er af einhverjum ástæðum fellt niður. Tilboðsgjafinn ætti að tryggja að þriðji aðili gæti verndar fjármuna eða annarra sýndareigna sem aflað er við almennt útboð.
- 37) Til að tryggja enn frekar vernd handhafa sýndareigna, ætti að veita smásöluhöfum sem fá sýndareignir aðrar en eignatengda tóka eða rafeyristóka beint frá tilboðsgjafa, eða frá þjónustuveitanda sýndareigna sem markaðssetur sýndareignirnar fyrir hönd tilboðsgjafa, rétt til að falla frá samningi í 14 daga eftir að þeirra er aflað. Til að tryggja snurðulausa framkvæmd á tímatakmörkuðu útboði á sýndareignum til almennings ættu smásöluhafar ekki að nýta réttinn til að falla frá samningi eftir að áskriftartímabilinu lýkur. Enn fremur ætti rétturinn til að falla frá samningi ekki að gilda þegar aðrar sýndareignir en eignatengdir tókar eða rafeyristókar eru skráðir á skipulegan markað fyrir kaup smásöluhafa vegna þess að í slíkum tilvikum er verð slíkra sýndareigna háð sveiflum á mörkuðum með sýndareignir. Ef smásöluhafinn hefur rétt til að falla frá samningi samkvæmt þessari reglugerð ætti rétturinn til að falla frá samningi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB ⁽¹⁶⁾ ekki að gilda.
- 38) Tilboðsgjafar og aðilar sem sækjast eftir töku sýndareigna, annarra en eignatengdra tóka eða rafeyristóka, til viðskipta ættu að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku, eiga samskipti við eigendur og væntanlega eigendur sýndareigna með þeim hætti sem er sanngjarn, skýr og ekki villandi, greina, koma í veg fyrir, stjórna og upplýsa um hagsmunaárekstra og hafa skilvirkt stjórnunarfyrirkomulag til að tryggja að kerfi þeirra og öryggisreglur uppfylli staðla Sambandsins. Til að aðstoða lögbær yfirvöld við eftirlitsstörf sín ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í nánú samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, að fá umboð til að gefa út viðmiðunarreglur um þessi kerfi og öryggisreglur til að tilgreina nánar þessa Sambandsstaðla.
- 39) Til að vernda enn frekar handhafa sýndareigna ættu reglur um einkaréttarábyrgð að gilda um tilboðsgjafa og aðila sem sækjast eftir töku til viðskipta og stjórn og/eða framkvæmdastjórn þeirra að því er varðar upplýsingar sem veittar eru almenningi í hvítbók um sýndareignir.
- 40) Handhafar gætu almennt tekið upp notkun eignatengdra tóka til að yfirfæra verðmæti eða sem skiptimiðil og skapað þannig aukna áhættu með tilliti til vernda handhafa sýndareigna, einkum smásöluhafa, og með tilliti til heilleika markaðar, í samanburði við aðrar sýndareignir. Útgefendur eignatengdra tóka ættu því að falla undir strangari kröfur en útgefendur annarra sýndareigna.

⁽¹⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EEB og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB (Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).

- 41) Ef sýndareign fellur innan skilgreiningar á eignatengdum tóka eða rafeyristóka ætti III. eða IV. bálkur þessarar reglugerðar að gilda, óháð því hvernig útgefandinn ætlar að hanna sýndareignina, þ.m.t. tilhögunina við að viðhalda stöðugu virði sýndareignarinnar. Það sama gildir um svokallaðar stöðugleikamyntir sem byggjast á algrímsaðferðum (e. *algorithmic stablecoins*) sem miða að því að viðhalda stöðugu virði í hlutfalli við opinberan gjaldmiðil, eða í hlutfalli við eina eða fleiri eignir, með aðferðarlýsingu, sem gerir ráð fyrir aukningu eða minnkun framboðs á slíkum sýndareignum í takt við breytingar á eftirspurn. Tilboðsgjafir eða aðilar sem sækjast eftir töku sýndareigna sem byggjast á algrími til viðskipta, sem miða ekki að því að halda virði sýndareignanna stöðugu með því að vísa í eina eða fleiri eignir, ættu í öllum tilvikum að fara að ákvæðum II. bóls þessarar reglugerðar.
- 42) Til að tryggja viðeigandi eftirlit og vöktun með útboðum á eignatengdum tókum til almennings ættu útgefendur eignatengdra tóka að hafa skráða skrifstofu í Sambandinu.
- 43) Almenn útboð á eignatengdum tókum í Sambandinu eða umsókn um töku slíkra sýndareigna til viðskipta ætti aðeins að leyfa ef lögbæra yfirvaldið hefur veitt útgefanda slíkra sýndareigna starfsleyfi til þess og hefur samþykkt viðkomandi hvítbók um sýndareign. Starfsleyfiskrafan ætti þó ekki að gilda ef eignatengdu tókunum er eingöngu beint til hæfra fjárfesta eða ef útboð til almennings á eignatengdu tókunum er undir 5 000 000 evrum. Í þessum tilvikum ætti útgefandi eignatengdu tókanna samt að þurfa að útbúa hvítbók um sýndareignir til að upplýsa kaupendur um einkenni og áhættu eignatengdu tókanna og ætti einnig að vera skylt að senda lögbæru yfirvaldi hvítbókina um sýndareign áður en hún er birt.
- 44) Lánastofnanir sem hafa starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB ættu ekki að þurfa annað starfsleyfi samkvæmt þessari reglugerð til að bjóða eða sækjast eftir töku eignatengdra tóka til viðskipta. Beita ætti innlendri málsmeðferð sem komið er á samkvæmt þeirri tilskipun en ætti að vera studd kröfu um að tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins, sem tilnefnt er samkvæmt þessari reglugerð, um þá þætti sem gera því yfirvaldi kleift að sannreyna getu útgefandans til að bjóða eða sækja um töku eignatengdra tóka til viðskipta. Lánastofnanir sem bjóða eða sækjast eftir töku eignatengdra tóka til viðskipta ættu að falla undir allar kröfur sem gilda um útgefendur eignatengdra tóka, að undanskildum kröfum vegna starfsleyfis, kröfum vegna eiginfjárgrunns og samþykktarferlis að því er varðar hæfa hluthafa, þar sem þau mál falla undir tilskipun 2013/36/ESB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013⁽¹⁷⁾. Hvítbók um sýndareignir, sem er útbúin af slíkri lánastofnun, ætti að vera samþykkt af lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis fyrir birtingu. Lánastofnanir sem hafa starfsleyfi samkvæmt ákvæðum landslaga sem lögleiða tilskipun 2013/36/ESB og bjóða eða sækjast eftir töku eignatengdra tóka til viðskipta, ættu að falla undir stjórnsýsluheimildirnar sem settar eru fram í þeirri tilskipun og einnig þær sem settar eru fram í þessari reglugerð, þ.m.t. takmarkanir eða höft á starfsemi lánastofnunar og tímabundin stöðvun eða bann við almennu útboði eignatengdra tóka. Þegar skyldur sem gilda um slíkar lánastofnanir samkvæmt þessari reglugerð skarast á við skyldur samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB ættu lánastofnanir að fara að sértækari eða strangari kröfum og tryggja þannig að báðum reglubálkum sé fylgt. Málsmeðferð við tilkynningu fyrir lánastofnanir sem hyggjast bjóða eða sækjast eftir töku eignatengdra tóka til viðskipta samkvæmt þessari reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á ákvæði landslaga sem lögleiða tilskipun 2013/36/ESB þar sem settar eru fram málsmeðferðarreglur um starfsleyfi lánastofnana til að veita þá þjónustu sem talin er upp í I. viðauka þeirrar tilskipunar.
- 45) Lögbært yfirvald ætti að synja um starfsleyfi á hlutlægum og sannanlegum forsendum, þ.m.t. þegar viðskiptalíkan umsækjanda, sem er útgefandi eignatengdra tóka, gæti haft í för með sér alvarlega ógn við heilleika markaðar, fjármála-stöðugleika eða snurðulausa starfsemi greiðslukerfa. Lögbæra yfirvaldið ætti að hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, Seðlabanka Evrópu og, ef útgefandinn hefur staðfestu í aðildarríki sem hefur ekki evru sem opinberan gjaldmiðil eða ef eignatengdi tókinn vísar í opinberan gjaldmiðil aðildarríkis sem ekki er evran, seðlabanka þess aðildarríkis áður en starfsleyfi er veitt eða synjað er um starfsleyfi. Álit Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem ekki eru bindandi, ættu að fjalla um flokkun sýndareignarinnar en Seðlabanki Evrópu og, eftir atvikum, seðlabanki hlutaðeigandi aðildarríkis ættu að veita lögbæru yfirvaldi álit á áhættu fyrir fjármálastöðugleika, snurðulausan rekstur greiðslukerfa, miðlun peningastefnu eða peningalegt fullveldi. Lögbæru yfirvöldin ættu að synja um starfsleyfi í þeim tilvikum þegar Seðlabanki Evrópu eða seðlabanki aðildarríkis gefur neikvætt álit á grundvelli hættu sem steðjar að snurðulausum rekstri greiðslukerfa, miðlun peningastefnu eða yfirfærslu peningalegs fullveldis. Ef umsækjandi, sem er útgefandi eignatengdra tóka, fær starfsleyfi ætti einnig að lita svo á að hvítbókin um sýndareignir, sem sá útgefandi útbýr, sé samþykkt. Starfsleyfi lögbæra yfirvaldsins ætti að gilda alls staðar í Sambandinu og ætti að gera útgefanda eignatengdra tóka kleift að bjóða þessar sýndareignir á

⁽¹⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

innri markaðnum og sækja um töku til viðskipta. Á sama hátt ætti hvítbókin um sýndareignir einnig að gilda um allt Sambandið án þess að aðildarríki geti gert viðbótarkröfur.

- 46) Í nokkrum tilvikum þar sem haft er samráð við Seðlabanka Evrópu samkvæmt þessari reglugerð ætti álit hans að vera bindandi að því marki sem það skyldar lögbært yfirvald til að synja, afturkalla eða takmarka starfsleyfi útgefanda eignatengdra tóka eða til að leggja sértækar ráðstafanir á útgefanda eignatengdra tóka. Í fyrstu málsgrein 263. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er kveðið á um að Evrópuþómsstóllinn („Dómsstóllinn“) skuli endurskoða lögmæti annarra gerða Seðlabanka Evrópu en tilmæli eða álit. Þó ber að hafa í huga að það er Dómsstólsins að túlka það ákvæði í ljósi efnis og áhrifa álits Seðlabanka Evrópu.
- 47) Til að tryggja vernd smásöluhafa ættu útgefendur eignatengdra tóka ávallt að veita handhöfum slíkra tóka upplýsingar sem eru fullnægjandi, sanngjamar, skýrar og ekki villandi. Hvítbækur um sýndareignir fyrir eignatengda tóka ættu að innihalda upplýsingar um stöðgunarfyrirkomulag, fjárfestingarstefnu varaforðans, vörslufyrirkomulag varaforðans og réttindin sem handhöfum eru veitt.
- 48) Til viðbótar við upplýsingarnar sem veittar eru í hvítbókinni um sýndareignir ættu útgefendur eignatengdra tóka einnig að veita handhöfum slíkra tóka upplýsingar stöðugt. Þau ættu einkum að birta á vefsetri sínu upplýsingar um fjárhæð eignatengdra tóka í umferð og virði og samsetningu varaforðans. Útgefendur eignatengdra tóka ættu einnig að birta upplýsingar um hvers konar atburð sem hefur eða er líklegur til að hafa veruleg áhrif á virði eignatengdra tóka eða á varaforða, án tillits til þess hvort slíkar sýndareignir séu teknar til viðskipta.
- 49) Til að tryggja vernd smásöluhafa ættu útgefendur eignatengdra tóka alltaf að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku og með hagsmuni handhafa eignatengdra tóka að leiðarljósi. Útgefendur eignatengdra tóka ættu einnig að koma á skýru verklagi til meðhöndlunar kvartana sem berast frá handhöfum eignatengdra tóka.
- 50) Útgefendur eignatengdra tóka ættu að setja sér stefnu um að bera kennsl á, koma í veg fyrir, stýra og birta upplýsingar um hagsmunaaðrekstra sem geta orðið vegna tengsla þeirra við hluthafa sína eða aðila, eða við hluthafa eða aðila, hvort sem það er beint eða óbeint, sem eiga virkan eignarhlut í útgefendum, eða við aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar sinnar, starfsmenn sína, handhafa eignatengdra tóka eða þjónustuveitendur sem eru þriðju aðilar.
- 51) Útgefendur eignatengdra tóka ættu að hafa traust fyrirkomulag stjórnarháttar, þ.m.t. skýrt stjórnskipulag með vel skilgreinda, gagnsæja og samræmda skiptingu ábyrgðar og skilvirk vinnsluferli við að bera kennsl á, stjórna, fylgjast með og tilkynna um áhættu sem þeir eru eða gætu verið óvarðir fyrir. Stjórn og/eða framkvæmdastjórn slíkra útgefenda ættu að vera hæfir og heiðarlegir og ættu einkum ekki að hafa verið sakfelldir fyrir afbrot á sviði peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka eða fyrir önnur afbrot sem myndu hafa áhrif á óflekkað mannorð þeirra. Hluthafar eða aðilar, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, einstaklingar eða lögaðilar, sem eiga virkan eignarhlut í slíkum útgefendum, ættu að hafa óflekkað mannorð og ættu, nánar tiltekið, ekki að hafa verið sakfelldir fyrir eitthvert brot á sviði peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi eða fyrir annað brot sem myndi hafa áhrif á óflekkað mannorð þeirra. Útgefendur eignatengdra tóka ættu einnig að nota auðlindir í réttu hlutfalli við umfang starfsemi sinnar og ættu ætíð að tryggja samfellu og reglufestu í starfsemi sinni. Í þeim tilgangi ættu útgefendur eignatengdra tóka að koma á stefnu um rekstrarsamfellu sem miðar að því að tryggja, í tilviki truflunar á kerfum þeirra og verklagi, að þeir sinni lykilstarfsemi sinni sem tengist eignatengdum tókum. Útgefendur eignatengdra tóka ættu einnig að hafa yfir að ráða sterku innra eftirlitskerfi og skilvirku verklagi fyrir áhættustýringu, auk kerfis sem tryggir heilleika og trúnað upplýsinganna sem tekið er við. Þessar skyldur miða að því að tryggja vernd handhafa eignatengdra tóka, einkum smásölueigenda, án þess að skapa ónauðsynlegar hindranir.

- 52) Útgefendur eignatengdra tákna eru venjulega í miðju neti aðila sem tryggja útgáfu slíkra sýndareigna, yfirfærslu þeirra og dreifingu til handhafa. Því ætti að krefjast þess að útgefendur eignatengdra tóka komi á og viðhaldi viðeigandi samningsbundnu fyrirkomulagi við þriðju aðila til að tryggja stöðgunarfyrirkomulag og fjárfestingu varaforðans sem er til tryggingar verðmætis tókanna, vörslu slíkra varaforða og, eftir atvikum, dreifingu eignatengdu tókanna til almennings.
- 53) Til að bregðast við áhættu fyrir fjármálastöðugleika fjármálakerfisins í víðara samhengi ættu útgefendur eignatengdra tóka að falla undir kröfur vegna eiginfjárgrunns. Þessar kröfur ættu að vera í réttu hlutfalli við útgáfustærð eignatengdu tókanna og því reiknaðar út sem hlutfall af varasjóði eigna sem er á bak við virði eignatengdu tókanna. Lögber yfirvöld ættu þó að geta hækkað fjárhæð eiginfjárgrunns sem byggist m.a. á mati á áhættustýringarferlinu og innri eftirlitskerfum útgefandans, gæðum og flökti varaforðans sem stendur á bakvið eignatengdu tókunum eða á samanlögðu virði og fjölda viðskipta sem gerð eru upp í eignatengdum tókum.
- 54) Til að uppfylla skuldbindingu sína gagnvart handhöfum eignatengdra tóka ættu útgefendur eignatengdra tóka að mynda og viðhalda varasjóði eigna sem jafna áhættu sem endurspeglast í slíkri skuldbindingu. Nota ætti varasjóð eigna í þágu handhafa eignatengdra tóka þegar útgefandi getur ekki uppfyllt skuldbindingar sínar gagnvart handhöfum, s.s. við ógjaldfærni. Varasjóður eigna skal samsettur og honum stýrt á þann hátt að markaðs- og gjaldmiðilsáhætta sé varin. Útgefendur eignatengdra tóka skulu tryggja varfærna stjórnun á varasjóði eigna og ættu einkum að tryggja að virði varasjóðsins sé a.m.k. samsvarandi virði tóka í umferð og að breytingum í varasjóðnum sé stýrt með fullnægjandi hætti til að komast hjá neikvæðum áhrifum á markaði varasjóðseignanna. Útgefendur eignatengdra tóka ættu því að hafa skýrar og ítarlegar stefnur sem lýsa, m.a., samsetningu varaforðans, skiptingu eigna sem þar eru, heildstæðu mati á áhættu sem varaforðinn hefur í för með sér, verklagsreglum um útgáfu og innlaun eignatengdra tóka, verklagsreglum um að auka og minnka varaforðann og, ef varaforðinn er notaður til fjárfestingar, fjárfestingarstefnunni sem útgefendur fylgja. Útgefendur eignatengdra tóka, sem eru markaðssettir bæði í Sambandinu og í þriðju löndum, ættu að tryggja að varasjóður eigna sé tiltækur til að standa straum af skuldbindingum útgefanda gagnvart handhöfum í Sambandinu. Krafan um að eiga varasjóð eigna hjá fyrirtækjum sem falla undir lög Sambandsins ætti því að gilda í hlutfalli við þann hluta eignatengdra tóka sem vænta má að verði settur á markað í Sambandinu.
- 55) Til að koma í veg fyrir hættu á tapi vegna eignatengdra tóka og til að varðveita virði þessara eigna ættu útgefendur eignatengdra tóka að hafa fullnægjandi vörslustefnu fyrir varaforða sinn. Sú stefna ætti að tryggja að varaforðinn sé ávallt aðskilinn frá eigin eignum útgefandans, að varaforðinn sé ekki kvaðabundinn eða veðsettur sem trygging og að útgefandi eignatengdra tóka hafi skjótan aðgang að varaforðanum. Varaforðinn ætti, með hliðsjón af eðli hans, að vera í vörslu þjónustuveitanda sýndareigna, lánastofnunar með starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB eða verðbréfafyrirtækis með starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB. Það ætti ekki að útiloka möguleikann á að framselja eignarhlutdeildina í efnislegu eignunum til annarrar einingar. Þjónustuveitendur sýndareigna, lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki sem eru vörsluaðilar varaforða ættu að bera ábyrgð á tapi á slíkum varaforða gagnvart útgefanda eða handhöfum eignatengdra tóka, nema þau sanni að slíkt tap hafi orðið vegna ytri atburðar sem ekki er á valdi þeirra að stjórna. Forðast ætti samþjöppun vörsluaðila varaforða. Í tilteknum aðstæðum er það þó mögulegt ef önnur heppileg lausn er ekki möguleg. Í slíkum tilvikum telst tímabundin samþjöppun viðunandi.
- 56) Til að vernda handhafa eignatengdra tóka gegn lækkun á virði eignanna sem eru til tryggingar á virði tókanna ættu útgefendur eignatengdra tóka eingöngu að fjárfesta varasjóðseignir í öruggum, áhættulitlum eignum með lágmarks markaðs-, samþjöppunar- og útlánaáhættu. Þar sem hægt er að nota eignatengda tóka sem skiptimiðil ætti útgefandi eignatengdra tóka að bera allan hagnað eða allt tap sem hlýst af fjárfestingu varaforðans.

- 57) Handhafar eignatengdra tóka ættu að hafa varanlegan innlausnarrétt þannig að útgefandanum sé skylt að innleysa eignatengda tóka hvenær sem er, sé þess óskað af handhöfum eignatengdu tókanna. Útgefandi eignatengdra tóka ætti að innleysa annaðhvort með því að greiða fjárhæð í fjármunum, öðrum en rafeyri, sem jafngildir markaðsvirði eignanna sem eignatengdu tókarnir vísa í, eða með því að afhenda eignir sem vísað er í með tókunum. Útgefandi eignatengdra tóka ætti alltaf að gefa handhafanum kost á að innleysa þá fyrir aðra fjármuni en rafeyri sem gefinn er upp í sama opinbera gjaldmiðlinum og útgefandinn samþykkti við sölu á tókunum. Útgefandinn ætti að veita nægjanlega ítarlegar og auðskiljanlegar upplýsingar um mismunandi tegundir innlausna sem eru tiltækar.
- 58) Til að draga úr hættunni á að eignatengdir tókar verði notaðir sem verðmætisgeymar ættu útgefendur eignatengdra tóka og þjónustuveitendur sýndareigna, þegar þeir veita þjónustu á sviði sýndareigna sem tengist eignatengdu tókunum, ekki að veita handhöfum eignatengdra tóka vexti sem tengjast því hversu lengi þessir handhafar hafa þessa eignatengdu tóka í vörslu sinni.
- 59) Eignatengdir tókar og rafeyristókar ættu að teljast mikilvægir þegar þeir uppfylla, eða eru líklegir til að uppfylla, tiltekin skilyrði, þ.m.t. stór viðskiptamannagrunnur, hátt markaðsverðmæti eða mikill fjöldi viðskipta. Fjölmargir handhafar gætu notað þá sem slíka og notkun þeirra gæti haft í för með sér sérstakar áskoranir með tilliti til fjármálastöðugleika, miðlun peningastefnu eða peningalegs fullveldis. Þessir mikilvægu eignatengdu tókar og rafeyristókar ættu því að falla undir strangari kröfur en eignatengdir tókar eða rafeyristókar sem ekki teljast mikilvægir. Einkum ættu útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka að lúta hærri eiginfjákröfum, kröfum um rekstrarsamhæfi og þeir ættu að koma á stefnu um lausafjárstýringu. Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða, sem hluta af endurskoðun sinni á beitingu þessarar reglugerðar, hversu viðeigandi viðmiðunarmörkin eru til að flokka eignatengdan tóka eða rafeyristóka sem mikilvægan. Endurskoðuninni skal fylgja, eftir því sem við á, tillaga að nýrri löggjöf.
- 60) Heildstæð vöktun á hagkerfi útgefenda eignatengdra tóka er mikilvæg til að ákvarða sanna stærð og áhrif slíkra tóka. Til að ná yfir öll viðskipti sem fara fram í tengslum við tiltekna eignatengda tóka, felur vöktun slíkra tóka því í sér vöktun allra viðskipta sem gerð eru upp, hvort sem þau eru gerð upp í dreifðri færsluskrá („á keðju“) eða utan dreifðu færsluskrárinnar („utan keðju“) og þ.m.t. milli viðskiptavina sama þjónustuveitanda sýndareigna.
- 61) Einkum er mikilvægt að meta viðskipti sem gerð eru upp með eignatengdum tókum sem tengjast notkun sem skiptimiðils innan eins gjaldmiðilssvæðis, þ.e. þeirra sem tengjast greiðslu skulda, þ.m.t. í tengslum við viðskipti við söluaðila. Þessi viðskipti ættu ekki að ná yfir viðskipti sem tengjast fjárfestingaraðgerðum og -þjónustu, s.s. leið til að skipta á fjármunum eða öðrum sýndareignum, nema gögn liggi fyrir um að eignatengdi tókinn sé notaður til að gera upp viðskipti með aðrar sýndareignir. Notkun til að gera upp viðskipti með öðrum sýndareignum væri til staðar í tilvikum þar sem tveir leggir sýndareigna, sem eru aðrir en eignatengdir tókar, eru gerðir upp í eignatengdum tókum. Þar að auki ætti að krefjast þess að útgefendur dragi úr starfsemi þegar eignatengdir tókar eru mikið notaðir sem skiptimiðlar á einu gjaldmiðlasvæði. Líta ber svo á að eignatengdur tóki sé víða notaður sem skiptimiðill þegar meðalfjöldi viðskipta og meðaltal heildarvirðis viðskipta á dag í tengslum við notkun á skiptiaðferð innan eins gjaldmiðilssvæðis er yfir 1 milljón viðskipta annars vegar og 200 000 000 evrum hins vegar.
- 62) Ef eignatengdir tókar skapa verulega hættu fyrir snurðulausan rekstur greiðslukerfa, miðlun peningastefnu eða peningalegt fullveldi ættu seðlabankar að geta farið fram á að lögbært yfirvald afturkalli heimild útgefanda þessara eignatengdu tóka. Ef eignatengdir tókar ógna snurðulausum rekstri greiðslukerfa, miðlun peningastefnu eða peningalegu fullveldi ættu seðlabankar að geta farið fram á það við lögbært yfirvald að það takmarki fjárhæð þessara eignatengdu tóka sem gefa skal út, eða setji lágmarksupphæð grunneiningu tóka.
- 63) Reglugerð þessi er með fyrirvara um landslög um notkun innlendra og erlendra gjaldmiðla í viðskiptum á milli íbúa, sem aðildarríki utan evrusvæðisins hafa samþykkt við beitingu heimildar sinnar til peningalegs fullveldis.

- 64) Útgefendur eignatengdra tóka ættu að semja endurbótaáætlun þar sem kveðið er á um ráðstafanir sem útgefandinn þarf að gera til að koma aftur á samræmi við kröfurnar sem gilda um varasjóð eigna, þ.m.t. í tilvikum þar sem efndir á beiðnum um innlaun skapa tímabundið ójafnvægi í varasjóði eigna. Lögbært yfirvald ætti að hafa vald til að stöðva tímabundið innlaun eignatengdra tóka til að vernda hagsmuni handhafa eignatengdu tókanna og fjármálastöðugleika.
- 65) Útgefendur eignatengdra tóka ættu að vera með áætlun um skipulega innlaun tókanna til að tryggja að réttindi handhafa eignatengdra tóka séu varin þegar útgefendurnir geta ekki uppfyllt skuldbindingar sínar, þ.m.t. ef útgáfa eignatengdra tóka er aflögð. Ef útgefandi eignatengdra tóka er lánastofnun eða eining sem fellur undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ⁽¹⁸⁾ ætti lögbæra yfirvaldið að hafa samráð við skilastjórnvaldið sem ber ábyrgðina. Skilastjórnvaldinu ætti að vera heimilt að skoða innlausnaráætlunina með það í huga að greina alla þætti hennar sem gætu haft neikvæð áhrif á skilabærni útgefandans, skilastefnu útgefandans eða aðgerðir sem gert er ráð fyrir í skilaáætlun útgefandans og leggja fram tilmæli til lögbæra yfirvaldsins að því er þessi mál varðar. Í því sambandi ætti skilastjórnvaldi einnig að vera heimilt að taka til athugunar hvort þörf sé á breytingum á skilaáætlun eða skilastefnu í samræmi við ákvæði tilskipunar 2014/59/ESB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 ⁽¹⁹⁾, eftir því sem við á. Slík athugun skilastjórnvalds ætti ekki að hafa áhrif á valdheimildir varfærnisefirlitsyfirvalds eða skilastjórnvalds, eftir því sem við á, til að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða eða neyðaraðgerða.
- 66) Útgefendur rafeyristóka ættu annaðhvort að hafa starfsleyfi sem lánastofnun samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB eða sem rafeyrissfyrirtæki samkvæmt tilskipun 2009/110/EB. Rafeyristókar ættu að teljast vera „rafeyrir“ eins og það hugtak er skilgreint í tilskipun 2009/110/EB og útgefendur þeirra ættu, nema annað sé tilgreint í þessari reglugerð, að fara að viðeigandi kröfum sem settar eru fram í tilskipun 2009/110/EB um stofnun og rekstur rafeyrissstofnana og varfærnisefirlit með þeim og kröfum um útgáfu og innlausnarhæfi rafeyristóka. Útgefendur rafeyristóka ættu að útbúa hvítbók um sýndareignir og tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu um það. Undanþágur varðandi afmörkuð net, að því er varðar tiltekin viðskipti þeirra sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet og rafeyrissstofnana sem aðeins gefa út rafeyri í takmörkuðum hámarksfjárhæðum, sem byggist á valkvæðum undanþágum sem tilgreindar eru í tilskipun 2009/110/EB, ættu einnig að gilda um rafeyristóka. Þess ætti þó að vera krafist að útgefendur rafeyristóka útbúi hvítbók um sýndareignir til að upplýsa kaupendur um einkenni og áhættu rafeyristókanna og ætti einnig að vera skylt að senda lögbæru yfirvaldi hvítbókina um sýndareignir áður en hún er birt.
- 67) Handhafar rafeyristóka ættu að eiga kröfu á hendur útgefanda rafeyristókanna. Handhöfum rafeyristóka ætti ávallt að veita rétt til innlausnar á nafnverði fyrir fjármuni sem tilgreindir eru í þeim opinbera gjaldmiðli sem rafeyristókinn vísar til. Ákvæði tilskipunar 2009/110/EB um möguleikann á að innheimta gjald í tengslum við innlaun eiga ekki við í tengslum við rafeyristóka.
- 68) Til að draga úr hættunni á að rafeyristókar verði notaðir sem verðmætisgeymar ættu útgefendur rafeyristóka og þjónustuveitendur sýndareigna, þegar þeir veita þjónustu á sviði sýndareigna sem tengist rafeyristókunum, ekki að veita handhöfum rafeyristóka vexti sem tengjast því hversu lengi þessir handhafar hafa þessa rafeyristóka í vörslu sinni.

⁽¹⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

⁽¹⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinnna verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilasjóðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtið. ESB. L 225, 30.7.2014, bls. 1).

- 69) Hvítbók um sýndareignir, sem útgefandi rafeyristóka semur, ætti að hafa að geyma allar upplýsingar um þann útgefanda og útboð á rafeyristókum eða töku þeirra til viðskipta, sem eru nauðsynlegar til að gera væntanlegum kaupendum kleift að taka upplýsta ákvörðun um kaup og skilja áhættuna sem tengist útboði á rafeyristókum. Hvítbókin um sýndareignir ætti einnig að vísa með skýrum hætti til réttar handhafa rafeyristóka til að innleysa rafeyristóka sína fyrir fjármuni sem gefnir eru upp í opinbera gjaldmiðlinum sem rafeyristókinn vísar til á nafnverði og hvenær sem er.
- 70) Ef útgefandi rafeyristóka fjárfestir fjármuninum sem hann tekur við í skiptum fyrir rafeyristóka ætti að fjárfesta slíkum fjármunum í eignum sem tilgreindar eru í sama opinbera gjaldmiðli og rafeyristókinn vísar í til að forðast gjaldmiðlaá-hættu.
- 71) Mikilvægir rafeyristókar gætu valdið meiri áhættu fyrir fjármálastöðugleika en rafeyristókar sem eru ekki mikilvægir og hefðbundinn rafeyrir. Útgefendur mikilvægra rafeyristóka, sem eru rafeyrisfyrirtæki, skulu því lúta viðbótarkröfum. Slíkir útgefendur mikilvægra rafeyristóka ættu einkum að falla undir hærri eiginfjárröfur en útgefendur annarra rafeyristóka, falla undir kröfur um samvirkni og koma á fót lausafjárstyrkingarstefnu. Þeir ættu einnig að fara að sumum af þeim kröfum sem gilda um útgefendur eignatengdra tóka að því er varðar varasjóð eigna, s.s. um vörslu og fjárfestingu varasjóðs eigna. Þessar kröfur fyrir útgefendur mikilvægra rafeyristóka ættu að gilda í stað 5. og 7. gr. tilskipunar 2009/110/EB. Þar sem þessi ákvæði tilskipunar 2009/110/EB gilda ekki um lánastofnanir þegar þær gefa út rafeyri, ættu viðbótarkröfurnar um mikilvæga rafeyristóka samkvæmt þessari reglugerð heldur ekki að gilda.
- 72) Útgefendur rafeyristóka ættu að hafa til staðar áætlanir um endurheimt og innlausn til að tryggja að réttindi handhafa rafeyristókanna séu varin þegar útgefendur geta ekki uppfyllt skuldbindingar sínar.
- 73) Í flestum aðildarríkjum hafa enn ekki verið settar reglur um veitingu þjónustu á sviði sýndareigna þrátt fyrir hugsanlega áhættu sem af henni stafar fyrir vernd fjárfesta, heilleika markaðar og fjármálastöðugleika. Til að takast á við slíka áhættu kveður þessi reglugerð á um kröfur um rekstur, skipulag og varfærni sem gilda um þjónustuveitendur sýndareigna á vettvangi Sambandsins.
- 74) Til að auðvelda skilvirkt eftirlit og til að útiloka möguleikann á að komast hjá eða sniðganga eftirliti ætti þjónusta á sviði sýndareigna einungis að vera veitt af lögaðilum sem eru með skráða skrifstofu í aðildarríki þar sem þeir leggja stund á verulega viðskiptastarfsemi, þ.m.t. þjónustu á sviði sýndareigna. Fyrirtækjum sem eru ekki lögaðilar, s.s. sameignarfélög, ætti einnig við tiltekin skilyrði að vera heimilt að veita þjónustu á sviði sýndareigna. Nauðsynlegt er að veitendur þjónustu á sviði sýndareigna viðhaldi skilvirkri stjórnun á starfsemi sinni í Sambandinu til að komast hjá því að grafið sé undan skilvirkri varúðareftirliti og til að tryggja að kröfum samkvæmt þessari reglugerð sé framfylgt sem ætlað er að tryggja vernd fjárfesta, heilleika markaðar og fjármálastöðugleika. Mikilvægur þáttur í slíku eftirliti ætti að vera regluleg bein samskipti milli eftirlitsaðila og ábyrgðar stjórnar þjónustuveitenda sýndareigna. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu því að hafa aðsetur framkvæmdastjórnar í Sambandinu og a.m.k. einn af framkvæmdastjórunum ætti að vera búsettur í Sambandinu. Með aðsetri framkvæmdastjórnar er átt við staðinn þar sem helstu stjórnunarákvarðanir og viðskiptalegar ákvarðanir, sem eru nauðsynlegar fyrir stjórnun fyrirtækisins, eru teknar.
- 75) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á möguleika aðila með staðfestu í Sambandinu til að fá þjónustu á sviði sýndareigna hjá fyrirtæki þriðja lands að eigin frumkvæði. Ef fyrirtæki í þriðja landi veitir aðila með staðfestu í Sambandinu þjónustu á sviði sýndareigna, að frumkvæði hans, ætti ekki að líta svo á að þjónustan sé veitt á yfirráðasvæði Sambandsins. Ef fyrirtæki í þriðja landi falast eftir viðskiptavinum eða mögulegum viðskiptavinum í Sambandinu eða kynni eða auglýsir þjónustu eða starfsemi á sviði sýndareigna í Sambandinu ætti slíkt ekki að teljast þjónusta á sviði sýndareigna sem veitt er að frumkvæði viðskiptavinarins. Í slíku tilviki ætti fyrirtækið í þriðja landi að fá starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna.

- 76) Í ljósi þess að þjónusta á sviði sýndareigna hefur hingað til verið hlutfallslega lítil ætti að fela lögbærum landsyfirvöldum vald til að veita slíkum þjónustuveitendum starfsleyfi og hafa eftirlit með þeim. Lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem aðilinn er með skráða skrifstofu ætti að veita, synja um eða afturkalla starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna. Þegar starfsleyfi er veitt ætti það að tilgreina þá þjónustu á sviði sýndareigna sem þjónustuveitandi sýndareigna hefur leyfi til að veita og ætti að gilda í öllu Sambandinu.
- 77) Til að tryggja áframhaldandi vernd fjármálakerfis Sambandsins gegn áhættu af peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka er nauðsynlegt að tryggja að þjónustuveitendur sýndareigna framkvæmi aukið eftirlit með fjármálastarfsemi sem tekur til viðskiptavina og fjármálastofnana frá þriðju löndum, sem skráð eru sem áhættusöm þriðju lönd vegna þess að þau hafa lögsögu þar sem annmarkar eru á stefnu hvað varðar landsbundið fyrirkomulag þeirra í baráttu gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af, eins og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ⁽²⁰⁾.
- 78) Tilteknum fyrirtækjum sem falla undir lagagerðir Sambandsins um fjármálaþjónustu ætti að vera heimilt að veita þjónustu á sviði sýndareigna, að fullu eða að hluta, án þess að þurfa starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna samkvæmt þessari reglugerð ef þau tilkynna lögbærum yfirvöldum sínum um það með tilteknum upplýsingum áður en þau veita þessa þjónustu í fyrsta sinn. Í slíkum tilvikum ættu þessi fyrirtæki að teljast vera þjónustuveitendur sýndareigna og viðeigandi stjórnsýsluheimildir sem kveðið er á um í þessari reglugerð, þ.m.t. heimild til að stöðva tímabundið eða banna tiltekna þjónustu tengda sýndareignum, ættu að gilda að því er þau varðar. Þessi fyrirtæki ættu að falla undir allar kröfur sem gilda um þjónustuveitendur sýndareigna samkvæmt þessari reglugerð, að undanskildum kröfum um starfsleyfi, kröfum um eiginfjárgrunn og málsmeðferð við samþykki að því er varðar hluthafa og aðila sem eiga virka eignarhlutdeild, þar sem þessi mál falla undir viðkomandi lagagerðir Sambandsins sem starfsleyfi þeirra var veitt samkvæmt. Málsmeðferð við tilkynningu fyrir lánastofnanir sem hyggjast veita þjónustu á sviði sýndareigna ætti ekki að hafa áhrif á ákvæði landslaga sem lögleiða tilskipun 2013/36/ESB þar sem settar eru fram málsmeðferðarreglur um starfsleyfi lánastofnana til að veita þá þjónustu sem talin er upp í I. viðauka þeirrar tilskipunar.
- 79) Til að tryggja neytendavernd, heilleika markaðar og fjármálastöðugleika ættu þjónustuveitendur sýndareigna ávallt að starfa af heiðarleika, sanngirni, fagmennsku og með hagsmunum viðskiptavina sinna að leiðarljósi. Þjónusta á sviði sýndareigna ætti að teljast „fjármálaþjónusta“ eins og hún er skilgreind í tilskipun 2002/65/EB í tilvikum þar sem hún uppfyllir viðmiðanir þeirrar tilskipunar. Þegar sýndareignir eru markaðssettar í fjarsölu ættu samningar milli þjónustuveitenda sýndareigna og neytenda að falla undir tilskipun 2002/65/EB nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessari reglugerð. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu að veita viðskiptavinum sínum fullnægjandi, sanngjarnar, skýrar og ekki villandi upplýsingar og vara þá við áhættunni sem tengist sýndareignum. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu að birta verðstefnur sínar, koma á verklagsreglum um meðferð kvartana og ættu að hafa trausta stefnu um að greina, hindra, stjórna og birta upplýsingar um hagsmunaárekstra.
- 80) Til að tryggja neytendavernd ættu þjónustuveitendur sýndareigna, sem hafa starfsleyfi samkvæmt þessari reglugerð, að fara að tilteknum varfæriskröfum. Þessar varfæriskröfur ætti að fastsetja sem fasta fjárhæð eða í hlutfalli við fastan kostnað þjónustuveitenda sýndareigna á næstliðnu ári, með hliðsjón af tegund þjónustunnar sem þeir veita.
- 81) Þjónustuveitendur sýndareigna ættu að lúta ströngum kröfum til stjórnskipulags. Aðilar í stjórn og/eða framkvæmdastjórn slíkra þjónustuveitenda sýndareigna ættu að uppfylla hæfisskilyrði og ættu einkum ekki að hafa verið sakfelldir fyrir afbrot á sviði peningþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka eða fyrir önnur afbrot sem myndu hafa áhrif á óflekkað mannorð þeirra. Hluthafar eða aðilar, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, einstaklingar eða lögaðilar, sem eiga virkan eignarhlut í slíkum þjónustuveitendum sýndareigna, ættu að hafa óflekkað mannorð og ættu, nánar tiltekið, ekki að hafa verið sakfelldir fyrir eitthvert brot á sviði peningþvættis eða fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi eða fyrir annað brot sem myndi hafa áhrif á óflekkað mannorð þeirra. Auk þess ættu lögbær yfirvöld að hafa vald til að takast á við þessa áhættu ef líklegt er að áhrif hluthafa og aðila sem fara með virkan eignarhlut í þjónustuveitendum sýndareigna hafi slæm áhrif á trausta og varfærna stjórnun þjónustuveitanda sýndareigna, m.a. með tilliti til fyrri starfsemi þeirra, áhættunnar sem fylgir því að taka þátt í ólöglegri starfsemi, eða áhrifa eða yfirráða stjórnvalda í þriðja landi. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu að ráða stjórnendur og starfsfólk með fullnægjandi þekkingu, færni og sérfræðikunnáttu og ættu að gera allar raunhæfar ráðstafanir til að sinna hlutverki sínu, þ.m.t. með undirbúningi áætlunar um rekstrarsamfellu. Þeir ættu að hafa traust innra

⁽²⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

eftirlit og fyrirkomulag áhættumats sem og fullnægjandi kerfi og verklagsreglur til að tryggja heilleika og trúnað þegar tekið er við upplýsingum. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til að halda skrár yfir allar færslur, fyrirmæli og þjónustu sem tengist þjónustu á sviði sýndareigna sem þeir veita. Þeir ættu einnig að búa yfir kerfum til að greina hugsanleg markaðssvik sem viðskiptavinir fremja.

- 82) Til að tryggja vernd viðskiptavina sinna ættu þjónustuveitendur sýndareigna að hafa fullnægjandi fyrirkomulag til að vernda eignarrétt viðskiptavinnanna að því er varðar sýndareignir sem þeir hafa í vörslu sinni. Ef viðskiptalíkan þeirra krefst þess að þeir varðveiti fjármuni eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun (ESB) 2015/2366 í formi peningaseðla, myntar, inneignarpeninga eða rafeyris sem tilheyrir viðskiptavinum þeirra ættu þjónustuveitendur sýndareigna að setja slíka fjármuni á reikning hjá lánastofnun eða seðlabanka, ef reikningur hjá seðlabankanum er tiltækur. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu aðeins að hafa heimild til að inna af hendi greiðslur í tengslum við þjónustu á sviði sýndareigna þegar þeir hafa starfsleyfi sem greiðslustofnanir í samræmi við þá tilskipun.
- 83) Þjónustuveitendur sýndareigna ættu, með hliðsjón af þeirri þjónustu sem þeir veita og vegna þeirrar sérstöku áhættu sem hver tegund þjónustu hefur í för með sér, að lúta kröfum sem gilda sérstaklega um þá þjónustu. Þjónustuveitendur sýndareigna sem annast vörslu og umsjón með sýndareignum fyrir hönd viðskiptavina ættu að gera samning við viðskiptavini sína með tilteknum skyldubundnum ákvæðum og ættu að koma á og framkvæma vörslustefnu sem ætti að gera aðgengilega viðskiptavinum, að beiðni þeirra, á rafrænu formi. Í slíku samkomulagi ætti m.a. að tilgreina eðli þjónustunnar sem veitt er, sem gæti falið í sér varðveislu á sýndareignum sem tilheyra viðskiptavinum eða aðgangsléiðir að slíkum sýndareignum, en í því tilviki gæti viðskiptavinurinn haft yfirráð yfir sýndareignum í vörslu. Að öðrum kosti er hægt að flytja sýndareignir eða aðgangsléiðir að þeim yfir til fulls yfirráðasvæðis þjónustuveitanda sýndareigna. Þjónustuveitendur sýndareigna sem geyma sýndareignir sem tilheyra viðskiptavinum, eða aðgangsléiðir að slíkum sýndareignum, ættu að tryggja að þessar sýndareignir séu ekki notaðar fyrir þeirra eigin þarfir. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu að tryggja að allar sýndareignir séu ávallt kvaðalausar. Einnig ætti að gera þessa þjónustuveitendur sýndareigna ábyrga fyrir tapi sem hlýst af atviki sem tengist upplýsinga- og fjarskiptatækni, þ.m.t. atvik sem verður vegna netárásar, þjófnaðar eða hvers konar bilana. Þjónustuveitendur vélbúnaðar eða hugbúnaðar fyrir stafræn veski, sem aðeins notandinn hefur aðgang að, ættu ekki að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.
- 84) Til að tryggja eðlilega starfsemi markaða með sýndareignir ættu þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir að hafa nákvæmar rekstrarreglur, ættu að tryggja að kerfi þeirra og verklag hafi nægt álagsþol, ættu að falla undir kröfur um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti sem aðlagðar eru að mörkuðum með sýndareignir og ættu að setja gagnsæjar reglur án mismununar, sem byggjast á hlutlægum viðmiðunum, sem stýra aðgangi að vettvangi þeirra. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir ættu einnig að hafa gagnsætt gjaldtökufyrirkomulag fyrir þjónustuna sem veitt er til að komast hjá því að gefin verði fyrirmæli sem gætu stuðlað að markaðssvikum eða ótilhlýðilegum viðskiptaskilyrðum. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir ættu að geta gert upp viðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptavettvöngum á keðju og utan keðju og ættu að tryggja tímanlegt uppgjör. Hefja ætti uppgjör viðskipta innan 24 klukkustunda frá því að viðskiptin fara fram á viðskiptavettvanginum. Ef um er að ræða uppgjör utan keðju ætti uppgjörið að hefjast sama viðskiptadag en ef um er að ræða uppgjör innan keðjunnar gæti uppgjörið tekið lengri tíma þar sem því er ekki stjórnað af þjónustuveitanda sýndareigna sem starfrækir viðskiptavettvanginn.
- 85) Til að tryggja neytendavernd ættu þjónustuveitendur sýndareigna sem skiptast á sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir með því að nota eigið fjármagn að setja fram viðskiptastefnu sem er án mismununar. Þeir ættu að birta annaðhvort föst verðtilboð eða aðferðafræðina sem þeir nota til að ákvarða verð á sýndareignum sem þeir vilja skiptast á og þeir ættu að birta hvers konar takmarkanir sem þeir vilja setja á fjárhæð sem skipst er á. Þeir ættu einnig að falla undir kröfur um gagnsæi eftir að viðskipti fara fram.

- 86) Þjónustuveitendur sýndareigna sem framkvæma fyrirmæli varðandi sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina ættu að setja sér framkvæmdarstefnu og ættu ætíð að miða að því að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína, þ.m.t. þegar þeir koma fram sem mótaðili viðskiptavinar. Þeir skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsmenn misnoti upplýsingar sem tengjast fyrirmælum viðskiptavina. Þjónustuveitendur sýndareigna sem taka við fyrirmælum og senda þessi fyrirmæli til annarra þjónustuveitenda sýndareigna, ættu að innleiða verklagsreglur fyrir skjóta og rétta sendingu þessara fyrirmæla. Þjónustuveitendur sýndareigna ættu hvorki að fá peningalegan né ópeningalegan ávinnning fyrir að senda þessi fyrirmæli til tiltekins viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir eða annarra þjónustuveitenda sýndareigna. Þeir ættu að vakta skilvirkni fyrirkomulags síns við framkvæmd fyrirmæla og stefnu sína um framkvæmd, meta hvort viðskiptastaðirnir, sem eru hluti af stefnu um framkvæmd fyrirmæla, veiti bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavininn eða hvort þeir þurfi að gera breytingar á fyrirkomulagi sínu um framkvæmd fyrirmæla og ættu að tilkynna viðskiptavininum, sem þeir eru í stöðugu viðskiptasambandi við, um allar verulegar breytingar á fyrirkomulagi sínu og stefnu sinni um framkvæmd fyrirmæla.
- 87) Þegar þjónustuveitandi sýndareigna, sem framkvæmir fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina, er mótaðili viðskiptavinarins gæti verið til staðar samsvörun við þjónustu sem felst í því að skiptast á sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir. Við skipti á sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir er verðið fyrir slík skipti þó frjálst og ákveðið af þjónustuveitanda sýndareigna sem gjaldmiðlaskipti. Þó skal þjónustuveitandi sýndareigna, við framkvæmd fyrirmæla um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina, ávallt tryggja að hann nái besta mögulega árangri fyrir viðskiptavininn sinn, einnig þegar hann kemur fram sem mótaðili viðskiptavinarins, í samræmi við stefnu sína um bestu framkvæmd. Skipti á sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir ættu, þegar þau eru gerð af útgefanda eða tilboðsgjafa, ekki að vera þjónusta á sviði sýndareigna.
- 88) Þjónustuveitendur sýndareigna sem markaðssetja sýndareignir fyrir mögulega handhafa ættu, áður en samningur er gerður, að miðla upplýsingum til þessara aðila um hvernig þeir hyggjast veita þjónustu sína. Til að tryggja vernd viðskiptavina sinna ættu þjónustuveitendur sýndareigna sem hafa starfsleyfi til að markaðssetja sýndareignir að hafa til staðar sértekar og fullnægjandi verklagsreglur til að koma í veg fyrir, vakta, stjórna og birta upplýsingar um hvers konar hagsmunarárekstra sem koma til vegna markaðssetningar sýndareigna til eigin viðskiptavina og þegar fyrirhugað verð fyrir markaðssetningu sýndareigna hefur verið ofmetið eða vanmetið. Ekki ætti að líta á það sem sérstakt tilboð að markaðssetja sýndareignir fyrir hönd tilboðsgjafa.
- 89) Til að tryggja neytendavernd ættu þjónustuveitendur sýndareigna sem veita ráðgjöf um sýndareignir, annaðhvort að beiðni viðskiptavinar eða að eigin frumkvæði, eða sem veita eignastýringu sýndareigna, að leggja mat á hvort þessi þjónusta á sviði sýndareigna eða sýndareignir henti fyrir viðskiptavinina, með hliðsjón af reynslu, þekkingu, markmiðum og getu viðskiptavina sinna til að taka á sig tap. Ef viðskiptavinirnir veita ekki þjónustuveitendum sýndareigna upplýsingar um reynslu sína, þekkingu, markmið og getu til að taka á sig tap, eða ljóst er að sýndareignirnar henta ekki viðskiptavininum, ættu þjónustuveitendur sýndareigna hvorki að mæla með slíkri þjónustu á sviði sýndareigna eða sýndareignum við þessa viðskiptavini, né hefja veitingu eignastýringar sýndareigna. Þegar ráðgjöf er veitt um sýndareignir ættu þjónustuveitendur sýndareigna að gefa viðskiptavinum skýrslu, sem ætti að innihalda hentugleikamatið þar sem tilgreint er hvaða ráðgjöf er veitt og hvernig hún samræmist óskum og markmiðum viðskiptavina. Við stýringu eignasafns sýndareigna ættu þjónustuveitendur sýndareigna að leggja fram reglubundin yfirlit til viðskiptavina sinna, sem ættu að innihalda yfirlit um starfsemi þeirra og árangur eignasafnsins sem og uppfærða yfirlýsingu um hæfismatið.
- 90) Sumar tegundir þjónustu á sviði sýndareigna, einkum varsla og umsjón með sýndareignum fyrir hönd viðskiptavina, markaðssetning sýndareigna og yfirfærsluþjónusta fyrir sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina, gætu skarast við greiðsluþjónustu eins og hún er skilgreind í tilskipun (ESB) 2015/2366.
- 91) Verkfærin sem útgefendur rafeyris láta viðskiptavinum sínum í té til að stýra rafeyristóka kunna að vera óaðgreinanleg frá starfsemi við vörslu- og stjórnsýsluþjónustu sem reglufest er með þessari reglugerð. Rafeyrisfyrirtæki ættu því aðeins að geta veitt vörsluþjónustu, án fyrirframleyfis samkvæmt þessari reglugerð til að veita þjónustu á sviði sýndareigna, í tengslum við rafeyristóka sem þau gefa út.

- 92) Starfsemi hefðbundinna dreifingaraðila rafeyris, þ.e.a.s. dreifing rafeyris fyrir hönd útgefenda, myndi jafngilda starfsemi í tengslum við markaðssetningu sýndareigna að því er varðar þessa reglugerð. Hins vegar ættu einstaklingar eða lögaðilar sem hafa heimild til að dreifa rafeyri samkvæmt tilskipun 2009/110/EB einnig að geta dreift rafeyristókum fyrir hönd útgefenda rafeyristóka, án þess að þurfa að afla sér fyrirframleyfis samkvæmt þessari reglugerð til að veita þjónustu á sviði sýndareigna. Slíkir dreifingaraðilar ættu því að vera undanþegnir kröfunni um að sækja um starfsleyfi sem þjónustuveitendur sýndareigna fyrir starfsemi við markaðssetningu sýndareigna.
- 93) Veitandi millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir ætti að vera eining sem sér um yfirfærslu, fyrir hönd viðskiptavinar, á sýndareignum frá einni dreifðri færsluskra eða -reikningi til annars. Slík millifærsluþjónusta ætti ekki að taka til fullgildingaraðila, hnúta eða námumanna sem gætu verið hluti af því að staðfesta viðskipti og uppfæra stöðu undirliggjandi dreifðrar færsluskrár. Margir þjónustuveitendur sýndareigna bjóða einnig einhvers konar yfirfærsluþjónustu fyrir sýndareignir sem hluta af t.d. þjónustu við að veita vörslu og umsjón með sýndareignum fyrir hönd viðskiptavina, skiptast á sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir eða framkvæma fyrir mæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina. Með hliðsjón af nákvæmum þáttum þjónustunnar sem tengist yfirfærslu á rafeyristóka gæti slík þjónusta fallið undir skilgreininguna á greiðsluþjónustu í tilskipun (ESB) 2015/2366. Í slíkum tilvikum skulu þessar millifærslur framkvæmdar af einingu sem hefur starfsleyfi til að veita slíka greiðsluþjónustu í samræmi við þá tilskipun.
- 94) Þessi reglugerð ætti ekki að fjalla um útlán og lántöku á sýndareignum, þ.m.t. rafeyristókum, og ætti því ekki að hafa áhrif á gildandi landslög. Meta skal enn frekar hvort mögulegt og nauðsynlegt sé að setja reglur um slíka starfsemi.
- 95) Mikilvægt er að tryggja tiltrú markaða á sýndareignum og heilleika þessara markaða. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur til að koma í veg fyrir markaðssvik vegna sýndareigna sem teknar eru til viðskipta. Þar eð útgefendur sýndareigna og þjónustuveitendur sýndareigna eru mjög oft lítil og meðalstór fyrirtæki þykir þó óhóflegt að láta öll ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 ⁽²¹⁾ gilda um þá. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um sértækar reglur sem banna tiltekið atferli sem er líklegt til að grafa undan trausti notenda á mörkuðum með sýndareignir og heilleika þessara markaða, þ.m.t. innherjasvik, ólög mæta birtingu innherjaupplýsinga og markaðsmisnotkun í tengslum við sýndareignir. Þessum sérsníðnu reglum um markaðssvik sem framin eru í tengslum við sýndareignir ætti einnig að beita í tilvikum þar sem sýndareignir eru teknar til viðskipta.
- 96) Auka ætti réttarvissu þátttakenda á mörkuðum með sýndareignir með því að lýsa eiginleikum tveggja þátta sem eru nauðsynlegir til að tilgreina innherjaupplýsingar, nánar tiltekið hvers eðlis viðkomandi upplýsingar eru og hvaða þýðingu möguleg áhrif þeirra hafa á verð sýndareigna. Þessa þætti þarf einnig að hafa í huga til að koma í veg fyrir markaðssvik í tengslum við markaði með sýndareignir og virkni þeirra, t.d. með tilliti til notkunar samfélagsmiðla, notkunar snjallsamninga til að framkvæma fyrir mæli og samþjöppunar námu grafrarhópa (e. *mining pools*).
- 97) Afleiður sem teljast vera fjármálagerningar eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun 2014/65/ESB og þar sem undirliggjandi eign þeirra er sýndareign falla undir reglugerð (ESB) nr. 596/2014 þegar viðskipti eru með þær á skipulegu markaði, markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi. Sýndareignir sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, sem eru undirliggjandi eignir þessara afleiðna, ættu að falla undir ákvæði þessarar reglugerðar um markaðssvik.
- 98) Fela ætti lögbærum yfirvöldum nægar valdheimildir til að hafa eftirlit með útgáfu, útboði á almennum markaði og töku sýndareigna til viðskipta, þ.m.t. eignatengdra tóka og rafeyristóka, og til að hafa eftirlit með þjónustuveitendum sýndareigna. Meðal þessara valdheimilda ættu að vera heimild til að stöðva tímabundið eða banna almennt útboð eða töku til viðskipta á sýndareignum eða veitingu þjónustu á sviði sýndareigna og til að rannsaka brot á reglum um markaðssvik. Útgefendur annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka ættu ekki að falla undir eftirlit samkvæmt þessari reglugerð þegar útgefandinn er ekki tilboðsgjafi eða aðili sem sækist eftir töku til viðskipta.

⁽²¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtið. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

- 99) Lögbær yfirvöld ættu einnig að hafa vald til að beita viðurlögum gagnvart útgefendum, tilboðsgjöfum eða aðilum sem leita eftir töku sýndareigna til viðskipta, þ.m.t. eignatengdra tóka eða rafeyristóka, og gagnvart þjónustuveitendum sýndareigna. Þegar ákvörðun er tekin um tegund og fjárhæð stjórnsýsluviðurlaga eða annarra stjórnsýsluráðstafana ættu lögbær yfirvöld að taka tillit til allra viðeigandi aðstæðna, þ.m.t. þess hversu alvarlegt brotið var og hversu lengi það stóð yfir og hvort það var framið af ásetningi.
- 100) Í ljósi þess að markaðir með sýndareignir eru í eðli sínu yfir landamæri ættu lögbær yfirvöld að vinna saman að því að greina og koma í veg fyrir hvers konar brot á þessari reglugerð.
- 101) Til þess að stuðla að gagnsæi varðandi sýndareignir og þjónustuveitendur sýndareigna ætti Evrópska verðbréfamarkaðs-
eftirlitsstofnunin að koma á fót skrá yfir hvítbækur um sýndareignir, útgefendur eignatengdra tóka, útgefendur rafeyristóka og þjónustuveitendur sýndareigna.
- 102) Nota má mikilvæga eignatengda tóka sem skiptimiðla og til að framkvæma mikið magn greiðslna. Þar sem svo mikið magn getur haft í för með sér sértæka áhættu fyrir peningalegar flutningsleiðir og peningalegt fullveldi þykir rétt að fela Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni það verkefni að hafa eftirlit með útgefendum eignatengdra tóka, þegar slíkir tókar hafa verið flokkaðir sem mikilvægir. Slík flokkun ætti að taka á mjög sértæku eðli áhættunnar sem stafar af eignatengdum tókum og ætti ekki að skapa fordæmi fyrir neina aðra löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu.
- 103) Lögbær yfirvöld, sem annast eftirlit samkvæmt tilskipun 2009/110/EB, ættu að hafa eftirlit með útgefendum rafeyristóka. Í ljósi miklar mögulegrar notkunar rafeyristóka sem greiðslumiðils og áhættunnar sem þeir geta haft í för með sér fyrir fjármálastöðugleika er þó nauðsynlegt að lögbær yfirvöld og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hafi tvöfalt eftirlit með útgefendum mikilvægra rafeyristóka. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að hafa eftirlit með því að útgefendur mikilvægra rafeyristóka hlíti sértæku viðbótarkröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð fyrir slíka tóka. Þar sem sértækar viðbótarkröfur skulu aðeins gilda um rafeyrisfyrirtæki sem gefa út mikilvæga rafeyristóka, skulu lánastofnanir sem gefa út mikilvæga rafeyristóka, sem slíkar kröfur gilda ekki um, vera undir eftirliti viðkomandi lögbærra yfirvalda. Tvöfalda eftirlitið ætti að taka á mjög sértæku eðli áhættunnar sem stafar af rafeyristókum og ætti ekki að skapa fordæmi fyrir neina aðra löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu.
- 104) Mikilvægir rafeyristókar sem tilgreindir eru í opinberum gjaldmiðli aðildarríkis, öðrum en evru, sem eru notaðir sem skiptimiðill og til að gera upp mikið magn greiðslna geta, þótt ólíklegt megi telja, skapað sérstaka áhættu fyrir peningalegt fullveldi aðildarríkisins þar sem þeir eru tilgreindir í opinberum gjaldmiðli ríkisins. Ef a.m.k. 80% af fjölda handhafa og umfangi viðskipta með þessa mikilvægu rafeyristóka eru samþjöppuð í heimaaðildarríkinu ætti ekki að flytja eftirlits-
skyldur til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.
- 105) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að koma á fót samstarfshópi eftirlitsaðila fyrir hvern útgefanda mikilvægra eignatengdra tóka og mikilvægra rafeyristóka. Þar sem útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka og mikilvægra rafeyristóka eru venjulega í miðju neti eininga sem tryggja útgáfu, framsal og dreifingu slíkra sýndareigna, ættu aðilar að fagraði eftirlitsaðila fyrir hvern útgefanda, meðal annarra, að vera lögbær yfirvöld mikilvægustu viðskiptavettvanganna fyrir sýndareignir, í þeim tilvikum þar sem mikilvægu eignatengdu tókarnir eða mikilvægu rafeyristókarnir eru teknir til viðskipta, og lögbær yfirvöld þeirra eininga sem mestu máli skipta og þjónustuveitenda sýndareigna sem tryggja vörslu og umsjón með mikilvægum eignatengdum tókum og mikilvægum rafeyristókum fyrir hönd handhafa. Samstarfshópur eftirlitsaðila fyrir útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka og mikilvægra rafeyristóka ætti að greiða fyrir samstarfi og upplýsingaskiptum milli aðila hans og ætti m.a. að gefa út álit, sem ekki er bindandi, á breytingum á starfsleyfi eða eftirlitsráðstöfunum varðandi slíka útgefendur.
- 106) Til að hafa eftirlit með útgefendum mikilvægra eignatengdra tóka og mikilvægra rafeyristóka ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin m.a. að hafa heimildir til að framkvæma vettvangsskoðanir, grípa til eftirlitsráðstafana og leggja á sektir.

- 107) Evrópska bankaefirlitsstofnunin ætti að innheimta gjöld af útgefendum mikilvægra eignatengdra tóka og mikilvægra rafeyristóka til að standa straum af kostnaði sínum, þ.m.t. vegna óbeins kostnaðar. Fyrir útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka ætti gjaldið að vera í réttu hlutfalli við stærð varasjóðs þeirra. Að því er varðar útgefendur mikilvægra rafeyristóka ætti gjaldið að vera í réttu hlutfalli við fjárhæðina sem fæst í skiptum fyrir mikilvægu rafeyristókana.
- 108) Til að tryggja skilvirki þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar frekari tilgreiningu á tæknilegum þáttum skilgreininganna sem settar eru fram í þessari reglugerð til að aðlagja þær að markaðs- og tækniþróun, tilgreina nánar tilteknar viðmiðanir til að ákvarða hvort eignatengdir tókar eða rafeyristókar skuli flokkaðir sem mikilvægir, ákvarða hvenær um er að ræða veruleg vandamál sem varða vernd fjárfesta eða ógn við eðlilega virkni og heilleika markaða með sýndareignir eða stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfi Sambandsins, tilgreina nánar málsmæðferðarreglur fyrir beitingu valdheimilda Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar til að leggja á sektir eða dagsektir, þ.m.t. ákvæði um rétt til varnar, tíma-bundin ákvæði, og innheimtu sekta eða dagsekta, og fyrmingarfrest álagningar og fullnustu sekta og dagsekta, og tilgreina nánar tegund og fjárhæð eftirlitsgjalda sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin getur lagt á útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka eða mikilvægra rafeyristóka. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽²²⁾. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 109) Til þess að stuðla að samræmdri beitingu þessarar reglugerðar um gervallt Sambandið, þ.m.t. fullnægjandi vernd handhafa sýndareigna og viðskiptavina þjónustuveitenda sýndareigna, einkum þegar þeir eru neytendur, ætti að þróa tæknistaðla. Skilvirkt og viðeigandi er að fela Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, sem stofnunum með mikla sérhæfða sérþekkingu, að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem fela ekki í sér ákvarðanir um stefnu, til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina.
- 110) Fela ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja tæknilega eftirlitsstaðla sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa þróað að því er varðar: efni, aðferðafræði og framsetningu upplýsinga í hvítbók um sýndareignir um helstu skaðlegu áhrif á loftslagið og önnur umhverfistengd skaðleg áhrif af samstöðu-aðferðinni sem notuð var til að gefa út sýndareignina; málsmæðferð við samþykki á hvítbók um sýndareignir sem lána-stofnanir leggja fram við útgáfu á eignatengdum tókum; upplýsingarnar sem umsókn um starfsleyfi sem útgefandi eignatengdra tóka ætti að innihalda; aðferðafræðina við að meta ársfjórðungslegan meðalfjölda viðskipta og meðaltal samanlagðs verðgildis þeirra á dag í tengslum við notkun eignatengdra tóka og rafeyristóka sem gefnir eru upp í gjaldmiðli sem er ekki opinber gjaldmiðill aðildarríkis sem skiptimiðill á hverju gjaldmiðilssvæði; kröfur, sniðmát og verklagsreglur fyrir meðhöndlun kvartana handhafa eignatengdra tóka og viðskiptavina þjónustuveitenda sýndareigna; kröfurnar varð-andi stefnur og verklagsreglur til að greina, koma í veg fyrir, stýra og birta upplýsingar um hagsmunaárekstra útgefenda eignatengdra tóka og upplýsingar um einstök atriði og aðferðafræði varðandi inntak þeirrar birtingar; verklagsreglur og tímaramma fyrir útgefanda eignatengdra tóka og mikilvægra rafeyristóka til að aðlagast hærri kröfum vegna eiginfjár-grunns, viðmiðanir fyrir kröfu um hærri eiginfjárgrunn, lágmarkskröfur varðandi útfærslu á álagsprófunaráætlunum; kröfur um lausafjárstöðu í varasjóði eigna; fjármálagerningana sem hægt er að fjárfesta varasjóði eigna í; ítarlegt innihald nauðsynlegra upplýsinga til að meta fyrirhuguð kaup útgefanda á virkum eignarhlut í útgefanda eignatengdra tóka; kröfur um viðbótarskuldbindingar fyrir útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka, upplýsingar sem lánastofnanir, miðlægar verð-bréfamiðstöðvar, verðbréfafyrirtæki, markaðsaðilar, rafeyrisstofnanir, rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðilar sér-hæfðra sjóða, sem hyggjast veita þjónustu á sviði sýndareigna, tilkynna til lögbærra yfirvalda; upplýsingarnar sem umsókn um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna inniheldur; efni, aðferðafræði og framsetning upplýsinga sem þjónustu-veitandi sýndareigna gerir aðgengilegar öllum og sem tengjast helstu neikvæðu áhrifunum á loftslagið og öðrum umhverfistengdum neikvæðum áhrifum af samstöðu-aðferðinni sem notuð er til að gefa út hverja sýndareign sem hann veitir þjónustu; ráðstafanir til að tryggja samfellu og reglufestu í framkvæmd þjónustu á sviði sýndareigna og skrár sem á að geyma yfir alla þjónustu, pantanir og viðskipti sem þær annast að því er varðar sýndareignir; kröfurnar um stefnurnar til að greina, koma í veg fyrir, stjórna og birta upplýsingar um hagsmunaárekstra þjónustuveitenda sýndareigna og upp-lýsingar um efni og aðferðir við þá birtingu; hvornig bjóða skal gögn um gagnsæi rekstraraðila viðskiptavettvangs og innihald og snið skrára yfir tilboðsskrár varðandi viðskiptavettvanginn; ítarlegt innihald upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að framkvæma mat á fyrirhuguðum kaupum á virkum eignarhlut í þjónustuveitanda sýndareigna; viðeigandi fyrirkomu-lag, kerfi og verklag við að vakta og greina markaðssvik; tilkynningarsniðmát fyrir tilkynningar um grun um markaðssvik

⁽²²⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

og samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda til að greina markaðssvik; upplýsingar sem lögbærum yfirvöldum ber að skiptast á; sniðmát fyrir samstarfssamninga milli lögbærra yfirvalda aðildarríkja og eftirlitsyfirvalda þriðju landa; gögn sem nauðsynleg eru til að flokka hvítbækur um sýndareignir í skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og hagnýtt fyrirkomulag til að tryggja að slík gögn séu tölvulæsileg; skilyrðin sem valda því að tilteknir aðilar að samstarfshópi eftirlitsaðila með útgefendum eignatengdra tóka og útgefendum mikilvægra rafeyristóka skulu teljast mikilvægastir í flokki sínum; og við hvaða skilyrði teljist að eignatengdir tókar eða rafeyristókar séu notaðir í miklu umfangi að því er varðar flokkun tiltekinnna aðila að fagráðinu og upplýsingar um hagnýtt fyrirkomulag fyrir starfsemi fagráðsins. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja þessa tæknilegu eftirlitsstaðla með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerða (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á.

- 111) Framkvæmdastjórnin ætti að hafa heimild til að samþykkja tæknilega framkvæmdarstaðla sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa þróað, að því er varðar: að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðum og sniðmátum fyrir hvítbækur um sýndareignir; koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum til að senda upplýsingar vegna umsóknar um starfsleyfi sem útgefandi eignatengdra tóka; koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðum og sniðmátum vegna skýrslugjafar um eignatengda tóka og rafeyristóka tilgreindum í gjaldmiðli, sem ekki er opinber gjaldmiðill aðildarríkis, sem eru gefnir út í magni sem er að andvirði meira en 100 000 000 evrur; koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum fyrir tilkynningu upplýsinga sem lánastofnanir, miðlægar verðbréfamiðstöðvar, verðbréfafyrirtæki, markaðsaðilar, rafeyrisstofnanir, rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, sem hyggjast veita þjónustu á sviði sýndareigna, veita lögbærum yfirvöldum; koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum fyrir umsókn um starfsleyfi sem þjónustuveitendur sýndareigna; um að ákvarða tæknilegar leiðir til að birta opinberlega innherjaupplýsingar og um að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga; og um að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og milli lögbærra yfirvalda, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja þessa tæknilegu framkvæmdarstaðla með framkvæmdargerðum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.
- 112) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að fjalla um uppskiptingu lagaramma sem gildir um tilboðsgjafa eða aðila sem sækjast eftir tóku á sýndareignum, öðrum en eignatengdum tókum og rafeyristókum, til viðskipta, um útgefendur eignatengdra tóka og rafeyristóka og um þjónustuveitendur sýndareigna og tryggja eðlilega starfsemi markaða með sýndareignir, á sama tíma og þau tryggja vernd handhafa sýndareigna og viðskiptavina þjónustuveitenda sýndareigna, einkum smásöluhafa, sem og vernd heilleika markaðar og fjármálastöðugleika, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins með því að setja ramma um það hvernig stærri markaður með sýndareignir sem nær yfir landamæri, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 113) Til að komast hjá röskun á markaðsaðilum sem veita þjónustu og stunda starfsemi í tengslum við sýndareignir, aðrar en eignatengda tóka og rafeyristóka, sem hafa verið gefnir út fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda ættu útgefendur slíkra sýndareigna að vera undanþegnir skyldunni að birta hvítbók um sýndareignir og tilteknum öðrum kröfum þessarar reglugerðar. Þó ættu tilteknar skyldur að gilda þegar slíkar sýndareignir voru teknar til viðskipta fyrir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda. Til að koma í veg fyrir röskun hjá starfandi markaðsaðilum er þörf á umbreytingarákvæðum fyrir útgefendur eignatengdra tóka sem voru í notkun þegar þessi reglugerð tók gildi.

- 114) Þar sem landsbundnir reglurammar sem gilda um þjónustuveitendur sýndareigna áður en þessi reglugerð kemur til framkvæmda eru mismunandi milli aðildarríkja er nauðsynlegt að þau aðildarríki sem ekki hafa, eins og sakir standa, sett fram strangar varfærniskröfur um þjónustuveitendur sýndareigna, sem starfa samkvæmt regluramma sínum, hafi möguleika á að krefjast þess að slíkir þjónustuveitendur sýndareigna falli undir strangari kröfur en þær sem gilda samkvæmt landsbundnum regluramma. Í slíkum tilvikum ætti aðildarríkjum að vera heimilt að beita ekki 18 mánaða umbreytingartímabilinu eða stytta það, sem myndi annars heimila þjónustuveitendum sýndareigna að veita þjónustu á grundvelli núverandi landsbundins regluramma. Slíkur valkostur fyrir aðildarríki ætti ekki að skapa fordæmi fyrir neina aðra lagagerð Sambandsins um fjármálaþjónustu.
- 115) Uppljóstrarar ættu að geta vakið athygli lögbærra yfirvalda á nýjum upplýsingum sem geta hjálpað þeim að koma upp um brot gegn þessari reglugerð og leggja á viðurlög. Þessi reglugerð ætti því að tryggja að fullnægjandi fyrirkomulag sé fyrir hendi til að gera uppljóstrurum kleift að gera lögbærum yfirvöldum viðvart um raunveruleg eða möguleg brot gegn þessari reglugerð og vernda þá fyrir refsiaðgerðum. Það ætti að gera með því að breyta tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1937 ⁽²³⁾ þannig að hún gildi um brot á þessari reglugerð.
- 116) Þar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að hafa umboð til að hafa beint eftirlit með útgefendum mikilvægra eignatengdra tóka og mikilvægra rafeyristóka og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að hafa umboð til að nýta valdheimildir sínar í tengslum við mikilvæga þjónustuveitendur sýndareigna, er nauðsynlegt að tryggja að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin geti beitt öllum valdheimildum sínum og verkefnum til að uppfylla markmið sín um að vernda almannahagsmuni með því að stuðla að stöðugleika til skamms, meðalangs og langs tíma og skilvirkni fjármálakerfisins fyrir hagkerfi Sambandsins, borgara þess og fyrirtæki og tryggja að útgefendur sýndareigna og þjónustuveitendur sýndareigna falli undir reglugerðir (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010. Því ætti að breyta þessum reglugerðum til samræmis við það.
- 117) Útgáfa, tilboð eða umsókn um töku sýndareigna til viðskipta og veiting þjónustu á sviði sýndareigna gæti falið í sér vinnslu persónuupplýsinga. Öll vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari reglugerð ætti að vera í samræmi við gildandi lög Sambandsins um vernd persónuupplýsinga. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽²⁴⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ⁽²⁵⁾.
- 118) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og skilaði hún álit 24. júní 2021 ⁽²⁶⁾.
- 119) Fresta ætti gildistökudegi þessarar reglugerðar til að gera ráð fyrir samþykkt tæknilegra eftirlitsstaðla, tæknilegra framkvæmdarstaðla og framseldra gerða sem eru nauðsynlegar til að tilgreina nánar tiltekna þætti þessarar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

I. gr.

Efni

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um samræmdar kröfur um almenn útboð og töku til viðskipta á viðskiptavettvangi á öðrum sýndareignum en eignatengdum tókum og rafeyristókum, á eignatengdum tókum og á rafeyristókum, sem og kröfur sem gerðar eru til þjónustuveitenda sýndareigna.

⁽²³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1937 frá 23. október 2019 um verndun þeirra sem tilkynna um brot á lögum Sambandsins (Stjtið. ESB L 305, 26.11.2019, bls. 17).

⁽²⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

⁽²⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39)

⁽²⁶⁾ Stjtið. ESB L 337, 23.8.2021, bls. 4.

2. Í þessari reglugerð er einkum mælt fyrir um eftirfarandi:

- a) gagnsæis- og birtingarkröfur vegna útgáfu, almenns útboðs og töku sýndareigna til viðskipta á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir („töku til viðskipta“),
- b) kröfur í tengslum við starfsleyfisveitingu og eftirlit með þjónustuveitendum sýndareigna, útgefendum eignatengdra tóka og útgefendum rafeyristóka, og einnig um rekstur þeirra, skipulag og stjórnarhætti,
- c) kröfur um vernd handhafa sýndareigna í tengslum við útgáfu, almennt útboð og töku sýndareigna til viðskipta,
- d) kröfur um vernd viðskiptavina þjónustuveitenda sýndareigna,
- e) ráðstafanir til að koma í veg fyrir innherjasvik, ólögmda miðlun innherjaupplýsinga og markaðsmisnotkun í tengslum við sýndareignir, í því skyni að tryggja heilleika markaða með sýndareignir.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um einstaklinga og lögaðila og tiltekna aðra rekstraraðila sem gefa út sýndareignir, bjóða þær út á almennum markaði og taka þær til viðskipta eða sem veita þjónustu sem tengist sýndareignum í Sambandinu.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

- a) aðila sem veita aðeins móðurfélögum sínum, dótturfélögum sínum eða öðrum dótturfélögum móðurfélaga sinna þjónustu á sviði sýndareigna,
- b) skiptastjóra eða umsjónarmann sem starfar að ógjaldfærimeðferð, nema að því er varðar 47. gr.,
- c) Seðlabanka Evrópu, seðlabanka aðildarríkjanna þegar þeir gegna hlutverki peningamálayfirvalda eða önnur opinber yfirvöld aðildarríkjanna,
- d) Fjárfestingarbanka Evrópu og dótturfélög hans,
- e) Evrópska fjármálastöðugleikasjóðinn og Evrópska stöðugleikakerfið,
- f) opinberar alþjóðastofnanir.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um sýndareignir sem eru einkvæmar og ekki jafngengar (*e. fungible*) á móti öðrum sýndareignum.

4. Þessi reglugerð gildir ekki um sýndareignir sem teljast vera eitt eða fleira af eftirfarandi:

- a) fjármálagæmingar,
- b) innstæður, þ.m.t. samsettar innstæður,
- c) fjármunir, nema þeir séu gjaldgengir sem rafeyristókar,
- d) verðbréfaðar stöður í tengslum við verðbréfun eins og hún er skilgreind í 1. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,
- e) skaða- eða líftryggingaafurðir sem falla undir váttryggingaflokkana sem taldir eru upp í I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽²⁷⁾ eða endurtryggingasamningar eins og um getur í þeirri tilskipun,
- f) lífeyrisafurðir sem viðurkennt er samkvæmt landslögum að gegni því meginhlutverki að tryggja fjárfestinum eftirlaun og sem veita honum rétt á tilteknum bótum,
- g) opinberlega viðurkennd starfstengd lífeyriskerfi sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 ⁽²⁸⁾ eða tilskipunar 2009/138/EB,

⁽²⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. Nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

⁽²⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtið. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37).

- h) einstakar lífeyrisafurðir sem krefjast fjárframlags frá atvinnurekanda samkvæmt landslögum og þar sem vinnuveitandinn eða starfsmaðurinn hefur ekki val um lífeyrisafurðina eða veitanda hennar,
 - i) samevrópsk séreignarafurð eins og hún er skilgreind í 2. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1238 ⁽²⁹⁾,
 - j) almannatryggingakerfi sem falla undir reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 ⁽³⁰⁾ og (EB) nr. 987/2009 ⁽³¹⁾.
5. Í tengslum við a-lið 4. mgr. þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eigi síðar en 30. desember 2024 gefa út viðmiðunarreglur, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, um skilyrði og viðmið þess að flokka sýndareignir sem fjármálagerninga.
6. Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á reglugerð (ESB) nr. 1024/2013.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- 1) „dreifð færsluskrá“ eða „DFT“ (e. *distributed ledger technology*): tækni sem gerir kleift að starfrækja og nota dreifða færsluskrá,
 - 2) „dreifð færsluskrá“ (e. *distributed ledger*): gagnahirsla sem geymir gögn yfir viðskipti og er miðlað gegnum og samstillt milli DFT-nethnúta með samstöðuaðferð,
 - 3) „samstöðuaðferð“ (e. *consensus mechanism*): reglur og verklag sem beitt er til að ná samkomulagi milli DFT-nethnúta um að viðskipti séu sannvottuð,
 - 4) „DFT-nethnútur“: tæki eða ferli sem er hluti af neti og geymir afrit gagna um öll viðskipti í dreifðri færsluskrá í heild eða að hluta,
 - 5) „sýndareign“: stafræn framsetning á virði eða réttindum sem unnt er að millifæra og varðveita rafrænt með dreifðri færsluskráartækni eða sambærilegri tækni,
 - 6) „eignatengdur tóki“: tegund sýndareignar sem er ekki rafeyristóki og felur í sér skuldbindingu um að viðhalda stöðugu virði miðað við annað virði, annan rétt eða sambland af hvoru tveggja, þ.m.t. einn eða fleiri opinbera gjaldmiðla,
 - 7) „rafeyristóki“: tegund sýndareignar sem felur í sér skuldbindingu um að viðhalda stöðugu virði miðað við virði eins opinbers gjaldmiðils,
 - 8) „opinber gjaldmiðill“: opinber gjaldmiðill lands sem gefinn er út af seðlabanka eða öðru peningamálayfirvaldi,
 - 9) „nytjatóki“: tegund sýndareignar sem er einungis ætlað að veita aðgang að vöru eða þjónustu sem útgefandi hans veitir,
 - 10) „útgefandi“: einstaklingur, lögaðili eða annar rekstraraðili sem gefur út sýndareignir,
 - 11) „útgefandi sem sækir um“: útgefandi eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem sækir um heimild til að bjóða þær sýndareignir út á almennum markaði eða óskar eftir að þær verði teknar til viðskipta,
 - 12) „almennt útboð“: hvers kyns boð til aðila, í hvaða formi og með hvaða aðferð sem er, þar sem fram koma nægjanlegar upplýsingar um skilmála útboðsins og sýndareignirnar sem eru boðnar til kaups til að gera tilvonandi eigendum þeirra kleift að ákveða hvort þeir eigi að kaupa þessar sýndareignir,
 - 13) „tilboðsgjafi“: einstaklingur, lögaðili eða annar rekstraraðili, eða útgefandinn, sem býður út sýndareignir á almennum markaði,
 - 14) „fjármunir“: fjármunir eins og þeir eru skilgreindir í 25. lið 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366,

⁽²⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1238 frá 20. júní 2019 um samevrópska séreignarafurð (PEPP) (Stjtið. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 1).

⁽³⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtið. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1).

⁽³¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtið. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1).

- 15) „þjónustuveitandi sýndareigna“: lögaðili eða annar rekstraraðili sem hefur atvinnu af eða rekur þjónustu á einu eða fleiri sviðum sýndareigna fyrir viðskiptavinum í atvinnuskyni og hefur heimild til að veita þjónustu á sviði sýndareigna í samræmi við 59. gr.,
- 16) „þjónusta á sviði sýndareigna“: einhver af eftirfarandi þjónustu og starfsemi sem tengist hvers konar sýndareignum:
- a) varsla og umsýsla sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina,
 - b) rekstur viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir,
 - c) skipti á sýndareignum fyrir fjármuni,
 - d) skipti á sýndareignum fyrir aðrar sýndareignir,
 - e) framkvæmd fyrirmæla um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina,
 - f) markaðssetning sýndareigna,
 - g) móttaka og miðlun fyrirmæla um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina,
 - h) ráðgjöf um sýndareignir,
 - i) stýring sýndareignasafna,
 - j) millifærsluþjónusta fyrir sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina,
- 17) „varsla og umsýsla sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina“: varðveisla eða stjórnun, fyrir hönd viðskiptavina, sýndareigna eða aðgangssleða að slíkum sýndareignum, eftir atvikum í formi einkadulkóðunarlykla,
- 18) „rekstur viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir“: rekstur eins eða fleiri marghliða kerfa sem leiða saman eða auðvelda það að leiða saman mismunandi kaup- og söluhagsmuni þriðju aðila, í kerfinu og í samræmi við reglur þess, á þann hátt að til verður samningur, annaðhvort með skiptum á sýndareignum fyrir fjármuni eða með skiptum á sýndareignum fyrir aðrar sýndareignir,
- 19) „skipti á sýndareignum fyrir fjármuni“: gerð samninga við viðskiptavinum um kaup eða sölu sýndareigna fyrir fjármuni með því að nota eiginfjármagn,
- 20) „skipti á sýndareignum fyrir aðrar sýndareignir“: gerð samninga við viðskiptavinum um kaup eða sölu sýndareigna fyrir aðrar sýndareignir með því að nota eiginfjármagn,
- 21) „framkvæmd fyrirmæla um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina“: gerð samninga, fyrir hönd viðskiptavina, um kaup eða sölu á einni eða fleiri sýndareignum eða áskrift fyrir hönd viðskiptavina að einni eða fleiri sýndareignum, þ.m.t. gerð samninga um sölu sýndareigna þegar þær eru boðnar á almennum markaði eða teknar til viðskipta,
- 22) „setning sýndareigna á markað“: markaðssetning sýndareigna til kaupenda fyrir hönd eða fyrir reikning tilboðsgjafa eða aðila sem tengist tilboðsgjafa,
- 23) „móttaka og miðlun fyrirmæla um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina“: móttaka fyrirmæla frá aðila um að kaupa eða selja eina eða fleiri sýndareignir eða skrá sig fyrir einni eða fleiri sýndareignum og sending þeirra fyrirmæla til þriðja aðila til framkvæmdar,
- 24) „ráðgjöf um sýndareignir“: að bjóða, veita eða samþykkja að veita viðskiptavinum einstaklingsmiðaða ráðgjöf, annaðhvort að beiðni viðskiptavinarins eða að frumkvæði þjónustuveitanda sýndareigna sem veitir ráðgjöfina, vegna einna eða fleiri viðskipta sem varða sýndareignir, eða notkun á þjónustu á sviði sýndareigna,
- 25) „stýring sýndareignasafna“: stýring eignasafna á grundvelli umboðs frá einstökum viðskiptavinum þegar slík eignasöfn innihalda eina eða fleiri sýndareignir,
- 26) „millifærsluþjónusta fyrir sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina“: það að veita þá þjónustu að millifæra, fyrir hönd einstaklings eða lögaðila, sýndareignir frá einu vistfangi eða reikningi dreifðar færsluskýrtil til annars,

- 27) „stjórn og/eða framkvæmdastjórn“: ein eða fleiri einingar innan útgefanda, tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta, eða innan þjónustuveitanda sýndareigna, sem eru skipaðar í samræmi við landslög og hafa umboð til að ákveða stefnumið, markmið og heildarstefnu aðilans og hafa yfirumsjón og eftirlit með ákvarðanatöku stjórnenda innan einingarinnar, þ.m.t. þeir einstaklingar sem stýra í reynd starfsemi einingarinnar,
- 28) „lánastofnun“: lánastofnun eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og sem hefur starfsleyfi skv. tilskipun 2013/36/ESB,
- 29) „verðbréfafyrirtæki“: verðbréfafyrirtæki eins og það er skilgreint í 2. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem hefur starfsleyfi skv. tilskipun 2014/65/ESB,
- 30) „hæfir fjárfestar“: aðilar eða stofnanir sem eru taldar upp í 1. til 4. lið I. þáttar II. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB,
- 31) „náin tengsl“: náin tengsl eins og þau eru skilgreind í 35. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- 32) „varasjóður eigna“: karfa varasjóðseigna sem er til tryggingar kröfunni á hendur útgefandanum,
- 33) „heimaaðildarríki“:
- a) ef tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta á sýndareignum, öðrum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum, hefur skráða skrifstofu í Sambandinu, aðildarríkið þar sem tilboðsgjafinn eða aðilinn hefur skráða skrifstofu,
 - b) ef tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta á sýndareignum, öðrum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum, hefur ekki skráða skrifstofu í Sambandinu en hefur eitt eða fleiri útibú í Sambandinu, aðildarríkið sem tilboðsgjafinn eða aðili velur úr þeim aðildarríkjum þar sem hann hefur útibú,
 - c) ef tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta á sýndareignum, öðrum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum hefur staðfestu í þriðja landi og hefur ekki útibú í Sambandinu, annaðhvort aðildarríkið þar sem fyrirhugað er að bjóða þessar sýndareignir út á almennum markaði í fyrsta sinn eða, að vali tilboðsgjafa eða aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta, aðildarríkið þar sem fyrsta umsóknin um töku þessara sýndareigna til viðskipta er lögð fram,
 - d) ef um er að ræða útgefanda eignatengdra tóka, aðildarríkið þar sem útgefandi eignatengdu tókanna hefur skráða skrifstofu,
 - e) ef um er að ræða útgefanda rafeyristóka, aðildarríkið þar sem útgefandi rafeyristókanna hefur starfsleyfi sem lánastofnun samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB eða sem rafeyrisfyrirtæki samkvæmt tilskipun 2009/110/EB,
 - f) ef um er að ræða þjónustuveitanda sýndareigna, aðildarríkið þar sem viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna hefur skráða skrifstofu,
- 34) „gistiaðildarríki“: aðildarríkið þar sem tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta hefur boðið út sýndareignir á almennum markaði eða óskar eftir töku til viðskipta, eða þar sem þjónustuveitandi sýndareigna veitir þjónustu á sviði sýndareigna, þegar það er ekki heimaaðildarríkið,
- 35) „lögbært yfirvald“: eitt eða fleiri yfirvöld:
- a) sem hvert aðildarríki tilgreinir í samræmi við 93. gr. í tengslum við tilboðsgjafa, aðila sem óska eftir töku til viðskipta á öðrum sýndareignum en eignatengdum tókum og rafeyristókum, útgefendur eignatengdra tóka eða þjónustuveitendur sýndareigna,

- b) sem hvert aðildarríki hefur tilgreint til beitingar tilskipunar 2009/110/EB að því er varðar útgefendur rafeyristóka,
- 36) „virkur eignarhlutur“: beinn eða óbeinn eignarhlutur í útgefanda eignatengdra tóka eða þjónustuveitanda sýndareigna sem nemur a.m.k. 10% hlutafjár eða atkvæðisréttar, eins og sett er fram í 9. og 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ⁽³²⁾, eftir því sem við á, í þeirri röð, að teknu tilliti til skilyrða um samlagningu eignarhluta sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar, eða sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi útgefanda eignatengds tóka eða þjónustuveitanda sýndareigna sem eignarhluturinn er í,
- 37) „almennur eigandi“: einstaklingur sem aðhefst utan við atvinnugrein, atvinnustarfsemi, iðn eða sérgrein sína,
- 38) „netviðmót“: hvers kyns hugbúnaður, þ.m.t. vefsetur, hluti af vefsetri eða forrit, sem starfræktur er af eða fyrir hönd tilboðsgjafa eða þjónustuveitanda sýndareigna og þjónar þeim tilgangi að veita eigendum sýndareigna aðgang að sýndareignum sínum og veita viðskiptavinum aðgang að þjónustu á sviði sýndareigna,
- 39) „viðskiptavinur“: einstaklingur eða lögaðili sem þjónustuveitandi sýndareigna veitir þjónustu á sviði sýndareigna,
- 40) „jöfnuð eigin viðskipti“: jöfnuð eigin viðskipti eins og þau eru skilgreind í 38. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- 41) „greiðsluþjónusta“: greiðsluþjónusta eins og hún er skilgreind í 3. lið 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366,
- 42) „greiðsluþjónustuveitandi“: greiðsluþjónustuveitandi eins og hann er skilgreindur í 11. lið 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366,
- 43) „rafeyrisfyrirtæki“: rafeyrisfyrirtæki eins og það er skilgreint í 1. lið 2. gr. tilskipunar 2009/110/EB,
- 44) „rafeyrir“: rafeyrir, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. tilskipunar 2009/110/EB,
- 45) „persónuupplýsingar“: persónuupplýsingar eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679,
- 46) „greiðslustofnun“: greiðslustofnun eins og hún er skilgreind í 4. lið 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366,
- 47) „rekstrarfélag verðbréfasjóðs“: rekstrarfélag eins og það er skilgreint í b-lið 1. mgr. 2 gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ⁽³³⁾,
- 48) „rekstraraðili sérhæfðs sjóðs“: rekstraraðili sérhæfðs sjóðs (AIFM) eins og hann er skilgreindur í b-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ⁽³⁴⁾,
- 49) „fjármálagerningur“: fjármálagerningar eins og þeir eru skilgreindir í 15. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- 50) „innstæða“: innstæða eins og hún er skilgreind í 3. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/49/ESB,
- 51) „samsett innstæða“: samsett innstæða eins og hún er skilgreind í 43. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 139. gr. til viðbótar við þessa reglugerð með því að tilgreina nánar tæknilega þætti skilgreininganna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar og laga þær skilgreiningar að markaðsþróun og tæknipróun.

⁽³²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtið. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

⁽³³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

⁽³⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

II. BÁLKUR

SÝNDAREIGNIR AÐRAR EN EIGNATENGDIR TÓKAR EÐA RAFEYRISTÓKAR

4. gr.

Almennt útboð á öðrum sýndareignum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum

1. Aðili skal ekki bjóða út á almennum markaði í Sambandinu aðrar sýndareignir eignatengda tóka eða rafeyristóka nema sá aðili:

- a) sé lögaðili,
- b) hafi samið hvítbók um þá sýndareign í samræmi við 6. gr.,
- c) hafi tilkynnt um hvítbókina um sýndareignina í samræmi við 8. gr.,
- d) hafi birt hvítbókina um sýndareignina í samræmi við 9. gr.,
- e) hafi útbúið markaðsefnið, ef eitthvað er, um þá sýndareign í samræmi við 7. gr.,
- f) hafi birt markaðsefnið, ef um það er að ræða, um þá sýndareign í samræmi við 9. gr.,
- g) uppfyllir kröfurnar um tilboðsgjafa sem mælt er fyrir um í 14. gr.

2. Ákvæði b-, c-, d- og f-liðar 1. mgr. skulu ekki gilda um eftirfarandi almenn útboð á sýndareignum öðrum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum:

- a) tilboð til færri en 150 einstaklinga eða lögaðila í hverju aðildarríki þar sem slíkir aðilar aðhafast fyrir eigin reikning,
- b) þar sem heildarfjárhæð hins almenna útboðs sýndareignar í Sambandinu fer ekki yfir 1 000 000 evrur á 12 mánaða tímabili, sem hefst við upphaf útboðsins, eða samsvarandi fjárhæð í öðrum opinberum gjaldmiðli eða í sýndareignum,
- c) útboð sýndareignar sem er eingöngu ætlað hæfum fjárfestum þar sem sýndareignin getur eingöngu verið í eigu slíkra hæfra fjárfesta.

3. Þessi bálkur gildir ekki um almenn útboð á öðrum sýndareignum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum ef eitthvað af eftirfarandi á við:

- a) sýndareignin er boðin án endurgjalds,
- b) sýndareignin er búin til með sjálfkrafa hætti sem umbun fyrir að halda dreifða færsluskrá eða sannprófa viðskipti,
- c) útboðið varðar nytjatóka sem veitir aðgang að vöru eða þjónustu sem er til staðar eða er starfrækt,
- d) eigandi sýndareignarinnar hefur aðeins rétt til að nota hana í skiptum fyrir vörur og þjónustu í afmörkuðu neti söluaðila sem hafa gert samning við tilboðsgjafann.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skal ekki litið svo á að sýndareign sé boðin án endurgjalds ef kaupendum er gert að veita tilboðsgjafa eða skuldbinda sig til að veita honum persónuupplýsingar í skiptum fyrir þá sýndareign, eða ef tilboðsgjafi sýndareignar fær frá tilvonandi eigendum þeirrar sýndareignar hvers konar þóknanir eða peningalegan eða ópeningalegan ávinn- ing í skiptum fyrir þá sýndareign.

Ef heildarfjárhæð almenns útboðs á sýndareign á hverju 12 mánaða tímabili sem hefst við upphaf hins almenna útboðs, við þær aðstæður sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar, í Sambandinu fer yfir 1 000 000 evrur, skal tilboðsgjafinn senda lögbæra yfirvaldinu tilkynningu með lýsingu á útboðinu og útskýringu á því hvers vegna útboðið er undanþegið þessum bálki samkvæmt fyrstu undirgrein d-liðar.

Lögbæra yfirvaldið skal, á grundvelli þeirrar tilkynningar sem um getur í þriðju undirgrein, taka tilhlýðilega rökstudda ákvörðun ef það telur að starfsemin uppfylli ekki skilyrði undanþágu sem afmarkað net samkvæmt d-lið fyrstu undirgreinar og skal upplýsa tilboðsgjafann um það.

4. Þær undanþágur sem taldar eru upp í 2. og 3. mgr. skulu ekki gilda ef tilboðsgjafinn, eða annar aðili fyrir hönd tilboðsgjafans, gerir kunnugt með hvers kyns orðsendingu að hann hyggist óska eftir töku sýndareignar til viðskipta annarrar en eignatengds tóka eða rafeyristóka.

5. Ekki er krafist starfsleyfis sem þjónustuveitandi sýndareigna skv. 59. gr. til að annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina eða til að veita millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir í tengslum við sýndareignir ef almennt útboð þeirra nýtur undanþágu skv. 3. mgr. þessarar greinar, nema:

a) annað almennt útboð sömu sýndareignar sé fyrir hendi og það útboð njóti ekki undanþágunnar, eða

b) sýndareignin sem boðin er út sé tekin til viðskipta á viðskiptavettvangi.

6. Ef almenna útboðið á annarri sýndareign en eignatengdum tóka eða rafeyristóka varðar nýttatóka sem veitir aðgang að vörum og þjónustu sem eru ekki enn til eða ekki enn starfrækt skal gildistími almenna útboðsins sem lýst er í hvítbókinni um sýndareignina ekki vera lengri en 12 mánuðir frá útgáfudegi hvítbókarinnar um sýndareignina.

7. Hvert síðara almennt útboð sýndareignar annarrar en eignatengds tóka eða rafeyristóka skal teljast sérstakt almennt útboð sem kröfur 1. mgr. gilda um, með fyrirvara um hugsanlega beitingu 2. eða 3. mgr. á slíkt síðara almennt útboð.

Ekki skal krefjast annarrar hvítbókar um sýndareign til viðbótar vegna síðara almenns útboðs slíkrar eignar annarrar en eignatengds tóka eða rafeyristóka, svo fremi að hvítbók um sýndareign hafi verið birt í samræmi við 9. og 12. gr. og aðilinn sem ber ábyrgð á að semja slíka hvítbók veiti skriflegt samþykki fyrir notkun hennar.

8. Sé almennt útboð annarrar sýndareignar en eignatengds tóka eða rafeyristóka undanþegið skyldunni til að birta hvítbók um sýndareign, skv. 2. eða 3. mgr. en hvítbók er samt sem áður samin að eigin frumkvæði skal þessi bálkur gilda.

5. gr.

Taka annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka til viðskipta

1. Aðili skal ekki óska eftir töku annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka til viðskipta í Sambandinu nema sá aðili:

a) sé lögaðili,

b) hafi samið hvítbók um þá sýndareign í samræmi við 6. gr.,

c) hafi tilkynnt um hvítbókina um sýndareignina í samræmi við 8. gr.,

d) hafi birt hvítbókina um sýndareignina í samræmi við 9. gr.,

e) hafi útbúið markaðsefnið, ef eitthvað er, um þá sýndareign í samræmi við 7. gr.,

f) hafi birt markaðsefnið, ef um það er að ræða, um þá sýndareign í samræmi við 9. gr.,

g) uppfylli kröfurnar sem gerðar eru skv. 14. gr. til aðila sem óska eftir töku til viðskipta.

2. Ef sýndareign er tekin til viðskipta að frumkvæði rekstraraðila viðskiptavettvangs og ekki hefur verið birt hvítbók um sýndareignina í samræmi við 9. gr., í tilvikum þar sem þess er krafist samkvæmt þessari reglugerð, skal rekstraraðili þess viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir fara að þeim kröfum sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. er aðila sem óskar eftir töku annarrar sýndareignar en eignatengds tóka eða rafeyristóka til viðskipta, og viðkomandi rekstraraðila viðskiptavettvangs heimilt að gera með sér skriflegt samkomulag um að það skuli vera rekstraraðili viðskiptavettvangsins sem er gert að uppfylla allar eða hluta þeirra krafna sem um getur í b- til g-lið 1. mgr.

Í því skriflega samkomulagi sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skal koma skýrt fram að aðilanum sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegan markað beri að veita rekstraraðila viðskiptavettvangsins allar nauðsynlegar upplýsingar til að gera hinum síðarnefnda kleift að uppfylla þær kröfur sem um getur í b- til g-lið 1. mgr., eftir því sem við á.

4. Ákvæði b-, c- og d-liðar 1. mgr. gilda ekki ef:

- a) sýndareignin hefur þegar verið tekin til viðskipta á öðrum viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir í Sambandinu og
- b) hvítbókin um sýndareignina er samin í samræmi við 6. gr., uppfærð í samræmi við 12. gr. og aðilinn sem ber ábyrgð á að semja slíka hvítbók samþykkir notkun hennar skriflega.

6. gr.

Efni og form hvítbókar um sýndareign

1. Í hvítbók um sýndareign skulu vera allar eftirfarandi upplýsingar, eins og nánar greinir í I. viðauka:

- a) upplýsingar um tilboðsgjafann og aðilann sem óskar eftir töku til viðskipta,
- b) upplýsingar um útgefandann, ef hann er annar en tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta,
- c) upplýsingar um rekstraraðila viðskiptavettvangsins í tilvikum þar sem hann semur hvítbókina um sýndareignina,
- d) upplýsingar um verkefnið á sviði sýndareigna,
- e) upplýsingar um almennt útboð sýndareignarinnar eða töku hennar til viðskipta,
- f) upplýsingar um sýndareignina,
- g) upplýsingar um réttindi og skyldur sem fylgja sýndareigninni,
- h) upplýsingar um tæknina sem liggur að baki,
- i) upplýsingar um áhættuþætti,
- j) upplýsingar um helstu neikvæð sjálfbærniáhrif á loftslag og önnur neikvæð umhverfisáhrif samstöðuaðferðarinnar sem notuð er til að gefa út sýndareignina.

Í tilvikum þar sem aðilarnir, sem um getur í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar semja ekki hvítbókina um sýndareignina skal hvítbókin einnig tilgreina hvaða aðili samdi hvítbókina um sýndareignina og ástæðu þess að sá tiltekni aðili samdi hana.

2. Allar þær upplýsingar sem taldar eru upp í 1. mgr. skulu vera óvilhallar, skýrar og ekki villandi. Í hvítbókina um sýndareignina skal ekki vanta veigamiklar upplýsingar og skal hún sett fram á gagnorðan og auðskilinn hátt.

3. Á fyrstu blaðsíðu hvítbókarinnar um sýndareignina skal vera eftirfarandi skýr og áberandi yfirlýsing:

„Þessi hvítbók um sýndareign hefur ekki hlotið samþykki lögbærs yfirvalds í neinu aðildarríki Evrópusambandsins. Tilboðsgjafi sýndareignarinnar ber einn ábyrgð á innihaldi þessarar hvítbókar um sýndareign.“

Ef aðili sem óskar eftir töku til viðskipta eða rekstraraðili viðskiptavettvangs semur hvítbókina um sýndareignina skal í stað orðanna „Tilboðsgjafi sýndareignarinnar“ í fyrstu undirgrein koma „Aðilinn sem óskar eftir töku sýndareignarinnar til viðskipta“ eða „Rekstraraðili viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignina“.

4. Í hvítbókinni um sýndareignina skulu ekki vera fullyrðingar um framtíðarvirði sýndareignarinnar, nema sú yfirlýsing sem um getur í 5. mgr.

5. Í hvítbókinni um sýndareignina skal vera skýr og áberandi yfirlýsing þess efnis að:

- a) sýndareignin kunni að tapa virði sínu að hluta eða í heild,
- b) sýndareignin verði hugsanlega ekki alltaf framseljanleg,
- c) sýndareignin verði hugsanlega ekki seljanleg,
- d) ef almenna útboðið varðar nytjatóka verði hugsanlega ekki unnt að skipta þeim nytjatóka fyrir vöruna eða þjónustuna sem lofað er í hvítbókinni um sýndareignina, einkum ef upp kemur bilun eða sýndareignarverkefninu er hætt,
- e) sýndareignin falli ekki undir bótakerfin fyrir fjárfesta samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB ⁽³⁵⁾,
- f) sýndareignin falli ekki undir innstæðutryggingakerfið samkvæmt tilskipun 2014/49/ESB.

6. Í hvítbókinni um sýndareignina skal vera yfirlýsing frá stjórn og/eða framkvæmdastjórn tilboðsgjafa, aðila sem óskar eftir töku til viðskipta eða rekstraraðila viðskiptavettvangsins. Yfirlýsingin, sem skal sett inn á eftir yfirlýsingunni sem um getur í 3. mgr., skal staðfesta að hvítbókin um sýndareignina sé í samræmi við þennan bálk og að samkvæmt bestu vitund stjórnarinnar og/eða framkvæmdastjórnarinnar séu upplýsingarnar sem koma fram í hvítbókinni um sýndareignina óvilhallar, skýrar og ekki villandi og að í hvítbókina um sýndareignina vanti ekkert á þann hátt að líklegt sé að það hafi áhrif á áreiðanleika hennar.

7. Í hvítbókinni um sýndareignina skal á eftir yfirlýsingunni sem um getur í 6. mgr. vera samantekt sem veitir, í stuttu máli sem ekki er tæknilegt, lykilupplýsingar um almennt útboð sýndareignarinnar eða fyrirhugaða töku til viðskipta. Samantektin skal vera auðskiljanleg og sett fram og hönnuð á skýru og ítarlegu formi með letri af læsilegri stærð. Í samantekt hvítbókarinnar um sýndareignina skulu vera viðeigandi upplýsingar um eiginleika viðkomandi sýndareignar, til að auðvelda tilvonandi eigendum sýndareignarinnar að taka upplýsta ákvörðun.

Í samantektinni skal vera skýr viðvörðun þess efnis að:

- a) hún skuli lesin sem inngangur að hvítbókinni um sýndareignina,
- b) tilvonandi eigandi ætti að byggja allar ákvarðanir um að kaupa sýndareignina á efni hvítbókarinnar í heild sinni en ekki aðeins á samantektinni,
- c) almennt útboð sýndareignarinnar feli ekki í sér að boðin séu eða falast sé eftir kaupum á fjármálagerningi og að slíkt boð eða málaleitan megi aðeins fara fram á grundvelli lýsingar eða annarra útboðsskjala samkvæmt gildandi landslögum,
- d) hvítbókin um sýndareignina teljist hvorki vera lýsing eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 ⁽³⁶⁾ né annað útboðsskjal samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum.

8. Í hvítbókinni um sýndareignina skal koma fram dagsetning tilkynningarinnar um hana og vera efnisyfirlit.

9. Hvítbókin um sýndareignina skal vera á opinberu tungumáli heimaaðildarríkisins eða á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum.

Ef sýndareignin er einnig boðin í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu skal hvítbókin um sýndareignina einnig vera á opinberu tungumáli gístiaðildarríkisins eða á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum.

10. Hvítbókin um sýndareignina skal vera aðgengileg á tölvulæsilegu formi.

11. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í samvinnu við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina semja drög að tækni-
legum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðum og sniðmátum í tengslum við 10. mgr.

⁽³⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB frá 3. mars 1997 um bótakerfi fyrir fjárfesta (Stjtið. EB L 84, 26.3.1997, bls. 22).

⁽³⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (Stjtið. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 12).

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

12. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, í samstarfi við Evrópsku bankaftirlitsstofnunina, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum um efni, aðferðafræði og framsetningu upplýsinganna sem um getur í j-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. að því er varðar sjálfbærnivísa í tengslum við neikvæð loftslagsáhrif og önnur neikvæð umhverfisáhrif.

Við gerð draganna að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka mið af mismunandi tegundum samstöðuaðferðarinnar sem notuð er til að sannprófa viðskipti með sýndareignir, hvatakerfi þeirra og notkun orku, endurnýjanlegrar orku og náttúruauðlinda, myndun úrgangs og losun gróðurhúsalofttegunda. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal reglulega uppfæra þessa tæknilegu eftirlitsstaðla í ljósi þróunar regluverks og tæknipróunar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. gr.

Markaðsefni

1. Markaðsefni sem tengist almennu útboði sýndareignar annarrar en eignatengds tóka eða rafeyristóka, eða töku slíkrar sýndareignar til viðskipta, skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

- a) markaðsefnið sé auðþekkjanlegt sem slíkt,
- b) upplýsingarnar í markaðsefninu séu óvilhallar, skýrar og ekki villandi,
- c) upplýsingarnar í markaðsefninu séu í samræmi við upplýsingarnar í hvítbókinni um sýndareignina þegar slíkrar hvítbókar um sýndareign er krafist skv. 4. eða 5. gr.,
- d) í markaðsefninu komi skýrt fram að hvítbók um sýndareign hafi verið birt og hún tilgreini á skýran hátt veffang tilboðsgjafa, aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta, eða rekstraraðila viðskiptavettvangsins fyrir viðkomandi sýndareign, auk símanúmers og netfangs til að hafa samband við þann aðila,
- e) í markaðsefninu sé eftirfarandi skýr og áberandi yfirlýsing:

„Þetta markaðsefni um sýndareign hefur hvorki verið yfirfarið af né hlotið samþykki lögbærs yfirvalds í neinu aðildarríki Evrópusambandsins. Tilboðsgjafi sýndareignarinnar ber einn ábyrgð á innihaldi þessa markaðsefnis um hana.“

Ef aðili sem óskar eftir töku til viðskipta eða rekstraraðili viðskiptavettvangs semur markaðsefnið skal í stað orðanna „Tilboðsgjafi sýndareignarinnar“ í yfirlýsingunni sem um getur í e-lið fyrstu undirgreinar koma „Aðilinn sem óskar eftir töku sýndareignarinnar til viðskipta“ eða „Rekstraraðili viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignina“.

2. Ef krafist er hvítbókar um sýndareign skv. 4. eða 5. gr. skal ekki dreifa neinu markaðsefni á undan birtingu hvítbókarinnar um sýndareignina. Þetta skal ekki hafa áhrif á getu tilboðsgjafa, aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta né rekstraraðila viðskiptavettvangsins til að framkvæma markaðsþreifingar. Þetta skal hvorki hafa áhrif á getu tilboðsgjafa, aðila sem óskar eftir töku til viðskipta né rekstraraðila viðskiptavettvangsins til að framkvæma markaðsþreifingar.

3. Lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem markaðsefninu er dreift skal hafa vald til að meta hlítina við 1. mgr. að því er varðar það markaðsefni.

Ef nauðsyn krefur skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins aðstoða lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem markaðsefninu er dreift við að meta samræmi þess við markaðsefnið í hvítbókinni um sýndareignina.

4. Beiting þeirra eftirlits- og rannsóknarheimilda sem um getur í 94. gr. í tengslum við framfylgd þessarar greinar af hálfu lögbærs yfirvalds gístiaðildarríkis skal tilkynnt án ástæðulausrar tafar til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis tilboðsgjafans, aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta eða rekstraraðila viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignimar.

8. gr.

Tilkynning um hvítbók um sýndareign og markaðsefni

1. Tilboðsgjafar, aðilar sem óska eftir töku til viðskipta eða rekstraraðilar viðskiptavettvanga fyrir sýndareignir, aðrar en eignatengda tóka eða rafeyristóka, skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis síns um hvítbók sína um sýndareignina.

2. Markaðsefni skal, samkvæmt beiðni tilkynnt lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins og lögbæru yfirvaldi gístiaðildarríkisins þegar það er ætlað tilvonandi eigendum sýndareigna annarra en eignatengdra tóka eða rafeyristóka í þessum aðildarríkjum.

3. Lögbær yfirvöld skulu hvorki krefjast fyrirframsamþykkis á hvítbókum um sýndareignir né á markaðsefni sem tengist þeim fyrir birtingu þeirra.

4. Tilkynningu um hvítbók um sýndareign eins og um getur í 1. mgr. skal fylgja útskýring á því hvers vegna sýndareignin sem lýst er í hvítbókinni ætti ekki að teljast vera:

a) sýndareign sem er undanþegin gildissviði þessarar reglugerðar skv. 4. mgr. 2. gr.,

b) rafeyristóki eða

c) eignatengdur tóki.

5. Atriðin sem um getur í 1. og 4. mgr. skulu tilkynnt lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins a.m.k. 20 virkum dögum fyrir birtingardag hvítbókarinnar um sýndareignina.

6. Tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka til viðskipta skulu, auk tilkynningarinnar sem um getur í 1. mgr., láta lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis síns í té lista yfir gístiaðildarríkin, ef einhver eru, þar sem þeir hyggjast bjóða sýndareignir sínar út á almennum markaði eða hyggjast óska eftir töku til viðskipta. Þeir skulu einnig tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis síns um upphafsdag fyrirhugaðs almenns útboðs eða fyrirhugaðrar töku til viðskipta og um allar breytingar á þeim degi.

Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal tilkynna sameiginlegum tengilið gístiaðildarríkisins um fyrirhugað almennt útboð eða töku til viðskipta og senda sameiginlega tengiliðnum viðkomandi hvítbók um sýndareign innan fimm virkra daga frá móttöku listans yfir gístiaðildarríkin sem um getur í fyrstu undirgrein.

7. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þær upplýsingar sem um getur í 1., 2. og 4. mgr. auk upphafsdags fyrirhugaðs almenns útboðs eða fyrirhugaðrar töku til viðskipta, og um allar breytingar á þeim degi. Það skal miðla slíkum upplýsingum frá tilboðsgjafanum eða aðilanum sem óskar eftir töku til viðskipta innan fimm virkra daga frá móttöku þeirra.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera hvítbókina um sýndareignina aðgengilega í skránni, skv. 2. mgr. 109. gr. eigi síðar en á upphafsdegi hins almenna útboðs eða töku til viðskipta.

9. gr.

Birting á hvítbók um sýndareign og markaðsefni

1. Tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka til viðskipta skulu birta á vefsetri sínu hvítbækur sínar um sýndareignimar og, eftir atvikum, markaðsefni sitt um sýndareignimar, sem skal vera aðgengilegt almenningi með eðlilegum fyrirvara fyrir, og í öllum tilvikum fyrir, upphafsdag almenns útboðs þessara sýndareigna eða töku þeirra til viðskipta. Hvítbækur um sýndareignir og, eftir atvikum, markaðsefni skal vera aðgengilegt á vefsetri tilboðsgjafa eða aðilanna sem óska eftir töku til viðskipta á meðan sýndareignimar eru í eigu almennings.

2. Útgefnar hvítbækur um sýndareignir og, eftir atvikum, markaðsefni skal vera nákvæmlega eins og sú útgáfa sem tilkynnt er lögbæru yfirvaldi í samræmi við 8. gr. eða, eftir atvikum, sú útgáfa sem hefur verið breytt í samræmi við 12. gr.

10. gr.

Niðurstaða almenns útboðs og verndarráðstafanir

1. Tilboðsgjafar annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem setja tímamörk á almennt útboð sitt á þeim sýndareignum skulu birta á vefsetri sínu niðurstöðu almenna útboðsins innan 20 virkra daga frá lokum áskriftartímabilsins.
2. Tilboðsgjafar annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem setja ekki tímamörk á almennt útboð sitt á þeim sýndareignum skulu birta á vefsetri sínu á viðvarandi grundvelli, a.m.k. mánaðarlega, fjölda þeirra eininga sýndareignanna sem eru í umferð.
3. Tilboðsgjafar annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem setja tímamörk á almennt útboð sitt á sýndareignum skulu hafa skilvirkt fyrirkomulag til að hafa eftirlit með og vernda fjármuni eða aðrar sýndareignir sem aflað er meðan á almenna útboðinu stendur. Í því skyni skulu þessir tilboðsgjafar tryggja að fjármunirnir eða sýndareignirnar sem aflað er meðan á almenna útboðinu stendur séu í vörslu annars eða beggja eftirfarandi aðila:

- a) lánastofnunar, þegar fjár er aflað meðan á almennu útboði stendur,
 - b) þjónustuveitanda sýndareigna sem hefur sýndareignir í vörslu og umsýslu sinni fyrir hönd viðskiptavina.
4. Ef engin tímamörk gilda um almenna útboðið skal tilboðsgjafinn fara að ákvæðum 3. mgr. þessarar greinar þar til réttur almenna eigandans til að falla frá samningi skv. 13. gr. er fallinn úr gildi.

11. gr.

Réttindi tilboðsgjafa og aðila sem óska eftir töku annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka til viðskipta

1. Eftir birtingu hvítbókar um sýndareign í samræmi við 9. gr. og, eftir atvikum, breyttrar hvítbókar um sýndareign í samræmi við 12. gr. er tilboðsgjöfum heimilt að bjóða út sýndareignir aðrar en eignatengda tóka eða rafeyristóka í gervöllu Sambandinu og er heimilt að taka slíkar sýndareignir til viðskipta á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir í Sambandinu.
2. Tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka til viðskipta og hafa gefið út hvítbók um sýndareignina í samræmi við 9. gr. og, eftir atvikum, breytta hvítbók um sýndareignina skv. 12. gr. lúta ekki frekari upplýsingakröfum að því er varðar almennt útboð þeirrar sýndareignar eða töku hennar til viðskipta.

12. gr.

Breytingar á útgefnum hvítbókum um sýndareignir og birtu markaðsefni

1. Tilboðsgjafar, aðilar sem óska eftir töku til viðskipta eða rekstraraðilar viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir aðrar en eignatengda tóka eða rafeyristóka skulu breyta útgefnum hvítbókum sínum um sýndareignir og, eftir atvikum, birtu markaðsefni sínu ef mikilvægar nýjar upplýsingar, veruleg mistök eða ónákvæmni kemur í ljós sem getur haft áhrif á mat sýndareignanna. Þessi krafa skal gilda á meðan almenna útboðið stendur yfir eða eins lengi og viðskipti eru með sýndareignina.
2. Tilboðsgjafar, aðilar sem óska eftir töku til viðskipta eða rekstraraðilar viðskiptavettvangs fyrir aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis síns um breytta hvítbók um sýndareign og, eftir atvikum, breytt markaðsefni og fyrirhugaða birtingardagsetningu, þ.m.t. ástæður breytingarinnar, a.m.k. sjö virkum dögum fyrir birtinguna.

3. Á birtingardegi, eða fyrr ef lögbæra yfirvaldið krefst þess, skal tilboðsgjafinn, aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta eða rekstraraðili viðskiptavettvangsins tafarlaust upplýsa almenning á vefsetri sínu um tilkynninguna um breytta hvítbók um sýndareign hjá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis síns og leggja fram samantekt á ástæðum þess að hann hefur tilkynnt um breytta hvítbók um sýndareign.

4. Röð upplýsinganna í breyttri hvítbók um sýndareign og, eftir atvikum, breyttu markaðsefni, skal vera í samræmi við röðina í hvítbókinni um sýndareignina eða markaðsefninu sem birt er í samræmi við 9. gr.

5. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal innan fimm virkra daga frá móttöku breyttrar hvítbókar um sýndareign og, eftir atvikum, breytts markaðsefnis tilkynna lögbærum yfirvöldum gístiaðildarríkjanna sem um getur í 6. mgr. 8. gr. um breyttu hvítbókina um sýndareignina og, eftir atvikum, breytta markaðsefnið og senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni tilkynninguna og upplýsingar um birtingardaginn.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera breyttu hvítbókina um sýndareignina aðgengilega í skránni skv. 2. mgr. 109. gr. við birtingu.

6. Tilboðsgjafar, aðilar sem óska eftir töku til viðskipta eða rekstraraðilar viðskiptavettvangs fyrir aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka skulu birta breytta hvítbók um sýndareignina og, eftir atvikum, breytt markaðsefni, þ.m.t. ástæður breytingarinnar, á vefsetri sínu í samræmi við 9. gr.

7. Breytta hvítbókin um sýndareignina og, eftir atvikum, breytta markaðsefnið skulu vera tímastimpluð. Nýjasta breytta hvítbókin um sýndareignina og, eftir atvikum, breytta markaðsefnið skal merkt sem hin gildandi útgáfa. Hvítbækur um sýndareignir og, eftir atvikum, breytt markaðsefni skulu vera aðgengileg á meðan sýndareignirnar eru í eigu almennings.

8. Ef útboðið á almennum markaði varðar nytjatóka sem veitir aðgang að vörum og þjónustu sem eru ekki enn til eða ekki enn starfrækt skulu breytingar sem gerðar eru með breyttri hvítbók um sýndareign og, eftir atvikum, breyttu markaðsefni ekki framlengja 12 mánaða frestinn sem um getur í 6. mgr. 4. gr.

9. Eldri útgáfur hvítbókar um sýndareignir og markaðsefnis skulu vera aðgengilegar öllum á vefsetri tilboðsgjafa, aðila sem óskar eftir töku til viðskipta eða rekstraraðila viðskiptavettvangsins í a.m.k. 10 ár eftir birtingardag slíkra eldri útgáfa, með áberandi viðvörðun um að þær séu ekki lengur í gildi og með tengli í þann hluta vefsetursins þar sem nýjasta útgáfa þessara skjala er birt.

13. gr.

Réttur til að falla frá samningi

1. Almennir eigendur sem kaupa aðrar sýndareignir en eignatengda tóka og rafeyristóka annaðhvort beint af tilboðsgjafa eða þjónustuveitanda sýndareigna sem setur sýndareignirnar á markað fyrir hönd þess útbjóðanda skulu hafa rétt til að falla frá samningi.

Almennir eigendur skulu hafa 14 almanaksdaga frest til að falla frá samningi sínum um kaup á sýndareignum öðrum en eignatengdum tókum og rafeyristókum, án þess að það hafi í för með sér gjöld eða kostnað fyrir þá og án þess að þurfa að tilgreina ástæður. Frestur til að falla frá samningi hefst daginn sem almenni eigandinn samþykkir að kaupa viðkomandi sýndareignir.

2. Allar greiðslur sem tekið er við frá almennum eiganda, þ.m.t., ef við á, öll gjöld, skulu endurgreiddar án ástæðulausrar tafar og eigi síðar en 14 dögum frá þeim degi þegar tilboðsgjafi eða sá þjónustuveitandi sýndareigna, sem setur sýndareignirnar á markað fyrir hönd þess tilboðsgjafa, er upplýstur um ákvörðun almenna eigandans um að falla frá samningnum um kaup á þeim sýndareignum.

Slík endurgreiðsla skal fara fram með sama greiðslumiðli og almenni eigandinn notaði til upphaflegu viðskiptanna, nema hann samþykki annað sérstaklega og að því tilskildu að á hann falli engin gjöld eða kostnaðar vegna slíkrar endurgreiðslu.

3. Tilboðsgjafar sýndareigna skulu í hvítbók sinni um sýndareignina veita upplýsingar um réttinn til að falla frá samningi sem um getur í 1. mgr.

4. Rétturinn til að falla frá samningi sem um getur í 1. mgr. gildir ekki ef sýndareignirnar hafa verið teknar til viðskipta áður en almenni eigandinn kaupir þær.
5. Ef tilboðsgjafar hafa sett tímamörk á almennt útboð sitt á slíkum sýndareignum í samræmi við 10. gr. skal ekki nýta réttinn til að falla frá samningi eftir að áskriftartímabilinu lýkur.

14. gr.

Skyldur tilboðsgjafa og aðila sem sækja um töku annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka til viðskipta

1. Tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka til viðskipta skulu:
 - a) starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku,
 - b) hafa samskipti við eigendur og væntanlega eigendur sýndareigna á óvilhallan, skýran og ekki villandi hátt,
 - c) greina, hindra, meðhöndla og upplýsa um hvers konar hagsmunaárekstra sem geta skapast,
 - d) viðhalda öllum kerfum sínum og öryggisreglum um aðgang að þeim í samræmi við viðeigandi staðla Sambandsins.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin í samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, eigi síðar en 30. desember 2024 gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 til að tilgreina þessa Sambandsstaðla.

2. Tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku sýndareigna til viðskipta annarra en eignatengdra tóka eða rafeyristóka skulu starfa með hagsmuni eigenda slíkra sýndareigna að leiðarljósi og gæta jafnræðis við meðhöndlun þeirra, nema upplýst sé um hvers konar ívilnandi meðferð tiltekinna eigenda og ástæður þeirrar ívilnandi meðferðar í hvítbókinni um sýndareignina og, eftir atvikum, markaðsefninu.
3. Ef almennt útboð sýndareignar annarrar en eignatengds tóka eða rafeyristóka er felld niður skulu tilboðsgjafar slíkrar sýndareignar tryggja að öllum fjármunum sem er aflað frá eigendum eða tilvonandi eigendum sé skilað til þeirra með tilhlýðilegum hætti eigi síðar en 25 almanaksdögum eftir dagsetningu niðurfellingarinnar.

15. gr.

Ábyrgð á upplýsingum sem veittar eru í hvítbók um sýndareign

1. Ef tilboðsgjafi, aðili sem óskar eftir töku til viðskipta eða rekstraraðili viðskiptavettvangs hefur brotið gegn 6. gr. með því að veita, í hvítbók sinni um sýndareign eða breyttri hvítbók um sýndareign, upplýsingar sem eru ekki tæmandi, ekki óvilhallar eða ekki skýrar eða sem eru villandi skal tilboðsgjafinn, aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta eða rekstraraðili viðskiptavettvangsins og þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn hans bera ábyrgð gagnvart eiganda sýndareignarinnar á hvers kyns tapi sem hlýst af brotinu.
2. Hvers konar undanþágur samkvæmt samningi eða takmarkanir á einkaréttarábyrgð eins og um getur í 1. mgr. skulu ekki hafa nein réttaráhrif.
3. Ef rekstraraðili viðskiptavettvangsins semur hvítbók um sýndareign og markaðsefni í samræmi við 3. mgr. 5. gr. skal aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta einnig bera ábyrgð ef hann veitir upplýsingar sem eru ekki tæmandi, ekki óvilhallar eða ekki skýrar eða sem eru villandi fyrir rekstraraðila viðskiptavettvangsins.
4. Það skal vera á ábyrgð eiganda sýndareignarinnar að leggja fram sönnunargögn um að tilboðsgjafinn, aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta eða rekstraraðili viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignir aðrar en eignatengda tóka eða rafeyristóka hafi brotið gegn 6. gr. með því að veita upplýsingar sem eru ekki tæmandi, ekki óvilhallar eða ekki skýrar eða sem eru villandi og að það að reiða sig á þær upplýsingar hafi haft áhrif á ákvörðun eigandans um að kaupa, selja eða skipta þeim sýndareignum.

5. Tilboðsgjafi, aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta eða rekstraraðili viðskiptavettvangsins og þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn hans skulu ekki bera ábyrgð gagnvart eiganda sýndareignar vegna taps sem hlýst af því að reiða sig á þær upplýsingar sem veittar eru í samantekt eins og um getur í 7. mgr. 6. gr., þ.m.t. þýðingu á henni, nema ef samantektin:

- a) er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi þegar hún er lesin ásamt öðrum hlutum hvítbókarinnar um sýndareignina eða
 - b) veitir ekki, þegar hún er lesin ásamt öðrum hlutum hvítbókarinnar um sýndareignina, lykilupplýsingar sem myndu auðvelda tilvonandi eigendum sýndareignarinnar að meta hvort þeir eigi að kaupa þá sýndareign.
6. Þessi grein hefur ekki áhrif á aðra einkaréttarábyrgð samkvæmt landslögum.

III. BÁLKUR

EIGNATENGDIR TÓKAR

1. KAFLI

Starfsleyfi til að bjóða eignatengda tóka út á almennum markaði og óska eftir töku þeirra til viðskipta

16. gr.

Starfsleyfi

1. Aðili skal hvorki bjóða út eignatengdan tóka á almennum markaði né óska eftir töku eignatengds tóka til viðskipta innan Sambandsins nema sá aðili sé útgefandi þess eignatengds tóka og:

- a) lögaðili eða annar rekstraraðili með staðfestu í Sambandinu sem hefur starfsleyfi í samræmi við 21. gr. frá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis síns eða
- b) lánastofnun sem fer að 17. gr.

Þrátt fyrir fyrsta undirlið er öðrum aðilum heimilt, að fengnu skriflegu samþykki útgefanda eignatengds tóka, að bjóða út á almennum markaði eða óska eftir töku til viðskipta á þeim eignatengda tóka. Slíkir aðilar skulu fara að 27., 29. og 40. gr.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar er öðrum rekstraraðilum því aðeins heimilt að gefa út eignatengda tóka að rekstrarform þeirra tryggi verndarstig hagsmuna þriðju aðila sem er jafngilt því sem lögaðilar veita og að þeir lúti sambærilegu varfærniseftirliti sem hæfir rekstrarformi þeirra.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

- a) meðaltal útistandandi virðis eignatengda tókans sem útgefandinn gefur út nemur, á 12 mánaða tímabili og samkvæmt útreikningi í lok hvers almanaksdags, aldrei meira en 5 000 000 evrum eða samsvarandi fjárhæð í öðrum opinberum gjaldmiðli og útgefandinn er ekki tengdur neti annarra útgefenda sem njóta undanþágu, eða
- b) almennt útboð eignatengda tókans beinist eingöngu að hæfum fjárfestum og sá eignatengdi tóki getur aðeins verið í eigu slíkra hæfra fjárfesta.

Þegar þessi málsgrein á við skulu útgefendur eignatengdra tóka semja hvítbók um sýndareign eins og kveðið er á um í 19. gr. og tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis síns um þá hvítbók um sýndareign og, sé þess óskað, allt markaðsefni.

3. Starfsleyfið sem lögbæra yfirvaldið veitir aðila eins og um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal gilda alls staðar í Sambandinu og heimila útgefanda eignatengds tóka að bjóða út á almennum markaði alls staðar í Sambandinu þann eignatengda tóka sem hann hefur fengið starfsleyfi fyrir, eða að sækja um töku til viðskipta á slíkum eignatengdum tóka.

4. Samþykki sem lögbært yfirvald veitir á hvítbók útgefanda um sýndareign skv. 1. mgr. 17. gr. eða 1. mgr. 21. gr. eða á breyttri hvítbók um sýndareign skv. 25. gr. skal gilda í öllu Sambandinu.

17. gr.

Kröfur til lánastofnana

1. Eignatengdan tóka sem lánastofnun gefur út er heimilt að bjóða út á almennum markaði eða taka til viðskipta ef lánastofnunin:

- a) semur hvítbók um sýndareign eins og um getur í 19. gr. fyrir eignatengda tókann, leggur þá hvítbók fyrir lögbært yfirvald heimaaðildarríkis síns til samþykkis í samræmi við það verklag sem sett er fram í þeim tæknilegu eftirlitsstöðlum sem samþykktir eru skv. 8. mgr. þessarar greinar og fær samþykki lögbæra yfirvaldsins á hvítbókinni um sýndareignina,
- b) gerir viðkomandi lögbæru stjórnvaldi viðvart a.m.k. 90 virkum dögum áður en eignatengdi tókinn er gefinn út í fyrsta sinn, með því að veita því eftirfarandi upplýsingar:
 - i. starfsáætlun sem tilgreinir það viðskiptalíkan sem lánastofnunin hyggst fylgja,
 - ii. lögfræðiálit þess efnis að eignatengdi tókinn teljist ekki annaðhvort af eftirfarandi:
 - sýndareign sem er undanþegin gildissviði þessarar reglugerðar skv. 4. mgr. 2. gr.,
 - rafeyristóki,
 - iii. ítarlega lýsingu á fyrirkomulagi stjórnarháttá sem um getur í 1. mgr. 34. gr.,
 - iv. þær stefnur og verklagsreglur sem taldar eru upp í fyrstu undirgrein 5. mgr. 34. gr.,
 - v. lýsingu á því fyrirkomulagi sem gerður er samningur um við þriðju aðila eins og um getur í annarri undirgrein 5. mgr. 34. gr.,
 - vi. lýsingu á stefnunni um rekstrarsamfellu sem um getur í 9. mgr. 34. gr.,
 - vii. lýsingu á innri eftirlitskerfum og áhættustýringarferlum sem um getur í 10. mgr. 34. gr.,
 - viii. lýsingu á þeim kerfum og verklagi sem er fyrir hendi til að tryggja tiltækileika, ósvikni, heilleika og trúnað gagna sem um getur í 11. mgr. 34. gr.

2. Lánastofnun sem hefur áður gert lögbæra yfirvaldinu viðvart í samræmi við b-lið 1. mgr. þegar hún gaf út annan eignatengdan tóka skal ekki gert að leggja fram upplýsingar sem hún hefur þegar lagt fyrir lögbæra yfirvaldið ef slíkar upplýsingar yrðu nákvæmlega eins. Við framlagningu upplýsinga sem taldar eru upp í b-lið 1. mgr. skal lánastofnunin staðfesta sérstaklega að allar upplýsingar sem ekki hafa verið lagðar fram að nýju séu enn réttar.

3. Lögbært yfirvald sem tekur við tilkynningu eins og um getur í b-lið 1. mgr. skal innan 20 virkra daga frá móttöku upplýsinganna sem þar eru taldar upp meta hvort þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt þeim lið hafi verið veittar. Ef lögbært yfirvald kemst að þeirri niðurstöðu að tilkynning sé ekki fullgerð vegna þess að upplýsingar vanti skal það tafarlaust gera lánastofnuninni sem sendir tilkynninguna viðvart og setja henni frest til að veita upplýsingarnar sem vantar.

Fresturinn til að veita upplýsingar sem vantar skal ekki vera lengri en 20 virkir dagar frá dagsetningu beiðninnar. Þar til þessi frestur rennur út skal gera hlé á tímabilinu sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. Lögbæra yfirvaldinu er í sjálfsvald sett að leggja fram frekari beiðnir um að upplýsingarnar séu fullgerðar eða skýrðar, en það skal ekki leiða til hlés á tímabilinu sem ákvarðað er skv. b-lið 1. mgr.

Lánastofnunin skal hvorki bjóða út eignatengda tókann á almennum markaði né óska eftir töku hans til viðskipta svo lengi sem tilkynningin er ófullgerð.

4. Lánastofnun sem gefur út eignatengda tóka, þ.m.t. mikilvæga eignatengda tóka, fellur ekki undir 16., 18., 20., 21., 24., 35., 41. og 42. gr.

5. Lögbæra yfirvaldið skal senda Seðlabanka Evrópu án tafar þær fullgerðu upplýsingar sem það fær skv. 1. mgr. og, ef lánastofnunin hefur staðfestu í aðildarríki sem hefur ekki evru sem opinberan gjaldmiðil eða eignatengdi tókinn miðast við opinberan gjaldmiðil aðildarríkis sem ekki er evran, einnig seðlabanka þess aðildarríkis.

Seðlabanki Evrópu og, eftir atvikum, seðlabanki aðildarríkis eins og um getur í fyrstu undirgrein skulu innan 20 virkra daga frá móttöku fullgerðra upplýsinga gefa út álit á þeim upplýsingum og senda lögbæra yfirvaldinu það álit.

Lögbær yfirvöld skulu gera lánastofnuninni að bjóða ekki út eignatengdu tókana á almennum markaði eða óska ekki eftir töku þeirra til viðskipta í tilvikum þar sem Seðlabanki Evrópu eða, eftir atvikum, seðlabanki aðildarríkis eins og um getur í fyrstu undirgrein gefur neikvætt álit á grundvelli áhættu sem steðjar að snurðlausum rekstri greiðslukerfa, miðlun peningastefnu eða peningalegu fullveldi.

6. Lögbæra yfirvaldið skal senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 3. mgr. 109. gr. eftir að hafa gengið úr skugga um að upplýsingarnar sem það móttækur skv. 1. mgr. þessarar greinar séu fullgerðar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera slíkar upplýsingar aðgengilegar í skránni skv. 3. mgr. 109. gr. eigi síðar en á upphafsdegi almenns útboðs eða töku til viðskipta.

7. Viðkomandi lögbært yfirvald skal innan tveggja virkra daga frá afturköllun starfsleyfis tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um afturköllun starfsleyfis lánastofnunar sem gefur út eignatengda tóka. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera upplýsingarnar um slíka afturköllun aðgengilegar í skránni skv. 3. mgr. 109. gr. án ástæðulausrar tafar.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Seðlabanka Evrópu semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar ferlið við samþykki á hvítbók um sýndareign sem um getur í a-lið 1. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

18. gr.

Umsókn um starfsleyfi

1. Lögaðilar eða aðrir rekstraraðilar sem hyggjast bjóða út eignatengda tóka á almennum markaði eða óska eftir töku eignatengdra tóka til viðskipta skulu leggja fram umsókn sína um starfsleyfi sem um getur í 16. gr. hjá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis síns.

2. Umsóknin sem um getur í 1. mgr. skal innihalda allar eftirfarandi upplýsingar:

- a) heimilisfang útgefanda sem sækir um,
- b) auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni) fyrir útgefanda sem sækir um,
- c) samþykktir útgefanda sem sækir um, ef við á,
- d) starfsáætlun sem tilgreinir það viðskiptalíkan sem útgefandinn sem sækir um hyggst fylgja,
- e) lögfræðiálit þess efnis að eignatengdi tókinn teljist ekki annaðhvort af eftirfarandi:
 - i. sýndareign sem er undanþegin gildissviði þessarar reglugerðar skv. 4. mgr. 2. gr. eða
 - ii. rafeyristóki,
- f) ítarlega lýsingu á fyrirkomulagi stjórnarhátta útgefanda sem sækir um, sem um getur í 1. mgr. 34. gr.,
- g) ef samstarfsfyrirkomulag við tiltekna þjónustuveitendur sýndareigna er fyrir hendi, lýsingu á innri eftirlitskerfum þeirra og verklagsreglum til að tryggja að staðið sé við skuldbindingar í tengslum við að koma í veg fyrir peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka samkvæmt tilskipun (ESB) 2015/849,
- h) deili á aðilum í stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefanda sem sækir um,
- i) sönnun þess að þeir aðilar sem um getur í h-lið hafi nægilega gott orðspor og búi yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að stjórna útgefanda sem sækir um,

- j) sönnun þess að hver hluthafi eða félagsmaður, hvort sem hann er beinn eða óbeinn, sem á virkan eignarhlut í útgefanda sem sækir um hafi gott orðspor,
- k) hvítbók um sýndareign eins og um getur í 19. gr.,
- l) þær reglur og verklag sem um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 34. gr.,
- m) lýsingu á samningunum við þriðju aðila eins og um getur í annarri undirgrein 5. mgr. 34. gr.,
- n) lýsingu á rekstrarsamfellustefnu útgefandans sem sækir um, sem um getur í 9. mgr. 34. gr.,
- o) lýsingu á innri eftirlitskerfum og áhættustýringarferlum sem um getur í 10. mgr. 34. gr.,
- p) lýsingu á kerfunum og verklagi sem er fyrir hendi til að tryggja tiltækileika, áreiðanleika, heilleika og trúnað um gögn sem um getur í 11. mgr. 34. gr.,
- q) lýsingu á stefnu útgefandans sem sækir um varðandi meðferð kvartana sem um getur í 31. mgr.,
- r) eftir atvikum, lista yfir gístiaðildarríki þar sem útgefandi sem sækir um hyggst bjóða út eignatengda tóka á almennum markaði eða hyggst sækja um töku eignatengdra tóka til viðskipta.

3. Útgefendum sem hafa þegar fengið starfsleyfi fyrir einn eignatengdan tóka skal ekki gert að leggja aftur fram upplýsingar sem þeir hafa áður lagt fram hjá lögbæra yfirvaldinu til að fá starfsleyfi að því er varðar annan eignatengdan tóka ef slíkar upplýsingar yrðu nákvæmlega eins. Við framlagningu upplýsinganna sem talðar eru upp í 2. mgr. skal útgefandinn staðfesta sérstaklega að allar upplýsingar sem ekki hafa verið lagðar fram að nýju séu enn réttar.

4. Lögbæra yfirvaldið skal tafarlaust og eigi síðar en innan tveggja virkra daga frá móttöku umsóknar skv. 1. mgr. staðfesta móttöku hennar skriflega við útgefandann sem sækir um.

5. Að því er varðar i- og j-lið 2. mgr. skal útgefandi eignatengdra tóka sem sækir um færa sönnur á allt eftirfarandi:

- a) að því er varðar alla aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn, að þeir hafi hreint sakavottorð eða hafi ekki verið beittir viðurlögum samkvæmt gildandi lögum er varða fjármálamarkað, lögum um gjaldþrotaskipti og lögum um fjármálaþjónustu eða í tengslum við aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, svik eða starfsábyrgð,
- b) að aðilar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar umsækjanda sem er útgefandi eignatengdu tókanna búi sameiginlega yfir viðhlitandi þekkingu, hæfni og reynslu til að stjórna útgefanda eignatengdu tókanna og að þessum einstaklingum sé skylt að verja nægjanlegum tíma til að sinna skyldum sínum,
- c) að því er varðar alla hluthafa og félagsmenn, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, sem eiga virkan eignarhlut í útgefanda sem sækir um, að þeir hafi hreint sakavottorð og hafi ekki verið beittir viðurlögum samkvæmt gildandi lögum er varða fjármálamarkað, lögum um gjaldþrotaskipti eða lögum um fjármálaþjónustu eða í tengslum við aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, svik eða starfsábyrgð.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Seðlabanka Evrópu semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa tilskipun með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum um þær upplýsingar sem skulu vera í umsókninni til að tryggja samræmi um gervallt Sambandið.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

19. gr.

Efni og form hvítbókar um eignatengda tóka

1. Í hvítbók um sýndareign fyrir eignatengdan tóka skulu vera allar eftirfarandi upplýsingar, eins og nánar er tilgreint í II. viðauka:

- a) upplýsingar um útgefanda eignatengda tókans,
- b) upplýsingar um eignatengda tókann,
- c) upplýsingar um almennt útboð eignatengda tókans eða töku hans til viðskipta,
- d) upplýsingar um réttindi og skyldur sem fylgja eignatengda tókanum,
- e) upplýsingar um tæknina sem liggur að baki,
- f) upplýsingar um áhættuþætti,
- g) upplýsingar um varasjóð eigna,
- h) upplýsingar um helstu neikvæð sjálfbærniáhrif á loftslag og önnur neikvæð umhverfisáhrif af samstöðuaðferðinni sem notuð er til að gefa út eignatengda tókann.

Í hvítbókinni um sýndareignina skulu einnig koma fram deili á aðilanum, öðrum en útgefandanum, sem býður hana út á almennum markaði eða sækir um töku hennar til viðskipta skv. öðrum undirlið 1. mgr. 16. gr. og ástæða þess að sá tiltekni aðili býður út viðkomandi eignatengda tóka eða sækir um töku hans til viðskipta. Í tilvikum þar sem útgefandinn semur ekki hvítbókina um sýndareignina skal hvítbókin einnig tilgreina deili á aðilanum sem samdi hana og ástæðu þess að sá tiltekni aðili samdi hana.

2. Allar upplýsingar sem um getur í 1. mgr. skulu vera óvilhallar, skýrar og ekki villandi. Í hvítbókina um sýndareignina skal ekki vanta veigamiklar upplýsingar og skal hún sett fram á gagnorðan og auðskilinn hátt.

3. Í hvítbókinni um sýndareignina skulu ekki vera neinar fullyrðingar um framtíðarvirði sýndareignanna, nema yfirlýsingin sem um getur í 4. mgr.

4. Í hvítbókinni um sýndareignina skal vera skýr og áberandi yfirlýsing þess efnis að:

- a) eignatengdi tókinn kunni að tapa virði sínu að hluta eða í heild,
- b) hugsanlegt sé að eignatengdi tókinn verði ekki alltaf framseljanlegur,
- c) hugsanlegt sé að eignatengdi tókinn verði ekki seljanlegur,
- d) eignatengdi tókinn falli ekki undir bótakerfi fyrir fjárfesta samkvæmt tilskipun 97/9/EB,
- e) eignatengdi tókinn falli ekki undir innstæðutryggingakerfi samkvæmt tilskipun 2014/49/ESB.

5. Í hvítbókinni um sýndareignina skal vera yfirlýsing frá stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefanda eignatengda tókans. Yfirlýsingin skal staðfesta að hvítbókin um sýndareignina sé í samræmi við þennan bálk og að samkvæmt bestu vitund stjórnarinnar og/eða framkvæmdastjórnarinnar séu upplýsingarnar sem koma fram í hvítbókinni um sýndareignina óvilhallar, skýrar og ekki villandi og að í hvítbókina um sýndareignina vanti ekkert á þann hátt að líklegt sé að það hafi áhrif á áreiðanleika hennar.

6. Í hvítbókinni um sýndareignina skal vera samantekt á eftir yfirlýsingunni sem um getur í 5. mgr. sem veitir lykilupplýsingar, í stuttu máli sem ekki er tæknilegt, um almennt útboð eignatengda tókans eða fyrirhugaða töku hans til viðskipta. Samantektin skal vera auðskiljanleg og sett fram og hönnuð á skýru og ítarlegu formi með letri af læsilegri stærð. Í samantekt hvítbókarinnar um sýndareignina skulu vera viðeigandi upplýsingar um eiginleika viðkomandi eignatengds tóka til að auðvelda tilvonandi eigendum eignatengda tókans að taka upplýsta ákvörðun.

Í samantektinni skal vera skýr viðvörðun þess efnis að:

- a) hún skuli lesin sem inngangur að hvítbókinni um sýndareignina,
- b) tilvonandi eigandi ætti að byggja allar ákvarðanir um að kaupa eignatengda tókann á efni hvítbókarinnar í heild sinni en ekki aðeins á samantektinni,
- c) almennt útboð eignatengda tókans feli ekki í sér að boðin séu eða falast sé eftir kaupum á fjármálagerningi og að slíkt boð eða málaleitan megi aðeins fara fram á grundvelli lýsingar eða annarra útboðsskjala samkvæmt gildandi landslögum,
- d) hvítbókin um sýndareignina teljist hvorki vera lýsing eins og um getur í reglugerð (ESB) 2017/1129 né annað útboðsskjal samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum.

Í samantektinni skal koma fram að eigendur eignatengdra tóka hafi innlausnarrétt hvenær sem er og skilyrðin fyrir slíkri innlausn.

7. Í hvítbókinni um sýndareignina skal koma fram dagsetning tilkynningarinnar um hana og vera efnisyfirlit.

8. Hvítbókin um sýndareignina skal vera á opinberu tungumáli heimaaðildarríkisins eða á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálagæðum.

Ef eignatengdi tókinn er einnig boðinn í öðru aðildarríki en heimaaðildarríki útgefandans skal hvítbókin um sýndareignina einnig vera á opinberu tungumáli gístaðildarríkisins eða á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálagæðum.

9. Hvítbókin um sýndareignina skal vera aðgengileg á tölvulæsilegu formi.

10. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í samvinnu við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðum og sniðmátum að því er varðar 9. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

11. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum um efni, aðferðafræði og framsetningu upplýsinga sem um getur í h-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. að því er varðar sjálfbærnivísa í tengslum við neikvæð loftslagsáhrif og önnur neikvæð umhverfisáhrif.

Við gerð draganna að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka mið af mismunandi tegundum samstöðuaðferðarinnar sem notuð er til að sannprófa viðskipti með sýndareignir, hvatakerfi þeirra og notkun orku, endurnýjanlegrar orku og náttúruauðlinda, myndun úrgangs og losun gróðurhúsalofttegunda. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal reglulega uppfæra þessa tæknilegu eftirlitsstaðla í ljósi þróunar regluverks og tæknipróunar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

20. gr.

Mat á umsókn um starfsleyfi

1. Lögbær yfirvöld sem taka við umsókn um starfsleyfi eins og um getur í 18. gr. skulu innan 25 virkra daga frá móttöku slíkrar umsóknar meta hvort hún, þ.m.t. hvítbókin um sýndareignina sem um getur í 19. gr., hafi að geyma allar tilskildar upplýsingar. Þau skulu þegar í stað tilkynna útgefandanum sem sækir um hvort tilskildar upplýsingar vanti í umsóknina, þ.m.t. í hvítbókina um sýndareignina. Ef umsóknin, þ.m.t. hvítbókin um sýndareignina, er ekki fullgerð skulu lögbær yfirvöld veita útgefandanum, sem sækir um, frest til að veita þær upplýsingar sem vantar.

2. Lögbær yfirvöld skulu innan 60 virkra daga frá móttöku fullgerðrar umsóknar meta hvort útgefandinn sem sækir um uppfylli kröfur þessa bálks og gera drög að vel rökstuddri ákvörðun um að veita eða synja um starfsleyfi. Innan þessara 60 virkra daga er lögbærum yfirvöldum heimilt að fara fram á allar upplýsingar um umsóknina frá útgefandanum sem sækir um, þ.m.t. um hvítbókina um sýndareignina sem um getur í 19. gr.

Meðan á matsferlinu stendur er lögbærum yfirvöldum heimilt að vinna með lögbærum yfirvöldum á sviði aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, skrifstofum fjármálagreininga lögreglu eða öðrum opinberum aðilum.

3. Gera skal hlé á matstímabilinu skv. 1. og 2. mgr. frá deginum sem lögbær yfirvöld óska eftir upplýsingum sem vantar þar til þau hafa fengið þær í hendur frá útgefandanum sem sækir um. Hléið má ekki vara lengur en 20 virka daga. Lögbæra yfirvaldinu er í sjálfsvald sett að leggja fram frekari beiðnir um að upplýsingarnar séu fullgerðar eða skýrðar, en það skal ekki leiða til tímabundinnar stöðvunar á matstímabilinu skv. 1. og 2. mgr.

4. Lögbær yfirvöld skulu að loknu 60 virkra daga tímabilinu sem um getur í 2. mgr. senda drög sín að ákvörðun og umsóknina til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Seðlabanka Evrópu. Ef útgefandinn sem sækir um hefur staðfestu í aðildarríki sem hefur ekki evru sem opinberan gjaldmiðil, eða eignatengdi tókinn miðast við opinberan gjaldmiðil aðildarríkis sem ekki er evran, skulu lögbæru yfirvöldin einnig senda drög sín að ákvörðun og umsóknina til seðlabanka þess aðildarríkis.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu, að beiðni lögbæra yfirvaldsins og innan 20 virkra daga frá móttöku draganna að ákvörðuninni og umsóknarinnar, gefa út álit með mati sínu á lögfræðilítinu sem um getur í e-lið 2. mgr. 18. gr. og senda hvor um sig álit sitt til viðkomandi lögbærs yfirvalds.

Seðlabanki Evrópu eða, eftir atvikum, seðlabankinn sem um getur í 4. mgr. skal innan 20 virkra daga frá móttöku draganna að ákvörðuninni og umsóknarinnar gefa út álit með mati sínu á áhættunni sem útgáfa eignatengda tókans gæti haft í för með sér fyrir fjármálastöðugleika, snurðulausan rekstur greiðslukerfa, miðlun peningastefnu og peningalegt fullveldi og senda viðkomandi lögbæru yfirvaldi álit sitt.

Með fyrirvara um 4. mgr. 21. gr. skulu álitin sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein þessarar málsgreinar ekki vera bindandi.

Lögbæra yfirvaldið skal þó taka tilhlýðilegt tillit til þeirra álita sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

21. gr.

Veiting eða synjun starfsleyfis

1. Lögbær yfirvöld skulu innan 25 virkra daga frá móttöku þeirra álita sem um getur í 5. mgr. 20. gr. taka vel rökstudda ákvörðun um að veita útgefandanum sem sækir um eða synja honum um starfsleyfi og tilkynna honum um ákvörðun sína innan fimm virkra daga frá því að hún er tekin. Sé honum veitt starfsleyfi telst hvítbók hans um sýndareignina samþykkt.

2. Lögbær yfirvöld skulu synja um starfsleyfi ef hlutlægar ástæður, sem hægt er sýna fram á, eru til að ætla að:

a) stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefandans sem sækir um kunni að ógna skilvirkri, traustri og skynsamlegri stjórnun og rekstrarsamféllu hans og því að tekið sé nægilegt tillit til hagsmuna viðskiptavina hans og heilleika markaðar,

- b) aðilar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 2. mgr. 34. gr.,
- c) hluthafar og félagsmenn, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, sem eiga virkan eignarhlut uppfylli ekki viðmiðin um óflekkað mannorð sem sett eru fram í 4. mgr. 34. gr.,
- d) útgefandinn sem sækir um uppfylli ekki, eða líklegt sé að hann uppfylli ekki, einhverjar af kröfum þessa bóls,
- e) viðskiptalíkan útgefandans sem sækir um gæti ógnað með alvarlegum hætti heilleika markaðar, fjármálastöðugleika, snurðulausum rekstri greiðslukerfa eða valdið alvarlegri áhættu fyrir útgefandann eða geirann í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu eigi síðar en 30. júní 2024 gefa í sameiningu út leiðbeiningar í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, í þeirri röð, um mat á hæfi stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar útgefenda eignatengdra tóka og þeirra hluthafa og félagsmanna, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, sem fara með virka eignarhluti í útgefendum eignatengdra tóka.
4. Lögbær yfirvöld skulu einnig synja um starfsleyfi ef Seðlabanki Evrópu eða, eftir atvikum, seðlabanki aðildarríkis gefur neikvætt álit skv. 5. mgr. 20. gr. á grundvelli áhættu sem stöðjar að snurðulausum rekstri greiðslukerfa, miðlun peningastefnu eða peningalegu fullveldi.
5. Lögbær yfirvöld skulu innan tveggja virkra daga frá veitingu starfsleyfis senda sameiginlegum tengilið gístiaðildarríkjanna, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni, Seðlabanka Evrópu og, eftir atvikum, seðlabankanum sem um getur í 4. mgr. 20. gr. þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 3. mgr. 109. gr.
- Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera slíkar upplýsingar aðgengilegar í skránni skv. 3. mgr. 109. gr. eigi síðar en á upphafsdegi almenns útboðs eða tóku til viðskipta.
6. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaftirlitsstofnunina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, Seðlabanka Evrópu og, eftir atvikum, seðlabankann sem um getur í 4. mgr. 20. gr. um allar umsóknir um starfsleyfi sem er synjað og veita rökstuðning fyrir ákvörðuninni og, eftir atvikum, útskýringu á öllum frávikum frá álitum sem um getur í 5. mgr. 20. gr.

22. gr.

Skýrslugjöf um eignatengda tóka

1. Fyrir hvern eignatengdan tóka með útgáfuvirði sem er hærra en 100 000 000 evrur skal útgefandinn ársfjórðungslega veita lögbæra yfirvaldinu eftirfarandi upplýsingar:
- a) fjöldi eigenda,
- b) virði útgefins eignatengds tóka og stærð varasjóðs eigna,
- c) meðalfjöldi og meðaltal samanlagðs virðis viðskipta á dag á viðkomandi ársfjórðungi,
- d) áætlaður meðalfjöldi og meðaltal samanlagðs virðis viðskipta á dag á viðkomandi ársfjórðungi sem tengjast notkun hans sem skiptimiðils innan eins gjaldmiðilssvæðis.

Að því er varðar c- og d-lið fyrstu undirgreinar skal „viðskipti“ merkja hver breyting á þeim einstaklingi eða lögaðila sem á réttinn að eignatengdum tóka vegna millifærslu eignatengda tókans frá einu vistfangi eða reikningi dreifðrar færsluskrár til annars.

Viðskipti sem eru tengd skiptum fyrir fjármuni eða fyrir aðrar sýndareignir við útgefanda eða þjónustuveitanda sýndareigna skulu ekki teljast tengd notkun á eignatengdum tóka sem skiptimiðli nema sönnun sé fyrir því að eignatengdi tókin sé notaður til uppgjors viðskipta með aðrar sýndareignir.

2. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að gera útgefendum eignatengdra tóka að hlíta skýrslugjafarskyldunni sem um getur í 1. mgr. að því er varðar eignatengda tóka sem gefnir eru út að verðmæti undir 100 000 000 evrum.

3. Þjónustuveitendur sýndareigna sem veita þjónustu sem tengist eignatengdum tókum skulu veita útgefanda eignatengda tókans nauðsynlegar upplýsingar til að gera skýrsluna sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. með því að tilkynna viðskipti utan dreifðu færsluskrárinnar.
4. Lögbæra yfirvaldið skal deila þeim upplýsingum sem berast með Seðlabanka Evrópu og, eftir atvikum, seðlabankanum sem um getur í 4. mgr. 20. gr. og lögbærum yfirvöldum gistiðildarríkja.
5. Seðlabanka Evrópu og, eftir atvikum, seðlabankanum sem um getur í 4. mgr. 20. gr. er heimilt að veita lögbæra yfirvaldinu eigið mat á ársfjórðungslegum meðalfjölda og meðaltali samanlagðs virðis viðskipta á dag sem tengjast notkun eignatengda tókans sem skiptimiðils innan eins gjaldmiðilssvæðis.
6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Seðlabanka Evrópu semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina aðferðirnar við að meta ársfjórðungslegan meðalfjölda og meðaltal samanlagðs virðis viðskipta á dag sem tengjast notkun eignatengda tókans sem skiptimiðils innan eins gjaldmiðilssvæðis.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðum og sniðmátum fyrir þær tilkynningar sem um getur í 1. mgr. og þá upplýsingagjöf sem um getur í 3. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja þá tæknilegu framkvæmdarstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

23. gr.

Takmarkanir á útgáfu eignatengdra tóka sem eru notaðir víða sem skiptimiðill

1. Ef áætlaður ársfjórðungslegur meðalfjöldi viðskipta og meðaltal heildarvirðis viðskipta á dag sem tengist notkun eignatengds tóka sem skiptamiðils innan eins gjaldmiðilssvæðis nemur meira en 1 milljón viðskipta og 200 000 000 evrum, í þeirri röð, skal útgefandinn:
 - a) láta af útgáfu þess eignatengda tóka og
 - b) innan 40 virkra daga frá því að þessum viðmiðunarmörkum er náð, leggja áætlun fyrir lögbæra yfirvaldið um að tryggja að áætluðum ársfjórðungslegum meðalfjölda og meðaltali samanlagðs virðis þeirra viðskipta á dag sé haldið undir 1 milljón viðskipta og 200 000 000 evrum, í þeirri röð.
2. Lögbæra yfirvaldið skal nota upplýsingarnar frá útgefandanum, eigið mat eða matið sem Seðlabanki Evrópu eða, eftir atvikum, seðlabankinn sem um getur í 4. mgr. 20. gr. veitir, eftir því hvað hæst er, til að meta hvort viðmiðunarmörkunum sem um getur í 1. mgr. sé náð.
3. Ef fleiri en einn útgefandi gefa út sama eignatengda tókann skal lögbæra yfirvaldið meta viðmiðin sem um getur í 1. mgr. að lokinni samantekt gagna frá öllum útgefendum.
4. Útgefandinn skal leggja áætlunina sem um getur í b-lið 1. mgr. fyrir lögbæra yfirvaldið til samþykkis. Ef nauðsyn krefur skal lögbæra yfirvaldið krefjast breytinga, s.s. að beita lágmarksnafnverði, til að tryggja tímanlega minnkun á notkun eignatengda tókans sem skiptimiðils.

5. Lögbæra yfirvaldið skal því aðeins heimila útgefandanum að gefa út eignatengda tókann að nýju að það hafi sönnun fyrir því að áætlaður ársfjórðungslegur meðalfjöldi viðskipta og meðaltal samanlagðs virðis viðskipta á dag sem tengjast notkun hans sem skiptimiðils innan eins gjaldmiðilssvæðis nemi minna en 1 milljón viðskipta og 200 000 000 evrum, í þeirri röð.

24. gr.

Afturköllun starfsleyfis

1. Lögbær yfirvöld skulu afturkalla starfsleyfi útgefanda eignatengds tóka við allar eftirfarandi aðstæður:
 - a) útgefandinn hefur hætt starfsemi í sex mánuði samfelld eða hefur ekki nýtt starfsleyfi sitt í 12 mánuði samfelld,
 - b) útgefandinn hefur öðlast starfsleyfi sitt á óeðlilegan hátt, s.s. með því að gefa rangar yfirlýsingar í umsókninni um starfsleyfi sem um getur í 18. gr. eða í hvítbók um sýndareign sem hefur verið breytt í samræmi við 25. gr.,
 - c) útgefandinn uppfyllir ekki lengur skilyrðin sem leyfið var veitt samkvæmt,
 - d) útgefandinn hefur brotið alvarlega gegn ákvæðum þessa bálks,
 - e) útgefandinn hefur þurft að sæta beitingu innlausnaráætlunar,
 - f) útgefandinn hefur skýlaust afsalað sér starfsleyfi sínu eða ákveðið að hætta starfsemi,
 - g) starfsemi útgefandans ógnar með alvarlegum hætti heilleika markaðar, fjármálastöðugleika, snurðulausum rekstri greiðslukerfa eða veldur alvarlegri áhættu fyrir útgefandann eða geirann í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Útgefandi eignatengda tókans skal tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu um hvers konar aðstæður sem um getur í e- og f-lið fyrstu undirgreinar.

2. Lögbær yfirvöld skulu einnig afturkalla starfsleyfi útgefanda eignatengds tóka ef Seðlabanki Evrópu eða, eftir atvikum, seðlabankinn sem um getur í 4. mgr. 20. gr. gefur út álit þess efnis að eignatengdi tókinn ógni með alvarlegum, hætti snurðulausum rekstri greiðslukerfa, miðlun peningastefnu eða peningalegu fullveldi.

3. Lögbær yfirvöld skulu takmarka fjárhæð eignatengds tóka sem til stendur að gefa út eða beita lágmarksnafnverði á eignatengda tókann ef Seðlabanki Evrópu eða, eftir atvikum, seðlabankinn sem um getur í 4. mgr. 20. gr. gefur út álit þess efnis að eignatengdi tókinn ógni snurðulausum rekstri greiðslukerfa, miðlun peningastefnu eða peningalegu fullveldi, og skulu tilgreina viðkomandi takmörkun eða lágmarksnafnverð.

4. Viðkomandi lögbær yfirvöld skulu án tafar tilkynna lögbæru yfirvaldi útgefanda eignatengds tóka um eftirfarandi aðstæður:

- a) ef þriðji aðili eins og um getur í h-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 34. gr. þessarar reglugerðar hefur misst starfsleyfi sitt sem lánastofnun eins og um getur í 8. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, sem þjónustuveitandi sýndareigna eins og um getur í 59. gr. þessarar reglugerðar, sem greiðslustofnun eða sem rafeyrisfyrirtæki,
- b) aðilar í stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefandans, hluthafar eða félagsmenn, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, sem eiga virka eignarhluti í útgefandanum hafa brotið í bága við ákvæði landslaga sem lögleiða tilskipun (ESB) 2015/849.

5. Lögbær yfirvöld skulu afturkalla starfsleyfi útgefanda eignatengds tóka ef þau telja að þær aðstæður sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar hafi áhrif á óflekkað mannorð aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar útgefandans eða óflekkað mannorð einhverra hluthafa eða félagsmanna, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, sem eiga virka eignarhluti í útgefandanum, eða ef visbending er um að fyrirkomulag stjórnarhátta eða innra eftirlitskerfi eins og um getur í 34. gr. hafi brugðist.

Begar starfsleyfi er afturkallað skal útgefandi eignatengda tókans framkvæma ferlið skv. 47. gr.

6. Viðkomandi lögbært yfirvald skal innan tveggja virkra daga frá afturköllun starfsleyfis tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um afturköllun starfsleyfis útgefanda eignatengda tókans. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera upplýsingarnar um slíka afturköllun aðgengilegar í skránni sem um getur í 109. gr., án ástæðulausrar tafar.

25. gr.

Breyting á útgefinni hvítbók um sýndareign fyrir eignatengdan tóka

1. Útgefendur eignatengdra tóka skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis síns um allar fyrirhugaðar breytingar á viðskiptalíkani sínu sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á kaupákvörðanir eigenda eða tilvonandi eigenda eignatengdra tóka og eiga sér stað eftir að starfsleyfið skv. 21. gr. er veitt eða eftir að hvítbókin um sýndareignina er samþykkt skv. 17. gr., sem og í tengslum við 23. gr. Til slíkra breytinga teljast m.a. allar verulegar breytingar á:

- a) fyrirkomulagi stjórnarhátta, þ.m.t. boðleiðum til stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar og áhættustýringarramma,
- b) varasjóðseignum og vörslu þeirra,
- c) réttindum sem eru veitt eigendum eignatengdra tóka,
- d) fyrirkomulagi útgáfu og innlausnar eignatengds tóka,
- e) verklagsreglum við sannreyningu viðskipta með eignatengda tóka,
- f) virkni eigin tækni dreifðrar færsluskrár á vegum útgefenda, ef eignatengdu tókarnir eru gefnir út, millifærðir og geymdir með slíkri tækni dreifðrar færsluskrár,
- g) tilhögun þess að tryggja seljanleika eignatengdra tóka, þ.m.t. þeirri stefnu um lausafjárstýringu og verklagsreglum fyrir útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka sem um getur í 45. gr.,
- h) samkomulagi við þriðju aðila, þ.m.t. um stýringu varasjóðseigna og fjárfestinga varasjóðsins, vörslu varasjóðseigna og, eftir atvikum, dreifingu eignatengdu tókanna til almennings,
- i) verklagsreglum um meðferð kvartana,
- j) áhættumati vegna peningþvættis og fjármögnunar hryðjuverka og almennum stefnum og verklagsreglum þar að lútandi.

Útgefendur eignatengdra tóka skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis síns um fyrirhugaðar breytingar eigi síðar en 30 virkum dögum áður en þær taka gildi.

2. Hafi lögbæru yfirvaldi verið tilkynnt um fyrirhugaða breytingu eins og um getur í 1. mgr. skal útgefandi eignatengda tókans semja drög að breyttri hvítbók um sýndareign og tryggja að röð upplýsinganna í henni sé í samræmi við röðina í upprunalegu hvítbókinni um sýndareignina.

Útgefandi eignatengda tókans skal tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins um drögin að breyttri hvítbók um sýndareignina.

Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta móttöku draganna að breyttu hvítbókinni um sýndareignina rafrænt eins fljótt og unnt er og eigi síðar en fimm virkum dögum frá móttöku þeirra.

Lögbæra yfirvaldið skal veita eða synja um samþykki draganna að breyttri hvítbók um sýndareignina innan 30 virkra daga frá staðfestingu á móttöku þeirra. Við mat á drögum að breyttri hvítbók um sýndareign er lögbæra yfirvaldinu heimilt að óska eftir hvers konar viðbótarupplýsingum, útskýringum eða rökstuðningi varðandi breyttu hvítbókina um sýndareignina. Ef lögbæra yfirvaldið setur fram slíka beiðni skal 30 virkra daga fresturinn ekki hefjast fyrir en lögbæra yfirvaldið hefur móttekið viðbótarupplýsingarnar sem óskað er eftir.

3. Ef lögbæra yfirvaldið telur að breytingarnar á hvítbókinni um sýndareignina skipti hugsanlega máli fyrir snurðulausan rekstur greiðslukerfa, miðlun peningastefnu og fullveldi peningamála skal það hafa samráð við Seðlabanka Evrópu og, eftir atvikum, seðlabankann sem um getur í 4. mgr. 20. gr. Lögbæra yfirvaldinu er einnig heimilt að hafa samráð við Evrópsku banka- eftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina í slíkum tilvikum.

Seðlabanki Evrópu eða viðkomandi seðlabanki og, eftir atvikum, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunin skulu gefa álit innan 20 virkra daga frá móttöku umsagnar vegna samráðsins sem um getur í fyrstu undirgrein.

4. Ef lögbæra yfirvaldið samþykkir breytta hvítbók um sýndareign er því heimilt að gera útgefanda eignatengda tókans að:
- koma á kerfi til að tryggja vernd eigenda eignatengda tókans þegar hugsanleg breyting á starfsemi útgefandans kann að hafa veruleg áhrif á virði, stöðugleika eða áhættu sem tengist eignatengda tókanum eða varasjóðseignunum,
 - gera hvers konar viðeigandi úrbætur á annmörkum sem tengjast heilleika markaðar, fjármálastöðugleika eða snurðulausum rekstri greiðslukerfa.

Lögbæra yfirvaldið skal gera útgefanda eignatengda tókans að gera viðeigandi úrbætur á annmörkum sem tengjast snurðulausum rekstri greiðslukerfa, miðlun peningastefnu eða peningalegu fullveldi ef Seðlabanki Evrópu eða, eftir atvikum, seðlabankinn sem um getur í 4. mgr. 20. gr. leggur til slíkar úrbætur í samráðinu sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

Hafi Seðlabanki Evrópu eða seðlabankinn sem um getur í 4. mgr. 20. gr. lagt til aðrar ráðstafanir en þær sem lögbæra yfirvaldið óskar eftir skal sameina þær ráðstafanir sem lagðar eru til eða, sé það ekki unnt, krefjast þeirrar ráðstöfunar sem ströngust er.

5. Lögbæra yfirvaldið skal senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, sameiginlegum tengiliðum gístiaðildarríkjanna, Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni, Seðlabanka Evrópu og, eftir atvikum, seðlabanka hlutaðeigandi aðildarríkis breytta hvítbók um sýndareign innan tveggja virkra daga frá veitingu samþykkis.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera breyttu hvítbókina um sýndareignina aðgengilega í skránni sem um getur í 109. gr., án ástæðulausrar tafar.

26. gr.

Ábyrgð útgefanda eignatengdra tóka á upplýsingum sem veittar eru í hvítbók um sýndareign

- Ef útgefandi hefur brotið gegn 19. gr. með því að veita, í hvítbók sinni um sýndareign eða breyttri hvítbók um sýndareign, upplýsingar sem eru ekki tæmandi, ekki óvilhallar eða ekki skýrar eða sem eru villandi skal sá útgefandi og þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn hans bera ábyrgð gagnvart eiganda viðkomandi eignatengds tóka á hvers kyns tapi sem hlýst af brotinu.
- Hvers konar undanþágur samkvæmt samningi eða takmarkanir á einkaréttarábyrgð eins og um getur í 1. mgr. skulu ekki hafa nein réttaráhrif.
- Það skal vera á ábyrgð eiganda eignatengda tókans að leggja fram sönnunargögn um að útgefandi eignatengda tókans hafi brotið gegn 19. gr. með því að veita upplýsingar í hvítbók sinni um sýndareignina sem eru ekki tæmandi, ekki óvilhallar eða ekki skýrar eða sem eru villandi og um að það að reiða sig á þær upplýsingar hafi haft áhrif á ákvörðun eigandans um að kaupa, selja eða skipta þeim eignatengda tóka.
- Útgefandinn og þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn hans skulu ekki bera ábyrgð vegna taps sem hlýst af því að reiða sig á þær upplýsingar sem veittar eru í samantekt skv. 19. gr., þ.m.t. þýðingu á henni, nema ef samantektin:
 - er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi þegar hún er lesin ásamt öðrum hlutum hvítbókarinnar um sýndareignina eða
 - veitir ekki, þegar hún er lesin ásamt öðrum hlutum hvítbókarinnar um sýndareignina, lykilupplýsingar sem myndu auðvelda tilvonandi eigendum tókans að meta hvort þeir eigi að kaupa þann eignatengda tóka.
- Þessi grein hefur ekki áhrif á aðra einkaréttarábyrgð samkvæmt landslögum.

2. KAFLI

Skyldur útgefenda eignatengdra tóka

27. gr.

Skylda til að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku með hagsmuni eigenda eignatengdra tóka að leiðarljósi

1. Útgefendur eignatengdra tóka skulu starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku og skulu eiga samskipti við eigendur og tilvonandi eigendur eignatengdra tóka á óvilhallan, skýran og ekki villandi hátt.
2. Útgefendur eignatengdra tóka skulu starfa með hagsmuni eigenda slíkra tóka að leiðarljósi og gæta jafnræðis við meðhöndlun þeirra, nema upplýst sé um hvers konar ívilnandi meðferð í hvítbókinni um sýndareignina og, eftir atvikum, markaðsefninu.

28. gr.

Birting hvítbókar um sýndareign

Útgefandi eignatengds tóka skal birta á vefsetri sínu samþykktu hvítbókina um sýndareign sem um getur í 1. mgr. 17. gr. eða 1. mgr. 21. gr. og, eftir atvikum, breytta hvítbók um sýndareign eins og um getur í 25. gr. Samþykktu hvítbókin um sýndareignina skal vera aðgengileg almenningi eigi síðar en á upphafsdegi almenns útboðs eignatengda tókans eða töku þess tóka til viðskipta. Samþykktu hvítbókin um sýndareignina og, eftir atvikum, breytta hvítbókin um sýndareignina skulu vera aðgengilegar á vefsetri útgefandans svo lengi sem eignatengdi tókinn er í eigu almennings.

29. gr.

Markaðsefni

1. Markaðsefni sem tengist almennu útboði eignatengds tóka eða töku hans til viðskipta skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - a) markaðsefnið sé auðþekkjjanlegt sem slíkt,
 - b) upplýsingarnar í markaðsefninu séu óvilhallar, skýrar og ekki villandi,
 - c) upplýsingarnar í markaðsefninu séu í samræmi við upplýsingarnar í hvítbókinni um sýndareignina,
 - d) í markaðsefninu komi skýrt fram að hvítbók um sýndareign hafi verið birt og það tilgreini á skýran hátt veffang vefseturs útgefanda eignatengda tókans auk símanúmers og netfangs til að hafa samband við útgefandann.
2. Í markaðsefni skal vera skýr og ótvíræð yfirlýsing um að eigendur eignatengda tókans eigi rétt á innlaun hvenær sem er gagnvart útgefanda.
3. Markaðsefni og allar breytingar á því skulu birtar á vefsetri útgefanda.
4. Lögbær yfirvöld skulu ekki krefjast fyrirframsamþykkis á markaðsefni áður en það er birt.
5. Markaðsefni skal tilkynnt lögbærum yfirvöldum samkvæmt beiðni.
6. Engu markaðsefni skal dreift á undan birtingu hvítbókarinnar um sýndareignina. Slík takmörkun hefur ekki áhrif á getu útgefanda eignatengda tókans til að framkvæma markaðspreifingar.

30. gr.

Viðvarandi upplýsingagjöf til eigenda eignatengdra tóka

1. Útgefendur eignatengdra tóka skulu birta á skýran, nákvæman og gagnsæjan hátt, á stað á vefsetri sínu sem allir hafa greiðan aðgang að, magn eignatengdra tóka í umferð og virði og samsetningu varasjóðs eigna sem um getur í 36. gr. Uppfæra skal slíkar upplýsingar a.m.k. mánaðarlega.
2. Útgefendur eignatengdra tóka skulu birta, eins fljótt og auðið er og á stað á vefsetri sínu sem allir hafa greiðan aðgang að, stutta, skýra, nákvæma og gagnsæja samantekt endurskoðunarskýrslunnar, sem og alla endurskoðunarskýrsluna í óstyttri útgáfu, um þann varasjóð eigna sem um getur í 36. gr.
3. Með fyrirvara um 88. gr. skulu útgefendur eignatengdra tóka birta, eins fljótt og auðið er og á skýran, nákvæman og gagnsæjan hátt, á stað á vefsetri sínu sem allir hafa greiðan aðgang að, upplýsingar um hvern þann atburð sem hefur eða er líklegur til að hafa veruleg áhrif á virði eignatengdu tókanna eða á þann varasjóð eigna sem um getur í 36. gr.

31. gr.

Verklagsreglur um meðferð kvartana

1. Útgefendur eignatengdra tóka skulu setja og viðhalda skilvirkum og gagnsæjum verklagsreglum til skjótrar, sanngjarnrar og samræmdrar meðferðar kvartana sem berast frá eigendum eignatengdra tóka og öðrum hagsmunaaðilum, þ.m.t. neytendasamtökum sem eru í forsvari fyrir eigendur eignatengdra tóka, og skulu birta lýsingar á þessum verklagsreglum. Ef þriðju aðilar eins og um getur í h-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 34. gr. dreifa eignatengdu tókunum að öllu leyti eða að hluta skulu útgefendur eignatengdu tókanna setja verklagsreglur til að auðvelda einnig meðferð slíkra kvartana milli eigenda eignatengdu tókanna og slíkra þriðju aðila.
2. Eigendur eignatengdra tóka skulu geta lagt fram kvartanir án endurgjalds hjá útgefendum eignatengdra tóka sinna eða, eftir atvikum, þriðju aðilum eins og um getur í 1. mgr.
3. Útgefendur eignatengdra tóka og, eftir atvikum, þriðju aðilar eins og um getur í 1. mgr. skulu útbúa, og gera aðgengilegt eigendum eignatengdra tóka, sniðmát til að leggja fram kvartanir og skulu halda skrá yfir allar kvartanir sem berast og allar ráðstafanir sem gerðar eru vegna þeirra.
4. Útgefendur eignatengdra tóka skulu rannsaka öll kvörtunarmál tímanlega og af sanngirni og senda niðurstöður slíkra rannsókna til eigenda eignatengdra tóka innan hæfilegs tíma.
5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar kröfur, sniðmát og verklagsreglur fyrir meðferð kvartana.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

32. gr.

Greining, forvarnir, meðferð og birting upplýsinga um ráðstafanir vegna hagsmunaaðrekstra

1. Útgefendur eignatengdra tóka skulu innleiða og viðhalda skilvirkum stefnum og verklagsreglum til að greina, koma í veg fyrir, stýra og birta upplýsingar um hagsmunaaðrekstra milli sín og:
 - a) hluthafa sinna eða aðila,
 - b) hluthafa eða aðila, hvort sem hann er beinn eða óbeinn, sem á virkan eignarhlut í útgefandanum,
 - c) aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar þeirra,

- d) starfsmanna sinna,
 - e) eigenda eignatengdu tókanna eða
 - f) þriðja aðila sem gegnir einu þeirra hlutverka sem um getur í h-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 34. gr.
2. Útgefendur eignatengdra tóka skulu einkum gera allar viðeigandi ráðstafanir til að greina, hindra, stýra og birta upplýsingar um hagsmunaárekstra sem stafa af stýringu og fjárfestingum þess varasjóðs eigna sem um getur í 36. gr.
3. Útgefendur eignatengdra tóka skulu, á áberandi stað á vefsetri sínu, greina eigendum eignatengdra tóka sinna frá almennu eðli og upptökum hagsmunaárekstra sem um getur í 1. mgr. og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að draga úr þeim.
4. Upplýsingagjöfin sem um getur í 3. mgr. skal vera nægilega nákvæm til að gera væntanlegum eigendum eignatengdra tóka kleift að taka upplýsta ákvörðun um kaup á eignatengdu tókunum.
5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina nánar:
- a) kröfur um þær stefnur og verklagsreglur sem um getur í 1. mgr.,
 - b) nánari upplýsingar og aðferðir í tengslum við efni þeirrar upplýsingagjafar sem um getur í 3. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

33. gr.

Tilkynning um breytingar á stjórn og/eða framkvæmdastjórn

Útgefendur eignatengdra tóka skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu tafarlaust um allar breytingar á stjórn sinni og/eða framkvæmdastjórn sinni og veita því allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta reglufylgni við 2. mgr. 34. gr.

34. gr.

Fyrirkomulag stjórnunarháttá

1. Útgefendur eignatengdra tóka skulu hafa traust fyrirkomulag stjórnarháttá, þ.m.t. skýrt stjórnskipulag með vel skilgreinda, gagnsæja og samræmda skiptingu ábyrgðar, skilvirk ferli til að greina, stýra, fylgjast með og tilkynna um áhættu sem þeir standa eða kunna að standa frammi fyrir og fullnægjandi innri eftirlitskerfi, þ.m.t. traustar stjórnunar- og reikningsskilaaðferðir.
2. Aðilar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar útgefenda eignatengdra tóka skulu ávallt hafa óflekkað mannorð og búa yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu, bæði hver um sig og sameiginlega, til að sinna skyldum sínum. Einkum skulu þeir ekki hafa verið sakfelldir fyrir afbrot sem tengjast peningabætti, fjármögnun hryðjuverka eða önnur afbrot sem myndu hafa áhrif á óflekkað mannorð þeirra. Þeir skulu einnig sýna fram á að þeim sé kleift að verja nægjanlegum tíma til að sinna skyldum sínum með skilvirkum hætti.
3. Stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefanda eignatengdra tóka skal meta og reglulega endurskoða skilvirkni stefnufyrirkomulags og verklagsreglna sem komið er á til að fara að ákvæðum 2., 3., 5. og 6. kafla þessa bóls og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að bæta úr annmörkum þar á.
4. Hluthafar eða aðilar, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, sem eiga virkan eignarhlut í útgefendum eignatengdra tóka skulu hafa óflekkað mannorð og skulu einkum ekki að hafa verið sakfelldir fyrir afbrot sem tengjast peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka eða fyrir önnur afbrot sem myndu hafa áhrif á óflekkað mannorð þeirra.

5. Útgefendur eignatengdra tóka skulu innleiða stefnur og verklagsreglur sem eru nægilega skilvirkar til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð. Útgefendur eignatengdra tóka skulu einkum koma á, viðhalda og innleiða stefnur og verklagsreglur um:

- a) varasjóð eigna sem um getur í 36. gr.,
- b) vörslu varasjóðseigna, þ.m.t. aðgreiningu eigna, eins og tilgreint er í 37. gr.,
- c) þau réttindi sem veitt eru eigendum eignatengdra tóka, eins og tilgreint er í 39. gr.,
- d) fyrirkomulag útgáfu og innlausnar eignatengdra tóka,
- e) verklagsreglur við sannpröfun viðskipta með eignatengda tóka,
- f) virkni eigin tækni dreifðrar færsluskrár á vegum útgefanda, ef eignatengdu tókarnir eru gefnir út, millifærðir og geymdir með slíkri tækni dreifðrar færsluskrár eða sambærilegri tækni sem útgefandinn eða þriðji aðili sem kemur fram fyrir hans hönd starfrækir,
- g) tilhögun þess að tryggja seljanleika eignatengdra tóka, þ.m.t. þeirri stefnu um lausafjárstýringu og verklagsreglum fyrir útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka sem um getur í 45. gr.,
- h) samkomulag við þriðju aðila um rekstur varasjóðs eigna og fjárfestingu varasjóðseigna, vörslu varasjóðseigna og, eftir atvikum, dreifingu eignatengdu tókanna til almennings,
- i) skriflegt samþykki útgefenda eignatengdra tóka sem veitt er öðrum aðilum sem kynnu að bjóða út eða óska eftir töku eignatengdu tókanna til viðskipta,
- j) meðferð kvartana, eins og tilgreint er í 31. gr.,
- k) hagsmunaárekstra, eins og tilgreint er í 32. gr.

Ef útgefendur eignatengdra tóka gera samkomulag eins og um getur í h-lið fyrstu undirgreinar skal gera grein fyrir því samkomulagi í samningi við þriðju aðilana. Í slíkum samningi skal kveða á um hlutverk, ábyrgð, réttindi og skyldur bæði útgefenda eignatengdu tókanna og þriðju aðilanna. Samningur sem tekur til fleiri en einnar lögsögu skal kveða á um gildandi lög með ótvíræðum hætti.

6. Útgefendur eignatengdra tóka skulu nota viðeigandi og hæfileg kerfi, tilföng og verklagsreglur til að tryggja áframhaldandi og reglulega framkvæmd þjónustu sinnar og starfsemi, nema þeir hafi virkjað innlausnaráætlun eins og um getur í 47. gr. Í því skyni skulu útgefendur eignatengdra tóka viðhalda öllum kerfum sínum og öryggisreglum um aðgang í samræmi við viðeigandi staðla Sambandsins.

7. Ef útgefandi eignatengds tóka ákveður að hætta að veita þjónustu sína og starfsemi sinni, þ.m.t. með því að hætta útgáfu viðkomandi tóka, skal hann leggja áætlun fyrir lögbæra yfirvaldið til samþykkis fyrir slíkri stöðvun.

8. Útgefendur eignatengdra tóka skulu greina hugsanlega rekstraráhættuþætti og lágmarka þá með því að þróa viðeigandi kerfi, stjórnæki og verklag.

9. Útgefendur eignatengdra tóka skulu setja stefnu og koma á áætlunum um rekstrarsamfellu sem miða að því að tryggja varðveislu mikilvægra gagna og þjónustu ef truflun á sér stað í upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfum þeirra og -verkferlum og að starfsemi þeirra sé viðhaldið eða, ef því verður ekki við komið, tryggja tímanlega endurheimt slíkra gagna og starfsþátta og að starfsemi þeirra hefjist að nýju tímanlega.

10. Útgefendur eignatengdra tóka skulu hafa innri eftirlitskerfi og skilvirkar verklagsreglur um áhættustýringu, þ.m.t. skilvirkt eftirlits- og verndarfyirkomulag til stjórnunar upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 ⁽³⁷⁾. Verklagsreglurnar skulu kveða á um heildstætt mat í tengslum við að reiða sig á þriðju aðila eins og um getur í h-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. þessarar greinar. Útgefendur eignatengdra tóka skulu reglulega hafa eftirlit með og meta hvort innri eftirlitskerfi og -ferlar til áhættumats séu fullnægjandi og skilvirkir og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að bæta úr annmörkum þar á.

11. Útgefendur eignatengdra tóka skulu hafa til staðar kerfi og verklagsreglur sem eru fullnægjandi til að vernda tiltækileika, ósvikni, heilleika og trúnað gagna eins og krafist er í reglugerð (ESB) 2022/2554 og í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679. Þessi kerfi skulu skrá og vernda viðkomandi gögn og upplýsingar sem safnað er og verða til í starfsemi útgefenda.

12. Útgefendur eignatengdra tóka skulu tryggja að óháðir endurskoðendur endurskoði þá reglulega. Niðurstöður slíkra endurskoðana skulu tilkynntar stjórn og/eða framkvæmdastjórn viðkomandi útgefanda og gerðar aðgengilegar lögbæra yfirvaldinu.

13. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal eigi síðar en 30. júní 2024, í nánú samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Seðlabanka Evrópu, gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 sem tilgreina það sem felst að lágmarki í fyirkomulagi stjórnhátta varðandi:

- a) eftirlitstæki með þeim áhættuþáttum sem um getur í 8. mgr.,
- b) áætlunina um rekstrarsamfellu sem um getur í 9. mgr.,
- c) þau innri eftirlitskerfi sem um getur í 10. mgr.,
- d) þær endurskoðanir sem um getur í 12. mgr., þ.m.t. lágmarksskjalfesting við endurskoðunina.

Við útgáfu þeirra viðmiðunarreglna sem um getur í fyrstu undirgrein skal Evrópska bankaefirlitsstofnunin taka tillit til ákvæða um kröfur um stjórnhætti í öðrum lagagerðum Sambandsins um fjármálaþjónustu, þ.m.t. tilskipun 2014/65/ESB.

35. gr.

Kröfur um eiginfjárgrunn

1. Útgefendur eignatengdra tóka skulu ávallt hafa eiginfjárgrunn sem nemur a.m.k. hæstu fjárhæðinni af eftirfarandi:

- a) 350 000 evrum,
- b) 2% af meðalfjárhæð varasjóðs eigna sem um getur í 36. gr.,
- c) fjórðungi af föstum rekstrarkostnaði ársins á undan.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal meðalfjárhæð varasjóðs eigna merkja meðalfjárhæð varasjóðseigna í lok hvers almanaksdags, reiknuð út yfir næstliðna sex mánuði.

Þjóði útgefandi fleiri en einn eignatengdan tóka skal fjárhæðin sem um getur í b-lið fyrsta undirliðar vera samtala meðalfjárhæðar varasjóðseigna sem standa til tryggingar hverjum eignatengdum tóka.

Fjárhæðin sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar skal endurskoðið árlega og reiknuð út í samræmi við 3. mgr. 67. gr.

2. Eiginfjárgrunnurinn sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal samanstanda af liðum og eiginfjárgrunnsgerningum almenns eigin fjár þáttar 1 sem um getur í 26.–30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eftir fullan frádrátt skv. 36. gr. þeirrar reglugerðar, án beitingar undanþáganna á grundvelli viðmiðunarmarkna sem um getur í 4. mgr. 46. gr. og 48. gr. þeirrar reglugerðar.

⁽³⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2554 frá 14. desember 2022 um stafrænan rekstrarlegan viðnámsþrótt fyrir fjármálageirann og um viðbætur við reglugerðir (EB) nr. 1060/2009, (ESB) nr. 648/2012, (ESB) nr. 600/2014, (ESB) nr. 909/2014 og (ESB) 2016/1011 (Stjtið. ESB L 333, 27.12.2022, bls. 1).

3. Lögbæru yfirvaldi heimaðildarríkis er heimilt að gera útgefanda eignatengds tóka að hafa yfir að ráða eiginfjárgrunni sem er allt að 20% hærri en fjárhæðin sem leiðir af beitingu b-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr., ef mat á einhverju af eftirfarandi bendir til hærri áhættustigs:

- a) áhættustýringarferlum og innri eftirlitskerfum útgefanda eignatengda tókans eins og um getur í 1., 8. og 10. mgr. 34. gr.,
- b) gæðum og flökti varasjóðs eigna sem um getur í 36. gr.,
- c) tegundum réttinda sem útgefandi eignatengda tókans veitir eigendum eignatengda tókans í samræmi við 39. gr.,
- d) áhættunni sem stafar af fjárfestingarstefnunni um varasjóð eigna, ef hann felur í sér fjárfestingar,
- e) samanlögðu virði og fjölda viðskipta sem gerð eru upp með eignatengda tókann,
- f) mikilvægi markaða þar sem eignatengdi tókinn er boðinn út og markaðssettur,
- g) eftir atvikum, markaðsvirði eignatengda tókans.

4. Lögbæru yfirvaldi heimaðildarríkisins er heimilt að gera útgefanda eignatengds tóka sem ekki er mikilvægur að hlíta hverjum þeim kröfum sem settar eru fram í 45. gr. ef nauðsynlegt er að bregðast við hærri áhættustigi sem greint er í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, eða annarri áhættu sem ákvæðum 45. gr. er ætlað að mæta, s.s. lausafjáráhættu.

5. Með fyrirvara um 3. mgr. skulu útgefendur eignatengdra tóka reglulega framkvæma álagspróf þar sem tekið er tillit til alvarlegra en trúverðugra sviðsmynda fjárhagslegs álags, s.s. vaxtaáfalla, og álagssviðsmynda sem eru ekki fjárhagslegar, s.s. í tengslum við rekstraráhættu. Lögbært yfirvald heimaðildarríkisins skal á grundvelli niðurstöðu slíkra álagsprófa gera útgefanda eignatengda tókans að hafa yfir að ráða eiginfjárgrunni sem er 20% til 40% hærri en fjárhæðin sem leiðir af beitingu b-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr., við tiltekna aðstæður með hliðsjón af áhættuhorfum og niðurstöðu álagsprófa.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Seðlabanka Evrópu semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar:

- a) ferlið og tímarammann sem útgefandi eignatengda tókans hefur til að aðlagast kröfum um hærri eiginfjárgrunn eins og um getur í 3. mgr.,
- b) viðmiðin fyrir því að krefjast hærri fjárhæðar eiginfjárgrunns eins og um getur í 3. mgr.,
- c) lágmarkskröfur um útfærslu áætlaða um álagspróf, að teknu tilliti til stærðar, flækjustigs og eðlis eignatengda tókans, þ.m.t. en ekki einvörðungu:
 - i. tegundir álagsprófa og helstu markmið og beitingu þeirra,
 - ii. tíðni mismunandi álagsprófa,
 - iii. innra fyrirkomulag stjórnarháttá,
 - iv. viðkomandi gagnainnviði,
 - v. aðferðir og sennileika forsendna,
 - vi. beitingu meðalhófsreglunnar á allar lágmarkskröfur, hvort sem þær eru meginlegar eða eiginlegar, og
 - vii. lágmarkstíðni álagsprófa og sameiginlega viðmiðunarþætti sviðsmynda álagsprófunar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

3. KAFLI

Varasjóður eigna

36. gr.

Skylða að hafa varasjóð eigna og samsetning og stýring hans

1. Útgefendur eignatengdra tóka skulu koma á fót og ávallt hafa varasjóð eigna.

Varasjóður eigna skal samsettur og honum stýrt á þann hátt að:

- a) áhættunni sem tengist eignunum sem eignatengdu tókarnir miðast við sé mætt og
 - b) þeirri lausafjárahættu sem tengist varanlegum innlausnarrétti eigendanna sé mætt.
2. Varasjóður eigna skal vera lagalega aðskilinn frá búi útgefandans og frá varasjóði eigna fyrir aðra eignatengda tóka, í þágu eigenda eignatengdra tóka í samræmi við gildandi lög, þannig að kröfuhafar útgefenda hafi engan kröfurétt á hendur viðkomandi varasjóði eigna, einkum við ógjaldfærni.
 3. Útgefendur eignatengdra tóka skulu tryggja að varasjóður eigna sé rekstrarlega aðskilinn frá búi þeirra og frá varasjóði eigna fyrir aðra tóka.
 4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Seðlabanka Evrópu semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina lausafjárkröfumár nánar, að teknu tilliti til stærðar, flækjustigs og eðlis viðkomandi varasjóðs eigna og eignatengda tókans sjálfs.

Tæknilegu eftirlitsstaðlarnir skulu einkum kveða á um:

- a) viðkomandi hundraðshlutfall varasjóðs eigna í samræmi við daglega lokagjalddaga, þ.m.t. hundraðshlutfall samninga um öfug endurhverf viðskipti sem eru uppsegjanlegir með eins dags fyrirvara, eða hundraðshlutfall reiðufjár sem unnt er að taka út með eins virks dags fyrirvara,
- b) viðkomandi hundraðshlutfall varasjóðs eigna í samræmi við vikulega lokagjalddaga, þ.m.t. hundraðshlutfall samninga um öfug endurhverf viðskipti sem eru uppsegjanlegir með fimm daga fyrirvara, eða hundraðshlutfall reiðufjár sem unnt er að taka út með fimm virkra daga fyrirvara,
- c) aðra lokagjalddaga sem skipta máli og almennar aðferðir við lausafjástýringu,
- d) lágmarksfjárhæðir í hverjum opinberum gjaldmiðli sem miðað er við sem skal geyma sem innstæður hjá lánastofnunum, sem mega ekki vera lægri en 30% af fjárhæðinni sem miðað er við í hverjum opinberum gjaldmiðli.

Að því er varðar a-, b- og c-lið annarrar undirgreinar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin m.a. taka tillit til viðeigandi viðmiðunarmarka sem mælt er fyrir um í 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Útgefendur sem bjóða út tvo eða fleiri eignatengda tóka á almennum markaði skulu starfrækja og viðhalda aðgreindum söfnum varasjóða eigna fyrir hvern eignatengdan tóka. Hverju þessara safna varasjóða eigna skal stýrt með aðgreindum hætti.

Ef mismunandi útgefendur eignatengdra tóka bjóða út sama eignatengda tókann á almennum markaði skulu þessir útgefendur einungis starfrækja og viðhalda einum varasjóði eigna fyrir þann eignatengda tóka.

6. Stjórnir og/eða framkvæmdastjórnir útgefenda eignatengdra tóka skulu tryggja skilvirka og skynsamlega stýringu varasjóðs eigna. Útgefendur skulu tryggja að á móti útgáfu og innlausn eignatengdra tóka komi ávallt samsvarandi aukning eða lækkun varasjóðs eigna.
7. Útgefandi eignatengds tóka skal ákvarða samanlagt virði viðkomandi varasjóðs eigna með því að nota markaðsverð. Samanlagt virði hans skal jafngilda a.m.k. samanlögðu virði krafna eigenda eignatengdra tóka í umferð á hendur útgefanda.
8. Útgefendur eignatengdra tóka skulu hafa skýra og ítarlega stefnu sem lýsir aðferðum við verðjöfnun slíkra tóka. Stefnan skal einkum:
- a) telja upp þær eignir sem eignatengdu tókarnir miðast við og samsetningu þeirra eigna,
 - b) lýsa tegundum eigna og ítarlega skiptingu þeirra eigna sem eru í varasjóði eigna,
 - c) fela í sér ítarlegt mat á þeim áhættuþáttum sem stafa af varasjóði eigna, þ.m.t. greiðslufallsáhættu, markaðsáhættu, samþjöppunaráhættu og lausafjáráhættu,
 - d) lýsa tilhöguninni við útgáfu og innlausn eignatengdu tókanna og tilhöguninni þegar slík útgáfa og innlausn leiðir til samsvarandi hækkunar eða lækkunar varasjóðs eigna,
 - e) geta þess hvort hluti varasjóðs eigna er fjárfestur eins og kveðið er á um í 38. gr.,
 - f) ef útgefendur eignatengdra tóka fjárfesta hluta af varasjóði eigna eins og kveðið er á um í 38. gr., lýsa fjárfestingarstefnunni ítarlega og hafa að geyma mat á því hvernig sú fjárfestingarstefna getur haft áhrif á virði viðkomandi varasjóðs eigna,
 - g) lýsa ferlinu við kaup á eignatengdum tókum og innlausn slíkra tóka í skiptum fyrir eignir í varasjóði eigna og telja upp þá aðila eða flokka aðila sem hafa til þess rétt.
9. Útgefendur eignatengdra tóka skulu, með fyrirvara um 12. mgr. 34. gr., láta gera óháða úttekt á varasjóði eigna á sex mánaða fresti þar sem lagt er mat á fylgni við reglur þessa kafla, frá og með þeim degi sem þeir fá starfsleyfi skv. 21. gr. eða frá og með dagsetningu staðfestingar á hvítbókinni um sýndareignimar skv. 17. gr.
10. Útgefandi skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu um niðurstöður úttektarinnar sem um getur í 9. mgr. án tafar og eigi síðar en sex vikum frá viðmiðunardagsetningu virðismatsins. Útgefandinn skal birta niðurstöður úttektarinnar innan tveggja vikna frá dagsetningu tilkynningarinnar til lögbæra yfirvaldsins. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að gefa útgefanda fyrirmæli um að fresta birtingu niðurstaðna úttektarinnar ef:
- a) útgefandanum hefur verið gert að hrinda í framkvæmd endurbótafyrirkomulagi eða -ráðstöfunum í samræmi við 3. mgr. 46. gr.,
 - b) útgefandanum hefur verið gert að framkvæma innlausnaráætlun í samræmi við 47. gr.,
 - c) það er talið nauðsynlegt til að vernda fjárhagslega hagsmuni eigenda eignatengda tókans,
 - d) það er talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir veruleg neikvæð áhrif á fjármálakerfi heimaaðildarríkisins eða annars aðildarríkis.
11. Mat á markaðsvirði, sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar skal framkvæmt á grundvelli færslu á markaðsvirði eins og hún er skilgreind í 8. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 ⁽³⁸⁾, þegar unnt er.

⁽³⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1131 frá 14. júní 2017 um peningamarkaðssjóði (Stjtið. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 8).

Þegar mati á markaðsvirði er beitt skal varasjóður eigna metinn út frá varfærnari hlið kaup-/sölugengis nema hægt sé að gera varasjóð eigna upp á miðverði markaðar. Einungis skal nota vönduð markaðsgögn og þau skulu metin á grundvelli allra eftirfarandi þátta:

- a) fjölda og gæða mótaðila,
- b) magns og veltu á markaðnum fyrir viðkomandi varasjóð eigna,
- c) stærðar viðkomandi varasjóðs eigna.

12. Ef ekki er hægt að nota markaðsvirði eins og um getur í 11. mgr. þessarar greinar eða markaðsgögnin eru ekki nægilega vönduð skal meta varasjóð eigna varlega með því að nota færslu á líkansvirði (e. *mark-to-model*) eins og hún er skilgreind í 9. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131.

Líkanið skal meta á nákvæman hátt innra virði (e. *intrinsic value*) varasjóðs eigna á grundvelli allra eftirfarandi uppfærðra lykilþátta:

- a) magns og veltu á markaði þess varasjóðs eigna,
- b) stærðar þess varasjóðs eigna,
- c) markaðsáhættu, vaxtaáhættu og greiðslufallsáhættu sem tengist þeim varasjóði eigna.

Þegar líkansvirði er notað skal ekki nota aðferð afskrifaðs kostnaðarverðs eins og hún er skilgreind í 10. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131.

37. gr.

Varsla varasjóðseigna

1. Útgefendur eignatengdra tóka skulu koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda vörslustefnum, verklagsreglum og samningum sem tryggja ávallt að:

- a) varasjóður eigna sé hvorki bundinn kvððum né veðsettur með samningi um fjárhagslega tryggingarráðstöfun eins og hann er skilgreindur í a-lið 1. mgr. 2 gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB ⁽³⁹⁾,
- b) varasjóður eigna sé í vörslu í samræmi við 6. mgr. þessarar greinar,
- c) útgefendur eignatengdra tóka hafi greiðan aðgang að varasjóði eigna til að verða við beiðnum um innlausn frá eigendum eignatengdra tóka,
- d) komið sé í veg fyrir samþjöppun vörsluadila varasjóðs eigna,
- e) komast hjá áhættu af samþjöppun varasjóðs eigna.

2. Útgefendur eignatengdra tóka sem gefa út tvo eða fleiri eignatengda tóka í Sambandinu skulu hafa vörslustefnu fyrir hvert safn varasjóða eigna. Mismunandi útgefendur eignatengdra tóka sem hafa gefið út sama eignatengda tókann skulu hafa og halda við einni og sömu vörslustefnunni.

3. Varasjóðseignirnar skulu vera í vörslu eins eða fleiri af eftirfarandi eigi síðar en fimm virkum dögum eftir útgáfudag eignatengda tókans:

- a) þjónustuveitanda sýndareigna sem hefur sýndareignir í vörslu og umsýslu sinni fyrir hönd viðskiptavina, ef varasjóðseignirnar eru í formi sýndareigna,
- b) lánastofnunar, fyrir allar tegundir varasjóðseigna,

⁽³⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um fjárhagslegar tryggingaráðstafanir (Stjtið. EB L 168, 27.6.2002, bls. 43).

- c) verðbréfafyrirtækis sem veitir viðbótarþjónustu í formi varðveislu og umsýslu fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavina eins og um getur í 1. lið B-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB, ef varasjóðaeignirnar eru í formi fjármálagerninga.

4. Útgefendur eignatengdra tóka skulu sýna tilhlýðilega aðgát, færni og kostgæfni við val, ráðningu og endurskoðun á þjónustuveitendum sýndareigna, lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum sem ráðin eru sem vörsluaðilar varasjóðseigna eins og um getur í 3. mgr. Vörsluaðilinn skal vera annar lögaðili en útgefandinn.

Útgefendur eignatengdra tóka skulu tryggja að þjónustuveitendur sýndareigna, lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki sem ráðin eru sem vörsluaðilar varasjóðseigna eins og um getur í 3. mgr. búi yfir nauðsynlegri sérfræðilekkingu og orðspori á markaði til að gegna hlutverki vörsluaðila slíkra varasjóðseigna, að teknu tilliti til reikningsskilaaðferða, varðveisluaðferða og innri eftirlitskerfa þessara þjónustuveitenda sýndareigna, lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Samningurinn milli útgefenda eignatengdra tóka og vörsluaðilanna skal tryggja að varasjóðseignirnar í vörslu séu varðar gegn kröfuhöfum vörsluaðilanna.

5. Í þeim vörslustefnum og verklagsreglum sem um getur í 1. mgr. skal setja fram viðmið um val við ráðningu þjónustuveitenda sýndareigna, lánastofnana eða verðbréfafyrirtækja sem vörsluaðila varasjóðseignanna og verklagsreglur um endurskoðun slíkra ráðninga.

Útgefendur eignatengdra tóka skulu endurskoða með reglubundnum hætti ráðningu þjónustuveitenda sýndareigna, lánastofnana eða verðbréfafyrirtækja sem vörsluaðila varasjóðseigna. Í þágu slíkrar endurskoðunar skulu útgefendur eignatengdra tóka meta áhættuskuldbindingar sínar vegna slíkra vörsluaðila, að teknu tilliti til heildarumfangs sambands síns við þá, og fylgjast með fjárhagsaðstæðum slíkra vörsluaðila á viðvarandi grundvelli.

6. Vörsluaðilar varasjóðseigna eins og um getur í 4. mgr. skulu tryggja að varsla varasjóðseignanna fari fram með eftirfarandi hætti:

- a) lánastofnanir skulu hafa fjármuni í vörslu á reikningi sem stofnaður er í bókum lánastofnunarinnar,
- b) að því er varðar fjármálagerninga sem unnt er að hafa í vörslu skulu lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki hafa í vörslu alla fjármálagerninga sem unnt er að skrá á vörslureikning fyrir fjármálagerninga sem stofnaður er í bókum lánastofnunarinnar eða verðbréfafyrirtækisins og alla fjármálagerninga sem unnt er að afhenda slíkum lánastofnunum eða verðbréfafyrirtækjum á áþreifanlegu formi,
- c) að því er varðar sýndareignir sem unnt er að hafa í vörslu skulu þjónustuveitendur sýndareigna hafa í vörslu sinni þær sýndareignir sem eru meðal varasjóðseignanna eða aðgangseidið að slíkum sýndareignum, eftir atvikum, í formi einkadulkóðunarlykla,
- d) að því er varðar aðrar eignir skulu lánastofnanirnar sannreyna eignarhald útgefenda eignatengdu tókanna og halda skrá yfir þær varasjóðseignir sem þær telja að útgefendur eignatengdu tókanna eigi.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skulu lánastofnanir tryggja að fjármunir séu skráðir í bækur lánastofnananna á aðgreindum reikningi í samræmi við ákvæði landslaga sem lögleiða 16. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB⁽⁴⁰⁾. Stofna skal þann reikning í nafni útgefenda eignatengdu tókanna í þeim tilgangi að stýra varasjóðseignum hvers eignatengds tóka þannig að unnt sé að ákvarða með skýrum hætti þá fjármuni í vörslu sem tilheyra hverjum varasjóði eigna.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skulu lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki tryggja að allir fjármálagerningar sem unnt er að skrá á fjármálagerningareikning sem stofnaður er í bókum lánastofnananna og bókum verðbréfafyrirtækjanna séu skráðir í bókum lánastofnananna og verðbréfafyrirtækjanna á aðgreindum reikningum í samræmi við ákvæði landslaga sem lögleiða 16. gr. tilskipunar 2006/73/EB. Stofna skal þann fjármálagerningareikning í nafni útgefenda eignatengdu tókanna í þeim tilgangi að stýra varasjóðseignum hvers eignatengds tóka þannig að unnt sé að ákvarða með skýrum hætti þá fjármálagerninga í vörslu sem tilheyra hverjum varasjóði eigna.

⁽⁴⁰⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun (Stjtið. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 26).

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skulu þjónustuveitendur sýndareigna stofna skrá yfir stöður á nafni útgefenda eignatengdu tókanna í þeim tilgangi að stýra varasjóðseignum hvers eignatengds tóka þannig að unnt sé að ákvarða með skýrum hætti þær sýndareignir í vörslu sem tilheyra hverjum varasjóði eigna.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar skal mat á því hvort útgefendur eignatengdra tóka eigi varasjóðseignirnar byggjast á upplýsingum eða gögnum sem útgefendur eignatengdu tókanna útvega og, séu þau tiltæk, á ytri gögnum.

7. Ráðningu þjónustuveitenda sýndareigna, lánastofnana eða verðbréfafyrirtækja sem vörsluaðila varasjóðseigna eins og um getur í 4. mgr. þessarar greinar skal staðfesta með samningi eins og um getur í annarri undirgrein 5. mgr. 34. gr. Með slíku samningsbundnu fyrirkomulagi skal m.a. stýra flæði þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að gera útgefendum eignatengdu tókanna og þjónustuveitendum sýndareigna, lánastofnnum og verðbréfafyrirtækjum kleift að sinna hlutverki sínu sem vörsluaðilar.

8. Þjónustuveitendur sýndareigna, lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki sem ráðin eru sem vörsluaðilar í samræmi við 4. mgr. skulu starfa af heiðarleika, sanngirni, fagmennsku, á óháðan hátt og í þágu útgefenda eignatengdu tókanna og eigenda slíkra tóka.

9. Þjónustuveitendur sýndareigna, lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki sem ráðin eru sem vörsluaðilar í samræmi við 4. mgr. skulu ekki stunda starfsemi í tengslum við útgefendur eignatengdu tókanna sem gæti valdið hagsmunaárekstrum milli þessara útgefenda, eigenda tókanna og þeirra sjálfra nema öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) þjónustuveitendur sýndareignanna, lánastofnanimar eða verðbréfafyrirtækin hafi, bæði hlutverkslega og hvað varðar stigskiptingu, aðskilið framkvæmd vörsluverkefna sinna frá þeim verkefnum sínum sem gætu valdið hagsmunaárekstrum,
- b) útgefendur eignatengdu tókanna hafi skilgreint, vakt að og stjórnað mögulega hagsmunaárekstra á tilhlýðilegan hátt og þeir birtir eigendum eignatengdu tókanna í samræmi við 32. gr.

10. Ef fjármálagerningur eða sýndareign sem er í vörslu skv. 6. mgr. tapast skal þjónustuveitandi sýndareignanna, lánastofnunin eða verðbréfafyrirtækið sem tapaði þeim fjármálagerningi eða sýndareign bæta útgefanda eignatengda tókans eða endurgreiða honum það með fjármálagerningi eða sýndareign af sams konar tegund eða samsvarandi virði án ástæðulausrar tafar. Þjónustuveitandi sýndareignanna, lánastofnunin eða verðbréfafyrirtækið skal ekki bera bóta- eða endurgreiðsluskyldu ef unnt er að færa sönnur á að tapið sé til komið vegna ytri atburðar sem ekki er raunhæft að telja á valdi hans, hennar eða þess og sem ekki var unnt að koma í veg fyrir með eðlilegum ráðstöfunum.

38. gr.

Fjárfestingar varasjóðs eigna

1. Útgefendur eignatengdra tóka sem fjárfesta hluta af varasjóði eigna skulu einungis fjárfesta þessar eignir í auðseljanlegum fjármálagerningum sem bera hverfandi markaðsáhættu, greiðslufallsáhættu og samþjöppunaráhættu. Fjárfestingarnar skal vera unnt að selja fljótt með hverfandi neikvæðum áhrifum á verð.

2. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði (UCITS-sjóði) skulu teljast til eigna sem bera hverfandi markaðsáhættu, greiðslufallsáhættu og samþjöppunaráhættu að því er varðar 1. mgr. ef sá verðbréfasjóður fjárfestir eingöngu í eignum eins og tilgreint er nánar af Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni í samræmi við 5. mgr. og ef útgefandi eignatengda tókans tryggir að varasjóður eigna sé fjárfestur með hætti sem lágmarkar samþjöppunaráhættu.

3. Þeir fjármálagerningar sem varasjóður eigna er fjárfestur í skulu vera í vörslu í samræmi við 37. gr.

4. Útgefandi eignatengda tókans skal bera allan hagnað eða tap, þ.m.t. vegna flökts á virði fjármálagerninganna sem um getur í 1. mgr., og mótaðila- eða rekstraráhættu sem stafar af fjárfestingum varasjóðs eigna.
5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Seðlabanka Evrópu semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina þá fjármálagerninga sem teljast auðseljanlegir og bera hverfandi markaðsáhættu, greiðslufallsáhættu og samþjöppunaráhættu eins og um getur í 1. mgr. Þegar Evrópska bankaftirlitsstofnunin tilgreinir þessa fjármálagerninga skal hún taka tillit til:
- a) mismunandi tegunda eigna sem eignatengdur tóki getur miðast við,
 - b) fylgni milli þeirra eigna sem eignatengdi tókinn miðast við og þeirra auðseljanlegu fjármálagerninga sem útgefandinn kynni að fjárfesta í,
 - c) kröfunnar um lausafjárþekju sem vísað er til í 412. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og eins og nánar greinir í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 ⁽⁴¹⁾,
 - d) takmarkana á samþjöppun sem koma í veg fyrir að útgefandinn:
 - i. fjárfesti meira en tiltekið hundraðshlutfall varasjóðseigna í auðseljanlegum fjármálagerningum með hverfandi markaðs-áhættu, greiðslufallsáhættu og samþjöppunaráhættu sem einn aðili gefur út,
 - ii. hafi í vörslu meira en tiltekið hundraðshlutfall sýndareigna eða eigna hjá þjónustuveitendum sýndareigna eða lána-stofnunum sem tilheyra sömu samstæðu, eins og hún er skilgreind í 11. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ⁽⁴²⁾, eða fjárfestingarfyrirtækjum.

Að því er varðar i. lið d-liðar fyrstu undirgreinar skal Evrópska bankaftirlitsstofnunin setja viðeigandi mörk til að ákvarða kröfur í tengslum við samþjöppun. Meðal annars skal taka tillit til viðkomandi viðmiðunarmarka sem mælt er fyrir um í 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

39. gr.

Réttur til innlausnar

1. Eigendur eignatengdra tóka skulu ávallt hafa rétt til innlausnar gagnvart útgefendum eignatengdu tókanna og að því er varðar varasjóðeignir þegar útgefendunum er ókleift að uppfylla skuldbindingar sínar eins og um getur í 6. kafla þessa bálks. Útgefendur skulu koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda skýrum og ítarlegum stefnum og verklagsreglum að því er varðar slíkan varanlegan rétt til innlausnar.
2. Útgefandi eignatengdra tóka skal að beiðni eiganda eignatengds tóka framkvæma innlausn annaðhvort með því að greiða fjárhæð í fjármunum, öðrum en rafeyri, sem jafngildir markaðsvirði eignarinnar sem eignatengdi tókinn miðast við, eða með því að afhenda eignirnar sem tókinn miðast við. Útgefendur skulu setja stefnu um slíkan varanlegan innlausnarrétt þar sem eftirfarandi kemur fram:
- a) skilyrði, þ.m.t. viðmiðunarmörk, tímabil og tímarammar, þess að eigendur eignatengdra tóka neyti slíks réttar til innlausnar,
 - b) tilhögun og verklag til að tryggja innlausn eignatengdra tóka, þ.m.t. við erfiðar markaðsaðstæður, sem og í tengslum við framkvæmd endurbótaáætlunarinnar sem getið er um í 46. gr. eða, ef um er að ræða skipulega innlausn eignatengdra tóka, skv. 47. gr.,

⁽⁴¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 frá 10. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lausafjárþekjukröfu fyrir lánastofnanir (Stjtið. ESB L 11, 17.1.2015, bls. 1).

⁽⁴²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

- c) mat, eða meginreglur mats, á eignatengdum tókum og varasjóðseignum þegar eigandi eignatengdra tóka nýtir innlausnar-réttinn, þ.m.t. með matsaðferðinni sem um getur í 11. mgr. 36. gr.,
- d) skilyrðin fyrir uppgjöri innlausnar og
- e) þær ráðstafanir sem útgefendur gera til að hafa viðunandi stjórn á hækkunum eða lækkunum í varasjóði eigna til að komast hjá neikvæðum áhrifum á markað varasjóðsins.

Ef útgefendur taka við greiðslu í öðrum fjármunum en rafeyri og sem er í opinberum gjaldmiðli við sölu eignatengds tóka skulu þeir ávallt bjóða upp á þann valkost að innleysa tókann í öðrum fjármunum en rafeyri og í þeim sama opinbera gjaldmiðli.

- 3. Með fyrirvara um 46. gr. skal innlausn eignatengdra tóka ekki vera gjaldskyld.

40. gr.

Bann við greiðslu vaxta

- 1. Útgefendur eignatengdra tóka skulu ekki greiða vexti í tengslum við eignatengda tóka.
- 2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu ekki greiða vexti þegar þeir veita þjónustu á sviði sýndareigna í tengslum við eignatengda tóka.
- 3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skal fara með hvers konar greiðslu eða annan ávinning sem tengist lengd þess tímabils sem eigandi eignatengdra tóka hefur þá í eigu sinni sem vexti. Þar með teljast nettógreiðslur eða afslættir sem hafa samsvarandi áhrif og vextir sem eigandi eignatengdu tókanna fær beint frá útgefanda eða þriðja aðila og tengjast beint eignatengdu tókunum eða í formi greiðslu fyrir eða verðlagningar annarra afurða.

4. KAFLI

Kaup í útgefendum eignatengdra tóka

41. gr.

Mat á fyrirhuguðum kaupum í útgefendum eignatengdra tóka

- 1. Einstaklingar eða lögaðilar eða slíkir aðilar í samstarfi sem hyggjast, beint eða óbeint, kaupa („fyrirhugaður kaupandi“) virkan eignarhlut í útgefanda eignatengds tóka eða auka, beint eða óbeint, virkan eignarhlut sinn þannig að hlutfall atkvæða eða hlutafjár sem þeir fara með nemi eða fari yfir 20%, 30% eða 50%, eða þannig að útgefandi eignatengda tókans verði dótturfélag þeirra, skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi viðkomandi útgefanda um það skriflega og tilgreina stærð fyrirhugaðs eignarhlutar og þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt tæknilegum eftirlitsstöðlum sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 4. mgr. 42. gr.
- 2. Einstaklingur eða lögaðili sem hefur tekið ákvörðun um að ráðstafa, beint eða óbeint, virkum eignarhlut í útgefanda eignatengds tóka skal áður en eignarhlutnum er ráðstafað tilkynna lögbæra yfirvaldinu skriflega um ákvörðun sína og tilgreina stærð eignarhlutarins. Sá aðili skal einnig gera lögbæra yfirvaldinu viðvart ef hann hefur tekið ákvörðun um að minnka virkan eignarhlut sinn þannig að það hlutfall atkvæða eða hlutafjár sem hann fer með fari niður fyrir 10 %, 20%, 30% eða 50%, eða þannig að útgefandi eignatengda tókans verði ekki lengur dótturfélag þess aðila.
- 3. Lögbæra yfirvaldið skal án tafar og eigi síðar en innan tveggja virkra daga frá móttöku tilkynningar skv. 1. mgr. staðfesta móttöku hennar skriflega.
- 4. Lögbæra yfirvaldið skal meta fyrirhuguð kaup eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar og þær upplýsingar sem tilskildar eru í þeim tæknilegu eftirlitsstöðlum sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 4. mgr. 42. gr., innan 60 virkra daga frá skriflegri staðfestingu móttöku eins og um getur í 3. mgr. þessarar greinar. Þegar lögbæra yfirvaldið staðfestir móttöku tilkynningarinnar skal það tilkynna fyrirhuguðum kaupanda um daginn sem matsfresturinn rennur út.
- 5. Við framkvæmd mats eins og um getur í 4. mgr. er lögbæra yfirvaldinu heimilt að óska eftir þeim viðbótarupplýsingum frá fyrirhuguðum kaupanda sem nauðsynlegar eru til að ljúka við matið. Slíka beiðni skal leggja fram áður en matinu lýkur og eigi síðar en á 50. virka degi frá dagsetningu skriflegrar staðfestingar móttöku eins og um getur í 3. mgr. Slíkar beiðnir skulu vera skriflegar og í þeim skal tilgreina þær viðbótarupplýsingar sem þörf er á.

Lögbæra yfirvaldið skal gera hlé matstímabilinu sem um getur í 4. mgr. þar til því hafa borist þær viðbótarupplýsingar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Hléið má ekki vara lengur en 20 virka daga. Frekari beiðnir lögbærs yfirvalds um viðbótarupplýsingar eða nánari útlistun á þeim upplýsingum sem berast skulu ekki leiða til viðbótarhlés á matstímabilinu.

Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að framlengja tímabundna hléið sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar um allt að 30 virka daga ef fyrirhugaður kaupandi er staðsettur utan Sambandsins eða lýtur eftirliti samkvæmt löggjöf þriðja lands.

6. Lögbært yfirvald sem ákveður að loknu mati eins og um getur í 4. mgr. að andmæla fyrirhuguðum kaupum eins og um getur í 1. mgr. skal tilkynna fyrirhuguðum kaupanda um það innan tveggja virkra daga og eigi síðar en fyrir daginn sem um getur í 4. mgr. að meðtöldum framlengingum, eftir atvikum, í samræmi við aðra og þriðju undirgrein 5. mgr. Í tilkynningunni skal tilgreina ástæður slíkrar ákvörðunar.

7. Andmæli lögbæra yfirvaldið ekki fyrirhuguðum kaupum eins og um getur í 1. mgr. fyrir daginn sem um getur í 4. mgr. að meðtöldum framlengingum, eftir atvikum, í samræmi við aðra og þriðju undirgrein 5. mgr. skulu fyrirhuguð kaup teljast samþykkt.

8. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að ákvarða hámarksfrest til að ljúka fyrirhuguðum kaupum sem um getur í 1. mgr. og framlengja hann eftir því sem við á.

42. gr.

Efni mats á fyrirhuguðum kaupum í útgefendum eignatengdra tóka

1. Við framkvæmd mats sem um getur í 4. mgr. 41. gr. skal lögbæra yfirvaldið meta hæfi fyrirhugaðs kaupanda og hversu fjárhagslega traust fyrirhuguð kaup sem um getur í 1. mgr. 41. gr. eru á grundvelli allra eftirfarandi viðmiða:

- a) orðspors fyrirhugaðs kaupanda,
- b) orðspors, þekkingar, hæfni og reynslu hvers aðila sem mun stjórna starfsemi útgefanda eignatengda tókans í kjölfar fyrirhugaðra kaupa,
- c) fjárhagslegs heilbrigðis fyrirhugaðs kaupanda, einkum í tengslum við þá tegund starfsemi sem áformuð og stunduð er í tengslum við útgefanda eignatengda tókans,
- d) hvort útgefandi eignatengda tókans muni geta hlítt og haldið áfram að hlíta ákvæðum þessa bálks,
- e) hvort rökstuddur grunur sé um að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka í skilningi 3. og 5. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, í þeirri röð, eigi sér stað, hafi átt sér stað eða tilraun hafi verið gerð til slíks í tengslum við fyrirhuguð kaup eða hvort fyrirhuguð kaup gæti aukið hættu á slíku.

2. Lögbæra yfirvaldinu er aðeins heimilt að andmæla fyrirhuguðum kaupum ef til þess liggja gildar ástæður á grundvelli þeirra viðmiða sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar eða þegar þær upplýsingar sem veittar eru í samræmi við 4. mgr. 41. gr. eru ófullnægjandi eða rangar.

3. Aðildarríki skulu hvorki setja nein fyrirframskiðyrði um stærð virks eignarhlutar sem verður að kaupa samkvæmt þessari reglugerð né heimila lögbærum yfirvöldum sínum að kanna fyrirhuguð kaup með tilliti til hagrænna þarfa markaðarins.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nákvæmlega efni þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið sem um getur í fyrstu undirgrein 4. mgr. 41. gr. Upplýsingarnar sem krafist er skulu skipta máli við varfærnismat, vera í samræmi við meðalhof og lagaðar að eðli fyrirhugaðs kaupanda og fyrirhugaðra kaupa sem um getur í 1. mgr. 41. gr.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. KAFLI

Mikilvægir eignatengdir tókar

43. gr.

Flokkun eignatengdra tóka sem mikilvægra eignatengdra tóka

1. Þau viðmið sem notuð eru til að flokka eignatengda tóka sem mikilvæga eignatengda tóka skulu vera eftirfarandi, eins og nánar er tilgreint í framseldum gerðum sem samþykktar eru skv. 11. mgr.:

- a) eigendur eignatengdu tókanna séu fleiri en 10 milljónir,
- b) virði hins útgefna eignatengda tóka, markaðsverðmæti hans eða stærð varasjóðs eigna útgefanda eignatengda tókans sé yfir 5 000 000 000 evrum,
- c) meðalfjöldi og meðaltal samanlagðs verðmætis viðskipta með viðkomandi eignatengdan tóka á dag á viðkomandi tímabili sé yfir 2,5 milljónum viðskipta og 500 000 000 evrum, í þeirri röð,
- d) útgefandi eignatengda tókans sé veitandi þjónustu fyrir grunnvettvang sem telst hliðvörður í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/1925 ⁽⁴³⁾,
- e) mikilvægi starfsemi útgefanda eignatengda tókans á alþjóðlegan mælikvarða, þ.m.t. notkun eignatengda tókans til greiðslna og peningasendinga,
- f) samtenging eignatengda tókans eða útgefenda hans við fjármálakerfið,
- g) sú staðreynd að sami útgefandi gefi út a.m.k. einn eignatengdan tóka eða rafeyristóka til viðbótar og veiti a.m.k. eina tegund þjónustu á sviði sýndareigna.

2. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal flokka eignatengda tóka sem mikilvæga eignatengda tóka ef a.m.k. þrjú af viðmiðunum sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar eru uppfyllt:

- a) á tímabilinu sem fyrsta upplýsingaskýrslan eins og um getur í 4. mgr. þessarar greinar tekur til, eftir starfsleyfisveitingu skv. 21. gr. eða eftir samþykki á hvítbók um sýndareign skv. 17. gr., eða
- b) á tímabilinu sem a.m.k. tvær upplýsingaskýrslur í röð eins og um getur í 4. mgr. þessarar greinar taka til.

3. Ef fleiri en einn útgefandi gefa út sama eignatengda tókann skal uppfylling þeirra viðmiða sem sett eru fram í 1. mgr. metin að lokinni samantekt gagna frá öllum viðkomandi útgefendum.

4. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis útgefandans skulu veita Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni og Seðlabanka Evrópu þær upplýsingar sem skipta máli við mat á því hvort viðmiðin sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar séu uppfyllt, þ.m.t., ef við á, þær upplýsingar sem berast skv. 22. gr., a.m.k. tvisvar á ári.

Ef útgefandinn hefur staðfestu í aðildarríki sem hefur ekki evru sem opinberan gjaldmiðil, eða eignatengdi tókinn miðast við opinberan gjaldmiðil aðildarríkis sem ekki er evran, skulu lögbær yfirvöld einnig senda upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein til seðlabanka þess aðildarríkis.

5. Komist Evrópska bankaefirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að eignatengdur tóki uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. í samræmi við 2. mgr. skal hún semja drög að ákvörðun um að flokka eignatengda tókann sem mikilvægan eignatengdan tóka og tilkynna útgefanda þess eignatengda tóka, lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis útgefandans, Seðlabanka Evrópu og, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr., seðlabanka hlutaðeigandi aðildarríkis um drögin að ákvörðuninni.

⁽⁴³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/1925 frá 14. september 2022 um opna og sanngjarna markaði í stafræna geiranum og breytingu á tilskipunum (ESB) 2019/1937 og (ESB) 2020/1828 (gerð um stafræna markaði) (Stjtið. ESB L 265, 12.10.2022, bls. 1).

Útgefendur slíkra eignatengdra tóka, lögbær yfirvöld þeirra, Seðlabanki Evrópu og, eftir atvikum, seðlabanki hlutaðeigandi aðildarríkis skulu hafa 20 virka daga frá dagsetningu tilkynningar um drög að ákvörðun Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar til að leggja fram skriflegar athugasemdir. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal taka tilhlýðilegt tillit til slíkra athugasemda áður en hún tekur endanlega ákvörðun.

6. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal taka endanlega ákvörðun um hvort flokka skuli eignatengdan tóka sem mikilvægan eignatengdan tóka innan 60 virkra daga frá tilkynningardeginum sem um getur í 5. mgr. og tilkynna útgefanda slíks eignatengds tóka og lögbæru yfirvaldi hans tafarlaust um þá ákvörðun.

7. Ef eignatengdur tóki hefur verið flokkaður sem mikilvægur samkvæmt ákvörðun Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar sem tekin er í samræmi við 6. mgr. skulu eftirlitsskyldur að því er varðar útgefanda þess eignatengda tóka flytjast frá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis útgefandans til Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar innan 20 virkra daga frá dagsetningu tilkynningarinnar um þá ákvörðun.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin og lögbæra yfirvaldið skulu vinna saman að því að tryggja snurðulausa yfirfærslu eftirlitsvaldheimilda.

8. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal árlega endurmeta flokkun mikilvægra eignatengdra tóka á grundvelli tiltækra upplýsinga, þ.m.t. úr þeim skýrslum sem um getur í 4. mgr. eða upplýsingum sem berast skv. 22. gr.

Komist Evrópska bankaefirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að tilteknir eignatengdir tókar uppfylli ekki lengur skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. í samræmi við 2. mgr. skal stofnunin semja drög að ákvörðun um að flokka eignatengda tókann sem mikilvægan og tilkynna útgefendum þessara eignatengdu tóka, lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis þeirra, Seðlabanka Evrópu og, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr., seðlabanka hlutaðeigandi aðildarríkis um drögin að ákvörðuninni.

Útgefendur slíkra eignatengdra tóka, lögbær yfirvöld þeirra, Seðlabanki Evrópu og seðlabankinn sem um getur í 4. mgr. skulu hafa 20 virka daga frá dagsetningu tilkynningar um slík drög að ákvörðun til að leggja fram skriflegar athugasemdir. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal taka tilhlýðilegt tillit til slíkra athugasemda áður en hún tekur endanlega ákvörðun.

9. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal taka endanlega ákvörðun um hvort ekki skuli lengur flokka eignatengdan tóka sem mikilvægan innan 60 virkra daga frá tilkynningardeginum sem um getur í 8. mgr. og tilkynna útgefanda slíkra eignatengdra tóka og lögbæru yfirvaldi hans tafarlaust um þá ákvörðun.

10. Ef eignatengdur tóki er ekki lengur flokkaður sem mikilvægur samkvæmt ákvörðun Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar sem tekin er í samræmi við 9. mgr. skulu eftirlitsskyldur að því er varðar útgefanda þess eignatengda tóka flytjast frá Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis útgefandans innan 20 virkra daga frá dagsetningu tilkynningarinnar um þá ákvörðun.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin og lögbæra yfirvaldið skulu vinna saman að því að tryggja snurðulausa yfirfærslu eftirlitsvaldheimilda.

11. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 139. gr. til viðbótar við þessa reglugerð með því að tilgreina nánar þau viðmið sem sett eru fram í 1. mgr. til flokkunar á eignatengdum tóka sem mikilvægum og ákvarða:

- a) við hvaða aðstæður starfsemi útgefanda eignatengda tókans telst mikilvæg á alþjóðlegan mælikvarða utan Sambandsins,
- b) við hvaða aðstæður skuli telja eignatengda tóka og útgefendur þeirra samtengda fjármálakerfinu,
- c) efni og snið þeirra upplýsinga sem lögbær yfirvöld veita Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni og Seðlabanka Evrópu skv. 4. mgr. þessarar greinar og 3. mgr. 56. gr.

44. gr.

Flokkun eignatengdra tóka að eigin frumkvæði sem mikilvægra eignatengdra tóka

1. Útgefendum eignatengdra tóka er heimilt að tilgreina í umsókn sinni um starfsleyfi skv. 18. gr. eða í tilkynningu sinni skv. 17. gr. að þeir óski eftir því að eignatengdir tókar þeirra séu flokkaðir sem mikilvægir eignatengdir tókar. Í slíkum tilvikum skal lögbæra yfirvaldið án tafar tilkynna Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni, Seðlabanka Evrópu og, í þeim tilvikum sem um getur í 4. mgr. 43. gr., seðlabanka hlutaðeigandi aðildarríkis um slíka beiðni útgefandans sem sækir um.

Til þess að flokka megi eignatengdan tóka sem mikilvægan samkvæmt þessari grein skal útgefandinn sem sækir um sýna fram á, með ítarlegri starfsáætlun eins og um getur í i. lið b-liðar 1. mgr. 17. gr. og d-lið 2. mgr. 18. gr., að líklegt sé að hann uppfylli a.m.k. þrjú þeirra viðmiða sem sett eru fram í 1. mgr. 43. gr.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal innan 20 virkra daga frá tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar semja drög að ákvörðun þar sem fram kemur álit hennar á grundvelli starfsáætlunarinnar á því hvort eignatengdi tókinn uppfylli eða sé líklegur til að uppfylla a.m.k. þrjú þeirra viðmiða sem sett eru fram í 1. mgr. 43. gr. og tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaadildarríkis útgefandans sem sækir um, Seðlabanka Evrópu og, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 43. gr., seðlabanka hlutaðeigandi aðildarríkis um þau drög að ákvörðun.

Lögbær yfirvöld útgefenda slíkra eignatengdra tóka, Seðlabanki Evrópu og, eftir atvikum, seðlabanki hlutaðeigandi aðildarríkis skulu hafa 20 virkra daga frá dagsetningu tilkynningar um slík drög að ákvörðun til að leggja fram skriflegar athugasemdir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka tilhlýðilegt tillit til slíkra athugasemda áður en hún tekur endanlega ákvörðun. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka tilhlýðilegt tillit til slíkra athugasemda áður en hún tekur endanlega ákvörðun.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka endanlega ákvörðun um hvort flokka skuli eignatengdan tóka sem mikilvægan eignatengdan tóka innan 60 virkra daga frá tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. og tilkynna útgefanda slíks eignatengds tóka sem sækir um og lögbæru yfirvaldi hans tafarlaust um þá ákvörðun.

4. Ef eignatengdir tókar hafa verið flokkaðir sem mikilvægir samkvæmt ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem tekin er í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar skulu eftirlitsskyldur að því er varðar útgefendur þessara eignatengdu tóka flytjast frá lögbæra yfirvaldinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar á dagsetningu ákvörðunar lögbæra yfirvaldsins um að veita starfsleyfið sem um getur í 1. mgr. 21. gr. eða á þeim degi sem hvítbókin um sýndareignina er samþykkt skv. 17. gr.

45. gr.

Sértækar viðbótarskuldbindingar fyrir útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka

1. Útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka skulu koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda starfskjarastefnu sem stuðlar að traustri og skilvirkri áhættustýringu slíkra útgefenda og sem skapar ekki hvata til að slaka á kröfum í tengslum við áhættu.

2. Útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka skulu tryggja að slíkir tókar geti verið í vörslu mismunandi þjónustuveitenda sýndareigna sem hafa starfsleyfi til vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina, þ.m.t. þjónustuveitenda sýndareigna sem tilheyra ekki sömu samstæðu eins og hún er skilgreind í 11. lið 2. tilskipunar 2013/34/ESB, á sanngjörnum og eðlilegum grundvelli án mismununar.

3. Útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka skulu meta og fylgjast með lausafjárþörf til að geta orðið við beiðnum eigenda eignatengdra tóka um innlausn þeirra. Í þeim tilgangi skulu útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda stefnu og verklagsreglum um lausafjárstýringu. Þessi stefna og þessar verklagsreglur skulu tryggja að lausafjárnið varasjóðseignanna sé álagsþolið og geri viðkomandi útgefendum mikilvægra eignatengdra tóka kleift að halda áfram eðlilegum rekstri, þ.m.t. við sviðsmýndir þar sem lausafjárálags gætir.

4. Útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka skulu reglulega framkvæma lausafjárálagspróf. Með hliðsjón af niðurstöðu slíkra prófa er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að ákveða að herða þær lausafjárkröfur sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 7. mgr. þessarar greinar og í 4. mgr. 36. gr.

Ef útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka bjóða upp á tvo eða fleiri eignatengda tóka eða veita þjónustu á sviði sýndareigna skulu þessi álagspróf taka til allrar starfseminnar á ítarlegan og heildstæðan hátt.

5. Hundradshlutfallið sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 35. gr. skal vera 3% af meðalfjárhæð varasjóðseignanna fyrir útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka.

6. Þegar fleiri en einn útgefandi bjóða sama mikilvæga eignatengda tókann gilda ákvæði 1.–5. mgr. um hvern útgefanda.

Ef úttefandi býður upp á tvo eða fleiri eignatengda tóka í Sambandinu og a.m.k. einn þessara eignatengdu tóka er flokkaður sem mikilvægur skulu 1.–5. mgr. gilda um þann úttefanda.

7. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðsefirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

- a) lágmarkspætti fyrirkomulags stjórnarhátta varðandi starfskjarastefnuna sem um getur í 1. mgr.,
- b) lágmarkspættir stefnu og verklagsreglna við lausafjárstýringu sbr. 3. mgr. og lausafjárkröfur, m.a. með því að tilgreina lágmarksfjárhæð innstæðna í hverjum opinberum gjaldmiðli sem miðað er við, sem má ekki vera lægri en 60% af fjárhæðinni sem miðað er við í hverjum opinberum gjaldmiðli,
- c) ferlið og tímarammann sem úttefandi mikilvægs eignatengds tóka hefur til að aðlaga fjárhæð eiginfjárgrunns síns eins og krafist er skv. 5. mgr.

Ef um er að ræða lánastofnanir skal Evrópska bankaefirlitsstofnunin kvarða tæknistaðlana með tilliti til hugsanlegs samspils milli krafna samkvæmt reglum sem komið er á með þessari reglugerð og krafna samkvæmt reglum sem komið er á með öðrum laga-gerðum Sambandsins.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

8. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðsefirlitsstofnunina og Seðlabanka Evrópu gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 með það fyrir augum að koma á sam-eiginlegum viðmiðunarþáttum sviðsmynda álagsprófunar sem eiga að vera hluti þeirra álagsprófa sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar. Þessar viðmiðunarreglur skulu uppfærðar reglulega að teknu tilliti til nýjustu markaðspróunar.

6. KAFLI

Endurbóta- og innlausnaráætlanir

46. gr.

Endurbótaáætlun

1. Úttefandi eignatengds tóka skal semja og viðhalda endurbótaáætlun um ráðstafanir sem hann skal gera til að uppfylla aftur þær kröfur sem gilda um varasjóð eigna í tilvikum þar sem hann uppfyllir þær ekki.

Endurbótaáætlunin skal einnig taka til þess að viðhalda þeirri þjónustu úttefanda sem tengist eignatengda tóknum, tímanlegrar endurheimtar á starfsemi og efnda á skuldbindingum úttefanda í tilvikum þar sem veruleg hætta er á að starfsemin raskist.

Endurbótaáætlunin skal tilgreina viðeigandi skilyrði og ferli til að tryggja tímanlega framkvæmd endurbótaðgerða, sem og ýmsa valkosti um endurbætur, þ.m.t.:

- a) lausafjárgjöld (e. *liquidity fees*) á innlausnir,
- b) takmarkanir á þá fjárhæð eignatengda tókans sem unnt er að innleysa á virkum degi,
- c) tímabundin stöðvun innlausna.

2. Úttefandi eignatengda tókans skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu um endurbótaáætlunina innan sex mánaða frá dagsetningu starfsleyfis skv. 21. gr. eða innan sex mánaða frá dagsetningu samþykkis á hvítbókinni um sýndareignina skv. 17. gr. Lögbæra yfirvaldið skal krefjast breytinga á endurbótaáætluninni ef nauðsyn krefur til að tryggja rétta framkvæmd hennar og skal tilkynna úttefandanum um ákvörðun sína um að óska eftir slíkum breytingum innan 40 virkra daga frá dagsetningu tilkynningarinnar um áætlunina. Úttefandinn skal hrinda þeirri ákvörðun í framkvæmd innan 40 virkra daga frá dagsetningu tilkynningarinnar um ákvörðunina. Úttefandinn skal endurskoða og uppfæra endurbótaáætlunina reglulega.

Útgefandinn skal einnig, eftir atvikum, tilkynna skila- og varfærnisefirlitsyfirvöldum sínum um endurbótaáætlunina samhliða lögbæra yfirvaldinu.

3. Ef útgefandinn uppfyllir ekki þær kröfur sem gilda um varasjóð eigna eins og um getur í 3. kafla þessa bálks eða líklegt er í náinni framtíð, vegna ört versnandi fjárhagsstöðu, að hann uppfylli þær ekki skal lögbæra yfirvaldið, til að tryggja að farið sé að viðeigandi kröfum, hafa vald til að gera útgefandanum að framkvæma einn eða fleiri af þeim þáttum fyrirkomulagsins eða eina eða fleiri af ráðstöfunum sem koma fram í endurbótaáætluninni eða uppfæra hana ef aðstæður eru aðrar en þær sem gert er ráð fyrir í upphaflegu endurbótaáætluninni og að framkvæma einn eða fleiri af þeim þáttum fyrirkomulagsins eða eina eða fleiri af ráðstöfunum sem koma fram í uppfærðu áætluninni innan tiltekins tímaramma.

4. Við þær aðstæður sem um getur í 3. mgr. skal lögbæra yfirvaldið hafa heimild til að fresta innlausn eignatengdra tóka, að því tilskildu að frestunin sé réttlætanager með hliðsjón af hagsmunum eigenda eignatengdra tóka og fjármálastöðugleika.

5. Lögbæra yfirvaldið skal, eftir atvikum, tilkynna skilastjórnvöldum og varfærnisefirlitsyfirvöldum útgefandans um allar ráðstafanir sem gerðar eru skv. 3. og 4. mgr.

6. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðsefirlitsstofnunina, gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 sem tilgreina nánar snið endurbótaáætlunarinnar og upplýsingarnar sem veita skal í henni.

47. gr.

Innlausnaráætlun

1. Útgefandi eignatengds tóka skal gera og viðhalda aðgerðaáætlun til að styðja við skipulega innlausn hvers eignatengds tóka og skal hún framkvæmd ef lögbæra yfirvaldið ákveður að útgefandinn sé ófær um eða líklegt sé að hann verði ófær um að uppfylla skuldbindingar sínar, þ.m.t. við ógjaldfærni eða, eftir atvikum, skilameðferð eða ef starfsleyfi útgefandans er afturkallað, með fyrirvara um að fyrirbyggjandi aðgerðir eða neyðaraðgerðir hefjist eins og þær eru skilgreindar í 101. og 102. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, í þeirri röð, eða skilaaðgerð eins og hún er skilgreind í 11. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/23⁽⁴⁴⁾.

2. Innlausnaráætlunin skal sýna fram á getu útgefanda eignatengda tókans til að framkvæma innlausn á útstandandi eignatengda tóknum sem gefinn hefur verið út, án þess að valda óþörfum fjárhagslegum skaða fyrir eigendur hans eða stöðugleika markaða varasjóðseignanna.

Innlausnaráætlunin skal fela í sér samning, verklagsreglur og kerfi, þ.m.t. að skipaður sé bráðabirgðastjórnandi í samræmi við gildandi lög til að tryggja jafnræði allra eigenda eignatengdra tóka og til að tryggja að eigendur eignatengdra tóka fái tímanlega greitt með söluandvirði eftirstandandi varasjóðseigna.

Innlausnaráætlunin skal tryggja samfellu mikilvægrar starfsemi sem er nauðsynleg til skipulegrar innlausnar og sem er framkvæmd af útgefendum eða þriðja aðila.

3. Útgefandi eignatengda tókans skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu um innlausnaráætlunina innan sex mánaða frá dagsetningu starfsleyfis skv. 21. gr. eða innan sex mánaða frá dagsetningu samþykkis hvítbókarinnar um sýndareignina skv. 17. gr. Lögbæra yfirvaldið skal krefjast breytinga á innlausnaráætluninni ef nauðsyn krefur til að tryggja rétta framkvæmd hennar og skal tilkynna útgefandanum um ákvörðun sína um að óska eftir slíkum breytingum innan 40 virkra daga frá dagsetningu tilkynningarinnar um áætlunina. Útgefandinn skal hrinda þeirri ákvörðun í framkvæmd innan 40 virkra daga frá dagsetningu tilkynningarinnar um ákvörðunina. Útgefandinn skal endurskoða og uppfæra innlausnaráætlunina reglulega.

4. Lögbæra yfirvaldið skal, eftir atvikum, tilkynna skilastjórnvaldi og varfærnisefirlitsyfirvaldi útgefandans um innlausnaráætlunina.

Skilastjórnvaldinu er heimilt að skoða innlausnaráætlunina í því skyni að greina hvort einhverjar aðgerðir í henni gætu haft skaðleg áhrif á skilabærni útgefandans og er heimilt að leggja tilmæli fyrir lögbæra yfirvaldið þar að lútandi.

⁽⁴⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/23 frá 16. desember 2020 um ramma fyrir endurreisn og skilameðferð miðlægra mótaðila og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1095/2010, (ESB) nr. 648/2012, (ESB) nr. 600/2014, (ESB) nr. 806/2014 og (ESB) 2015/2365 og tilskipunum 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2007/36/EB, 2014/59/ESB og (ESB) 2017/1132 (Stjtið. ESB L 22, 22.1.2021, bls. 1).

5. Evrópska bankæftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 til að tilgreina:

- a) efni innlausnaráætlunarinnar og tíðni endurskoðunar, að teknu tilliti til stærðar, flækjustigs og eðlis eignatengda tókans og viðskiptalíkans útgefanda hans, og
- b) þá þætti sem valda framkvæmd innlausnaráætlunarinnar.

IV. BÁLKUR

RAFEYRISTÓKAR

1. KAFLI

Kröfur sem allir útgefendur rafeyristóka skulu uppfylla

48. gr.

Kröfur vegna almenns útboðs rafeyristóka eða töku rafeyristóka til viðskipta

1. Aðili skal hvorki bjóða út rafeyristóka á almennum markaði né óska eftir töku rafeyristóka til viðskipta innan Sambandsins nema sá aðili sé útgefandi þess rafeyristóka og:

- a) hefur starfsleyfi sem lánastofnun eða rafeyrisfyrirtæki og
- b) hafi tilkynnt lögbæra yfirvaldinu um hvítbók um sýndareignina og birt þá hvítbók í samræmi við 51. gr.

Þrátt fyrir fyrsta undirlið er öðrum aðilum heimilt, að fengnu skriflegu samþykki útgefandans, að bjóða út á almennum markaði eða óska eftir töku til viðskipta á rafeyristókanum. Slíkir aðilar skulu fara að 50. og 53. gr.

2. Rafeyristókar skulu teljast rafeyrir.

Rafeyristóki sem miðast við opinberan gjaldmiðil aðildarríkis skal teljast boðinn út á almennum markaði í Sambandinu.

3. Ákvæði II. og III. bálks tilskipunar 2009/110/EB skulu gilda að því er varðar rafeyristóka nema annað sé tekið fram í þessum bálki.

4. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar skulu ekki gilda um útgefendur rafeyristóka sem njóta undanþágu í samræmi við 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2009/110/EB.

5. Þessi bálkur, að undanskilinni 7. mgr. þessarar greinar og 51. gr., gildir ekki að því er varðar rafeyristóka sem njóta undanþágu skv. 4. og 5. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/110/EB.

6. Útgefendur rafeyristóka skulu, a.m.k. 40 virkum dögum fyrir þann dag sem þeir hyggjast bjóða þá rafeyristóka út á almennum markaði eða sækja um töku þeirra til viðskipta, tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu um þá fyrirætlan.

7. Þegar 4. eða 5. mgr. á við skulu útgefendur rafeyristóka semja hvítbók um sýndareignina og tilkynna lögbæra yfirvaldinu um þá hvítbók í samræmi við 51. gr.

49. gr.

Útgáfa og innleysanleiki rafeyristóka

1. Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. tilskipunar 2009/110/EB skulu einungis þær kröfur sem settar eru fram í þessari grein gilda um útgefendur rafeyristóka að því er varðar útgáfu og innleysanleika rafeyristóka.

2. Eigendur rafeyristóka skulu eiga kröfu á hendur útgefendum þeirra.

3. Útgefendur rafeyristóka skulu gefa út rafeyristóka á nafnverði og við móttöku fjármuna.

4. Að beiðni eiganda rafeyristóka skal útgefandi þess rafeyristóka innleysa hann, hvenær sem er og á nafnverði, með greiðslu fjármuna annarra en rafeyris sem nema peningalegu virði rafeyristókans til eiganda rafeyristókans.
5. Útgefendur rafeyristóka skulu tilgreina skilyrði innlausnar með áberandi hætti í hvítbókinni um sýndareignina eins og um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 51. gr.
6. Með fyrirvara um 46. gr. skal innlausn rafeyristóka ekki vera gjaldskyld.

50. gr.

Bann við greiðslu vaxta

1. Þrátt fyrir 12. gr. tilskipunar 2009/110/EB skulu útgefendur rafeyristóka ekki úthluta vöxtum í tengslum við rafeyristóka.
2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu ekki úthluta vöxtum þegar þeir veita þjónustu á sviði sýndareigna í tengslum við rafeyristóka.
3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skal fara með hvers konar greiðslu eða annan ávinning sem tengist lengd þess tímabils sem eigandi rafeyristóka hefur hann í eigu sinni sem vexti. Þar með teljast nettóuppbætur eða afslættir sem hafa samsvarandi áhrif og vextir sem eigandi rafeyristókans fær beint frá útgefanda eða þriðja aðila og tengjast beint rafeyristókanum eða í formi greiðslu fyrir eða verðlagningar annarra afurða.

51. gr.

Efni og form hvítbókar um rafeyristóka

1. Í hvítbók um sýndareign fyrir rafeyristóka skulu vera allar eftirfarandi upplýsingar, eins og nánar er tilgreint í III. viðauka:
 - a) upplýsingar um útgefanda rafeyristókans,
 - b) upplýsingar um rafeyristókann,
 - c) upplýsingar um almennt útboð rafeyristókans eða töku hans til viðskipta,
 - d) upplýsingar um réttindi og skyldur sem fylgja rafeyristókanum,
 - e) upplýsingar um tæknina sem liggur að baki,
 - f) upplýsingar um áhættuþætti,
 - g) upplýsingar um helstu neikvæð sjálfbærniáhrif á loftslag og önnur neikvæð umhverfisáhrif af samstöðuaðferðinni sem notuð er til að gefa út rafeyristókann.

Í hvítbókinni um sýndareignina skulu einnig koma fram deili á aðilanum, öðrum en útgefandanum, sem býður rafeyristókann út á almennum markaði eða sækir um töku hans til viðskipta skv. öðrum undirlið 1. mgr. 48. gr. og ástæða þess að sá tiltekni aðili býður út þann rafeyristóka eða sækir um töku hans til viðskipta.

2. Allar þær upplýsingar sem taldar eru upp í 1. mgr. skulu vera óvilhallar, skýrar og ekki villandi. Í hvítbókina um sýndareignina skal ekki vanta veigamiklar upplýsingar og skal hún sett fram á gagnorðan og auðskilinn hátt.

3. Á fyrstu blaðsíðu hvítbókarinnar um sýndareignina skal vera eftirfarandi skýr og áberandi yfirlýsing:

„Þessi hvítbók um sýndareign hefur ekki hlotið samþykki lögbærs yfirvalds í neinu aðildarríki Evrópusambandsins. Útgefandi sýndareignarinnar ber einn ábyrgð á efni þessarar hvítbókar um sýndareignina.“

4. Í hvítbókinni um sýndareignina skal vera skýr viðvörðun þess efnis að:

- a) rafeyristókinn falli ekki undir bótakerfi fyrir fjárfesta samkvæmt tilskipun 97/9/EB,
- b) rafeyristókinn falli ekki undir innstæðutryggingakerfi samkvæmt tilskipun 2014/49/ESB.

5. Í hvítbókinni um sýndareignina skal vera yfirlýsing frá stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefanda rafeyristókans. Yfirlýsingin, sem skal sett inn á eftir yfirlýsingunni sem um getur í 3. mgr., skal staðfesta að hvítbókin um sýndareignina sé í samræmi við þennan bálk og að samkvæmt bestu vitund stjórnarinnar og/eða framkvæmdastjórnarinnar séu upplýsingarnar í hvítbókinni um sýndareignina fullgerðar, óvilhallar, skýrar og ekki villandi og að í hvítbókina um sýndareignina vanti ekkert á þann hátt að líklegt sé að það hafi áhrif á áreiðanleika hennar.

6. Í hvítbókinni um sýndareignina skal vera samantekt á eftir yfirlýsingunni sem um getur í 5. mgr. sem veitir lykilupplýsingar, í stuttu máli sem ekki er tæknilegt, um almennt útboð rafeyristókans eða fyrirhugaða töku hans til viðskipta. Samantektin skal vera auðskiljanleg og sett fram og hönnuð á skýru og ítarlegu formi með letri af læsilegri stærð. Í samantekt hvítbókarinnar um sýndareignina skulu vera viðeigandi upplýsingar um eiginleika viðkomandi sýndareigna til að auðvelda tilvonandi eigendum sýndareignanna að taka upplýsta ákvörðun.

Í samantektinni skal vera skýr viðvörðun þess efnis að:

- a) hún skuli lesin sem inngangur að hvítbókinni um sýndareignina,
- b) tilvonandi eigandi ætti að byggja allar ákvarðanir um að kaupa rafeyristókann á efni hvítbókarinnar í heild sinni en ekki aðeins á samantektinni,
- c) almennt útboð rafeyristókans feli ekki í sér að boðin séu eða falast sé eftir kaupum á fjármálagerningi og að slíkt boð eða málaleitan megi aðeins fara fram á grundvelli lýsingar eða annarra útboðsskjala samkvæmt gildandi landslögum,
- d) hvítbókin um sýndareignina teljist hvorki vera lýsing eins og um getur í reglugerð (ESB) 2017/1129 né annað útboðsskjal samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum.

Í samantektinni skal koma fram að eigendur rafeyristóka eigi rétt til innlausnar hvenær sem er og á nafnverði og einnig skilyrði innlausnar.

7. Í hvítbókinni um sýndareignina skal koma fram dagsetning tilkynningarinnar um hana og vera efnisyfirlit.

8. Hvítbókin um sýndareignina skal vera á opinberu tungumáli heimaaðildarríkisins eða á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum.

Ef rafeyristókinn er einnig boðinn í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu skal hvítbókin um sýndareignina einnig vera á opinberu tungumáli gístiaðildarríkisins eða á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum.

9. Hvítbókin um sýndareignina skal vera aðgengileg á tölvulæsilegu formi.

10. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í samvinnu við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðum og sniðmátum að því er varðar 9. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja þá tæknilegu framkvæmdarstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

11. Útgefendur rafeyristóka skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu um hvítbók sína um sýndareignina a.m.k. 20 virkum dögum fyrir birtingu.

Lögbær yfirvöld skulu ekki krefjast fyrirframsamþykkis á hvítbók um sýndareign áður en hún er birt.

12. Lýsa skal öllum mikilvægum nýjum atriðum, öllum veigamiklum mistökum eða ónákvæmni sem getur haft áhrif á matið á rafeyristókanum í breyttri hvítbók um sýndareignina, sem útgefendurnir semja og sem tilkynnt er um til lögbærra yfirvalda og birt er á vefsetrum útgefendanna.

13. Áður en útgefandi slíks rafeyristóka býður hann út á almennum markaði í Sambandinu eða sækir um töku hans til viðskipta skal hann birta hvítbókina um sýndareignina á vefsetri sínu.

14. Ásamt tilkynningunni um hvítbókina um sýndareignina skv. 11. mgr. þessarar greinar skal útgefandi rafeyristókans afhenda lögbæra yfirvaldinu þær upplýsingar sem um getur í 4. mgr. 109. gr. Lögbæra yfirvaldið skal senda Evrópsku verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnuninni upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 4. mgr. 109. gr. innan fimm virkra daga frá móttöku upplýsinganna frá útgefandanum.

Lögbæra yfirvaldið skal einnig tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um hverja breytta hvítbók um sýndareign og hverja afturköllun á starfsleyfi útgefanda rafeyristókans.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera slíkar upplýsingar tiltækar í skránni skv. 4. mgr. 109. gr. eigi síðar en á upphafsdegi hins almenna útboðs eða töku til viðskipta eða, ef um er að ræða breytta hvítbók um sýndareign eða afturköllun starfsleyfis, án ástæðulausrar tafar.

15. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í samstarfi við Evrópsku bankaftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum um efni, aðferðafræði og framsetningu upplýsinganna sem um getur í g-lið 1. mgr. að því er varðar sjálfbærnivísa í tengslum við neikvæð loftslagsáhrif og önnur neikvæð umhverfisáhrif.

Við gerð draganna að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka mið af mismunandi tegundum samstöðuaðferðarinnar sem notuð er til að sannreyna viðskipti með sýndareignir, hvatakerfi þeirra og notkun orku, endurnýjanlegrar orku og náttúruauðlinda, myndun úrgangs og losun gróðurhúsalofttegunda. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal reglulega uppfæra tæknilegu eftirlitsstaðlana í ljósi þróunar regluverks og tækniþróunar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

52. gr.

Ábyrgð útgefanda rafeyristóka á upplýsingum sem veittar eru í hvítbók um sýndareign

1. Ef útgefandi rafeyristóka hefur brotið gegn 51. gr. með því að veita, í hvítbók sinni um sýndareign eða breyttri hvítbók um sýndareign, upplýsingar sem eru ekki tæmandi, ekki óvilhallar eða ekki skýrar eða sem eru villandi skal sá útgefandi og þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn hans bera ábyrgð gagnvart eiganda viðkomandi rafeyristóka á hvers kyns tapi sem hlýst af brotinu.

2. Hvers konar undanþágur samkvæmt samningi eða takmarkanir á einkaréttarábyrgð eins og um getur í 1. mgr. skulu ekki hafa nein réttaráhrif.

3. Það skal vera á ábyrgð eiganda rafeyristókans að leggja fram sönnunargögn um að útgefandi rafeyristókans hafi brotið gegn 51. gr. með því að veita upplýsingar í hvítbók sinni um sýndareignina sem eru ekki tæmandi, ekki óvilhallar eða ekki skýrar eða sem eru villandi og að það að reiða sig á þær upplýsingar hafi haft áhrif á ákvörðun eigandans um að kaupa, selja eða skipta þeim rafeyristóka.

4. Útgefandinn og þeir sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn hans skulu ekki bera ábyrgð vegna taps sem hlýst af því að reiða sig á þær upplýsingar sem veittar eru í samantekt skv. 6. mgr. 51. gr., þ.m.t. þýðingu á henni, nema ef samantektin:

- a) er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi þegar hún er lesin ásamt öðrum hlutum hvítbókarinnar um sýndareignina eða
- b) veitir ekki, þegar hún er lesin ásamt öðrum hlutum hvítbókarinnar um sýndareignina, lykilupplýsingar sem myndu auðvelda tilvonandi eigendum tókans að meta hvort þeir eigi að kaupa þann rafeyristóka.

5. Þessi grein hefur ekki áhrif á aðra einkaréttarábyrgð samkvæmt landslögum.

53. gr.

Markaðsefni

1. Markaðsefni sem tengist almennu útboði á rafeyristóka eða töku hans til viðskipta skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - a) markaðsefnið sé auðþekkjanlegt sem slíkt,
 - b) upplýsingarnar í markaðsefninu séu óvilhallar, skýrar og ekki villandi,
 - c) upplýsingarnar í markaðsefninu séu í samræmi við upplýsingarnar í hvítbókinni um sýndareignina,
 - d) í markaðsefninu komi skýrt fram að hvítbók um sýndareign hafi verið birt og hún tilgreini á skýran hátt veffang vefseturs útgefanda rafeyristókans auk símanúmers og netfangs til að hafa samband við útgefandann,
2. Í markaðsefni skal vera skýr og ótvíræð yfirlýsing um að eigendur rafeyristókans eigi rétt á innlausn hvenær sem er gagnvart útgefanda og á nafnverði.
3. Markaðsefni og allar breytingar á því skulu birtar á vefsetri útgefanda.
4. Lögbær yfirlýsing skulu ekki krefjast fyrirframsamþykkis á markaðsefni áður en það er birt.
5. Markaðsefni skal tilkynnt lögbærum yfirlýsindum samkvæmt beiðni.
6. Engu markaðsefni skal dreift á undan birtingu hvítbókarinnar um sýndareignina. Slík takmörkun hefur ekki áhrif á getu útgefanda rafeyristókans til að framkvæma markaðsþreifingar.

54. gr.

Fjárfesting fjármuna sem tekið er við í skiptum fyrir rafeyristóka

Fjármunir sem útgefendur rafeyristóka taka við í skiptum fyrir rafeyristóka og eru varðveittir í samræmi við 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2009/110/EB skulu vera í samræmi við eftirfarandi:

- a) a.m.k. 30% fjármunanna sem tekið er við skulu ávallt lögð inn á aðskilda reikninga hjá lánastofnunum,
- b) eftirstandandi fjármunir sem tekið er við eru fjárfestir í öruggum, áhættulitlum eignum sem teljast auðseljanlegir fjármálagerningar með hverfandi markaðsáhættu, greiðslufallsáhættu og samþjöppunaráhættu, í samræmi við 1. mgr. 38. gr. þessarar reglugerðar, og eru í sama opinbera gjaldmiðli og rafeyristókinn miðast við.

55. gr.

Endurbóta- og innlausnaráætlanir

Ákvæði 6. kafla III. bóls gilda að breyttu breytanda um útgefendur rafeyristóka.

Þrátt fyrir 2. mgr. 46. gr. skal dagsetning tilkynningar til lögbæra yfirvaldsins um endurbótaáætlun vera, að því er varðar útgefendur rafeyristóka, innan sex mánaða frá dagsetningu almenna útboðsins eða töku til viðskipta.

Þrátt fyrir 3. mgr. 47. gr. skal dagsetning tilkynningar til lögbæra yfirvaldsins um innlausnaráætlun vera, að því er varðar útgefendur rafeyristóka, innan sex mánaða frá dagsetningu almenna útboðsins eða töku til viðskipta.

2. KAFLI

Mikilvægir rafeyristókar

56. gr.

Flokkun rafeyristóka sem mikilvægra rafeyristóka

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal flokka rafeyristóka sem mikilvæga rafeyristóka ef a.m.k. þrjú af viðmiðunum sem sett eru fram í 1. mgr. 43. gr. þessarar greinar eru uppfyllt:

- a) á tímabilinu sem fyrsta upplýsingaskýrslan eins og um getur í 3. mgr. þessarar greinar tekur til, í kjölfar almenns útboðs eða þess að óskað er eftir töku viðkomandi tóka til viðskipta, eða
- b) á tímabilinu sem a.m.k. tvær upplýsingaskýrslur í röð eins og um getur í 3. mgr. þessarar greinar taka til.

2. Ef fleiri en einn útgefandi gefa út sama rafeyristókann skal uppfylling þeirra viðmiða sem sett eru fram í 1. mgr. 43. gr. metin að lokinni samantekt gagna frá öllum viðkomandi útgefendum.

3. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis útgefandans skulu veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Seðlabanka Evrópu upplýsingar sem skipta máli við mat á því hvort viðmiðin sem sett eru fram í 1. mgr. 43. gr. séu uppfyllt, þ.m.t., ef við á, upplýsingarnar sem berast skv. 22. gr., a.m.k. tvisvar á ári.

Ef útgefandinn hefur staðfestu í aðildarríki sem hefur ekki evru sem opinberan gjaldmiðil, eða rafeyristókinn miðast við opinberan gjaldmiðil aðildarríkis sem ekki er evran, skulu lögbær yfirvöld einnig senda upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein til seðlabanka þess aðildarríkis.

4. Komist Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að rafeyristóki uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 43. gr. í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skal hún semja drög að ákvörðun um að flokka rafeyristókann sem mikilvægan rafeyristóka og tilkynna útgefanda þess rafeyristóka, lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis útgefandans, Seðlabanka Evrópu og, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. þessarar greinar, seðlabanka hlutaðeigandi aðildarríkis um drögin að ákvörðuninni.

Útgefendur slíkra rafeyristóka, lögbær yfirvöld þeirra, Seðlabanki Evrópu og, eftir atvikum, seðlabanki hlutaðeigandi aðildarríkis skulu hafa 20 virka daga frá dagsetningu tilkynningar um þau drög að ákvörðun til að leggja fram skriflegar athugasemdir. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka tilhlýðilegt tillit til slíkra athugasemda áður en hún tekur endanlega ákvörðun.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka endanlega ákvörðun um hvort flokka eigi rafeyristóka sem mikilvægan rafeyristóka innan 60 virkra daga frá tilkynningardeginum sem um getur í 4. mgr. og tilkynna útgefanda slíks rafeyristóka og lögbæru yfirvaldi hans tafarlaust um þá ákvörðun.

6. Ef rafeyristóki hefur verið flokkaður sem mikilvægur samkvæmt ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem tekin er í samræmi við 5. mgr. skulu eftirlitsskyldur að því er varðar útgefanda þess rafeyristóka flytjast frá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis útgefandans til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 4. mgr. 117. gr. innan 20 virkra daga frá dagsetningu tilkynningarinnar um þá ákvörðun.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og lögbæra yfirvaldið skulu vinna saman að því að tryggja snurðulausa yfirfærslu eftirlitsvaldheimilda.

7. Þrátt fyrir 6. mgr. skulu eftirlitsskyldur að því er varðar útgefendur mikilvægra rafeyristóka í öðrum opinberum gjaldmiðli aðildarríkis en evru ekki flytjast til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar ef a.m.k. 80% af fjölda eigenda og magni viðskipta með þá mikilvægu rafeyristóka eru í heimaaðildarríkinu.

Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis útgefandans skal árlega veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingar um öll tilvik þar sem undanþágunni sem um getur í fyrstu undirgrein er beitt.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skulu viðskipti teljast eiga sér stað í heimaaðildarríkinu ef greiðandinn eða greiðsluþeginn hefur staðfestu í því aðildarríki.

8. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal árlega endurmeta flokkun mikilvægra rafeyristóka á grundvelli tiltækra upplýsinga, þ.m.t. úr skýrslunum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar eða upplýsingum sem berast skv. 22. gr.

Komist Evrópska bankaefirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að tiltekinn rafeyristóki uppfylli ekki lengur skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 43. gr. í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skal hún semja drög að ákvörðun um að flokka ekki lengur rafeyristókann sem mikilvægan rafeyristóka og tilkynna útgefendum þess rafeyristóka, lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkja þeirra, Seðlabanka Evrópu og, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. þessarar greinar, seðlabanka hlutaðeigandi aðildarríkis um drögin að ákvörðuninni.

Útgefendur slíkra rafeyristóka, lögbær yfirvöld þeirra, Seðlabanki Evrópu og seðlabanki hlutaðeigandi aðildarríkis skulu hafa 20 virka daga frá dagsetningu tilkynningarinnar um þau drög að ákvörðun til að leggja fram skriflegar athugasemdir. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal taka tilhlýðilegt tillit til slíkra athugasemda áður en hún tekur endanlega ákvörðun.

9. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal taka endanlega ákvörðun um hvort ekki eigi lengur að flokka rafeyristóka sem mikilvægan innan 60 virkra daga frá tilkynningardegnum sem um getur í 8. mgr. og tilkynna útgefanda þess rafeyristóka og lögbæru yfirvaldi hans tafarlaust um þá ákvörðun.

10. Ef rafeyristóki er ekki lengur flokkaður sem mikilvægur samkvæmt ákvörðun Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar sem tekin er í samræmi við 9. mgr. skulu eftirlitsskyldur að því er varðar útgefanda þess rafeyristóka flytjast frá Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis útgefandans innan 20 virkra daga frá dagsetningu tilkynningarinnar um þá ákvörðun.

Evrópska bankaefirlitsstofnunin og lögbæra yfirvaldið skulu vinna saman að því að tryggja snurðulausa yfirfærslu eftirlitsvaldheimilda.

57. gr.

Flokkun rafeyristóka að eigin frumkvæði sem mikilvægra rafeyristóka

1. Útgefanda rafeyristóka sem hefur hlotið starfsleyfi sem lánastofnun eða rafeyrisfyrirtæki eða er að sækja um slíkt starfsleyfi er heimilt að óska eftir því að rafeyristókinn verði flokkaður sem mikilvægur rafeyristóki. Í slíkum tilvikum skal lögbæra yfirvaldið án tafar tilkynna Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni, Seðlabanka Evrópu og, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 56. gr., seðlabanka hlutaðeigandi aðildarríkis um beiðni útgefandans.

Til þess að flokka megja rafeyristóka sem mikilvægan samkvæmt þessari grein skal útgefandi rafeyristókans sýna fram á með ítarlegri starfsáætlun að líklegt sé að hann uppfylli a.m.k. þrjú þeirra viðmiða sem sett eru fram í 1. mgr. 43. gr.

2. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal innan 20 virkra daga frá dagsetningu tilkynningarinnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar semja drög að ákvörðun þar sem fram kemur álit hennar á grundvelli starfsáætlunar útgefandans á því hvort rafeyristókinn uppfylli eða sé líklegur til að uppfylla a.m.k. þrjú þeirra viðmiða sem sett eru fram í 1. mgr. 43. gr. og tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis útgefandans, Seðlabanka Evrópu og, í þeim tilvikum sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 56. gr., seðlabanka hlutaðeigandi aðildarríkis um þau drög að ákvörðun.

Lögbær yfirvöld útgefenda slíkra rafeyristóka, Seðlabanki Evrópu og, eftir atvikum, seðlabanki hlutaðeigandi aðildarríkis skulu hafa 20 virka daga frá dagsetningu tilkynningar um slík drög að ákvörðun til að leggja fram skriflegar athugasemdir. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal taka tilhlýðilegt tillit til slíkra athugasemda áður en hún tekur endanlega ákvörðun.

3. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal taka endanlega ákvörðun um hvort flokka eigi rafeyristóka sem mikilvægan rafeyristóka innan 60 virkra daga frá tilkynningardegnum sem um getur í 1. mgr. og tilkynna útgefanda slíks rafeyristóka og lögbæru yfirvaldi hans tafarlaust um þá ákvörðun.

4. Ef rafeyristóki hefur verið flokkaður sem mikilvægur samkvæmt ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem tekin er í samræmi við 3. mgr. skulu eftirlitsskyldur að því er varðar útgefanda viðkomandi rafeyristóka flytjast frá lögbæra yfirvaldinu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 4. mgr. 117. gr. innan 20 virkra daga frá dagsetningu tilkynningarinnar um þá ákvörðun.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og lögbæru yfirvöldin skulu vinna saman til að tryggja snurðulausa yfirfærslu eftirlitsvaldheimilda.

5. Þrátt fyrir 4. mgr. skulu eftirlitsskyldur að því er varðar útgefendur mikilvægra rafeyristóka í öðrum opinberum gjaldmiðli aðildarríkis en evru ekki flytjast til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar ef þess er vænst að a.m.k. 80% af fjölda eigenda og magni viðskipta með þá mikilvægu rafeyristóka verði samþjöppuð í heimaaðildarríkinu.

Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis útgefandans skal árlega veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingar um beitingu undanþágunnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skulu viðskipti teljast eiga sér stað í heimaaðildarríkinu ef greiðandinn eða greiðsluþeginn hefur staðfestu í því aðildarríki.

58. gr.

Sérstakar viðbótarskuldbindingar fyrir útgefendur rafeyristóka

1. Rafeyrisfyrirtæki sem gefa út mikilvæga rafeyristóka skulu lúta:

- a) þeim kröfum sem um getur í 36., 37., 38. og 1.–4. mgr. 45. gr. þessarar reglugerðar, í stað 7. gr. tilskipunar 2009/110/EB,
- b) þeim kröfum sem um getur í 35. gr. (2., 3. og 5. mgr.) og 45. gr. (5. mgr.) þessarar reglugerðar, í stað 5. gr. tilskipunar 2009/110/EB.

Þrátt fyrir 9. mgr. 36. gr. skal óháða endurskoðunin að því er varðar útgefendur mikilvægra rafeyristóka fara fram á sex mánaða fresti frá og með dagsetningu ákvörðunarinnar um að flokka rafeyristókana sem mikilvæga skv. 56. eða 57. gr., eftir því sem við á.

2. Lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins er heimilt að gera rafeyrisfyrirtækjum sem gefa út rafeyristóka sem eru ekki mikilvægir að fara að þeim kröfum sem um getur í 1. mgr. ef nauðsyn krefur til að taka á þeim áhættuþáttum sem þeim ákvæðum er ætlað að mæta, s.s. lausafjáráhættu, rekstraráhættu eða áhættu sem stafar af því að ekki sé farið að kröfum um stýringu varasjóðs eigna.

3. Ákvæði 22. gr., 23. gr. og 3. mgr. 24. gr. skulu gilda um rafeyristóka sem eru í gjaldmiðli sem er ekki opinber gjaldmiðill aðildarríkis.

V. BÁLKUR

STARFSLEYFI OG SKILYRÐI FYRIR STARFSEMI ÞJÓNUSTUVEITENDA SÝNDAREIGNA

1. KAFLI

Starfsleyfi fyrir þjónustuveitendur sýndareigna

59. gr.

Starfsleyfi

1. Aðili skal ekki veita þjónustu á sviði sýndareigna innan Sambandsins nema hann sé:

- a) lögaðili eða annar rekstraraðili sem hefur fengið starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna í samræmi við 63. gr. eða
- b) lánastofnun, verðbréfamiðstöð, verðbréfafyrirtæki, rekstraraðili markaðar, rafeyrisfyrirtæki, rekstrarfélag verðbréfasjóðs eða rekstraraðili sérhæfðs sjóðs sem er heimilt að veita þjónustu á sviði sýndareigna skv. 60. gr.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna sem hafa starfsleyfi í samræmi við 63. gr. skulu hafa skráða skrifstofu í aðildarríki þar sem þeir starfrækja a.m.k. hluta af þjónustu sinni á sviði sýndareigna. Aðsetur framkvæmdastjórnar þeirra skal vera í Sambandinu og a.m.k. einn af stjórnarmönnum þeirra skal búsettur í Sambandinu.
3. Að því er varðar a-lið 1. mgr. er öðrum rekstraraðilum sem eru ekki lögaðilar því aðeins heimilt að veita þjónustu á sviði sýndareigna að rekstrarform þeirra tryggi stig verndar á hagsmunum þriðju aðila sem er jafngilt því sem lögaðilar veita og að þau lúti sambærilegu varfærnisefirliti sem hæfir rekstrarformi þeirra.
4. Þjónustuveitendur sýndareigna sem hafa starfsleyfi í samræmi við 63. gr. skulu ávallt uppfylla skilyrði starfsleyfisins.
5. Aðili sem er ekki þjónustuveitandi sýndareigna skal ekki nota heiti eða firmaheiti eða gefa út markaðsefni eða annast aðra starfsemi sem gefur til kynna að hann sé þjónustuveitandi sýndareigna eða líklegt er að valdi ruglingi í því sambandi.
6. Lögbær yfirvöld sem veita starfsleyfi í samræmi við 63. gr. skulu tryggja að starfsleyfið tilgreini þá þjónusta á sviði sýndareigna sem viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna er heimilt að veita.
7. Þjónustuveitendum sýndareigna skal heimilt að veita þjónustu á sviði sýndareigna alls staðar í Sambandinu, annaðhvort gegnum staðfesturétt, þ.m.t. gegnum útibú, eða á grundvelli frelsisins til að veita þjónustu. Þjónustuveitendum sýndareigna sem veita þjónustu á sviði sýndareigna yfir landamæri skal ekki gert að hafa raunaðstöðu á yfirráðasvæði gistaðildarríkis.
8. Þjónustuveitendur sýndareigna sem hyggjast bæta þjónustu á sviði sýndareigna við starfsleyfi sitt eins og um getur í 63. gr. skulu biðja þau lögbæru yfirvöld sem veittu upphaflegt starfsleyfi þeirra um rýmkun þess með því að bæta við og uppfæra þær upplýsingar sem um getur í 62. gr. Beiðni um aukið starfsleyfi skal afgreiða í samræmi við 63. gr.

60. gr.

Fjármálastofnanir sem veita þjónustu á sviði sýndareigna

1. Lánastofnun er heimilt að veita þjónustu á sviði sýndareigna ef hún tilkynnir lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis síns um þær upplýsingar sem um getur í 7. mgr. a.m.k. 40 virkum dögum áður en hún veitir þessa þjónustu í fyrsta sinn.
2. Verðbréfamiðstöð með starfsleyfi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 ⁽⁴⁵⁾ skal því aðeins annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina að hún tilkynni lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins um þær upplýsingar sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar a.m.k. 40 virkum dögum áður en hún veitir þá þjónustu í fyrsta sinn.

Að því er varðar fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar telst það að annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina jafngilda útvegum, vörslu eða vinnslu verðbréfareikninga í tengslum við uppgjörsþjónustuna sem um getur í 3. lið B-þáttar í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 909/2014.

3. Verðbréfafyrirtæki er heimilt að veita þjónustu á sviði sýndareigna í Sambandinu sem jafngildir þeirri fjárfestingarþjónustu og starfsemi sem því hefur verið veitt sérstakt starfsleyfi fyrir samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB ef það tilkynnir lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins um upplýsingarnar sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar a.m.k. 40 virkum dögum áður en það veitir þá þjónustu í fyrsta sinn.

Að því er varðar þessa málsgrein:

- a) telst það að annast vörslu umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina jafngilda þeirri viðbótarþjónustu sem um getur í 1. lið B-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB,
- b) telst starfræksla viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir jafngilda starfrækslu markaðstorgs fjármálagerninga og starfrækslu skipulegs viðskiptavettvangs eins og um getur í 8. og 9. lið, í þeirri röð, A-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB,

⁽⁴⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfa-miðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).

- c) teljast skipti sýndareigna fyrir fjármuni og aðrar sýndareignir jafngilda viðskiptum fyrir eigin reikning eins og um getur í 3. lið þáttar A í I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB,
 - d) telst framkvæmd fyrirmæla um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina jafngilda framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina eins og um getur í 2. lið A-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB,
 - e) telst setning sýndareigna á markað jafngilda sölutryggingu eða markaðssetningu fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli og umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar sem um getur í 6. og 7. lið, í þeirri röð, A-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB,
 - f) telst móttaka og miðlun fyrirmæla um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina jafngilda móttöku og miðlun fyrirmæla um einn eða fleiri fjármálagerninga eins og um getur í 1. lið A-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB,
 - g) telst ráðgjöf um sýndareignir jafngilda fjárfestingaráðgjöf eins og um getur í 5. lið A-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB,
 - h) telst stýring sýndareignasafna jafngilda eignastýringu eins og um getur í 4. lið A-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB.
4. Rafeyrisfyrirtæki með starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2009/110/EB skal því aðeins annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina og millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina að því er varðar rafeyristóka sem hún gefur út að hún tilkynni lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins um upplýsingarnar sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar a.m.k. 40 virkum dögum áður en hún veitir þá þjónustu í fyrsta sinn.

5. Rekstrarfélagi verðbréfasjóðs eða rekstraraðila sérhæfðs sjóðs er heimilt að veita þjónustu á sviði sýndareigna sem jafngildir stýringu eignasafns og annarri þjónustu en kjarnaþjónustu sem það hefur starfsleyfi til samkvæmt tilskipun 2009/65/EB eða tilskipun 2011/61/ESB ef það veitir lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins þær upplýsingar sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar a.m.k. 40 virkum dögum áður en það veitir þessa þjónustu í fyrsta sinn.

Að því er varðar þessa málsgrein:

- a) telst móttaka og sending fyrirmæla um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina jafngilda móttöku og miðlun fyrirmæla eins og um getur í iii. lið b-liðar 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,
- b) telst ráðgjöf um sýndareignir jafngilda fjárfestingaráðgjöf eins og um getur í i. lið b-liðar 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2011/61/ESB og i. lið b-liðar 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 2009/65/EB,
- c) telst stýring sýndareignasafns jafngilda þeirri þjónustu sem um getur í a-lið 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2011/61/ESB og í a-lið 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

6. Rekstraraðila markaðar með starfsleyfi samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB er heimilt að starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir ef hann veitir lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins upplýsingarnar sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar a.m.k. 40 virkum dögum áður en hann veitir þessa þjónustu í fyrsta sinn.

7. Að því er varðar 1.-6. mgr. skal veita eftirfarandi upplýsingar:

- a) starfsáætlun sem tilgreinir þær tegundir þjónustu á sviði sýndareigna sem viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um hyggst veita, þ.m.t. hvar og hvernig ráðgert er að markaðssetja þjónustuna,
- b) lýsingu á:
 - i. innri eftirlitskerfum, stefnum og verklagsreglum sem miða að því að tryggja að farið sé að ákvæðum landslaga sem leiða tilskipun (ESB) 2015/849 í lög,

- ii. ramma áhættumats til stýringar áhættu í tengslum við peningþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi og
- iii. áætlun um rekstrarsamfellu,
- c) tæknigögn um upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfin og öryggisfyrirkomulag og lýsingu þeirra sem ekki er á tæknimáli,
- d) lýsingu á verklagsreglum um aðgreiningu sýndareigna og fjármuna viðskiptavina,
- e) lýsingu á stefnu um vörslu og umsýslu þegar fyrirhugað er að annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina,
- f) lýsingu á starfsreglum viðskiptavettvangsins og verklagsreglunum og kerfinu til að greina markaðssvik, ef fyrirhugað er að starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir,
- g) lýsingu á viðskiptastefnu án mismununar sem gildir um sambandið við viðskiptavini ásamt lýsingu á aðferðunum við að ákvarða verð sýndareigna sem þeir hyggjast skipta fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir, þegar ætlunin er að skipta sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir,
- h) lýsingu á framkvæmdarstefnu, ef fyrirhugað er að framkvæma fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina,
- i) sönnun þess að þeir einstaklingar sem veita ráðgjöf fyrir hönd viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um eða stýra eignasöfnum fyrir hönd viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna búi yfir nauðsynlegri þekkingu og sérfræðikunnáttu til að uppfylla skyldur sínar, ef fyrirhugað er að veita ráðgjöf um sýndareignir eða bjóða upp á stýringu sýndareignasafna,
- j) hvort þjónustan á sviði sýndareigna tengist eignatengdum tókum, rafeyristókum eða öðrum sýndareignum,
- k) upplýsingar um hvernig slík millifærsluþjónusta verður veitt, ef fyrirhugað er að veita millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina.

8. Lögbært yfirvald sem tekur við tilkynningu eins og um getur í 1.– 6. mgr. skal, innan 20 virkra daga frá móttöku hennar, meta hvort allar tilskildar upplýsingar hafi verið veittar. Ef lögbært yfirvald kemst að þeirri niðurstöðu að tilkynning sé ekki fullgerð skal það tafarlaust upplýsa tilkynnandann um það og setja tímamörk sem þeim aðila er gert að veita upplýsingarnar sem vantar innan.

Fresturinn til að veita upplýsingar sem vantar skal ekki vera lengri en 20 virkir dagar frá dagsetningu beiðninnar. Þar til sá frestur rennur út skal gera hlé á hverju tímabili sem sett er í fram 1.– 6. mgr. Lögbæra yfirvaldinu er í sjálfsvald sett að leggja fram frekari beiðnir um að upplýsingarnar séu fullgerðar eða skýrðar, en það skal ekki leiða til hlés á tímabili sem sett er fram í 1.– 6. mgr.

Þjónustuveitandi sýndareigna skal ekki hefja þjónustuna á sviði sýndareigna á meðan tilkynningin er ófullgerð.

9. Aðilunum sem um getur í 1.–6. mgr. skal ekki gert að leggja fram neinar af þeim upplýsingum sem um getur í 7. mgr. ef hún hefur þegar lagt þær fyrir lögbæra yfirvaldið og slíkar upplýsingar yrðu nákvæmlega eins. Við framlagningu þeirra upplýsinga sem um getur í 7. mgr. skulu aðilarnir sem um getur í 1.–6. mgr. taka sérstaklega fram að allar upplýsingar sem hafa áður verið lagðar fram séu enn réttar.

10. Ef aðilarnir sem um getur í 1.– 6. mgr. þessarar greinar veita þjónustu á sviði sýndareigna skulu þeir ekki falla undir 62., 63., 64., 67., 83. og 84. gr.

11. Rétturinn til að veita þjónustu á sviði sýndareigna sem um getur í 1.–6. mgr. þessarar greinar skal falla niður ef viðkomandi starfsleyfi sem gerði viðkomandi aðila kleift að veita þjónustu á sviði sýndareigna án þess að þurfa að fá leyfi skv. 59. gr. er afturkallað.

12. Lögbær yfirvöld skulu senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 5. mgr. 109. gr. eftir að hafa sannreynt að þær upplýsingar sem um getur í 7. mgr. séu fullgerðar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera slíkar upplýsingar aðgengilegar í skránni sem um getur í 109. gr. eigi síðar en á upphafsdegi fyrirhugaðrar þjónustu á sviði sýndareigna.

13. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku bankaftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar þær upplýsingar sem um getur í 7. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

14. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku bankaftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum að því er varðar tilkynninguna skv. 7. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja þá tæknilegu framkvæmdarstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

61. gr.

Þjónusta á sviði sýndareigna sem er veitt einvörðungu að frumkvæði viðskiptavinar

1. Ef viðskiptavinur með staðfestu eða aðsetur í Sambandinu hefur forgöngu að því, einvörðungu að eigin frumkvæði, að fyrirtæki í þriðja landi veiti þjónustu á sviði sýndareigna eða stundi sýndareignarstarfsemi gildir krafan um starfsleyfi skv. 59. gr. ekki um veitingu þeirrar þjónustu eða starfsemi fyrirtækisins í þriðja landinu á sviði sýndareigna til handa þeim viðskiptavini, þ.m.t. samband sem varðar sérstaklega veitingu þeirrar sýndareignarþjónustu eða þá sýndareignarstarfsemi.

Ef fyrirtæki í þriðja landi, þ.m.t. gegnum aðila sem kemur fram fyrir hönd þess eða sem hefur nán tengsl við slíkt fyrirtæki í þriðja landi eða annan aðila sem kemur fram fyrir hönd fyrrgreinds aðila, falast eftir viðskiptum við viðskiptavini eða tilvonandi viðskiptavini í Sambandinu, án tillits til þess hvaða samskiptaaðferð er notuð til að falast eftir, kynna eða auglýsa viðskiptin í Sambandinu, skal það ekki teljast vera þjónusta sem er veitt einvörðungu að frumkvæði viðskiptavinarins, með fyrirvara um sambönd innan samstæðu.

Önnur undirgrein gildir þrátt fyrir samningsákvæði eða fyrirvara sem gefur annað til kynna, þ.m.t. ákvæði eða fyrirvara um að þjónusta sem fyrirtæki í þriðja landi veitir teljist vera þjónusta sem er veitt einvörðungu að frumkvæði viðskiptavinar.

2. Frumkvæði sem er einvörðungu viðskiptavinarins eins og um getur í 1. mgr. skal ekki veita fyrirtæki í þriðja landi rétt til að markaðssetja nýjar tegundir sýndareigna eða þjónustu á sviði sýndareigna gagnvart þeim viðskiptavini.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal eigi síðar en 30. desember 2024 gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 sem tilgreina þær aðstæður þar sem fyrirtæki í þriðja landi telst falast eftir viðskiptum við viðskiptavini sem hafa staðfestu eða aðsetur í Sambandinu.

Til að stuðla að samleitni og samræmdu eftirliti að því er varðar hættuna á misnotkun á þessari grein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin einnig gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 um eftirlitsstarfsemi til að greina og koma í veg fyrir að farið sé í kringum þessa reglugerð.

62. gr.

Umsókn um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna

1. Lögaðilar eða aðrir rekstraraðilar sem hyggjast veita þjónustu á sviði sýndareigna skulu leggja fram umsókn sína um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna hjá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis síns.

2. Umsóknin sem um getur í 1. mgr. skal innihalda allar eftirfarandi upplýsingar:

a) heiti, þ.m.t. lögheiti og öll önnur firmaheiti sem notuð eru, lögaðilaauðkenni þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um, vefsetur sem sá þjónustuveitandi starfrækir, netfang tengiliðar, símanúmer tengiliðar og heimilisfang,

- b) rekstrarform þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um,
 - c) samþykktir þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um, ef við á,
 - d) starfsáætlun sem tilgreinir þær tegundir þjónustu á sviði sýndareigna sem þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um hyggst veita, þ.m.t. hvar og hvernig ráðgert er að markaðssetja þjónustuna,
 - e) sönnun þess að þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um uppfylli þær kröfur um varfærnisráðstafanir sem settar eru fram í 67. gr.,
 - f) lýsingu á stjórnarháttum þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um,
 - g) sönnun þess að stjórn og/eða framkvæmdastjórn þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um hafi nægilega gott orðspor og fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að stjórna þjónustuveitandanum,
 - h) deili á hluthöfum og aðilum, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, sem eiga virka eignarhluti í viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna og stærðir þessara eignarhluta, auk sönnunar þess að þessir aðilar hafi gott orðspor,
 - i) lýsingu á innri eftirlitskerfum þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um, stefnum og verklagsreglum til að greina, meta og stýra áhættu, þ.m.t. áhættu í tengslum við peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, og áætlun um rekstrarsamfellu,
 - j) tæknigögn um upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfin og öryggisfyrirkomulag og lýsingu þeirra sem ekki er á tæknimáli,
 - k) lýsingu á verklagsreglum um aðgreiningu sýndareigna og fjármuna viðskiptavina,
 - l) lýsingu á verklagsreglum um meðferð kvartana hjá þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um,
 - m) lýsingu á stefnu um vörslu og umsýslu, ef þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um hyggst bjóða upp á vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina,
 - n) lýsingu á starfsreglum viðskiptavettvangsins og starfsreglum og kerfi til að greina markaðssvik, ef þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um hyggst reka viðskiptavettvang fyrir sýndareignir,
 - o) lýsingu á viðskiptastefnu, sem skal vera án mismununar, sem gildir um sambandið við viðskiptavini og lýsingu á aðferðunum við að ákvarða verð sýndareigna sem þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um hyggst skipta fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir, ef þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um hyggst skipta sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir,
 - p) lýsingu á framkvæmdarstefnu, ef umsækjandi um þjónustu á sviði sýndareigna hyggst framkvæmda fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina,
 - q) ef þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um hyggst veita ráðgjöf um sýndareignir eða bjóða upp á stýringu sýndareignasafna, sönnun þess að þeir einstaklingar sem veita ráðgjöf fyrir hönd þess þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir eða stýra eignasöfnum hans um búi yfir nauðsynlegri þekkingu og sérfræðikunnáttu til að uppfylla skuldbindingar sínar,
 - r) ef þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um hyggst veita millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina, upplýsingar um hvernig slík millifærsluþjónusta verður veitt,
 - s) tegund sýndareignar sem þjónustan tengist.
3. Að því er varðar g- og h-lið 2. mgr. skal þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um færa sönnun á allt eftirfarandi:
- a) að því er varðar stjórn og/eða framkvæmdastjórn þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um, að þeir hafi hreint sakavottorð og hafi ekki verið beittir viðurlögum samkvæmt gildandi lögum er varða fjármálamarkað, lögum um ógjaldfærni eða lögum um fjármálaþjónustu, eða í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, svik eða starfsábyrgð,

- b) að aðilar stjórnar og/eða framkvæmdarstjórnar þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um búi sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að stjórna honum og að þessum einstaklingum sé skylt að verja nægjanlegum tíma til að sinna skyldum sínum,
- c) að því er varðar alla hluthafa og aðila, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, sem eiga virkan eignarhlut í þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um, að þeir hafi verið beittir viðurlögum samkvæmt gildandi lögum er varða fjármálamarkað, lögum um ógjaldfærni og lögum um fjármálaþjónustu, eða í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, svik eða starfsábyrgð.
4. Lögbær yfirvöld skulu ekki gera þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um að veita upplýsingar sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar ef þau hafa þegar fengið þær í viðkomandi leyfisveitingarferli í samræmi við tilskipun 2009/110/EB, 2014/65/ESB eða (ESB) 2015/2366 eða samkvæmt landslögum sem gilda um þjónustu á sviði sýndareigna fyrir 29. júní 2023, að því tilskildu að slíkar upplýsingar eða skjöl sem áður hafa verið lögð fram séu enn rétt.
5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar þær upplýsingar sem um getur í 2. og 3. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum um upplýsingarnar sem skulu vera í umsókninni um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja þá tæknilegu framkvæmdarstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

63. gr.

Mat á umsókn um starfsleyfi og veiting eða synjun um starfsleyfi

1. Lögbær yfirvöld skulu tafarlaust og eigi síðar en innan fimm virkra daga frá móttöku umsóknar skv. 1. mgr. 62. gr. staðfesta móttöku hennar skriflega við þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um.
2. Lögbær yfirvöld skulu innan 25 virkra daga frá móttöku umsóknar skv. 1. mgr. 62. gr. meta hvort umsóknin sé fullgerð með því að kanna hvort þær upplýsingar sem taldar eru upp í 2. mgr. 62. gr. hafi verið lagðar fram.
- Ef umsóknin er ekki fullgerð skulu lögbæru yfirvöldin setja þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um frest til að veita þær upplýsingar sem vantar.
3. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að synja um að fara yfir umsóknir ef þær eru enn ófullgerðar eftir að frestur sem þau ákveða í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. rennur út.
4. Þegar umsókn er fullgerð skulu lögbær yfirvöld tafarlaust tilkynna um það til þess þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um.
5. Áður en lögbær yfirvöld veita eða synja um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna skulu þau hafa samráð við lögbær yfirvöld annars aðildarríkis ef staða þess þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um gagnvart lánastofnun, verðbréfamiðstöð, verðbréfafyrirtæki, rekstraraðila markaðar, rekstrarfélagi verðbréfasjóðs, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, greiðslustofnun, váttryggingafélagi, rafeyrissfyrirtæki eða stofnun um starfstengdan lífeyri sem hefur starfsleyfi í hinu aðildarríkinu er eitt af eftirfarandi:
- a) þjónustuveitandinn er dótturfélag þess aðila,

- b) þjónustuveitandinn er dótturfélag móðurfélags þess aðila eða
- c) þjónustuveitandinn er undir yfirráðum sömu einstaklinga eða lögaðila og hafa yfirráð yfir þeim aðila.
6. Áður en lögbær yfirkvæðing veita eða synja um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna skulu þau:
- a) ráðfæra sig við lögbær yfirkvæðing á sviði aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og við skrifstofur fjármála-greininga lögreglu til að sannreyna að sá þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um hafi ekki sætt rannsókn á háttsemi sem tengist peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka,
- b) tryggja að sá þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um og rekur starfsstöðvar eða reiðir sig á þriðju aðila sem hafa staðfestu í áhættusömum þriðju löndum sem skilgreind eru sem slík skv. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 fari að ákvæðum landslaga sem lögleiða 26. gr. (2. mgr.), 45. gr. (3. mgr.) og 45. gr. (5. mgr.) þeirrar tilskipunar,
- c) eftir því sem við á, tryggja að sá þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um hafi komið á viðhlítandi ferlum til að fara að ákvæðum landslaga sem lögleiða 1. og 3. mgr. 18. gr. a í tilskipun (ESB) 2015/849.
7. Ef nán tengsl eru milli þess þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um og annarra einstaklinga eða lögaðila skulu lögbær yfirkvæðing því aðeins veita starfsleyfi að þessi tengsl komi ekki í veg fyrir að þau geti gegnt eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.
8. Lögbær yfirkvæðing skulu synja um starfsleyfi ef lög, reglugerðir eða stjórnsýslufyrirmæli þriðja lands sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem sá þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um hefur nán tengsl við, eða erfiðleikar í tengslum við framfylgd þeirra, koma í veg fyrir að yfirkvæðing geti sinnt eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.
9. Lögbær yfirkvæðing skulu innan 40 virkra daga frá móttökudegi fullgerðrar umsóknar meta hvort sá þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um fari að þessum bálki og skulu taka vel rökstudda ákvörðun um að veita eða synja um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna. Lögbær yfirkvæðing skulu tilkynna umsækjandanum um ákvörðun sína innan fimm virkra daga frá dagsetningu þeirrar ákvörðunar. Við það mat skal taka tillit til eðlis, umfangs og flækjustigs þeirrar sýndareignarþjónustu sem sá þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um hyggst veita.
10. Lögbær yfirkvæðing skulu synja um starfsleyfi sem þjónustuveitandi sýndareigna ef hlutlægar ástæður, sem hægt er sýna fram á, eru til að ætla að:
- a) stjórn og/eða framkvæmdastjórn þess þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um ógni skilvirkri, traustri og skynsamlegri stjórnun og rekstrarsamfelli hans og því að tekið sé nægilegt tillit til hagsmuna viðskiptavina hans og heilleika markaðar, eða valdi verulegri hættu á peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverkastarfsemi fyrir þann þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um,
- b) aðilar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar þess þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um uppfylli ekki þau viðmið sem sett eru fram í 1. mgr. 68. gr.,
- c) hluthafar og félagsmenn, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, sem eiga virkan eignarhlut í þeim þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um uppfylli ekki þau viðmið um óflekkað mannorð sem sett eru fram í 2. mgr. 68. gr.,
- d) sá þjónustuveitandi sýndareigna sem sækir um uppfylli ekki, eða líklegt sé að hann uppfylli ekki, einhverjar af kröfum þessa bálks.
11. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skulu í sameiningu gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 og 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, í þeirri röð, um mat á hæfi stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar þess þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um og hluthafa eða félagsmanna, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, sem fara með virka eignarhluti í þeim þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um.
- Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skulu gefa út þær viðmiðunarreglur sem um getur í fyrstu undirgrein eigi síðar en 30. júní 2024.
12. Á matstímabilinu sem kveðið er á um í 9. mgr. og eigi síðar en á 20. virka degi þess tímabils er lögbærum yfirkvæðingum heimilt að fara fram á nánari upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ljúka við matið. Slík beiðni til þess þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um skal vera skrifleg og tilgreina hvaða viðbótarupplýsinga er þörf.

Gera skal hlé á matstímabilinu skv. 9. mgr. frá deginum sem lögbær yfirvöld óska eftir upplýsingum sem vantar þar til þau hafa fengið þær í hendur frá þeim þjónustuveitanda sýndareigna sem sækir um. Hléið má ekki vara lengur en 20 virka daga. Lögbæra yfirvaldinu er í sjálfsvald sett að leggja fram frekari beiðnir um að upplýsingarnar séu fullgerðar eða skýrðar, en það skal ekki leiða til hlés á matstímabilinu skv. 9. mgr.

13. Lögbær yfirvöld skulu innan tveggja virkra daga frá veitingu starfsleyfis senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þær upplýsingar sem eru tilgreindar í 5. mgr. 109. gr. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um allar synjanir um starfsleyfi. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera þær upplýsingar sem um getur í 5. mgr. 109. gr. aðgengilegar í skránni sem um getur í þeirri grein eigi síðar en á upphafsdegi fyrirhugaðrar þjónustu á sviði sýndareigna.

64. gr.

Afturköllun starfsleyfis sem þjónustuveitandi sýndareigna

1. Lögbær yfirvöld skulu afturkalla starfsleyfi þjónustuveitanda sýndareigna ef hann gerir eitthvað af eftirfarandi:
 - a) hefur ekki nýtt starfsleyfi sitt innan 12 mánaða frá deginum sem starfsleyfið er veitt,
 - b) hefur skýlaust afsalað sér starfsleyfinu,
 - c) hefur ekki veitt þjónustu á sviði sýndareigna í níu mánuði samfelld,
 - d) hefur fengið starfsleyfi sitt með óeðlilegum hætti, svo sem með röngum staðhæfingum í umsókn sinni um starfsleyfi,
 - e) uppfyllir ekki lengur skilyrðin sem starfsleyfið var veitt samkvæmt og hefur ekki gert þær úrbætur sem lögbæra yfirvaldið hefur farið fram á innan tilgreinds tímaramma,
 - f) hefur ekki yfir að ráða skilvirkum kerfum, verkferlum og fyrirkomulagi til að greina og koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í samræmi við tilskipun (ESB) 2015/849,
 - g) hefur brotið alvarlega gegn þessari reglugerð, þ.m.t. ákvæðum sem varða vernd eigenda sýndareigna eða viðskiptavina þjónustuveitanda sýndareigna eða heilleika markaðar.
2. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að afturkalla starfsleyfi sem veitandi þjónustu á sviði sýndareigna við eftirfarandi aðstæður:
 - a) ef veitandi þjónustu á sviði sýndareignar hefur brotið ákvæði landslaga sem lögleiða tilskipun (ESB) 2015/849,
 - b) ef þjónustuveitandi sýndareigna hefur misst starfsleyfi sitt sem greiðslustofnun eða starfsleyfi sitt sem rafeyrisfyrirtæki og hefur ekki ráðið bót á ástandinu innan 40 almanaksdaga.
3. Afturkalli lögbært yfirvald starfsleyfi þjónustuveitanda sýndareigna skal það tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og sameiginlegum tengiliðum gístiaðildarríkjanna um það án ástæðulausrar tafar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gera þær upplýsingar aðgengilegar í skránni sem um getur í 109. gr.
4. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að takmarka afturköllun starfsleyfis við tiltekna þjónustu á sviði sýndareigna.
5. Áður en starfsleyfi þjónustuveitanda sýndareigna er afturkallað skulu lögbær yfirvöld hafa samráð við lögbært yfirvald annars aðildarríkis þar sem sá þjónustuveitandi sýndareigna er eftirfarandi:
 - a) dótturfélag þjónustuveitanda sýndareigna sem hefur starfsleyfi í því öðru aðildarríki,
 - b) dótturfélag móðurfélags þjónustuveitanda sýndareigna sem hefur starfsleyfi í því öðru aðildarríki eða
 - c) undir yfirráðum sömu einstaklinga eða lögaðila og hafa yfirráð yfir þjónustuveitanda sýndareigna sem hefur starfsleyfi í því öðru aðildarríki.

6. Áður en starfsleyfi þjónustuveitanda sýndareigna er afturkallað er lögbærum yfirvöldum heimilt að hafa samráð við yfirvaldið sem er lögbært til að hafa eftirlit með því að sá þjónustuveitandi sýndareigna fari að reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverk.

7. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbæru yfirvaldi gístiaðildarríkis er heimilt hvenær sem er að fara fram á að lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins kanni hvort þjónustuveitandi sýndareigna uppfylli enn skilyrðin fyrir veitingu starfsleyfisins, sé ástæða til að ætla að svo sé ekki lengur.

8. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda fullnægjandi verklagi sem tryggir tímanlega og skipulega yfirfærslu sýndareigna og fjármuna viðskiptavina þeirra til annars þjónustuveitanda sýndareigna þegar starfsleyfi er afturkallað.

65. gr.

Veiting þjónustu á sviði sýndareigna yfir landamæri

1. Þjónustuveitandi sýndareigna sem hyggst veita þjónustu á sviði sýndareigna í fleiri en einu aðildarríki skal leggja fram eftirfarandi upplýsingar hjá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins:

- a) lista yfir aðildarríkin þar sem hann hyggst veita þjónustu á sviði sýndareigna,
- b) hvaða þjónustu á sviði sýndareigna hann hyggst veita yfir landamæri,
- c) daginn sem fyrirhugað er að hefja að veita viðkomandi þjónustu á sviði sýndareigna,
- d) lista yfir alla aðra starfsemi sem sá þjónustuveitandi sýndareigna stundar og fellur ekki undir þessa reglugerð.

2. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal innan tíu virkra daga frá móttöku þeirra upplýsinga sem um getur í 1. mgr. senda þær sameiginlegum tengiliðum gístiaðildarríkisins, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

3. Lögbært yfirvald aðildarríkisins sem veitti leyfið skal án tafar upplýsa viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna orðsendinguna sem um getur í 2. mgr.

4. Þjónustuveitanda sýndareigna er heimilt að hefja að veita þjónustu á sviði sýndareigna í öðru aðildarríki en heimaaðildarríki sínu frá þeim degi sem þær upplýsingar sem um getur í 3. mgr. berast eða í síðasta lagi á 15. almanaksdegi eftir að hafa lagt fram upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr.

2. KAFLI

Skyldur allra þjónustuveitenda sýndareigna

66. gr.

Skylda til að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi

1. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku með hagsmuni viðskiptavina og tilvonandi viðskiptavina sinna að leiðarljósi.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu veita viðskiptavinum sínum upplýsingar sem eru óvilhallar, skýrar og ekki villandi, þ.m.t. í markaðsefni, sem skal auðkenna sem slíkt. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu hvorki af ásetningi né af gáleysi villa um fyrir viðskiptavinum í tengslum við raunverulega eða mögulega kosti sýndareigna.

3. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu vara viðskiptavinum við þeim áhættuþáttum sem tengjast viðskiptum með sýndareignir.

Þegar þeir starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir, skipta á sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir, veita ráðgjöf um sýndareignir eða stýra sýndareignasafni skulu þjónustuveitendur sýndareigna láta viðskiptavinum sínum í té tengla í hvítbækur um sýndareignir fyrir þær sýndareignir sem þeir veita slíka þjónustu vegna.

4. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu birta stefnu sína um verðlagningu, kostnað og gjöld opinberlega á áberandi stað á vefsetri sínu.
5. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu birta opinberlega, á áberandi stað á vefsetri sínu, upplýsingar um helstu neikvæð sjálf-bærniáhrif á loftslag og önnur neikvæð umhverfisáhrif af samstöðuaðferðinni sem notuð er til að gefa út hverja sýndareign sem þeir veita þjónustu vegna. Heimilt er að fá þær upplýsingar úr hvítbókunum um sýndareignir.
6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum um efni, aðferðafræði og framsetningu upplýsinganna sem um getur í 5. mgr. að því er varðar sjálfbærnivísa í tengslum við neikvæð loftslagsáhrif og önnur neikvæð umhverfisáhrif.

Við gerð draganna að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka mið af mismunandi tegundum samstöðuaðferðarinnar sem notuð er til að sannreyna viðskipti með sýndareignir, hvatakerfi þeirra og notkun orku, endurnýjanlegrar orku og náttúruauðlinda, myndun úrgangs og losun gróðurhúsalofttegunda. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal reglulega uppfæra tæknilegu eftirlitsstaðlana í ljósi þróunar regluverks og tæknipróunar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

67. gr.

Varfærniskröfur

1. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu ávallt gera varfærnisráðstafanir sem samsvara a.m.k. þeirri fjárhæð sem er hærrí af eftirfarandi:
 - a) fjárhæð varanlegrar lágmarkskröfu um eigið fé sem er tilgreind í IV. viðauka, með hliðsjón af tegund þeirrar þjónustu á sviði sýndareigna sem er veitt,
 - b) fjórðungi af föstum rekstrarkostnaði ársins á undan, endurskoðuðum árlega.
2. Þjónustuveitendur sýndareigna sem hafa ekki verið í rekstri í eitt ár frá þeim degi sem þeir hófu að veita þjónustu skulu, við útreikninginn sem um getur í b-lið 1. mgr., nota áætlaðan fastan rekstrarkostnað sem fram kemur í spám þeirra um fyrstu 12 mánuði þjónustunnar, eins og hann var lagður fram með umsókn þeirra um starfsleyfi.
3. Að því er varðar b-lið 1. mgr. skulu þjónustuveitendur sýndareigna reikna út fastan rekstrarkostnað sinn á næstliðnu ári með því að nota tölur sem leiða af viðeigandi reikningsskilaramma og draga eftirfarandi liði frá heildarkostnaði eftir ráðstöfun hagnaðar til hluthafa eða félagsmanna í nýjasta endurskoðaða ársreikningi eða, liggir endurskoðaður reikningur ekki fyrir, í ársreikningi sem innlendir eftirlitsaðilar hafa staðfest:
 - a) kaupauka starfsfólks og önnur laun, að því marki sem slíkir kaupaukar og laun eru háð hreinum hagnaði viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna á viðkomandi ári,
 - b) hlut starfsfólks, stjórnarmanna og meðeigenda í hagnaði,
 - c) aðra ráðstöfun hagnaðar og önnur breytileg laun, að því marki sem þau eru algerlega valkvæð,
 - d) einskisgjöld vegna óreglulegrar starfsemi.
4. Þær varfærnisráðstafanir sem um getur í 1. mgr. skulu vera á einhverju af eftirfarandi formi eða sambland af því:
 - a) eiginfjárgrunnur sem samanstendur af liðum og eiginfjárgrunnsgerningum almenns eigin fjár þáttar 1 sem um getur í 26.–30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eftir fullan frádrátt skv. 36. gr. þeirrar reglugerðar, án beitingar undanþáganna á grundvelli viðmiðunarmarka skv. 46. og 48. gr. þeirrar reglugerðar,

- b) váttryggingarsamningur sem tekur til þeirra svæða Sambandsins þar sem þjónusta á sviði sýndareigna er veitt eða sambærileg trygging.
5. Váttryggingarsamningurinn sem um getur í b-lið 4. mgr. skal birtur almenningi á vefsetri viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna og skal hafa a.m.k. eftirfarandi eiginleika:
- a) upphaflegur gildistími hans sé ekki skemmri en eitt ár,
- b) uppsagnarfrestur hans sé a.m.k. 90 dagar,
- c) váttryggingin sé tekin hjá fyrirtæki sem hefur starfsleyfi til að veita váttryggingar í samræmi við lög Sambandsins eða landslög,
- d) váttryggingin sé veitt af þriðja aðila.
6. Váttryggingin sem um getur í b-lið 4. mgr. skal taka til áhættu á öllu eftirfarandi:
- a) tapi á gögnum,
- b) rangfærslum eða villandi yfirlýsingum,
- c) aðgerðum, villum eða yfirsjónum sem leiða til brots á:
- i. skyldum samkvæmt lögum og reglum,
- ii. skyldunni til að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í þágu viðskiptavina,
- iii. þagnarskyldu,
- d) því að viðeigandi verklagi sé ekki komið á, hrint í framkvæmd og viðhaldið til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra,
- e) tapi vegna röskunar á starfsemi eða kerfisbilana,
- f) eftir því sem við á um viðskiptalíkanið, vítaverðu gáleysi við verndun sýndareigna og fjármuna viðskiptavina,
- g) bótaskyldu þjónustuveitenda sýndareigna gagnvart viðskiptavinum skv. 8. mgr. 75. gr.

68. gr.

Fyrirkomulag stjórnarháttanna

1. Aðilar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar þjónustuveitenda sýndareigna skulu ávallt hafa óflekkað mannorð og búa yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu, bæði hver um sig og sameiginlega, til að sinna skyldum sínum. Einkum skulu aðilar stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar þjónustuveitenda sýndareigna ekki hafa verið sakfelldir fyrir afbrot sem tengjast peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverkastarfsemi eða fyrir önnur afbrot sem myndu hafa áhrif á óflekkað mannorð þeirra. Þeir skulu einnig sýna fram á að þeim sé kleift að verja nægjanlegum tíma til að sinna skyldum sínum með skilvirkum hætti.
2. Hluthafar og aðilar, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, sem eiga virkan eignarhlut í þjónustuveitendum sýndareigna skulu hafa óflekkað mannorð og skulu einkum ekki að hafa verið sakfelldir fyrir afbrot sem tengjast peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverkastarfsemi eða fyrir önnur afbrot sem myndu hafa áhrif á óflekkað mannorð þeirra.
3. Ef líklegt er að áhrif hluthafa eða aðila, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, sem eiga virkan eignarhlut í þjónustuveitanda sýndareigna hafi neikvæð áhrif á trausta og skynsamlega stjórnun hans skulu lögð yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir til að mæta þessari áhættu.
- Heimilt er að á meðal slíkra ráðstafana séu beiðnir um dómsúrskurði eða beiting viðurlaga gagnvart stjórnarmönnum og þeim sem bera ábyrgð á stjórnun, eða tímabundin svipting atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum í eigu hluthafa og félagsmanna, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, sem eiga virku eignarhlutina.
4. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu innleiða stefnur og verklagsreglur sem eru nægilega skilvirkar til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð.

5. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu hafa yfir að ráða starfsfólki með þá þekkingu, færni og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að rækja þær skyldur sem þeim eru faldar, að teknu tilliti til umfangs, eðlis og sviðs þeirrar þjónustu á sviði sýndareigna sem er veitt.

6. Stjórn og/eða framkvæmdastjórn þjónustuveitanda sýndareigna skal meta og reglulega endurskoða skilvirkni stefnufyrirkomulags og verklagsreglna sem komið er á til að fara að ákvæðum 2. og 3. kafla þessa bálks og gera viðeigandi ráðstafanir til að bæta úr annmörkum þar á.

7. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja samfelldni og reglufestu í framkvæmd þjónustu sinnar á sviði sýndareigna. Í því skyni skulu þjónustuveitendur sýndareigna nota viðeigandi og hæfileg tilföng og verklag, þ.m.t. álagsspolin og örugg upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfi eins og krafist er í reglugerð (ESB) 2022/2554.

Þjónustuveitendur sýndareigna skulu setja sér stefnu um rekstrarsamfellu, sem skal fela í sér áætlanir um rekstrarsamfellu upplýsinga- og fjarskiptatækni og áætlanir um viðbrögð og endurreisn á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni sem gerðar eru skv. 11. og 12. gr. reglugerðar (ESB) 2022/2554 og miða að því að tryggja varðveislu nauðsynlegra gagna og starfsþátta og áframhald þjónustu á sviði sýndareigna ef truflun á sér stað í upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfum þeirra og -verkferlum eða, ef það er ekki mögulegt, tímanlega endurheimt slíkra gagna og starfsþátta og tímanlega endurheimt þjónustunnar á sviði sýndareigna.

8. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu hafa til staðar fyrirkomulag, kerfi og verklagsreglur eins og krafist er í reglugerð (ESB) 2022/2554, sem og skilvirkar verklagsreglur og fyrirkomulag við áhættumat, til að fara að ákvæðum landslaga sem lögleiða tilskipun (ESB) 2015/849. Þeir skulu fylgjast með og meta reglulega hvort þetta fyrirkomulag, kerfi og verklagsreglur séu fullnægjandi og skilvirk, með tilliti til umfangs, eðlis og sviðs þeirrar þjónustu á sviði sýndareigna sem veitt er, og gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á annmörkum þar á.

Þjónustuveitendur sýndareigna skulu hafa kerfi og verklagsreglur til að vernda tiltækileika, ósvikni, heilleika og trúnað gagna samkvæmt reglugerð (ESB) 2022/2554.

9. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu sjá til þess að skrár séu haldnar yfir alla þjónustu, starfsemi, fyrirmæli og viðskipti á sviði sýndareigna sem þeir ráðast í. Skrár þessar skulu nægja til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að inna af hendi eftirlitsverkefni sín og framfylgja kröfum, einkum að ganga úr skugga um hvort þjónustuveitendur sýndareigna hafi uppfyllt allar skuldbindingar, þ.m.t. þær sem varða viðskiptavinum eða tilvonandi viðskiptavinum og heilleika markaðar.

Skrár sem eru geymdar í samræmi við fyrstu málsgrein skulu afhentar viðkomandi viðskiptavinum samkvæmt beiðni og þær skal geyma í fimm ár og, óski lögbært yfirvald þess áður en fimm ár eru liðin, í allt að sjö ár.

10. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina nánar:

- a) ráðstafanir til að tryggja samfellu og reglufestu í framkvæmd þjónustunnar á sviði sýndareigna sem um getur í 7. mgr.,
- b) þær skrár sem halda skal um alla þjónustu, starfsemi, fyrirmæli og viðskipti sem um getur í 9. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

69. gr.

Upplýsingar til lögbærra yfirvalda

Þjónustuveitendur sýndareigna skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu tafarlaust um allar breytingar á stjórn og/eða framkvæmdastjórn sinni áður en nýir stjórnarmenn taka til starfa og láta lögbæru yfirvaldi sínu í té allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort farið sé að 68. gr.

70. gr.

Varðveisla sýndareigna og fjármuna viðskiptavina

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem hafa í vörslu sinni sýndareignir sem tilheyra viðskiptavinum eða aðgangsleiðir að slíkum sýndareignum skulu gera fullnægjandi ráðstafanir til að vernda eignarrétt viðskiptavina, einkum við ógjaldfærni viðkomandi þjónustuveitenda sýndareigna, og til að koma í veg fyrir notkun á sýndareignum viðskiptavina fyrir þeirra eigin reikning.
2. Ef viðskiptalíkön þeirra eða þjónusta á sviði sýndareigna krefst þess að fjármunir viðskiptavina, aðrir en rafeyristókar, séu í vörslu þjónustuveitenda sýndareigna skulu þeir hafa fullnægjandi fyrirkomulag til að vernda eignarrétt viðskiptavina og koma í veg fyrir notkun á fjármunum viðskiptavina fyrir sinn eigin reikning.
3. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu eigi síðar en við lok næsta viðskiptadags eftir móttöku annarra fjármuna viðskiptavina en rafeyristóka leggja þá fjármuni inn hjá lánastofnun eða seðlabanka.

Þjónustuveitendur sýndareigna skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðrir fjármunir viðskiptavina en rafeyristókar sem geymdir eru hjá lánastofnun eða seðlabanka séu hafðir á reikningi sem er aðgreindur frá öðrum reikningum sem notaðir eru til vörslu fjármuna sem tilheyra viðkomandi þjónustuveitendum sýndareigna.

4. Þjónustuveitendum sýndareigna er heimilt að veita sjálfir, eða gegnum þriðja aðila, greiðsluþjónustu sem tengist þjónustunni á sviði sýndareigna sem þeir bjóða upp á, að því tilskildu að viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna sjálfur, eða þriðji aðilinn, hafi starfsleyfi til að veita þá þjónustu samkvæmt tilskipun (ESB) 2015/2366.

Ef greiðsluþjónusta er veitt skal þjónustuveitandi sýndareigna upplýsa viðskiptavini sína um allt eftirfarandi:

a) eðli og skilmála þeirrar þjónustu, þ.m.t. með tilvísunum í gildandi landslög og réttindi viðskiptavina,

b) hvort sú þjónusta sé veitt af þeim beint eða af þriðja aðila.

5. Ákvæði 2. og 3. mgr. þessarar greinar skulu ekki gilda um þjónustuveitendur sýndareigna sem eru rafeyrisfyrirtæki, greiðslustofnanir eða lánastofnanir.

71. gr.

Verklagsreglur um meðferð kvartana

1. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu setja og viðhalda skilvirkum og gagnsæjum verklagsreglum til skjótrar, sanngjarnrar og samræmdrar meðferðar kvartana sem berast frá viðskiptavinum og skulu birta lýsingar á þeim verklagsreglum.
2. Viðskiptavinir skulu geta lagt inn kvartanir án endurgjalds hjá þjónustuveitendum sýndareigna.
3. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu upplýsa viðskiptavini um möguleikann á því að leggja fram kvörtun. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu gera aðgengilegt fyrir viðskiptavini sniðmát til að leggja fram kvartanir og halda skrá yfir allar kvartanir sem berast og allar ráðstafanir sem gripið er til vegna þeirra.
4. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu rannsaka öll kvörtunarmál tímanlega og af sanngirni og senda niðurstöður slíkra rannsókna til viðskiptavina sinna innan eðlilegs tíma.
5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar kröfur, sniðmát og verklagsreglur fyrir meðferð kvartana.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

72. gr.

Greining, forvarnir, meðferð og birting upplýsinga um ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra

1. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu innleiða og viðhalda skilvirkum stefnum og verklagsreglum, að teknu tilliti til umfangs, eðlis og sviðs þeirrar þjónustu á sviði sýndareigna sem veitt er, til að greina, koma í veg fyrir, meðhöndla og birta upplýsingar um hagsmunaárekstra á milli:

a) þeirra sjálfra og:

- i. hluthafa sinna eða aðila,
- ii. aðila sem tengist beint eða óbeint viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna eða hluthöfum eða félagsmönnum hans gegnum yfirráð,
- iii. aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar þeirra,
- iv. starfsmanna sinna eða
- v. viðskiptavina sinna eða

b) tveggja eða fleiri viðskiptavina sem eiga hagsmuna að gæta sem rekast á.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu, á áberandi stað á vefsetri sínu, greina viðskiptavinum sínum og tilvonandi viðskiptavinum sínum frá almennu eðli og upptökum hagsmunaárekstra sem um getur í 1. mgr. og því hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að draga úr þeim.

3. Upplýsingagjöfin sem um getur í 2. mgr. skal vera á rafrænu formi og fela í sér nægilega ítarlegar upplýsingar, með hliðsjón af eðli hvers viðskiptavinar, til þess að gera hverjum viðskiptavini kleift að taka upplýsta ákvörðun um þjónustuna á sviði sýndareigna sem hagsmunaáreksturinn tengist.

4. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu meta og a.m.k. árlega endurskoða stefnu sína um hagsmunaárekstra og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að bæta úr annmörkum þar á.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar:

- a) kröfur um þær stefnur og verklagsreglur sem um getur í 1. mgr., að teknu tilliti til umfangs, eðlis og sviðs þjónustunnar á sviði sýndareigna sem veitt er,
- b) nánari upplýsingar og aðferðir í tengslum við efni þeirrar upplýsingagjafar sem um getur í 2. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

73. gr.

Útvistun

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem útvista þjónustu eða starfsemi til þriðja aðila til framkvæmdar á rekstrarþáttum skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að komast hjá aukinni rekstraráhættu. Þeir skulu bera áfram fulla ábyrgð á að rækja allar skyldur sínar samkvæmt þessum bálki og ávallt tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) útvistun leiði ekki til framsals ábyrgðar þjónustuveitenda sýndareigna,
- b) útvistun breyti ekki sambandinu milli viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna og viðskiptavina hans, né skyldum hans gagnvart viðskiptavinum sínum,
- c) útvistun breyti ekki skilyrðum starfsleyfa viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna,

- d) að þriðju aðilar sem koma að útivistuninni vinni með lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna og útvistunin komi ekki í veg fyrir að lögbær yfirvöld sinni eftirlitshlutverki sínu, þ.m.t. aðgang að viðkomandi stöðum til að afla allra viðeigandi upplýsinga sem þörf er á til að sinna þessu hlutverki,
- e) viðkomandi þjónustuveitendur sýndareigna viðhaldi nauðsynlegri sérþekkingu og tilföngum til að meta gæði veittrar þjónustu, til að hafa eftirlit með útvistuðu þjónustunni á skilvirkan hátt og til að stýra áhættu í tengslum við útvistunina á viðvarandi grundvelli,
- f) viðkomandi þjónustuveitendur sýndareigna hafi beinan aðgang að viðeigandi upplýsingum um hina útvistuðu þjónustu,
- g) viðkomandi þjónustuveitendur sýndareigna tryggi að þriðju aðilar sem koma að útivistuninni uppfylli persónuverndarkröfur Sambandsins.

Að því er varðar g-lið fyrstu undirgreinar bera þjónustuveitendur sýndareigna ábyrgð á því að tryggja að persónuverndarkröfur komi fram í þeim skriflegu samningum sem um getur í 3. mgr.

- 2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu hafa stefnu um útvistun sína, þ.m.t. um viðbragðsáætlanir og útgönguáætlanir, að teknu tilliti til umfangs, eðlis og sviðs þeirrar þjónustu á sviði sýndareigna sem veitt er.
- 3. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu skilgreina með skriflegum samningi réttindi sín og skyldur sem og réttindi og skyldur þriðju aðila sem þeir útvista þjónustu eða starfsemi til. Útivistunarsamningar skulu kveða á um rétt þjónustuveitanda sýndareigna til uppsagnar samningsins.
- 4. Þjónustuveitendur sýndareigna og þriðju aðilar skulu, samkvæmt beiðni, gera lögbæru yfirvaldi og öðrum viðeigandi yfirvöldum aðgengilegar allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta hvort hin útvistaða starfsemi samræmist kröfum þessa bálks.

74. gr.

Skipuleg slit þjónustuveitenda sýndareigna

Þjónustuveitendur sýndareigna sem veita þá þjónustu sem um getur í 75.–79. gr. skulu hafa tiltæka áætlun sem hentar til að styðja við skipuleg slit á starfsemi þeirra samkvæmt gildandi landslögum, þ.m.t. samfellu eða endurreisn á allri mikilvægri starfsemi sem viðkomandi þjónustuveitendur stunda. Sú áætlun skal sýna fram á getu viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna til að framkvæma skipuleg slit án þess að valda viðskiptavinum sínum óþörfum fjárhagslegum skaða.

3. KAFLI

Skuldbindingar í tengslum við tiltekna þjónustu á sviði sýndareigna

75. gr.

Varsla og umsýsla sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina

- 1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina skulu gera samning við viðskiptavinina sem kveður á um skyldur þeirra og ábyrgð. Slíkur samningur skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:
 - a) tilgreina hverjir samningsaðilar eru,
 - b) eðli þjónustunnar á sviði sýndareigna sem er veitt og lýsingu á þeirri þjónustu,
 - c) vörslustefnu,
 - d) samskiptaleiðina milli þjónustuveitanda sýndareigna og viðskiptavinarins, þ.m.t. sannvottunarkerfi viðskiptavinarins,
 - e) lýsingu á þeim öryggiskerfum sem viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna notar,

f) gjöld, kostnað og þóknarir sem þjónustuveitandi sýndareigna innheimtir,

g) gildandi lög.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina skulu halda skrá yfir stöður sem stofnað er til í nafni hvers viðskiptavinar er svarar til réttindum hvers viðskiptavinar til sýndareignanna. Þar sem við á skulu þjónustuveitendur sýndareigna færa í þá skrá, eins fljótt og auðið er, allar hreyfingar í kjölfar fyrirmæla frá viðskiptavinum þeirra. Í slíkum tilvikum skulu innri verklagsreglur þeirra tryggja að allar hreyfingar sem hafa áhrif á skráningu sýndareigna komi fram sem viðskipti sem eru skráð reglulega í stöðuskrá viðskiptavinarins.

3. Þjónustuveitendur sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina skulu setja sér vörslustefnu með innri reglum og verklagsreglum til að tryggja varðveislu eða eftirlit með slíkum sýndareignum, eða aðgangssleiðir að sýndareignum.

Vörslustefnan sem um getur í fyrstu undirgrein skal lágmarka áhættuna á tapi sýndareigna viðskiptavina eða réttinda sem tengjast þeim sýndareignum eða aðgangssleiða að sýndareignum vegna svika, netögna eða vanrækslu.

Samantekt vörslustefnunnar skal gerð aðgengileg viðskiptavinum, óski þeir þess, á rafrænu formi.

4. Þjónustuveitendur sýndareigna sem bjóða upp á vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina skulu, eftir atvikum, auðvelda nýtingu þeirra réttinda sem fylgja sýndareignum. Hver atburður sem líklegt er að skapi eða breyti réttindum viðskiptavinar skal þegar í stað skráður í stöðuskrá viðskiptavinarins.

Ef breytingar verða á undirliggjandi dreifðri færsluskrártækni eða annar atburður á sér stað sem líklegt er að skapi eða breyti réttindum viðskiptavinar skal viðskiptavinurinn eiga rétt á hvers kyns sýndareign eða réttindum sem hafa nýlega stofnast á grundvelli, og sem nemur, stöðum viðskiptavinarins þegar breytingin eða atburðurinn á sér stað, nema ef í gildi er samningur sem kveður skýrt á um annað og undirritaður hefur verið af þeim þjónustuveitanda sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina skv. 1. mgr. áður en sú breyting eða atburður á sér stað.

5. Þjónustuveitendur sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina skulu afhenda viðskiptavinum sínum, a.m.k. á þriggja mánaða fresti og að beiðni viðkomandi viðskiptavinar, yfirlit um stöðu sýndareignanna sem skráðar eru á nafn þeirra viðskiptavina. Þetta stöðuyfirlit skal vera á rafrænu formi. Í stöðuyfirlitinu skal tilgreina viðkomandi sýndareignir, stöðu þeirra, virði þeirra og millifærslur sýndareigna sem fóru fram á viðkomandi tímabili.

Þjónustuveitendur sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina skulu veita viðskiptavinum sínum, eins fljótt og auðið er, allar upplýsingar um aðgerðir vegna sýndareigna sem krefjast viðbragða frá þeim viðskiptavinum.

6. Þjónustuveitendur sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina skulu tryggja að nauðsynlegt verklag sé fyrir hendi til að skila þeim sýndareignum sem þjónustuveitendurnir hafa í vörslu sinni fyrir hönd viðskiptavina sinna, eða aðgangssleiðunum, eins fljótt og auðið er til þeirra viðskiptavina.

7. Þjónustuveitendur sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina skulu aðgreina varðveislu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina sinna frá eigin eignarhaldi og tryggja að aðgangssleiðir að sýndareignum viðskiptavina sinna séu greinilega auðkenndar sem slíkar. Þeir skulu tryggja að sýndareignir viðskiptavina sinna séu aðskildar frá eigin sýndareignum í dreifðu færsluskránni.

Sýndareignir í vörslu skulu vera lagalega aðskildar frá búi þjónustuveitanda sýndareigna í þágu viðskiptavina hans í samræmi við gildandi lög þannig að kröfuhafar viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna hafi ekki aðgang að sýndareignum í vörslu hans, einkum ef til ógjaldfærni kemur.

Þjónustuveitandi sýndareigna skal tryggja að sýndareignir í vörslu hans séu rekstrarlega aðskildar frá búi hans.

8. Þjónustuveitendur sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina skulu bera ábyrgð gagnvart viðskiptavinum sínum á tapi sýndareigna eða aðgangssleidda að sýndareignum vegna atviks sem rekja má til þeirra. Bótaábyrgð þjónustuveitanda sýndareigna skal nema að hámarki markaðsvirði þeirrar sýndareignar sem tapast, á þeim tíma sem tapið á sér stað.

Á meðal atvika sem ekki er hægt að rekja til þjónustuveitanda sýndareigna eru allir atburðir sem hann sýnir fram á að hafi átt sér stað óháð veitingu viðkomandi þjónustu eða óháð starfsemi hans, s.s. vandamál sem felst í starfrækslu dreifðu færsluskrárinnar, sem viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna hefur ekki stjórnað.

9. Ef þjónustuveitendur sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina nota aðra þjónustuveitendur sýndareigna sem veita þá þjónustu skulu hinir siðarnefndu þjónustuveitendur hafa starfsleyfi í samræmi við 59. gr.

Þjónustuveitendur sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina og nýta sér þjónustu annarra þjónustuveitanda sýndareigna sem veita þá þjónustu skulu upplýsa viðskiptavinum sínum um það.

76. gr.

Rekstur viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu setja, viðhalda og koma í framkvæmd skýrum og gagnsæjum starfsreglum fyrir viðskiptavettvanginn. Þessar starfsreglur skulu a.m.k.:

- a) kveða á um þau samþykkisferli, þ.m.t. kröfur um áreiðanleikakannanir á viðskiptamönnum sem samsvara þeirri áhættu á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sem stafar af umsækjandanum í samræmi við tilskipun (ESB) 2015/849, sem beitt er áður en sýndareign er tekin til viðskipta á viðskiptavettvangnum,
- b) skilgreina útilokunarflokka, ef einhverjir eru, fyrir þær tegundir sýndareigna sem ekki á að taka til viðskipta,
- c) tilgreina stefnur, verklagsreglur og fjárhæð gjalda, ef einhver eru, fyrir töku til viðskipta,
- d) kveða á um hlutlægar reglur án mismununar og hæfileg skilyrði fyrir þátttöku í viðskiptum, sem stuðla að sanngjörnum og opnum aðgangi að viðskiptavettvangnum fyrir viðskiptavinum sem vilja eiga viðskipti,
- e) koma á óvalkvæðum reglum og ferlum til að tryggja sanngjörn og skipuleg viðskipti og koma á hlutlægum viðmiðum um skilvirka framkvæmd fyrirmæla,
- f) setja skilyrði fyrir því að sýndareignir verði áfram aðgengilegar til viðskipta, þ.m.t. viðmiðunarmörk seljanleika og kröfur um reglubundna upplýsingagjöf,
- g) tilgreina við hvaða aðstæður er heimilt að stöðva tímabundið viðskipti með sýndareignir,
- h) kveða á um verklag til að tryggja skilvirkt uppgjör bæði sýndareigna og fjármuna.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skal skýrt tekið fram í starfsreglunum að ekki skuli taka sýndareign til viðskipta þegar engin samsvarandi hvítbók um sýndareign hefur verið birt, í tilvikum þar sem þessi reglugerð krefst þess.

2. Áður en sýndareign er tekin til viðskipta skulu þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir tryggja að sýndareignin sé í samræmi við starfsreglur viðskiptavettvangsins og meta hæfi viðkomandi sýndareignar. Þegar lagt er mat á hæfi sýndareignar skulu þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang einkum meta áreiðanleika þeirra tæknilausna sem notaðar eru og möguleg tengsl við ólöglega starfsemi eða svikastarfsemi, að teknu tilliti til reynslu, ferils og orðspors útgefanda viðkomandi sýndareigna og þróunarteymis hans. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang skulu einnig meta hæfi annarra sýndareigna en eignatengdra tóka eða rafeyristóka sem um getur í a- til d-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 4. gr.

3. Starfsreglur viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignir skulu koma í veg fyrir töku sýndareigna til viðskipta sem eru með innbyggða nafnhylmingu nema viðkomandi þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir geti tilgreint eigendur þessara sýndareigna og viðskiptasögu þeirra.

4. Starfsreglurnar sem um getur í 1. mgr. skulu vera á opinberu tungumáli heimaaðildarríkisins eða á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum.

Ef starfræksla viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir fer fram í öðru aðildarríki skulu starfsreglurnar sem um getur í 1. mgr. samdar á opinberu tungumáli gistiðildarríkisins eða á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum.

5. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu ekki eiga í viðskiptum fyrir eigin reikning á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir sem þeir starfrækja, þ.m.t. þar sem þeir bjóða upp á skipti sýndareigna fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir.

6. Þjónustuveitendum sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skal aðeins heimilt að stunda þöruð miðlaraviðskipti ef viðskiptavinurinn hefur veitt samþykki sitt fyrir því ferli. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu veita lögbæra yfirvaldinu upplýsingar sem útskýra notkun þeirra á þöruðum miðlaraviðskiptum. Lögbæra yfirvaldið skal fylgjast með þátttöku þjónustuveitenda sýndareigna í þöruðum miðlaraviðskiptum og tryggja að sú þátttaka falli áfram undir skilgreiningu slíkra viðskipta og valdi ekki hagsmunaárekstrum milli viðkomandi þjónustuveitenda sýndareigna og viðskiptavina þeirra.

7. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu hafa til staðar skilvirk kerfi, verkferla og fyrirkomulag til að tryggja að viðskiptakerfi þeirra:

- a) séu álagsspolin,
 - b) hafi nægilega getu til að ráða við álagstoppa í magni fyrirmæla og skilaboða,
 - c) geti tryggt skipuleg viðskipti við aðstæður þar sem verulegt álag er á markaði,
 - d) geti synjað fyrirmælum sem eru umfram fyrirframákveðin magn- og verðmörk eða eru greinilega með villum,
 - e) séu fullprófuð til að tryggja að skilyrðin skv. a- til d-lið séu uppfyllt,
 - f) lúti skilvirku fyrirkomulagi sem ætlað er að tryggja rekstrarsamfellu þjónustu þeirra ef bilun verður í viðskiptakerfinu,
 - g) geti komið í veg fyrir eða greint markaðssvik,
 - h) séu nægilega öflug til að koma í veg fyrir misnotkun þeirra til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.
8. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu gera lögbæru yfirvaldi sínu viðvart ef þeir greina tilvik markaðssvika eða tilraunir til markaðssvika sem eiga sér stað á eða gegnum viðskiptakerfi þeirra.
9. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu birta opinberlega öll kaup- og sölutilboðsverð og magnið sem er í boði á því verði sem er auglýst fyrir sýndareignir gegnum viðskiptavettvanga þeirra. Viðkomandi þjónustuveitendur sýndareigna skulu gera þessar upplýsingar tiltækar almenningi samfellt á viðskiptatíma.

10. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu birta verð, magn og tímasetningu viðskipta sem framkvæmd eru með sýndareignir á viðskiptavettvöngum þeirra. Þeir skulu birta þessar upplýsingar um öll slík viðskipti opinberlega eins nálægt rauntíma og tæknilega er mögulegt.

11. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu gera þær upplýsingar sem eru birtar í samræmi við 9. og 10. gr. tiltækar almenningi á sanngjörnum viðskiptakjörum og tryggja aðgang án mismununar að þeim upplýsingum. Þær upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar án endurgjalds 15 mínútum eftir birtingu á tölvulæsilegu sniði og skulu þær vera í birtingu í a.m.k. tvö ár.

12. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu hefja lokauppgjör viðskipta með sýndareign í dreifðu færsluskránni innan 24 klukkustunda frá framkvæmd viðskiptanna á viðskiptavettvangnum eða, ef um er að ræða viðskipti sem gerð eru upp utan dreifðu færsluskrárinnar, eigi síðar en í dagslok.

13. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu tryggja að gjaldskrár sínar sé gagnsæjar, sanngjarnar og án mismununar og skapi ekki hvata til að leggja fram, breyta eða afturkalla fyrirmæli eða framkvæma viðskipti með hætti sem yfir undir óeðlileg viðskiptaskilyrði eða markaðssvik eins og um getur í VI. bálki.

14. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang fyrir sýndareignir skulu viðhalda tilföngum og hafa öryggisafritunarbúnað sem gerir þeim kleift að veita lögbæru yfirvaldi sínu upplýsingar um starfsemina hvenær sem er.

15. Þjónustuveitendur sýndareigna sem starfrækja viðskiptavettvang skulu í a.m.k. fimm ár hafa tiltæk handa lögbæra yfirvaldinu viðeigandi gögn um öll fyrirmæli um viðskipti með sýndareignir sem eru auglýst gegnum kerfi þeirra, eða veita lögbæra yfirvaldinu aðgang að tilboðabókinni svo lögbæra yfirvaldinu sé unnt að hafa eftirlit með viðskiptunum. Á meðal þessara viðeigandi gagna skulu vera gögn um einkenni fyrirmælanna, þ.m.t. þau sem tengja fyrirmælin við framkvæmdu viðskiptin sem af þeim hljóta.

16. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina nánar:

- a) hvernig leggja á fram gögn í þágu gagnsæis, þ.m.t. aðgreiningarstig gagna sem gera á aðgengileg almenningi eins og um getur í 1., 9. og 10. mgr.,
- b) efni og snið tilboðabóka sem halda skal, eins og tilgreint er í 15. lið.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykka þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

77. gr.

Skipti sýndareigna fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem skipta sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir skulu setja sér viðskiptastefnu sem er án mismununar og tilgreinir einkum þá tegund viðskiptavina sem þeir samþykkja að eiga viðskipti við og skilyrðin sem slíkir viðskiptavinir skulu uppfylla.

2. Þjónustuveitendur sýndareigna sem skipta sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir skulu birta fast verð sýndareignanna eða aðferð til að ákvarða verð sýndareigna sem þeir hyggjast skipta fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir, og öll þau gildandi mörk sem viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna ákveður um fjárhæðina sem skipt verður.

3. Þjónustuveitendur sýndareigna sem skipta sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir skulu framkvæma fyrirmæli viðskiptavina á því verði sem birt er þegar fyrirmælin um skipti verða endanleg. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu upplýsa viðskiptavinum sína um skilyrði þess að telja tilboð þeirra endanlegt.

4. Þjónustuveitendur sýndareigna sem skipta sýndareignum fyrir fjármuni eða aðrar sýndareignir skulu birta upplýsingar um viðskiptin sem þeir framkvæma, svo sem magn og verð viðskipta.

78. gr.

Framkvæmd fyrirmæla um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem framkvæma fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina skulu við framkvæmd fyrirmæla gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda á framkvæmd og uppgjöri, stærðar, eðlis, skilyrða fyrir vörslu sýndareignanna eða annarra þátta sem máli skipta við framkvæmd fyrirmælanna.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skal þjónustuveitendum sýndareigna sem framkvæma fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina ekki gert að gera þær nauðsynlegu ráðstafanir sem vísað er til í fyrstu undirgrein ef þeir framkvæma fyrirmæli um sýndareignir með því að fylgja sérstökum fyrirmælum viðskiptavina sinna.

2. Til að tryggja að farið sé að ákvæðum 1. mgr. skulu þjónustuveitendur sýndareigna sem framkvæma fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina koma á og innleiða skilvirkt fyrirkomulag framkvæmdar. Þeir skulu einkum koma á og innleiða stefnu um framkvæmd fyrirmæla sem gerir þeim kleift að fara að 1. mgr. Stefnan um framkvæmd fyrirmæla skal m.a. kveða á um tafarlausa, sanngjarna og skjóta framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina og koma í veg fyrir að starfsmenn viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna misnoti upplýsingar sem tengjast fyrirmælum viðskiptavina.

3. Þjónustuveitendur sýndareigna sem framkvæma fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina skulu veita viðskiptavininum sínum viðeigandi og skýrar upplýsingar um stefnu sína um framkvæmd fyrirmæla sem um getur í 2. mgr. og allar verulegar breytingar á henni. Í upplýsingunum skal útskýra skilmerkilega, nógu ítarlega og á auðskilinn hátt fyrir viðskiptavininn hvernig viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna muni framkvæma fyrirmælin. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu afla fyrirframsamþykkis hvers viðskiptavinar að því er varðar stefnuna um framkvæmd fyrirmæla.

4. Þjónustuveitendur sýndareigna sem framkvæma fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina skulu geta sýnt viðskiptavininum sínum fram á, að beiðni hinna síðarnefndu, að þeir hafi framkvæmt fyrirmæli sín í samræmi við stefnu sína um framkvæmd fyrirmæla og skulu geta sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á, að beiðni hins síðarnefnda, að þeir fari að þessari grein.

5. Ef stefnan um framkvæmd fyrirmæla býður upp á þann möguleika að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina utan viðskiptavettvangs skulu þjónustuveitendur sýndareigna sem framkvæma fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina upplýsa þá um þann möguleika og afla fyrirframsamþykkis viðskiptavina sinna áður en fyrirmæli þeirra eru framkvæmd utan viðskiptavettvangs, annaðhvort í formi almenns samnings eða fyrir einstök viðskipti.

6. Þjónustuveitendur sýndareigna sem framkvæma fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina skulu fylgjast með skilvirkni fyrirkomulags síns og stefnu um framkvæmd fyrirmæla til að greina og, eftir því sem við á, ráða bót á annmörkum þar á. Þeir skulu einkum meta reglulega hvort viðskiptastaðirnir sem falla undir stefnu þeirra um framkvæmd fyrirmæla veiti bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavininn eða hvort þeir þurfa að gera breytingar á fyrirkomulagi sínu við framkvæmd fyrirmæla. Þjónustuveitendur sýndareigna sem framkvæma fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina skulu tilkynna viðskiptavininum sem þeir eru í viðvarandi viðskiptasambandi við um allar verulegar breytingar á fyrirkomulagi sínu við framkvæmd fyrirmæla eða á stefnu sinni um framkvæmd fyrirmæla.

79. gr.

Markaðssetning sýndareigna

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem setja sýndareignir á markað skulu veita útbjóðandanum, aðilanum sem óskar eftir töku til viðskipta eða þriðja aðila sem kemur fram fyrir þeirra hönd eftirfarandi upplýsingar áður en þeir gera samning við þá:

- a) um þá tegund markaðssetningar sem er áformuð, þ.m.t. hvort lágmarksfjárhæð kaupa sé tryggð,
- b) um fjárhæð viðskiptagjalda sem tengjast fyrirhugaðri setningu á markað,
- c) um líklega tímasetningu, ferli og verð fyrirhugaðrar aðgerðar,
- d) um viðkomandi markhóp kaupenda.

Áður en þjónustuveitendur sýndareigna setja sýndareignir á markað skulu þeir afla samþykkis útgefenda viðkomandi sýndareigna eða þriðja aðila sem kemur fram fyrir þeirra hönd að því er varðar þær upplýsingar sem taldar eru upp í fyrstu undirgrein.

2. Í reglum þjónustuveitenda sýndareigna um hagsmunaárekstra sem um getur í 1. mgr. 72. gr. skal kveðið á um sértækt og viðunandi verklag til að greina, koma í veg fyrir, stýra og upplýsa um hvers konar hagsmunaárekstra sem hljótast af eftirfarandi aðstæðum:

- a) þjónustuveitendur sýndareigna úthluta sýndareignunum til eigin viðskiptavina,
- b) fyrirhugað verð fyrir setningu sýndareigna á markað hefur verið of- eða vanáætlað,
- c) útbjóðandinn greiðir eða veitir þjónustuveitendum sýndareigna hvata, þ.m.t. ópeningalega hvata.

80. gr.

Móttaka og miðlun fyrirmæla um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem taka á móti og miðla fyrirmælum um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina skulu koma á og innleiða verklag og fyrirkomulag sem felur í sér skjóta og rétta miðlun fyrirmæla viðskiptavina til framkvæmdar á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir eða til annars þjónustuveitanda sýndareigna.
2. Þjónustuveitendur sýndareigna sem taka á móti og miðla fyrirmælum um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina skulu ekki fá þóknun, afslátt eða ópeningalegan ávinning fyrir að beina fyrirmælum frá viðskiptavinum til tiltekins viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir eða til annars þjónustuveitanda sýndareigna.
3. Þjónustuveitendur sýndareigna sem taka á móti og miðla fyrirmælum um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina skulu ekki misnota upplýsingar sem tengjast fyrirmælum viðskiptavinar sem eru enn óafgreidd og skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsmenn sínir misnoti slíkar upplýsingar.

81. gr.

Ráðgjöf um sýndareignir og stýring sýndareignasafna

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem veita ráðgjöf um sýndareignir eða stýra sýndareignasöfnum skulu meta hvort þjónustan á sviði sýndareigna eða sýndareignirnar hæfi viðskiptavinum þeirra eða tilvonandi viðskiptavinum, að teknu tilliti til þekkingar þeirra og reynslu af fjárfestingum í sýndareignum, fjárfestingarmarkmiðum þeirra, þ.m.t. áhættuþols, og fjárhagsstöðu þeirra, þ.m.t. getu þeirra til að taka á sig tap.
2. Þjónustuveitendur sýndareigna sem veita ráðgjöf um sýndareignir skulu, með góðum fyrirvara áður en þeir veita ráðgjöf um sýndareignir, upplýsa tilvonandi viðskiptavini um hvort ráðgjöfin:

 - a) sé veitt á óháðum grundvelli,
 - b) byggist á víðtækri eða takmarkaðri greiningu á mismunandi tegundum sýndareigna, þ.m.t. hvort ráðgjöfin takmarkist við sýndareignir sem eru gefnar út eða boðnar af aðila með nán tengsl við viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna eða önnur lagaleg eða fjárhagsleg tengsl, s.s. á grundvelli samnings, sem valda hættu á að skerða óhæði ráðgjafarinnar.

3. Ef þjónustuveitandi sýndareigna sem veitir ráðgjöf um sýndareignir upplýsir tilvonandi viðskiptavin um að ráðgjöfin sé veitt á óháðum grundvelli skal hann:

 - a) meta nægilegt úrval sýndareigna sem fáanlegar eru á markaði, sem skal vera nógu fjölbreytilegt til að tryggja að unnt sé að uppfylla fjárfestingarmarkmið viðskiptavinarins með tilhlýðilegum hætti og sem má ekki takmarkast við sýndareignir sem eru gefnar út eða útvegaðar af:
 - i. þeim sama þjónustuveitanda sýndareigna,
 - ii. aðilunum sem eru í nánnum tengslum við þann sama þjónustuveitanda sýndareigna eða
 - iii. öðrum aðilum sem sá þjónustuveitandi sýndareigna hefur svo nán lagaleg eða fjárhagsleg tengsl við, s.s. á grundvelli samnings, að hætt sé við að þau skerði óhæði ráðgjafarinnar sem veitt er,

- b) ekki taka við né halda eftir þóknunum eða peningalegum eða ópeningalegum ávinningi sem þriðji aðili eða aðili sem kemur fram fyrir hönd þriðja aðila greiðir eða lætur í té í tengslum við þjónustuna sem veitt er viðskiptavinum.

Þrátt fyrir b-lið fyrsta undirliðar skal leyfa minniháttar ópeningalegan ávinning sem getur aukið gæði þjónustunnar á sviði sýndareigna sem veitt er viðskiptavinum og er af slíku umfangi og þess eðlis að ávinningurinn kemur ekki í veg fyrir að viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna uppfylli skuldbindingu sína um að starfa með hagsmuni viðskiptavinar síns að leiðarljósi, í tilvikum þar sem viðskiptavinurinn fær skilmerkilegar upplýsingar um ávinninginn.

4. Þjónustuveitendur sýndareigna sem veita ráðgjöf um sýndareignir skulu einnig veita tilvonandi viðskiptavinum upplýsingar um allan kostnað og tengd gjöld, þ.m.t. kostnað af ráðgjöf, eftir atvikum, kostnað af því að mæla með við eða markaðssetja sýndareignir gagnvart viðskiptavininum og hvernig viðskiptavininum er heimilt að greiða fyrir sýndareignimar, að meðtöldum öllum greiðslum til þriðju aðila.

5. Þjónustuveitendur sýndareigna sem stýra sýndareignasöfnum skulu ekki taka við né halda eftir þóknunum eða öðrum peningalegum eða ópeningalegum ávinningi sem útgefandi, útbjóðandi, aðili sem óskar eftir töku til viðskipta eða þriðji aðili, eða aðili sem kemur fram fyrir hönd þriðja aðila, greiðir eða lætur í té í tengslum við stýringu sýndareignasafna fyrir viðskiptavinum þeirra.

6. Ef þjónustuveitandi sýndareigna upplýsir tilvonandi viðskiptavin um að ráðgjöf hans sé veitt á óháðum grundvelli er þeim þjónustuveitanda heimilt að taka við umbun með þeim skilyrðum að greiðslan eða ávinningurinn:

- a) sé til þess fallinn að auka gæði viðkomandi þjónustu við viðskiptavininn og
- b) gangi ekki gegn þeirri skyldu þjónustuveitanda sýndareigna að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku með hagsmuni viðskiptavina sinna að leiðarljósi.

Upplýsa skal viðskiptavininn skilmerkilega um tilvist, eðli og fjárhæð greiðslu eða ávinnings eins og um getur í 4. mgr. eða, ef ekki er unnt að ákvarða fjárhæðina, aðferðina sem er notuð til útreiknings fjárhæðarinnar, á ítarlegan, réttan og skiljanlegan hátt áður en viðkomandi þjónusta á sviði sýndareigna er veitt.

7. Þjónustuveitendur sýndareigna sem veita ráðgjöf um sýndareignir skulu tryggja að þeir einstaklingar sem veita ráðgjöf eða upplýsingar um sýndareignir, eða þjónustu á sviði sýndareigna, búi yfir nauðsynlegri þekkingu og hæfni til að uppfylla skyldur sínar. Aðildarríkin skulu birta þau viðmið sem nota skal til að meta slíka þekkingu og hæfni.

8. Að því er varðar hæfismatið sem um getur í 1. mgr. skulu þjónustuveitendur sýndareigna sem veita ráðgjöf um sýndareignir eða stýra sýndareignasöfnum afla nauðsynlegra upplýsinga frá viðskiptavinum sínum eða tilvonandi viðskiptavinum um þekkingu þeirra á og reynslu af fjárfestingum, þ.m.t. í sýndareignum, fjárfestingarmarkmið þeirra, þ.m.t. um áhættuþol, fjárhagsstöðu þeirra, þ.m.t. getu þeirra til að taka á sig tap, og grunnskilning þeirra á áhættunni sem fylgir kaupum á sýndareignum, til að gera viðkomandi þjónustuveitendum sýndareigna kleift að ráðleggja viðskiptavinum eða tilvonandi viðskiptavinum um hvort sýndareignimar hæfa þeim og einkum hvort þær eru í samræmi við áhættuþol og getu þeirra til að taka á sig tap.

9. Þjónustuveitendur sýndareigna sem veita ráðgjöf um sýndareignir eða stýra sýndareignasöfnum skulu vara viðskiptavinum eða tilvonandi viðskiptavinum við því að:

- a) virði sýndareigna kann að sveiflast,
- b) sýndareignimar gætu tapast að öllu leyti eða að hluta,
- c) sýndareignimar verði mögulega ekki seljanlegar,
- d) eftir atvikum, sýndareignin njóti ekki verndar bótakerfis fyrir fjárfesta samkvæmt tilskipun 97/9/ESB,
- e) sýndareignimar njóti ekki verndar innstæðutryggingakerfis samkvæmt tilskipun 2014/49/ESB.

10. Þjónustuveitendur sýndareigna sem veita ráðgjöf um sýndareignir eða stýra sýndareignasöfnum skulu koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda stefnum og verklagsreglum sem gera þeim kleift að afla og meta allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið sem um getur í 1. mgr. fyrir hvern viðskiptavin. Þeir skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar sem aflað er um viðskiptavini eða tilvonandi viðskiptavini þeirra séu áreiðanlegar.

11. Ef viðskiptavinir veita ekki þær upplýsingar sem krafist er skv. 8. mgr., eða þjónustuveitendur sýndareigna sem veita ráðgjöf um sýndareignir eða stýra sýndareignasöfnum telja að þjónustan á sviði sýndareigna eða sýndareignirnar hæfi ekki viðskiptavinum sínum, skulu þeir ekki mæla með slíkri þjónustu á sviði sýndareigna eða sýndareignum og ekki heldur hefja stýringu slíkra sýndareigna.

12. Þjónustuveitendur sýndareigna sem veita ráðgjöf um sýndareignir eða stýra sýndareignasöfnum skulu reglulega endurskoða fyrir hvern viðskiptavin hæfismatið sem um getur í 1. mgr., á a.m.k. tveggja ára fresti eftir að upphaflega matið er framkvæmt í samræmi við þá málsgrein.

13. Þegar hæfismatið sem um getur í 1. mgr. eða endurskoðun þess skv. 12. mgr. hefur verið framkvæmd skulu þjónustuveitendur sýndareigna sem veita ráðgjöf um sýndareignir láta viðskiptavinum í té skýrslu um hæfi sem tilgreinir hvaða ráðgjöf er veitt og hvernig hún samræmist óskum, markmiðum og öðrum eiginleikum viðskiptavina. Skýrslan skal gerð og send viðskiptavinum á rafrænu formi. Skýrslan skal að lágmarki:

- a) innihalda uppfærðar upplýsingar um matið sem um getur í 1. mgr. og
- b) veita yfirlit um ráðgjöfina sem veitt er.

Í skýrslunni um hæfi sem um getur í fyrstu undirgrein skal koma skýrt fram að ráðgjöfin byggist á þekkingu og reynslu viðskiptavinarins af fjárfestingum í sýndareignum, fjárfestingarmarkmiðum hans, áhættuþoli, fjárhagsstöðu og getu til að taka á sig tap.

14. Þjónustuveitendur sýndareigna sem bjóða upp á stýringu sýndareignasafna skulu senda viðskiptavinum sínum reglubundin yfirlit á rafrænu formi yfir þær aðgerðir sem framkvæmdar eru við stýringu eignasafna fyrir þeirra hönd. Þessi reglubundnu yfirlit skulu innihalda sanngjarnt og óhlutdrægt yfirlit um starfsemina sem stunduð er og árangur eignasafnsins á yfirlitstímabilinu, uppfærða yfirlýsingu um hvernig sú starfsemi sem hefur farið fram er í samræmi við óskir, markmið og önnur einkenni viðskiptavinarins og uppfærðar upplýsingar um hæfismatið sem um getur í 1. mgr. eða endurskoðun þess skv. 12. mgr.

Leggja skal fram reglubundna yfirlitið sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar á þriggja mánaða fresti, nema ef viðskiptavinurinn hefur aðgang að nettengdu kerfi þar sem nálgast má uppfært virðismat eignasafns hans og uppfærðar upplýsingar um hæfismatið sem um getur í 1. mgr., og ef viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna hefur sannanir fyrir því að viðskiptavinurinn hafi nálgast virðismatið a.m.k. einu sinni á viðkomandi ársfjórðungi. Slíkt nettengt kerfi skal teljast vera á rafrænu formi.

15. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal eigi síðar en 30. desember 2024 gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 til að tilgreina:

- a) viðmiðin til mats á þekkingu og hæfni í samræmi við 7. mgr.,
- b) upplýsingarnar sem um getur í 8. mgr. og
- c) snið reglubundnu yfirlitanna sem um getur í 14. mgr.

82. gr.

Millifærsluþjónusta fyrir sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina

1. Þjónustuveitendur sýndareigna sem veita millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina skulu gera samning við viðskiptavini sína sem kveður á um skyldur þeirra og ábyrgð. Slíkur samningur skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

- a) tilgreina hverjir samningsaðilar eru,

- b) lýsingu á fyrirkomulagi millifærsluþjónustu,
- c) lýsingu á þeim öryggiskerfum sem viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna notar,
- d) gjöld sem viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna leggur á,
- e) gildandi lög.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 fyrir þjónustuveitendur sýndareigna sem veita millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina að því er varðar verklag og stefnur, þ.m.t. réttindi viðskiptavina, í tengslum við millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir.

4. KAFLI

Kaup á þjónustuveitendum sýndareigna

83. gr.

Mat á fyrirhuguðum kaupum á þjónustuveitendum sýndareigna

1. Einstaklingur eða lögaðili eða slíkir aðilar í samstarfi sem hafa tekið ákvörðun um að annaðhvort kaupa, beint eða óbeint, („fyrirhugaður kaupandi“) virkan eignarhlut í þjónustuveitanda sýndareigna eða auka, beint eða óbeint, virkan eignarhlut sinn þannig að hlutfall atkvæða eða hlutfjár sem fyrirhugaður kaupandi fer með nemi eða fari yfir 20%, 30% eða 50%, eða þannig að viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna verði dótturfélag hans, skulu tilkynna um það skriflega til lögbærs yfirvalds þess þjónustuveitanda sýndareigna og tilgreina stærð fyrirhugaðs eignarhlutar og þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt tæknilegum eftirlitsstöðlum sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við 4. mgr. 84. gr.
2. Einstaklingur eða lögaðili sem hefur tekið ákvörðun um að selja, beint eða óbeint, virkan eignarhlut í þjónustuveitanda sýndareigna skal, áður en eignarhluturinn er seldur, tilkynna lögbæra stjórnvaldinu skriflega um ákvörðun sína og tilgreina stærð eignarhlutarins. Sá aðili skal einnig gera lögbæra yfirvaldinu viðvart ef hann hefur tekið ákvörðun um að minnka virkan eignarhlut sinn þannig að það hlutfall atkvæða eða hlutfjár sem hann fer með fari niður fyrir 10 %, 20%, 30% eða 50%, eða þannig að viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna verði ekki lengur dótturfélag þess aðila.
3. Lögbæra yfirvaldið skal án tafar og eigi síðar en innan tveggja virkra daga frá móttöku tilkynningar skv. 1. mgr. staðfesta móttöku hennar skriflega.
4. Lögbæra yfirvaldið skal meta fyrirhuguð kaup eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar og þær upplýsingar sem tilskildar eru samkvæmt þeim tæknilegum eftirlitsstöðlum sem framkvæmdastjórnin samþykkir í samræmi við 4. mgr. 84. gr., innan 60 virkra daga frá skriflegri staðfestingu móttöku sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar. Þegar lögbæra yfirvaldið staðfestir móttöku tilkynningarinnar skal það tilkynna fyrirhuguðum kaupanda um daginn sem matsfresturinn rennur út.
5. Að því er varðar matið sem um getur í 4. mgr. er lögbæra yfirvaldinu heimilt að hafa samráð við lögbæru yfirvöldin á sviði aðgerða gegn peningabætti og fjármögnunar hryðjuverka og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu og skal taka tilhlýðilegt tilliti til sjónarmiða þeirra.
6. Við framkvæmd mats eins og um getur í 4. mgr. er lögbæra yfirvaldinu heimilt að óska eftir þeim viðbótarupplýsingum frá fyrirhuguðum kaupanda sem nauðsynlegar eru til að ljúka við matið. Slíka beiðni skal leggja fram áður en matinu lýkur og eigi síðar en á 50. virka degi frá dagsetningu skriflegrar staðfestingar móttöku eins og um getur í 3. mgr. Slíkar beiðnir skulu vera skriflegar og í þeim skal tilgreina þær viðbótarupplýsingar sem þörf er á.

Lögbæra yfirvaldið skal gera hlé matstímabilinu sem um getur í 4. mgr. þar til því hafa borist þær viðbótarupplýsingar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Hléið má ekki vara lengur en 20 virka daga. Frekari beiðnir lögbærs yfirvalds um viðbótarupplýsingar eða nánari útlitun á þeim upplýsingum sem berast skulu ekki leiða til viðbótarhlés á matstímabilinu.

Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að framlengja tímabundna hléið sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar um allt að 30 virka daga ef fyrirhugaður kaupandi er staðsettur utan Sambandsins eða lýtur eftirliti samkvæmt löggjöf þriðja lands.

7. Lögbært yfirvald sem ákveður að loknu mati eins og um getur í 4. mgr. að andmæla fyrirhuguðum kaupum eins og um getur í 1. mgr. skal tilkynna fyrirhuguðum kaupanda um það innan tveggja virkra daga og eigi síðar en daginn sem um getur í 4. mgr. með framlengingum, eftir atvikum, í samræmi við aðra og þriðju undirgrein 6. mgr. Í tilkynningunni skal tilgreina ástæður slíkrar ákvörðunar.
8. Andmæli lögbæra yfirvaldið ekki fyrirhuguðum kaupum eins og um getur í 1. mgr. fyrir daginn sem um getur í 4. mgr. að meðtöldum framlengingum, eftir atvikum, í samræmi við aðra og þriðju undirgrein 6. mgr. skulu fyrirhuguð kaup teljast samþykkt.
9. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að ákvarða hámarksfrest til að ljúka fyrirhuguðum kaupum sem um getur í 1. mgr. og framlengja hann eftir því sem við á.

84. gr.

Efni mats á fyrirhuguðum kaupum á þjónustuveitendum sýndareigna

1. Við framkvæmd mats eins og um getur í 4. mgr. 83. gr. skal lögbæra yfirvaldið meta hæfi fyrirhugaðs kaupanda og hversu fjárhagslega traust fyrirhuguð kaup sem um getur í 1. mgr. 83. gr. eru á grundvelli allra eftirfarandi viðmiða:
- a) orðspors fyrirhugaðs kaupanda,
 - b) orðspors þekkingar, hæfni og reynslu hvers þess aðila sem mun stjórna starfsemi viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna í kjölfar fyrirhugaðra kaupa,
 - c) fjárhagslegs heilbrigðis fyrirhugaðs kaupanda, einkum í tengslum við þá tegund starfsemi sem áformuð og stunduð er í tengslum við viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna,
 - d) hvort viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna muni geta hlitt og haldið áfram að hlíta ákvæðum þessa bálks,
 - e) hvort rökstuddur grunur sé um að peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka í skilningi 3. og 5. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, í þeirri röð, eigi sér stað, hafi átt sér stað eða tilraun hafi verið gerð til slíks í tengslum við fyrirhuguð kaup eða hvort fyrirhuguð kaup gæti aukið hættu á slíku.
2. Lögbæra yfirvaldinu er aðeins heimilt að andmæla fyrirhuguðum kaupum ef til þess liggja gildar ástæður á grundvelli þeirra viðmiða sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar eða þegar þær upplýsingar sem veittar eru í samræmi við 4. mgr. 83. gr. eru ófullnægjandi eða rangar.
3. Aðildarríki skulu hvorki setja nein fyrirframskiðyrði um stærð virks eignarhlutar sem verður að kaupa samkvæmt þessari reglugerð né heimila lögbærum yfirvöldum sínum að kanna fyrirhuguð kaup með tilliti til hagrænna þarfa markaðarins.
4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nákvæmlega efni þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið sem um getur í fyrstu undirgrein 4. mgr. 83. gr. Upplýsingarnar sem krafist er skulu skipta máli við varfærnismat, vera í samræmi við meðalhóf og lagaðar að eðli fyrirhugaðs kaupanda og fyrirhugaðra kaupa sem um getur í 1. mgr. 83. gr.
- Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.
- Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

5. KAFLI

Mikilvægir þjónustuveitendur sýndareigna

85. gr.

Tilgreining á mikilvægum þjónustuveitendum sýndareigna

1. Þjónustuveitandi sýndareigna skal teljast mikilvægur ef hann hefur í Sambandinu a.m.k. 15 milljónir virka notendur að meðaltali á einu almanaksári, þar sem meðaltalið er reiknað sem meðaltal daglegs fjölda virkra notenda á næstliðnu almanaksári.
 2. Þjónustuveitendur sýndareigna skulu gera lögbærum yfirvöldum sínum viðvart innan tveggja mánaða frá því að þeir ná þeim fjölda virkra notenda sem settur er fram í 1. mgr. Samþykki lögbært yfirvald að viðmiðunarmörkunum sem um getur í 1. mgr. sé náð skal það gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni viðvart.
 3. Án þess að hafa áhrif á ábyrgð lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari reglugerð skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins sjá eftirlitsstjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar fyrir árlegum uppfærslum upplýsinga um eftirfarandi eftirlitstengda þróun í tengslum við mikilvæga þjónustuveitendur sýndareigna:
 - a) gildandi eða veitt leyfi eins og um getur í 59. gr.,
 - b) málsmeðferð til afturköllunar starfsleyfa eins og um getur í 64. gr. sem er yfirstandandi eða lokið,
 - c) beiting eftirlitsheimilda sem settar eru fram í b-, c-, e-, f-, g-, y- og aa-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 94. gr.
- Lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins er heimilt að sjá eftirlitsstjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar fyrir tíðari uppfærslum eða gera henni viðvart áður en það tekur ákvörðun að því er varðar fyrstu undirgrein a-, b- eða c-liðar.
4. Heimilt er að í kjölfar uppfærslu eins og um getur í annarri undirgrein 3. mgr. fylgi skoðanaskipti í eftirlitsstjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.
 5. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að nýta sér valdheimildir sínar skv. 29., 30., 31. og 31. gr. b reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á.

VI. BÁLKUR

FYRIRBYGGING OG BANN VARÐANDI MARKAÐSSVIK Í TENGLUM VIÐ SÝNDAREIGNIR

86. gr.

Gildissvið reglna um markaðssvik

1. Bálkur þessi skal gilda um aðgerðir sem aðili framkvæmir varðandi sýndareignir sem eru teknar til viðskipta eða beiðni hefur verið lögð fram um að verði teknar til viðskipta.
2. Bálkur þessi gildir um öll viðskipti, fyrirmæli eða hegðun varðandi sýndareignir eins og um getur í 1. mgr., án tillits til þess hvort slík viðskipti eigi sér stað, slík fyrirmæli séu gefin eða slík hegðun eigi sér stað á viðskiptavettvangi.
3. Bálkur þessi gildir um aðgerðir og aðgerðaleyfi, í Sambandinu og þriðju löndum, varðandi sýndareignir eins og um getur 1. mgr.

87. gr.

Innherjaupplýsingar

1. Að því er varðar þessa reglugerð eru innherjaupplýsingar eftirfarandi tegundir upplýsinga:
 - a) nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða, beint eða óbeint, einn eða fleiri útgefendur, tilboðsgjafa eða aðila sem óska eftir töku til viðskipta, eða eina eða fleiri sýndareignir, og væru líklegar, yrðu þær gerðar opinberar, til að hafa marktæk áhrif á verð þessara sýndareigna eða verð tengdrar sýndareignar,

b) þegar um er að ræða aðila sem hefur verið falið að framkvæma fyrirmæli um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina er einnig átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem viðskiptavinur miðlar og varða fyrirmæli hans um sýndareignir sem eru enn óafgreidd, sem varða, beint eða óbeint, einn eða fleiri útgefendur, tilboðsgjafa eða aðila sem óska eftir töku til viðskipta, eða eina eða fleiri sýndareignir, og sem væru líklegar, yrðu þær gerðar opinberar, til að hafa marktæk áhrif á verð þessara sýndareigna eða verð tengdrar sýndareignar.

2. Við beitingu 1. mgr. skal litið svo á að upplýsingar séu nægjanlega tilgreindar ef þær gefa til kynna aðstæður sem eru fyrir hendi eða sem ætla má að verði fyrir hendi eða atburð sem hefur átt sér stað eða sem ætla má að muni eiga sér stað, ef þær eru nægilega nákvæmar til að unnt sé að draga ályktun um möguleg áhrif þeirra aðstæðna eða atburðar á verð sýndareigna. Sé í þessu sambandi um að ræða langvarandi ferli sem ætlað er að ná fram, eða sem veldur, tilteknum aðstæðum eða tilteknum atburði má líta á upplýsingar um þessar framtíðaraðstæður eða -atburð, og milliprep í ferlinu sem tengjast því að ná fram eða valda þessum framtíðaraðstæðum eða -atburði, sem nægjanlega tilgreindar upplýsingar.

3. Upplýsingar um milliprep í langvarandi ferli teljast vera innherjaupplýsingar ef þær, einar og sér, uppfylla þau skilyrði um innherjaupplýsingar sem um getur í 2. mgr.

4. Að því er varðar 1. mgr. skulu upplýsingar sem líklegt er að hefðu marktæk áhrif á verð sýndareigna, yrðu þær gerðar opinberar, merkja upplýsingar sem upplýstur eigandi sýndareigna myndi líklega nota sem hluta af grundvelli fjárfestingar-ákvæðna sinna.

ðð. gr.

Opinber birting innherjaupplýsinga

1. Útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku til viðskipta skulu upplýsa almenning, eins fljótt og auðið er, um innherjaupplýsingar sem um getur í 87. gr. og varða þá beint, með þeim hætti að almenningur geti nálgast þær skjótt og lagt fullt, rétt og tímanlegt mat á upplýsingarnar. Útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku til viðskipta skulu ekki blanda saman annars vegar opinberri birtingu innherjaupplýsinga og hins vegar markaðssetningu á starfsemi sinni. Útgefendur, tilboðsgjafar og aðilar sem óska eftir töku til viðskipta skulu birta og viðhalda á vefsetri sínu í a.m.k. fimm ár öllum innherjaupplýsingum sem þeim ber að birta opinberlega.

2. Útgefendum, tilboðsgjöfum og aðilum sem óska eftir töku til viðskipta er heimilt á eigin ábyrgð að fresta opinberri birtingu innherjaupplýsinga sem um getur í 87. gr. að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) tafarlaus birting upplýsinganna sé líkleg til að skaða lögmæta hagsmuni útgefendanna, tilboðsgjafanna eða aðilanna sem óska eftir töku til viðskipta,
- b) frestun á birtingu upplýsinganna sé ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi,
- c) útgefendurnir, tilboðsgjafarnir eða aðilarnir sem óska eftir töku til viðskipta geti tryggt trúnað þeirra upplýsinga.

3. Hafi útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku til viðskipta frestað birtingu innherjaupplýsinga í samræmi við 2. mgr. skal hann upplýsa lögbæra yfirvaldið um að birtingu upplýsinganna hafi verið frestað og leggja fram skriflega útskýringu á því hvernig skilyrði 2. mgr. hafi verið uppfyllt, þegar í stað eftir að upplýsingarnar eru birtar almenningi. Að öðrum kosti er aðildarríkjum heimilt að kveða á um að slík útskýring skuli aðeins lögð fram að beiðni lögbæra yfirvaldsins.

4. Til að tryggja samræmd skilyrði við beitingu þessarar greinar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að ákvarða tæknilegar aðferðir til:

- a) viðeigandi opinberrar birtingar innherjaupplýsinga eins og um getur í 1. mgr., og
- b) frestunar á opinberri birtingu innherjaupplýsinga eins og um getur í 2. og 3. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykka þá tæknilegu framkvæmdarstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

89. gr.

Bann við innherjasvikum

1. Að því er varðar þessa reglugerð teljast það innherjasvik ef aðili býr yfir innherjaupplýsingum og notar þær til að kaupa eða selja, fyrir eigin reikning eða reikning þriðja aðila, beint eða óbeint, sýndareignir sem þær upplýsingar varða. Notkun innherjaupplýsinga til að afturkalla eða breyta fyrirmælum í tengslum við sýndareign sem upplýsingarnar varða telst einnig innherjasvik ef fyrirmælin voru lögð fram áður en viðkomandi aðili bjó yfir innherjaupplýsingunum. Einnig fellur það undir notkun innherjaupplýsinga að leggja fram, breyta eða afturkalla tilboð aðila fyrir eigin reikning hans eða fyrir reikning þriðja aðila.

2. Enginn aðili skal stunda eða reyna að stunda innherjasvik eða nota innherjaupplýsingar um sýndareignir til að kaupa eða selja þær sýndareignir, beint eða óbeint, hvort sem er fyrir eigin reikning þess aðila eða fyrir reikning þriðja aðila. Enginn aðili skal ráðlegga að annar aðili fremji innherjasvik eða hvetja annan aðila til að fremja innherjasvik.

3. Enginn aðili sem býr yfir innherjaupplýsingum um sýndareignir skal, á grundvelli þeirra innherjaupplýsinga, ráðlegga eða hvetja annan aðila til að:

a) kaupa eða selja þær sýndareignir eða

b) afturkalla eða breyta fyrirmælum um þær sýndareignir.

4. Sé farið að ráðleggingum eða hvatningu eins og um getur í 3. mgr. telst það innherjasvik í skilningi þessarar greinar ef aðilinn sem fer eftir ráðleggingunni eða hvatningunni veit eða ætti að vita að hún grundvallast á innherjaupplýsingum.

5. Þessi grein gildir um alla aðila sem búa yfir innherjaupplýsingum vegna:

a) setu sinnar í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, tilboðsgjafans eða aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta,

b) hlutdeildar í hlutafé útgefandans, tilboðsgjafans eða aðilans sem sækir um töku til viðskipta,

c) aðgangs að upplýsingum í krafti starfs síns, starfsgreinar eða skyldna eða í tengslum við hlutverk sitt í tengslum við tækni dreifðrar færsluskrár eða sambærilega tækni eða

d) þess að þeir eru viðriðnir refsiverða háttsemi.

Þessi grein gildir einnig um alla aðila sem búa yfir innherjaupplýsingum við aðrar aðstæður en þær sem um getur í fyrstu undirgrein ef viðkomandi aðili veit eða ætti að vita að um innherjaupplýsingar er að ræða.

6. Sé aðilinn sem um getur í 1. mgr. lögaðili gildir þessi grein, í samræmi við landslög, um þá einstaklinga sem taka þátt í ákvörðuninni um að ráðast í kaupin, söluna, afturköllunina eða breytinguna á fyrirmælum fyrir reikning hlutaðeigandi lögaðila.

90. gr.

Bann við ólögmætri miðlun innherjaupplýsinga

1. Enginn aðili sem býr yfir innherjaupplýsingum má birta öðrum aðila innherjaupplýsingar með ólögmætum hætti, nema slík birting fari fram sem hluti af eðlilegri framkvæmd starfs, vinnu innan starfsgreinar eða skyldna.

2. Áframmiðlun ráðlegginga eða hvatninga sem um getur í 4. mgr. 89. gr. vera ólögmæt miðlun innherjaupplýsinga ef aðilinn sem miðlar ráðleggingunni eða hvatningunni veit eða ætti að vita að hún grundvallast á innherjaupplýsingum.

91. gr.

Bann við markaðsmisnotkun

1. Enginn aðili skal stunda eða gera tilraun til að stunda markaðsmisnotkun.

2. Að því er varðar þessa reglugerð tekur markaðsmisnotkun til eftirfarandi athæfis:

a) nema lögmætar ástæður liggi að baki, að eiga í viðskiptum, leggja fram viðskiptafyrirmæli eða sýna af sér annað athæfi sem:

i. gefur eða er líklegt til að gefa rangar eða villandi vísbendingar um framboð á, eftirspurn eftir eða verð sýndareignar,

ii. tryggir, eða líklegt er til að tryggja, verð einnar eða fleiri sýndareigna sem er á óeðlilegu eða tilbúnu stigi,

b) að eiga í viðskiptum, leggja fram viðskiptafyrirmæli eða sýna af sér annað athæfi eða hegðun sem hefur áhrif, eða er líkleg til að hafa áhrif, á verð einnar eða fleiri sýndareigna, með því að beita tilbúningi eða öðru formi blekkingar eða klækja,

c) að dreifa upplýsingum gegnum fjölmiðla, þ.m.t. netið, eða með einhverjum öðrum hætti, sem gefa eða eru líklegar til að gefa ranga eða villandi mynd af framboði á, eftirspurn eftir eða verði einnar eða fleiri sýndareigna, eða sem tryggja eða eru líklegar til að tryggja óeðlilegt eða tilbúið verð einnar eða fleiri sýndareigna, þ.m.t. að dreifa orðrómi, ef aðilinn sem dreifði upplýsingunum vissi, eða mátti vita, að þær væru rangar eða villandi.

3. Meðal annars eftirfarandi hegðun telst markaðsmisnotkun:

a) það að tryggja sér markaðsráðandi stöðu yfir framboði á eða eftirspurn eftir sýndareign, sem hefur í för með sér, eða er líklegt til að hafa í för með sér, beina eða óbeina stýringu á kaup- eða söluverði eða skapar, eða er líklegt til að skapa, önnur ósanngjörn viðskiptaskilyrði,

b) það að leggja fram fyrirmæli á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir, þ.m.t. afturköllun eða breytingu á fyrirmælum, með tiltækum viðskiptaaðferðum, sem hafa einhver þau áhrif sem um getur í a-lið 2. mgr., með því að:

i. trufla eða tefja virkni viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignir eða stunda einhverja starfsemi sem er líkleg til að hafa þau áhrif,

ii. torvelda öðrum aðilum að greina raunveruleg fyrirmæli á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir eða stunda einhverja starfsemi sem er líkleg til að hafa þau áhrif, þ.m.t. með því að setja fram fyrirmæli sem valda röskun á eðlilegri starfsemi viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignir,

iii. gefa ranga eða villandi mynd af framboði á, eftirspurn eftir eða verði sýndareignar, einkum með því að setja fram fyrirmæli um að setja af stað eða auka tiltekna leitni, eða stunda starfsemi sem er líkleg til að hafa þau áhrif,

c) það að notfæra sér öðru hverju eða reglulega aðgang að hefðbundnum eða rafrænum miðlum til að láta í ljós álit sitt á sýndareign, en hafa áður tekið stöður í þeirri sýndareign, og hagnast síðan á áhrifum þess álits sem látið er í ljós á verð þeirrar sýndareignar, án þess að hafa á sama tíma greint opinberlega frá þeim hagsmunaárekstri á tilhlýðilegan og skilvirkan hátt.

92. gr.

Fyrirbygging og greining markaðssvika

1. Aðili sem sér um eða framkvæmir viðskipti með sýndareignir í atvinnuskyni skal hafa til staðar skilvirkt fyrirkomulag, kerfi og verklag til að koma í veg fyrir og greina markaðssvik. Slíkur aðili skal lúta reglum um tilkynningar í aðildarríkinu þar sem hann er skráður eða hefur höfuðstöðvar sínar eða, ef um útibú er að ræða, aðildarríkinu þar sem útibúið er staðsett og skal án tafar tilkynna lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis um allan rökstuddan grun um fyrirmæli eða viðskipti, þ.m.t. afturköllun eða breytingu á þeim, og aðra þætti er varða það hvernig tækni dreifðrar færsluskjár virkar, s.s. samstöðuaðferðina, ef fyrir hendi eru aðstæður sem gefa til kynna að markaðssvik kunni að hafa verið framin, verið sé að fremja þau eða líklegt sé að þau verði framin.

Lögbær yfirvöld sem fá tilkynningu um grunsamleg fyrirmæli eða viðskipti skulu senda slíkar upplýsingar án tafar til lögbærri yfirvalda viðkomandi viðskiptavettvanga.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina nánar:
- a) viðeigandi fyrirkomulag, kerfi og verklag til þess að aðilar fari að 1. mgr.,
 - b) sniðmátið sem aðilar skulu nota til að fara að 1. mgr.,
 - c) þegar um er að ræða markaðssvik yfir landamæri, samráðsferli milli viðkomandi lögbærra yfirvalda sem hafa með höndum að greina og beita viðurlögum við markaðssvikum.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. desember 2024. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

3. Til að tryggja samræmi í eftirlitsframkvæmd samkvæmt þessari grein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eigi síðar en 30. júní 2025 gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 um eftirlitsframkvæmd meðal lögbærra yfirvalda til að koma í veg fyrir og greina markaðssvik, ef þetta fellur ekki þegar undir tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í 2. mgr.

VII. BÁLKUR

LÖGBÆR YFIRVÖLD, EVRÓPSKA BANKAEFTIRLITSSTOFNUNIN OG EVRÓPSKA VERÐBRÉFAMARKAÐSEFTIRLITSSTOFNUNIN

1. KAFLI

Valdheimildir lögbærra yfirvalda og samstarf milli þeirra, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

93. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Aðildarríki skulu tilgreina þau lögbæru yfirvöld sem gegna því hlutverki og þeim skyldum sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Aðildarríki skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þessi lögbæru yfirvöld.
2. Ef aðildarríki tilgreina fleiri en eitt lögbært yfirvald skv. 1. mgr. skulu þau ákvarða hlutverk þeirra eftir því sem við á og tilgreina eitt lögbært yfirvald sem sameiginlegan tengilið fyrir stjórnsýslusamstarf yfir landamæri milli lögbærra yfirvalda og við Evrópsku bankaftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina. Aðildarríkjum er heimilt að tilgreina einn sameiginlegan tengilið fyrir hverja af þessum tegundum stjórnsýslusamstarfs.
3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu lista yfir lögbær yfirvöld sem tilgreind eru í samræmi við 1. og 2. mgr.

94. gr.

Valdheimildir lögbærra yfirvalda

1. Svo þeim sé unnt að rækja skyldur sínar samkvæmt II. til VI. bálki í þessari reglugerð skulu lögbær yfirvöld, í samræmi við landslög, hafa a.m.k. eftirfarandi eftirlits- og rannsóknarheimildir:

 - a) að gera aðila að leggja fram upplýsingar og skjöl sem lögbæru yfirvöldin telja að gætu skipt máli við framkvæmd skyldustarfa sinna,
 - b) að stöðva tímabundið, eða gera þjónustuveitanda sýndareigna að stöðva tímabundið, veitingu þjónustu á sviði sýndareigna í að hámarki 30 virka daga samfellt í hvert sinn, sé rökstuddur grunur um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
 - c) að banna veitingu þjónustu á sviði sýndareigna ef þau telja að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
 - d) að birta, eða gera þjónustuveitanda sýndareigna að birta, allar mikilvægar upplýsingar sem gætu haft áhrif á veitingu viðkomandi þjónustu á sviði sýndareigna, til að tryggja vernd hagsmuna viðskiptavina, einkum almennra eigenda, eða snurðulausan rekstur markaðarins,
 - e) að tilkynna opinberlega að þjónustuveitandi sýndareigna uppfylli ekki skyldur sínar,

- f) að stöðva tímabundið, eða gera þjónustuveitanda sýndareigna að stöðva tímabundið, veitingu þjónustu á sviði sýndareigna ef lögbæru yfirvöldin telja að staða viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna sé slík að veiting þjónustunnar myndi skaða hagsmuni viðskiptavina, einkum almennra eigenda,
- g) að krefjast framsals gildandi samninga til annars þjónustuveitanda sýndareigna í tilvikum þar sem starfsleyfi þjónustuveitanda sýndareigna er afturkallað í samræmi við 64. gr., með fyrirvara um samþykki viðskiptavinanna og þess þjónustuveitanda sýndareigna sem framselja á samningana til,
- h) þegar ástæða er til að ætla að aðili veiti þjónustu á sviði sýndareigna án starfsleyfis, að fyrirskipa að hann hætti starfseminni tafarlaust án fyrirvara eða frests,
- i) að gera tilboðsgjöfum, aðilum sem óska eftir töku til viðskipta á sýndareignum eða útgefendum eignatengdra tóka eða rafeyristóka að breyta hvítbók sinni um sýndareignina eða gera frekari breytingar á hvítbókinni um sýndareignina, komist þau að raun um að hvítbókin eða breytta hvítbókin um sýndareignina innihaldi ekki upplýsingarnar sem krafist er í 6., 19. eða 51. gr.,
- j) að gera tilboðsgjöfum, aðilum sem óska eftir töku til viðskipta á sýndareignum eða útgefendum eignatengdra tóka eða rafeyristóka að breyta markaðsefni sínu, komist þau að raun um að markaðsefnið uppfylli ekki þær kröfur sem settar eru fram í 7., 29. eða 53. gr. þessarar reglugerðar,
- k) að gera tilboðsgjöfum, aðilum sem óska eftir töku til viðskipta á sýndareignum eða útgefendum eignatengdra tóka eða rafeyristóka að láta viðbótarupplýsingar fylgja með í hvítbókum sínum um sýndareignirnar, ef nauðsyn krefur í þágu fjármálastöðugleika eða til að vernda hagsmuni eigenda sýndareigna, einkum almennra eigenda,
- l) að stöðva tímabundið almennt útboð eða töku sýndareigna til viðskipta á skipulegum markaði, í að hámarki 30 virka daga samfellt í hvert sinn, sé rökstuddur grunur um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
- m) að banna almennt útboð eða töku sýndareigna til viðskipta á skipulegum markaði telji þau að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar eða ef rökstuddur grunur er um að brotið verði gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
- n) að stöðva tímabundið, eða gera þjónustuveitanda sýndareigna sem starfrækir viðskiptavettvang fyrir sýndareignir að stöðva tímabundið, viðskipti með sýndareignirnar, í að hámarki 30 virka daga samfellt í hvert sinn, ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
- o) að banna viðskipti með sýndareignir á viðskiptavettvangi telji þau að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar eða ef rökstuddur grunur er um brotið verði gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
- p) að stöðva tímabundið eða banna markaðsefni ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
- q) að gera tilboðsgjöfum, aðilum sem óska eftir töku til viðskipta á sýndareignum, útgefendum eignatengdra tóka eða rafeyristóka eða viðkomandi þjónustuveitendum sýndareigna að láta af eða stöðva tímabundið dreifingu á markaðsefni, í að hámarki 30 virka daga samfellt í hvert sinn, ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
- r) að tilkynna opinberlega að tilboðsgjafi, aðili sem sækist eftir töku til viðskipta á sýndareign eða útgefandi eignatengds tóka eða rafeyristóka uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð,
- s) að birta, eða gera tilboðsgjafa, aðila sem óskar eftir töku sýndareignar til viðskipta eða útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka að birta, allar mikilvægar upplýsingar sem gætu haft áhrif á mat á sýndareign sem boðin er út á almennum markaði eða tekin til viðskipta, í því skyni að tryggja vernd hagsmuna eigenda sýndareigna, einkum almennra eigenda, eða snurðulausa starfsemi markaðarins,
- t) að stöðva tímabundið, eða gera viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna sem starfrækir viðskiptavettvanginn fyrir sýndareignir að stöðva tímabundið, viðskipti með sýndareignirnar ef þau telja að staða viðkomandi útbjóðanda, aðila sem óskar eftir töku sýndareignar til viðskipta eða útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka sé með þeim hætti að viðskiptin myndu skaða hagsmuni eigenda sýndareigna, einkum almennra eigenda,

- u) ef ástæða er til að ætla að aðili gefi út eignatengda tóka eða rafeyristóka án starfsleyfis eða aðili bjóði út eða óski eftir töku til viðskipta á sýndareignum öðrum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum án hvítbókar um sýndareignina sem tilkynnt er í samræmi við 8. gr., að fyrirskipa að starfseminni sé hætt tafarlaust án fyrirvara eða frests,
 - v) að gera hvers konar ráðstafanir til að tryggja að tilboðsgjafi eða aðili sem óskar eftir töku sýndareigna til viðskipta, útgefandi eignatengds tóka eða rafeyristóka eða þjónustuveitandi sýndareigna fari að þessari reglugerð, þ.m.t. að krefjast þess að látið sé af hvers konar athæfi eða háttsemi sem lögbæru yfirvöldin telja brjóta í bága við þessa reglugerð,
 - w) að framkvæma vettvangsskoðanir eða rannsóknir annars staðar en á einkaheimilum einstaklinga og fara í þeim tilgangi inn á athafnasvæði til að nálgast skjöl og önnur gögn á hvaða formi sem er,
 - x) að útvista sannprófunum eða rannsóknum til úttektaraðila eða sérfræðinga,
 - y) að krefjast þess að einstaklingur víki úr stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefanda eignatengds tóka eða þjónustuveitanda sýndareigna,
 - z) að gera aðila að gera ráðstafanir til að minnka stöðu eða áhættuskuldbindingu sína í sýndareign,
 - aa) ef engin önnur skilvirk leið er fyrir hendi til að stöðva brot á þessari reglugerð og koma í veg fyrir alvarlegan skaða á hagsmunum viðskiptavina eða eigenda sýndareigna, að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, þ.m.t. með því að óska eftir því að þriðji aðili eða opinbert yfirvald geri slíkar ráðstafanir, til að:
 - i. fjarlægja efni af eða takmarka aðgang að netviðmóti eða fyrirskipa að skýr viðvörun sé birt viðskiptavinum og eigendum sýndareigna þegar þeir fara inn á netviðmót,
 - ii. fyrirskipa hýsingaraðila að fjarlægja, gera óvirkan eða takmarka aðgang að netviðmóti, eða
 - iii. fyrirskipa skráningarstöðvum eða skráningarmiðlunum léna að eyða fullgildu lénsheiti og heimila hlutaðeigandi lögbæru yfirvaldi að skrá það,
 - ab) að krefjast þess að útgefandi eignatengds tóka eða rafeyristóka, í samræmi við 4. mgr. 23. gr., 3. mgr. 24. gr. eða 3. mgr. 58. gr., taki upp lágmarksnafnverð eða takmarki útgáfufjárhæðina.
2. Eftirlits- og rannsóknarheimildum sem beitt er í tengslum við tilboðsgjafa, aðila sem óska eftir töku til viðskipta, útgefendur og þjónustuveitendur sýndareigna hafa ekki áhrif á valdheimildir sem veittar eru sömu eða öðrum eftirlitsyfirvöldum að því er varðar þessa aðila, þ.m.t. valdheimildir sem veittar eru viðkomandi lögbærum yfirvöldum samkvæmt ákvæðum landslaga sem lögleiða tilskipun 2009/110/EB og varfærnis eftirlitsheimildir sem veittar eru Seðlabanka Evrópu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1024/2013.
3. Svo þeim sé unnt að rækja skyldur sínar samkvæmt VI. bálki skulu lögbær yfirvöld, í samræmi við landslög, hafa a.m.k. eftirfarandi eftirlits- og rannsóknarheimildir til viðbótar við þær heimildir sem um getur í 1. mgr.:
- a) að nálgast öll skjöl og gögn á hvaða formi sem er og fá þau í hendur eða taka afrit af þeim,
 - b) að krefjast upplýsinga frá aðilum, þ.m.t. þeim sem koma á mismunandi tímum að því að senda fyrirmæli eða sinna viðkomandi starfsemi, sem og umbjóðendum þeirra, og, sé þörf á, kveðja slíkan aðila til fundar og spyrja hann spurninga í því skyni að fá upplýsingar,
 - c) að fara inn í húsnæði einstaklinga og lögaðila til að leggja hald á skjöl og gögn á hvaða formi sem er, sé rökstuddur grunur um að þau skjöl eða gögn sem tengjast viðfangsefni skoðunarinnar eða rannsóknarinnar kunni að skipta máli í að sýna fram á innherjasvik eða markaðsmisnotkun,

- d) að vísa málum til saksóknar,
 - e) að krefjast, að því marki sem heimilt er samkvæmt landslögum, fyrirleggjandi gagnaumferðarskráa sem eru í förum fjarskipta-fyrirtækis, leiki rökstuddur grunur á broti og ef slíkar skrár geta skipt máli við rannsókn brots á 88. til 91. gr.,
 - f) að krefjast frýstingar eða upptöku eigna, eða hvors tveggja,
 - g) að leggja tímabundið bann við að stunda atvinnustarfsemi,
 - h) að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að almenningur fái réttar upplýsingar, m.a. með því að leiðrétta rangar eða villandi upplýsingar sem birtar hafa verið, þ.m.t. með því að krefjast þess að tilboðsgjafi, aðili sem óskar eftir töku til viðskipta eða útgefandi eða annar aðili sem hefur birt eða dreift röngum eða villandi upplýsingum birti yfirlýsingu til leiðréttingar.
4. Þegar nauðsynlegt er samkvæmt landslögum er lögbæru yfirvaldi heimilt að óska eftir því við viðkomandi dómstól að hann úrskurði um beitingu þeirra heimilda sem um getur í 1. og 2. mgr.
5. Lögbær yfirvöld skulu beita valdheimildum sínum sem um getur í 1. og 2. mgr. með einhverjum eftirfarandi hætti:
- a) beint,
 - b) í samstarfi við önnur yfirvöld, þ.m.t. yfirvöld sem eru lögbær til að hafa með höndum fyrirbyggingu og baráttu gegn peninga-þvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi,
 - c) á eigin ábyrgð, með framsali til þeirra yfirvalda sem um getur í b-lið,
 - d) með því að leita til dómstóla.
6. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar svo lögbær yfirvöld geti beitt þeim eftirlits- og rannsóknarheimildum sem nauðsynlegar eru til að uppfylla skyldur sínar.
7. Aðili sem gerir upplýsingar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi í samræmi við þessa reglugerð telst ekki brjóta gegn ákvæðum um takmörkun á birtingu upplýsinga sem mælt er fyrir um í samningi eða laga- eða stjórnsýsluákvæðum, og sætir ekki ábyrgð af neinu tagi í tengslum við slíka tilkynningu.

95. gr.

Samstarf milli lögbærra yfirvalda

1. Lögbær yfirvöld skulu starfa saman að framkvæmd þessarar reglugerðar. Lögbær yfirvöld skulu aðstoða lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Þau skulu skiptast á upplýsingum án ástæðulausrar tafar og vinna saman á sviði rannsókna, eftirlits og framfylgdar.

Ef aðildarríki hafa, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 111. mgr. að mælt fyrir um refsivíðurlög við brotum gegn þessari reglugerð sem um getur í 1. mgr. 111. gr., skulu þau tryggja að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar svo viðkomandi lögbær yfirvöld hafi allar nauðsynlegar heimildir til samskipta við dómsyfirvöld, saksóknara eða yfirvöld sem berjast gegn afbrotum innan lögsögu sinnar til að fá í hendur tilteknar upplýsingar sem tengjast rannsókn sakamála eða málum sem eru höfðuð vegna brota gegn þessari reglugerð og til að veita öðrum lögbærum yfirvöldum, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni sömu upplýsingar, í því skyni að uppfylla skuldbindingar sínar um samstarf að því er varðar þessa reglugerð.

2. Lögbæru yfirvaldi er því aðeins heimilt að synja beiðni um upplýsingar eða samstarf vegna rannsókna að það sé í eftirfarandi tilvikum:

- a) ef það að veita viðkomandi upplýsingar gæti skaðað öryggi aðildarríkisins sem beiðninni er beint til, einkum að því er varðar baráttuna gegn hryðjuverkum og öðrum alvarlegum glæpum,
- b) ef það að verða við beiðninni er líklegt til að skaða þess eigin rannsókn, framfylgd eða, eftir atvikum, rannsókn sakamáls,
- c) ef mál hefur þegar verið höfðuð vegna sama athæfis gegn sömu einstaklingum eða lögaðilum fyrir dómstólum í aðildarríkinu sem beiðninni er beint til,

d) ef um endanlegan dóm er að ræða vegna sama athæfis gegn sömu einstaklingum eða lögaðilum í aðildarríkinu sem beiðninni er beint til.

3. Lögbær yfirvöld skulu, samkvæmt beiðni og án ástæðulausrar tafar, veita hverjar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til framkvæmdar þessarar reglugerðar.

4. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að óska aðstoðar lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis vegna vettvangsathugana eða rannsókna.

Lögbært yfirvald sem leggur fram beiðni skal gera Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni viðvart um beiðnina samkvæmt fyrstu undirgrein. Lögbæru yfirvaldi sem fær beiðni frá lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis um að gera vettvangsathugun eða rannsókn er heimilt að:

a) annast sjálft vettvangsathugunina eða rannsóknina,

b) leyfa lögbæra yfirvaldinu sem lagði fram beiðnina að taka þátt í vettvangsathuguninni eða rannsókninni,

c) leyfa lögbæra yfirvaldinu sem lagði fram beiðnina að framkvæma sjálft vettvangsathugunina eða rannsóknina,

d) deila tilteknum eftirlitstengdum verkefnum með öðrum lögbærum yfirvöldum.

5. Ef um er að ræða vettvangsathugun eða rannsókn eins og um getur í 4. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa yfirumsjón með athuguninni eða rannsókninni ef eitt af lögbæru yfirvöldunum óskar eftir því.

Ef vettvangsathugun eða rannsókn eins og um getur í 4. mgr. varðar útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka eða varðar þjónustu á sviði sýndareigna í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hafa yfirumsjón með athuguninni eða rannsókninni ef eitt af lögbæru yfirvöldunum óskar eftir því.

6. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að vekja athygli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á tilvikum þar sem beiðni um samstarf, einkum til að skiptast á upplýsingum, hefur verið synjað eða ekki hefur verið brugðist við henni innan eðlilegs tíma. Í slíkum tilvikum skulu ákvæði 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 gilda að breyttu breytanda.

7. Þrátt fyrir 6. mgr. þessarar greinar er lögbærum yfirvöldum heimilt að vekja athygli Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar á tilvikum þar sem beiðni um samstarf, einkum um upplýsingar um útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka eða varðandi þjónustu á sviði sýndareigna sem tengist eignatengdum tóka eða rafeyristókum, hefur verið synjað eða ekki hefur verið brugðist við henni innan eðlilegs tíma. Í slíkum tilvikum skulu ákvæði 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 gilda að breyttu breytanda.

8. Lögbær yfirvöld skulu samræma eftirlit sitt með nánunum hætti til að greina og ráða bót á brotum á þessari reglugerð, þróa og stuðla að bestu starfsvenjum, auðvelda samstarf, stuðla að samræmi í túlkun og veita mat sem tekur til fleiri en einnar lögsögu komi upp ágreiningur.

Að því er varðar fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gegna samræmingarhlutverki milli lögbærra yfirvalda og þvert á samstarfshópa eftirlitsaðila eins og um getur í 119. gr. í því augnamiði að byggja upp sameiginlega eftirlitsmenningu og samræmdar eftirlitsvenjur og tryggja samræmt verklag.

9. Telji lögbært yfirvald að brotið sé í bága við einhverja af kröfunum samkvæmt þessari reglugerð, eða hefur ástæðu til að ætla það, skal það upplýsa lögbært yfirvald aðilans, eða aðilanna, sem grunaðir eru um slíkt brot, um niðurstöður sínar með nægjanlega nákvæmum hætti.

10. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin í nánunum samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina þær upplýsingar sem lögbær yfirvöld skulu skiptast á í samræmi við 1. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

11. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklag við samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja þá tæknilegu framkvæmdarstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

96. gr.

Samstarf við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina

1. Að því er varðar þessa reglugerð skulu lögbæru yfirvöldin hafa náð samstarf við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 og við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1093/2010. Þau skulu skiptast á upplýsingum til að rækja skyldur sínar samkvæmt þessum kafla og 2. og 3. kafla þessa bóls.

2. Lögbær yfirvöld skulu án tafar veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar svo þeim sé kleift að uppfylla skyldur sínar, í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 og 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal í nánú samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum um stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklag við samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku verðbréfaeftirlitsstofnunarinnar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja fyrir drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja þá tæknilegu framkvæmdarstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

97. gr.

Efling samleitni í flokkun sýndareigna

1. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu eigi síðar en 30. desember 2024 gefa í sameiningu út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 til að tilgreina efni og form þeirra útskýringa sem fylgja hvítbókinni um sýndareignir sem um getur í 4. mgr. 8. gr. og lögfræðiálitum um flokkun eignatengdra tóka sem um getur í ii. lið b-liðar 1. mgr. 17. gr. og e-lið 2. mgr. 18. gr. Viðmiðunarreglurnar skulu innihalda sniðmát fyrir útskýringuna og álitid og staðlað próf fyrir flokkun á sýndareignum.

2. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, í samræmi við 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á, stuðla að umræðu meðal lögbærra yfirvalda um flokkun sýndareigna, þ.m.t. um flokkun þeirra sýndareigna sem falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar skv. 3. mgr. 2. gr. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu einnig greina upptök mögulegrar sundurleitni í nálgun lögbærra yfirvalda við flokkun slíkra sýndareigna og skulu, eftir því sem unnt er, stuðla að sameiginlegri nálgun þar að lútandi.

3. Lögbærum yfirvöldum heima- eða gistiaðildarríkja er heimilt að óska eftir áliti Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, eftir því sem við á, á flokkun sýndareigna, þ.m.t. þeirra sem falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar skv. 3. mgr. 2. gr. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin eða Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, eftir því sem við á, skal veita slíkt álit í samræmi við 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, eftir því sem við á, innan 15 virkra daga frá móttöku beiðninnar frá lögbæru yfirvöldunum.

4. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu semja í sameiningu árlega skýrslu sem byggist á þeim upplýsingum sem eru í skránni sem um getur í 109. gr. og á niðurstöðum vinnu þeirra sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar og skal skýrslan greina frá erfðleikum við flokkun sýndareigna og sundurleitni í nálgun lögbæru yfirvaldanna.

98. gr.

Samstarf við önnur yfirvöld

Ef tilboðsgjafi, aðili sem óskar eftir töku til viðskipta, útgefandi eignatengds tóka eða rafeyristóka eða þjónustuveitandi sýndareigna stundar aðra starfsemi en þá sem fellur undir þessa reglugerð skulu lögbær yfirvöld starfa með þeim yfirvöldum sem hafa með höndum eftirlit eða kerfislegt eftirlit með slíkri annarri starfsemi samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum, þ.m.t. með skattyfirvöldum og viðkomandi eftirlitsyfirvöldum þriðju landa.

99. gr.

Tilkynningarskylda

Aðildarríki skulu eigi síðar en 30. júní 2025 tilkynna framkvæmdastjórninni, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þau lög og stjórnsýslufyrirmæli sem eru til framkvæmdar á þessum bálki, þ.m.t. öll viðkomandi ákvæði refsilaga. Aðildarríki skulu án ástæðulausrar tafar tilkynna framkvæmdastjórninni, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um allar síðari breytingar þar á.

100. gr.

Þagnarskylda

1. Allar upplýsingar sem lögbær yfirvöld skiptast á samkvæmt þessari reglugerð og varða viðskipta- eða rekstrarskilyrði og önnur efnahagsleg málefni eða einkamálefni teljast trúnaðarupplýsingar og um þær skulu gilda skilyrði um þagnarskylda, nema lögbæra yfirvaldið lýsi því yfir þegar samskiptin fara fram að slíkar upplýsingar megi birta eða ef slík birting upplýsinga er nauðsynleg vegna málarekstrar eða mála sem falla undir landsbundna skattlagningu eða refsirétt.

2. Þagnarskyldan skal gilda um alla einstaklinga og lögaðila sem starfa fyrir eða hafa starfað fyrir lögbæru yfirvöldin. Upplýsingum sem lúta þagnarskyldu er óheimilt að miðla til annars einstaklings, lögaðila eða yfirvalds nema samkvæmt ákvæðum laga Sambandsins eða landslaga.

101. gr.

Persónuvernd

Að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga innan ramma þessarar reglugerðar skulu lögbær yfirvöld sinna verkefnum sínum að því er varðar þessa reglugerð í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679.

Vinnsla Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á persónuupplýsingum til framkvæmdar þessarar reglugerðar skal vera í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1725.

102. gr.

Varúðarráðstafanir

1. Hafi lögbært yfirvald gístiaðildarríkis skýrar ástæður, sem unnt er að sýna fram á, til að gruna að misfellur séu í starfsemi tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta á sýndareignum, útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka eða þjónustuveitanda sýndareigna skal það tilkynna um það til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins og til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

Ef misfellurnar sem um getur í fyrstu undirgrein varða útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka eða þjónustu á sviði sýndareigna í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka skal lögbært yfirvald gístiaðildarríkisins einnig tilkynna það til Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar.

2. Ef misfellurnar sem um getur í 1. mgr. eru viðvarandi þrátt fyrir þær ráðstafanir sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins hefur gert, þannig að það telst brot á þessari reglugerð, skal lögbært yfirvald gístiaðildarríkisins, eftir að hafa upplýst lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og, eftir því sem við á, Evrópsku bankaftirlitsstofnunina, gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda viðskiptavini viðkomandi þjónustuveitenda sýndareigna og eigendur sýndareigna, einkum almenna eigendur. Slíkar ráðstafanir fela í sér að koma í veg fyrir að tilboðsgjafinn, aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta, útgefandi eignatengda tókans eða rafeyristókans eða viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna stundi frekari starfsemi í gístiaðildarríkinu. Lögbæra yfirvaldið skal upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og, eftir því sem við á, Evrópsku bankaftirlitsstofnunina um það án ástæðulausrar tafar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og, þar sem við á, Evrópska bankaftirlitsstofnunin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkt án ástæðulausrar tafar.

3. Sé lögbært yfirvald heimaðildarríkisins mótfallið ráðstöfunum sem lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins gerir skv. 2. mgr. þessarar greinar er hinu fyrrnefnda heimilt að vekja athygli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á málinu. Í slíkum tilvikum skulu ákvæði 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 gilda að breyttu breytanda.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar er lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins einnig heimilt að vekja athygli Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar á málinu ef þær ráðstafanir sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar varða útgefanda eignatengds tóka eða rafeyristóka eða þjónustu á sviði sýndareigna í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka. Í slíkum tilvikum skulu ákvæði 4. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 gilda að breyttu breytanda.

103. gr.

Heimildir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til tímabundinna íhlutana

1. Í samræmi við 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt, að uppfylltum skilyrðum 2. og 3. mgr. þessarar greinar, að banna eða takmarka eftirfarandi tímabundið:

- a) markaðssetningu, dreifingu eða sölu á tilteknum sýndareignum öðrum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum, eða sýndareignum öðrum en eignatengdum tókum eða rafeyristókum með ákveðna tilgreinda eiginleika, eða
- b) tegund starfsemi eða framkvæmd í tengslum við aðrar sýndareignir en eignatengda tóka eða rafeyristóka.

Bann eða takmörkun getur gilt við tiltekna aðstæður, eða verið háð undanþágum, sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilgreinir.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal aðeins gera ráðstafanir skv. 1. mgr. að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

- a) fyrirhuguðu banni eða takmörkun sé beint að verulegu áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða sé beint að ógn við eðlilega virkni og heilleika markaða með sýndareignir eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu,
- b) kröfur samkvæmt lögum Sambandsins sem gilda um viðkomandi sýndareignir og þjónustu á sviði sýndareigna taki ekki á ógninni sem um ræðir,
- c) viðkomandi lögbært yfirvald hafi ekki gripið til aðgerða til að taka á ógninni, eða aðgerðirnar sem gripið hefur verið til taki ekki á ógninni með fullnægjandi hætti.

3. Þegar gripið er til ráðstöfunar skv. 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tryggja að ráðstöfunin muni ekki:

- a) hafa skaðleg áhrif á skilvirkni markaða með sýndareignir, eða á eigendur sýndareigna eða viðskiptavini sem fá þjónustu á sviði sýndareigna, sem eru óhófleg miðað við ávinning ráðstöfunarinnar og
- b) valda hættu á eftirlitshögnun.

Þegar lögbær yfirvöld hafa gripið til ráðstafana skv. 105. gr. er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að gera allar þær ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar án þess að gefa út álit skv. 2. mgr. 106. gr.

4. Áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákveður að gera ráðstöfun skv. 1. mgr. skal hún tilkynna viðkomandi lögbærum yfirvöldum um fyrirhugaða ráðstöfun.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu tilkynningu um hverja ákvörðun um gera ráðstöfun skv. 1. mgr. Sú tilkynning skal hafa að geyma upplýsingar um bannið eða takmörkunina sem beitt er og hvenær, eftir birtingu tilkynningarinnar, ráðstafanirnar öðlast gildi. Bannið eða takmörkunin skal aðeins gilda um starfsemi eftir að ráðstöfunin öðlast gildi.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal endurskoða bann eða takmörkun sem lögð er á skv. 1. mgr. með hæfilegu millibili og eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt, í kjölfar a.m.k. tveggja framlenginga í röð og á grundvelli viðunandi greiningar til mats á áhrifunum á neytendur, að taka ákvörðun um árlega endurnýjun bannsins eða takmörkunarinnar.

7. Ráðstafanir sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gerir samkvæmt þessari grein skulu ganga framár öllum fyrri ráðstöfunum sem viðkomandi lögbær yfirvöld hafa gert vegna sama máls.

8. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 139. gr., til viðbótar við þessa reglugerð, sem tilgreina viðmið og þætti sem Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni ber að taka tillit til þegar hún ákvarðar hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilleika markaða með sýndareignir eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu að því er varðar a-lið 2. mgr. þessarar greinar.

104. gr.

Heimildir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til tímabundinna íhlutana

1. Í samræmi við 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt, að uppfylltum skilyrðum 2. og 3. mgr. þessarar greinar, að banna eða takmarka eftirfarandi tímabundið:

- a) markaðssetningu, dreifingu eða sölu á tilteknum eignatengdum tókum eða rafeyristókum eða eignatengdum tókum eða rafeyristókum með tiltekna eiginleika, eða
- b) tegund starfsemi eða framkvæmd í tengslum við eignatengda tóka eða rafeyristóka.

Bann eða takmörkun getur gilt við tiltekna aðstæður, eða verið háð undanþágum, sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tilgreinir.

2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal aðeins gera ráðstafanir skv. 1. mgr. að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

- a) fyrirhuguðu banni eða takmörkun sé beint að verulegu áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða sé beint að ógn við eðlilega virkni og heilleika markaða með sýndareignir eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu,
- b) kröfur samkvæmt lögum Sambandsins sem gilda um viðkomandi eignatengda tóka, rafeyristóka eða þjónustu á sviði sýndareigna í tengslum við þá taki ekki á ógninni,
- c) viðkomandi lögbært yfirvald hafi ekki gripið til aðgerða til að taka á ógninni, eða aðgerðirnar sem gripið hefur verið til taki ekki á ógninni með fullnægjandi hætti.

3. Þegar gripið er til ráðstafana skv. 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tryggja að ráðstöfunin muni ekki:

- a) hafa skaðleg áhrif á skilvirkni markaða með sýndareignir, eða á eigendur eignatengdra tóka eða rafeyristóka eða viðskiptavinum sem fá þjónustu á sviði sýndareigna, sem eru óhófleg miðað við ávinning ráðstöfunarinnar og
- b) valda hættu á eftirlitshögnun.

Þegar lögbær yfirvöld hafa gripið til ráðstafana skv. 105. gr. er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að gera allar þær ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar án þess að gefa út álit skv. 2. mgr. 106. gr.

4. Áður en Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ákveður að gera ráðstöfun skv. 1. mgr. skal hún tilkynna viðkomandi lögbærum yfirvöldum um fyrirhugaða ráðstöfun.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta á vefsetri sínu tilkynningu um hverja ákvörðun um gera ráðstöfun skv. 1. mgr. Sú tilkynning skal hafa að geyma upplýsingar um bannið eða takmörkunina sem beitt er og hvenær, eftir birtingu tilkynningarinnar, ráðstafanirnar öðlast gildi. Bannið eða takmörkunin skal aðeins gilda um starfsemi eftir að ráðstöfunin öðlast gildi.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal endurskoða bann eða takmörkun sem lögð er á skv. 1. mgr. með hæfilegu millibili og eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt, í kjölfar a.m.k. tveggja framlenginga í röð og á grundvelli viðunandi greiningar til mats á áhrifunum á neytendur, að taka ákvörðun um árlega endurnýjun bannsins eða takmörkunarinnar.

7. Ráðstafanir sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin gerir samkvæmt þessari grein skulu ganga framar öllum fyrri ráðstöfunum sem viðkomandi lögbært yfirvald hefur gert vegna sama máls.

8. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 139. gr., til viðbótar við þessa reglugerð, sem tilgreina viðmið og þætti sem Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni ber að taka tillit til þegar hún ákvarðar hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilleika markaða með sýndareignir eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í Sambandinu að því er varðar a-lið 2. mgr. þessarar greinar.

105. gr.

Afurðaihlutun af hálfu lögbærra yfirvalda

1. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að banna eða takmarka eftirfarandi í, eða frá, aðildarríki sínu:

- a) markaðssetningu, dreifingu eða sölu tiltekinna sýndareigna, eða sýndareigna með tiltekna tilgreinda eiginleika, eða
- b) tegund starfsemi eða venju sem tengist sýndareignum.

2. Lögbært yfirvald skal aðeins gera ráðstöfun skv. 1. mgr. ef það telur, af gildum ástæðum:

- a) að sýndareign valdi verulegu áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógni eðlilegri virkni og heilleika markaða fyrir sýndareignir eða stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í a.m.k. einu aðildarríki,
- b) að gildandi kröfur samkvæmt lögum Sambandsins sem eiga við um viðkomandi sýndareign eða þjónustu á sviði sýndareigna taki ekki nægjanlega á þeirri áhættu sem um getur í a-lið og að ekki verði betur tekið á málinu með bættu eftirliti eða framfylgd gildandi krafna,
- c) að ráðstöfunin sé hófleg með tilliti til eðlis greindrar áhættu, hæfni viðkomandi fjárfesta eða markaðsaðila og líklegra áhrifa ráðstöfunarinnar á fjárfesta og markaðsaðila sem kunna að eiga, nota eða hafa ávinning af viðkomandi sýndareign eða þjónustu á sviði sýndareigna,
- d) að lögbæra yfirvaldið hafi haft tilhlýðilegt samráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum sem ráðstöfunin gæti haft veruleg áhrif á, og
- e) að ráðstöfunin mismuni ekki starfsemi eða þjónustu sem er veitt frá öðru aðildarríki.

Að uppfylltum skilyrðum fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar er lögbæra yfirvaldinu heimilt að leggja á bann eða takmörkun skv. 1. mgr. í varúðarskyni áður en markaðssetning, dreifing eða sala til viðskiptavina á sýndareign fer fram.

Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að ákveða að beita banni eða takmörkun eins og um getur í 1. mgr. aðeins við tilteknar aðstæður eða gera það með fyrirvara um undanþágur.

3. Lögbæra yfirvaldið skal ekki leggja á bann eða takmörkun samkvæmt þessari grein nema það hafi, a.m.k. einum mánuði áður en ráðstöfuninni er ætlað að taka gildi, greint öllum öðrum lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, eða Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni að því er varðar eignatengda tóka eða rafeyristóka, skriflega eða með öðrum hætti sem yfirvöldin koma sér saman um, frá:

- a) sýndareigninni, starfseminni eða framkvæmdinni sem fyrirhuguð ráðstöfun tengist,
- b) eðli fyrirhugaðs banns eða takmörkunar í ítarlegum atriðum og hvenær slíku banni eða takmörkun er ætlað að taka gildi, og
- c) þau gögn sem það byggir bæði ákvörðunina á og það álit sitt að öll skilyrði fyrstu undirgreinar 2. mgr. séu uppfyllt.

4. Í undantekningartilvikum þar sem lögbært yfirvald telur það nauðsynlegt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum sýndareignar eða starfsemi eða framkvæmdar sem um getur í 1. mgr. er lögbæra yfirvaldinu heimilt að gera brýnar tímabundnar ráðstafanir með minnst 24 klukkustunda skriflegum fyrirvara, áður en ráðstöfuninni er ætlað að taka gildi, til handa öllum öðrum lögbærum yfirvöldum og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, að því tilskildu að öll viðmið þessarar greinar séu uppfyllt og auk þess hafi verið sýnt fram á með skýrum hætti að eins mánaðar fyrirvari myndi koma í veg fyrir að tekið væri á viðkomandi vandamáli eða ógn á fullnægjandi hátt. Slíkar tímabundnar ráðstafanir skulu ekki vara lengur en í þrjá mánuði.

5. Hið lögbæra yfirvald skal birta á vefsetri sínu tilkynningu um allar ákvarðanir um að leggja á bann eða takmörkun eins og um getur í 1. mgr. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um bannið eða takmörkunina sem beitt er, hvenær ráðstafanirnar taka gildi eftir birtingu tilkynningarinnar og þau gögn sem lögbæra yfirvaldið byggir ákvörðun sína og það mat sitt að öll skilyrði fyrstu undirgreinar 2. mgr. séu uppfyllt. Bannið eða takmörkunin skal aðeins gilda um starfsemi eftir að ráðstafanirnar hafa öðlast gildi.
6. Hið lögbæra yfirvald skal afnema bannið eða takmörkunina ef skilyrði 2. mgr. eiga ekki lengur við.
7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 139. gr., til viðbótar við þessa reglugerð, sem tilgreina viðmið og þætti sem lögbæra yfirvaldinu ber að taka tillit til þegar það ákvarðar hvort um sé að ræða verulegt áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða ógn við eðlilega virkni og heilleika markaða með sýndareignir eða við stöðugleika alls eða hluta af fjármálakerfinu í a.m.k. einu aðildarríki að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr.

106. gr.

Samræming við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða, sé um að ræða eignatengda tóka og rafeyristóka, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gegna því hlutverki að greiða fyrir og samræma aðgerðir sem lögbær yfirvöld grípa til skv. 105. gr. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða, sé um að ræða eignatengda tóka eða rafeyristóka, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal tryggja að ráðstafanir sem lögbært yfirvald grípur til séu réttlætanlegar og hóflegar og, eftir því sem við á, tryggja samræmda nálgun lögbærra yfirvalda.
2. Að fenginni tilkynningu í samræmi við 3. mgr. 105. gr. um ráðstöfun sem ber að gera samkvæmt þeirri grein skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða, sé um að ræða eignatengda tóka og rafeyristóka, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út álit sitt á því hvort bannið eða takmörkunin sé réttlætanleg og hófleg. Telji Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða, sé um að ræða eignatengda tóka og rafeyristóka, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að nauðsynlegt sé að önnur lögbær yfirvöld geri ráðstöfun til að bregðast við áhættunni skal hún taka það fram í áliti sínu. Álitid skal birt á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða, sé um að ræða eignatengda tóka og rafeyristóka, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.
3. Hyggist lögbært yfirvald gera ráðstöfun, eða gerir eða synjar um að gera ráðstöfun, þvert á álit sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur gefið út skv. 2. mgr. skal það án tafar birta á vefsetri sínu tilkynningu sem gerir fulla grein fyrir ástæðum þessa.

107. gr.

Samstarf við þriðju lönd

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkja skulu, ef nauðsyn krefur, gera samstarfssamninga við eftirlitsyfirvöld þriðju landa um upplýsingaskipti við þau og framfylgd skuldbindinga samkvæmt þessari reglugerð í viðkomandi þriðju löndum. Þessir samstarfssamningar skulu tryggja a.m.k. skilvirk upplýsingaskipti sem gera lögbæru yfirvöldunum kleift að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð.

Lögbært yfirvald skal gera Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og hinum lögbæru yfirvöldunum viðvart ef það hyggst gera slíkan samning.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í nánú samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, skal þegar mögulegt er greiða fyrir og samræma þróun samstarfssamninga milli lögbærra yfirvalda og viðkomandi eftirlitsyfirvalda þriðju landa.
3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í náinni samvinnu við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem koma á sniðmáti fyrir samstarfssamninga sem um getur í 1. mgr., sem lögbær yfirvöld aðildarríkja skulu nota þegar unnt er.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í náinni samvinnu við Evrópsku bankaftirlitsstofnunina, skal einnig, þegar unnt er, greiða fyrir og samræma skipti milli lögbærra yfirvalda á upplýsingum sem þau fá frá eftirlitsyfirvöldum þriðju landa og geta skipt máli að því er varðar að gera ráðstafanir skv. 3. kafla þessa bálks.

5. Lögbær yfirvöld skulu aðeins gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við eftirlitsyfirvöld þriðju landa ef um upplýsingarnar gildir þagnarskylda sem er að lágmarki jafngild þeirri sem kveðið er á um í 100. gr. Slík upplýsingaskipti skulu hafa þann tilgang að þjóna verkefnum viðkomandi lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari reglugerð.

108. gr.

Meðferð lögbærra yfirvalda á kvörtunum

1. Lögbær yfirvöld skulu koma á verklagsreglum sem gera viðskiptavinum og öðrum hagsmunaaðilum, þ.m.t. neytendasamtökum, kleift að leggja fram kvartanir hjá þeim vegna meintra brota útbjóðenda, aðila sem óska eftir töku til viðskipta, útgefenda eignatengdra tóka eða rafeyristóka eða þjónustuveitenda sýndareigna á þessari reglugerð. Taka skal við kvörtunum á skriflegu formi, þ.m.t. rafrænt, og á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem kvörtunin er lögð fram eða á tungumáli sem lögbær yfirvöld þess aðildarríkis samþykkja.

2. Upplýsingar um meðferð kvartana sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu birtar á vefsetri hvers lögbærs yfirvalds og sendar Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta tengla á þá hluta vefsetra lögbæru yfirvaldanna sem tengjast meðferð kvartana í skrá sinni yfir sýndareignir sem um getur í 109. gr.

2. KAFLI

Skrá Evrópsku verðbréfamarkaðsstofnunarinnar

109. gr.

Skrá yfir hvítbækur um sýndareignir, útgefendur eignatengdra tóka og rafeyristóka og þjónustuveitendur sýndareigna

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal stofna skrá yfir:

- a) hvítbækur um sýndareignir aðrar en eignatengda tóka og rafeyristóka,
- b) útgefendur eignatengdra tóka,
- c) útgefendur rafeyristóka og
- d) þjónustuveitendur sýndareigna.

Skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal vera aðgengileg öllum á vefsetri hennar og uppfærð reglulega. Til að auðvelda slíka uppfærslu skulu lögbær yfirvöld senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni allar breytingar sem þeim er tilkynnt um í tengslum við þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2.–5. mgr.

Lögbær yfirvöld skulu veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni nauðsynleg gögn til að flokka hvítbækur um sýndareignir í skránni, eins og tilgreint er í samræmi við 8. mgr.

2. Að því er varðar hvítbækur um sýndareignir aðrar en eignatengda tóka eða rafeyristóka skal skráin innihalda hvítbækurnar um sýndareignir og allar breyttar hvítbækur um sýndareignir. Allar úreltar útgáfur hvítbóka um sýndareignir skulu geymdar í aðskildu skjalasafni og merktar greinilega sem úreltar útgáfur.

3. Að því er varðar útgefendur eignatengdra tóka skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í skránni:

- a) nafn, rekstrarform og lögaðilaauðkenni útgefandans,
- b) firmaheiti, heimilisfang, símanúmer, netfang og vefsetur útgefandans,
- c) hvítbækur um sýndareignir og allar breyttar hvítbækur um sýndareignir, með úreltar útgáfur hvítbóka um sýndareignir geymdar í aðskildu skjalasafni og greinilega merktar sem úreltar,

- d) listi yfir gístiaðildarríki þar sem útgefandinn sem sækir um hyggst bjóða út eignatengda tóka á almennum markaði eða hyggst óska eftir töku eignatengdra tóka til viðskipta,
- e) upphafsdagur eða, ef hann liggur ekki fyrir við tilkynningu lögbæra yfirvaldsins, fyrirhugaður upphafsdagur útboðs á almennum markaði eða töku til viðskipta,
- f) öll önnur þjónusta sem útgefandi veitir og fellur ekki undir þessa reglugerð, með tilvísun í gildandi lög Sambandsins eða landslög,
- g) dagsetning starfsleyfis til að bjóða út á almennum markaði eða sækja um töku eignatengds tóka til viðskipta eða starfsleyfis sem lánastofnun og, ef við á, afturköllunar starfsleyfis af annarri hvorri þessara tegunda.

4. Að því er varðar útgefendur rafeyristóka skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í skránni:

- a) nafn, rekstrarform og lögaðilaaðkenni útgefandans,
- b) firmaheiti, heimilisfang, símanúmer, netfang og vefsetur útgefandans,
- c) hvítbækur um sýndareignir og allar breyttar hvítbækur um sýndareignir, með úrehtar útgáfur hvítbóka um sýndareignir geymdar í aðskildu skjalasafni og greinilega merktar sem úrehtar,
- d) upphafsdagur eða, ef hann liggur ekki fyrir við tilkynningu lögbæra yfirvaldsins, fyrirhugaður upphafsdagur útboðs á almennum markaði eða töku til viðskipta,
- e) öll önnur þjónusta sem útgefandi veitir og fellur ekki undir þessa reglugerð, með tilvísun í gildandi lög Sambandsins eða landslög,
- f) dagsetning starfsleyfis sem lánastofnun eða rafeyrisfyrirtæki og, ef við á, afturköllunar þess starfsleyfis.

5. Að því er varðar þjónustuveitendur sýndareigna skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í skránni:

- a) heiti, rekstrarform og lögaðilaaðkenni viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna og, eftir atvikum, útibúa hans,
- b) firmaheiti, heimilisfang, símanúmer, netfang og vefsetur viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna og, eftir atvikum, viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignir sem viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna rekur,
- c) heiti og heimilisfang lögbæra yfirvaldsins sem veitti starfsleyfið og samskiptaupplýsingar þess,
- d) listi yfir þá þjónustu á sviði sýndareigna sem viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna veitir,
- e) lista yfir gístiaðildarríkin þar sem viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna hyggst veita þjónustu á sviði sýndareigna,
- f) upphafsdagur eða, ef hann liggur ekki fyrir við tilkynningu lögbæra yfirvaldsins, fyrirhugaður upphafsdagur veitingar þjónustunnar á sviði sýndareigna,
- g) öll önnur þjónusta sem viðkomandi þjónustuveitandi sýndareigna veitir og fellur ekki undir þessa reglugerð, með tilvísun í gildandi lög Sambandsins eða landslög,
- h) dagsetning leyfis og, eftir atvikum, dagsetning afturköllunar leyfis.

6. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni án tafar um þær ráðstafanir sem taldar eru upp í b-, c-, f-, l-, m-, n-, o- eða t-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 94. gr. og um allar opinberar varúðarráðstafanir sem gerðar eru skv. 102. gr. og hafa áhrif á veitingu þjónustu á sviði sýndareigna eða útgáfu, almennt útboð eða notkun sýndareigna. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal færa slíkar upplýsingar í skrána.

7. Hver afturköllun á starfsleyfi útgefanda eignatengds tóka, útgefanda rafeyristóka eða þjónustuveitanda sýndareigna og hver ráðstöfun sem tilkynnt er um í samræmi við 6. mgr. skal birt í skránni í fimm ár.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar þau gögn sem nauðsynleg eru til flokkunar, eftir tegund sýndareignar, á hvítbókum um sýndareignir, þ.m.t. auðkenni lögaðila, í skránni og tilgreina framkvæmdarlegt fyrirkomulag þess að tryggja að slík gögn séu tölvulæsileg.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

110. gr.

Skrá yfir aðila sem veita þjónustu á sviði sýndareigna en fara ekki að tilskildum kröfum

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal útbúa skrá, sem ekki þarf að vera tæmandi, yfir aðila sem veita þjónustu á sviði sýndareigna án þess að fara að ákvæðum 59. eða 61. gr.
2. Skráin skal a.m.k. innihalda firmaheiti eða vefsetur aðilans sem ekki uppfyllir kröfurnar og heiti lögbæra yfirvaldsins sem lagði fram upplýsingarnar.
3. Skráin skal vera aðgengileg öllum á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á tölvulæsilegu formi og skal uppfærð reglulega til að taka tillit til breytinga á aðstæðum eða upplýsinga sem athygli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar er vakin á í tengslum við þá skráðu aðila sem fara ekki að tilskildum kröfum. Skráin skal gera miðlægan aðgang mögulegan að upplýsingum sem lögbær yfirvöld aðildarríkja eða þriðju landa, sem og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, leggja fram.
4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal uppfæra skrána með upplýsingum um öll tilvik þar sem brotið er gegn þessari reglugerð og tilgreind eru að hennar eigin frumkvæði í samræmi við 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, þar sem hún hefur tekið ákvörðun skv. 6. mgr. þeirrar greinar sem beinist að aðila sem fer ekki að tilskildum kröfum og veitir þjónustu á sviði sýndareigna, eða með upplýsingum sem viðkomandi eftirlitsyfirvöld þriðju landa leggja fram um aðila sem veita þjónustu á sviði sýndareigna án nauðsynlegrar heimildar eða skráningar.
5. Í þeim tilvikum sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að beita viðeigandi eftirlits- og rannsóknarheimildum lögbærra yfirvalda eins og um getur í 1. mgr. 94. gr. gagnvart aðilum sem fara ekki að tilskildum kröfum en veita þjónustu á sviði sýndareigna.

3. KAFLI

Stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir lögbærra yfirvalda

111. gr.

Stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir

1. Án þess að hafa áhrif á refsiviðurlög og eftirlits- og rannsóknarheimildir lögbærra yfirvalda sem taldar eru upp í 94. gr. skulu aðildarríki, í samræmi við landslög, kveða á um að lögbær yfirvöld hafi vald til að beita viðeigandi stjórnsýsluviðurlögum og öðrum stjórnsýsluráðstöfunum í tengslum við a.m.k. eftirfarandi brot:
 - a) brot á 4.–14. gr.,
 - b) brot á 16., 17., 19., 22., 23., 25., 27.–41., 46. og 47. gr.,
 - c) brot á 48.–51. gr., 53., 54. og 55. gr.,
 - d) brot á 59., 60., 64. gr. og 65.–83. gr.,
 - e) brot á 88.–92. gr.,
 - f) brest á því að samstarf sé haft eða farið sé að kröfum við rannsókn eða í tengslum við skoðun eða beiðni eins og um getur í 3. mgr. 94. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða að mæla ekki fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög ef brotin sem getið er um í a-, b-, c-, d- eða e-lið falla þegar undir refsiviðurlög í landslögum þeirra hinn 30. júní 2024. Taki aðildarríki slíka ákvörðun skal það gera

framkvæmdastjórninni, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni ítarlega grein fyrir viðkomandi hlutum refsilöggjafar sinnar.

Aðildarríki skulu eigi síðar en 30. júní 2025 gera framkvæmdastjórninni, Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni ítarlega grein fyrir þeim reglum sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein. Þau skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni um allar síðari breytingar á reglunum.

2. Aðildarríki skulu, í samræmi við landslög, tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til að beita a.m.k. eftirfarandi stjórnsýsluviðurlögum og öðrum stjórnsýsluráðstöfunum í tengslum við þau brot sem um getur í a- til d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.:

- a) opinberri yfirlýsingu sem tilgreinir hinn brotlega einstakling eða lögaðila og eðli brotsins,
- b) gera hinum brotlega einstaklingi eða lögaðila að láta af hinni brotlegu háttsemi og endurtaka hana ekki,
- c) hámarksstjórnsýslusekt sem nemur a.m.k. tvöfaldri fjárhæð hagnaðarins af brotinu eða tapsins sem komist er hjá með því, ef unnt er að ákvarða hana, jafnvel þótt hún sé hærri en þær hámarksfjárhæðir sem settar eru fram í d-lið þessarar málsgreinar fyrir einstaklinga eða í 3. mgr. fyrir lögaðila,
- d) sé um að ræða einstakling, hámarksstjórnvaldssektum sem nema a.m.k. 700 000 evrum eða, í aðildarríkjum sem hafa ekki evru sem opinberan gjaldmiðil, samsvarandi fjárhæð í opinberum gjaldmiðli viðkomandi ríkis hinn 29. júní 2023.

3. Aðildarríki skulu í samræmi við landslög sín tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til að beita, í tengslum við brot sem lögaðilar fremja, hámarksstjórnsýslusektum sem nema a.m.k.:

- a) 5 000 000 evrum eða, í aðildarríkjum sem hafa ekki evru sem opinberan gjaldmiðil, samsvarandi fjárhæð í viðkomandi opinberum gjaldmiðli hinn 29. júní 2023, vegna þeirra brota sem um getur í a- til d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.,
- b) 3% af heildarársveltu lögaðilans samkvæmt síðustu fyrirbyggjandi reikningsskilum sem samþykkt hafa verið af stjórninni og/eða framkvæmdastjórninni, vegna þeirra brota sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.,
- c) 5% af heildarársveltu lögaðilans samkvæmt síðustu fyrirbyggjandi reikningsskilum sem samþykkt hafa verið af stjórninni og/eða framkvæmdastjórninni, vegna þeirra brota sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.,
- d) 12,5% af heildarársveltu lögaðilans samkvæmt síðustu fyrirbyggjandi reikningsskilum sem samþykkt hafa verið af stjórninni og/eða framkvæmdastjórninni, vegna þeirra brota sem um getur í b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.

Sé lögaðilinn sem um getur í a- til d-lið fyrstu undirgreinar móðurfélag eða dótturfélag móðurfélags sem ber að gera samstæðureikningsskil í samræmi við tilskipun 2013/34/ESB skal viðkomandi heildarársvelta vera heildarársvelta eða samsvarandi tekjur í samræmi við gildandi lög Sambandsins um reikningsskil samkvæmt síðasta fyrirbyggjandi samstæðureikningi sem stjórn og/eða framkvæmdastjórn hins endanlega móðurfélags hefur samþykkt.

4. Auk þeirra stjórnsýsluviðurlaga og annarra stjórnsýsluráðstafana sem og stjórnsýslusekta sem um getur í 2. og 3. mgr. skulu aðildarríki, í samræmi við landslög sín, tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til að leggja á, vegna brota sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., tímabundið bann við því að aðili stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna eða annar einstaklingur sem gerður er ábyrgur fyrir brotinu gegni stjórnunarstörfum hjá þjónustuveitanda sýndareigna.

5. Aðildarríki skulu í samræmi við landslög sín tryggja að, hafi brot verið framið sem um getur í e-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., hafi lögbær yfirvöld vald til að beita a.m.k. eftirfarandi stjórnsýsluviðurlögum og til að gera a.m.k. eftirfarandi stjórnsýsluráðstafanir:

- a) opinberri yfirlýsingu sem tilgreinir hinn brotlega einstakling eða lögaðila og eðli brotsins,
- b) gera hinum brotlega einstaklingi eða lögaðila að láta af hinni brotlegu háttsemi og endurtaka hana ekki,
- c) sviptingu ávinnings í formi hagnaðar af eða taps sem komist er hjá með brotinu, að því marki sem unnt er að ákvarða það,
- d) afturköllun eða tímabundinni niðurfellingu starfsleyfis sem þjónustuveitandi sýndareigna,

- e) tímabundið bann við því að aðili stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar þjónustuveitanda sýndareigna sem ber ábyrgð á brotinu, eða annar einstaklingur sem gerður er ábyrgur fyrir því, sinni stjórnunarstörfum hjá þjónustuveitendum sýndareigna,
- f) ef um er að ræða endurtekið brot á 89., 90., 91. eða 92. gr., banni í a.m.k. 10 ár við því að aðili stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna, eða annar einstaklingur sem gerður er ábyrgur fyrir brotinu, sinni stjórnunarstörfum hjá þjónustuveitanda sýndareigna,
- g) tímabundnu banni við því að aðili stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna, eða annar einstaklingur sem gerður er ábyrgur fyrir brotinu, eigi viðskipti fyrir eigin reikning,
- h) hámarksstjórnsýslusekt sem nemur a.m.k. þrefaldri fjárhæð hagnaðarins af brotinu eða tapsins sem komist er hjá með því, sé unnt að ákvarða hana, jafnvel þótt hún sé hærri en þær hámarksfjárhæðir sem settar eru fram í i- eða j-lið, eftir því sem við á,
- i) sé um að ræða einstakling, hámarksstjórnsýslusektum sem nema a.m.k. 1 000 000 evrum vegna brota á 88. gr. og 5 000 000 evrum vegna brota á 89.–92. gr. eða, í aðildarríkjum sem hafa ekki evru sem opinberan gjaldmiðil, samsvarandi fjárhæð í viðkomandi opinberum gjaldmiðli hinn 29. júní 2023,
- j) að því er varðar lögaðila, hámarksstjórnsýslusektum sem nema a.m.k. 2 500 000 evrum vegna brota á 88. gr. og 15 000 000 evrum vegna brota á 89.–92. gr., eða 2% vegna brota á 88. gr. og 15% vegna brota á 89.–92. gr. af heildarárseltu lögaðilans samkvæmt síðustu fyrirbyggjandi reikningsskilum sem samþykkt hafa verið af stjórninni og/eða framkvæmdastjórninni eða, í aðildarríkjum sem hafa ekki evru sem gjaldmiðil, samsvarandi fjárhæð í viðkomandi opinberum gjaldmiðli hinn 29. júní 2023.

Sé lögaðilinn móðurfélag eða dótturfélag móðurfélags sem ber að gera samstæðureikningsskil í samræmi við tilskipun 2013/34/ESB skal, að því er varðar j-lið fyrstu undirgreinar, viðkomandi heildarársvelta vera heildarársvelta eða samsvarandi tekjur í samræmi við gildandi lög Sambandsins um reikningsskil samkvæmt síðasta fyrirbyggjandi samstæðureikningi sem stjórn og/eða framkvæmdastjórn hins endanlega móðurfélags hefur samþykkt.

6. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að lögbær yfirvöld hafi heimildir til viðbótar þeim sem um getur í 2.–5. mgr. og að kveða á um strangari viðurlög en gert er í þeirri málsgrein, að því er varðar bæði brotlega einstaklinga og lögaðila.

112. gr.

Nýting eftirlitsheimilda og valdheimilda til að beita viðurlögum

1. Þegar lögbær yfirvöld ákvarða tegund og umfang stjórnsýsluviðurlaga og annarra stjórnsýsluráðstafana sem fyrirhugað er að beita skv. 111. gr. skulu þau taka tillit til allra aðstæðna sem máli skipta, þ.m.t., eftir því sem við á:

- a) alvarleika og tímalengdar brotsins,
- b) þess hvort brotið hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi,
- c) þess hve mikla ábyrgð hinn brotlegi einstaklingur eða lögaðili ber á brotinu,
- d) fjárhagsstöðu hins brotlega einstaklings eða lögaðila, sér í lagi með hliðsjón af heildarveldu brotlegs lögaðila eða árstekjum og hreinni eign brotlegs einstaklings,
- e) mikilvægis hagnaðar hins brotlega einstaklings eða lögaðila eða tapsins sem hann komst hjá, að því marki sem unnt er að ákvarða það,
- f) taps þriðju aðila vegna brotsins, að því marki sem unnt er að ákvarða það,
- g) samstarfsvilja hins brotlega einstaklings eða lögaðila við lögbæra yfirvaldið, með fyrirvara um þörfina á að tryggja að hann endurgreiði hagnað sinn af brotinu eða tap sem hann komst hjá með því,
- h) fyrri brota hins brotlega einstaklings eða lögaðila á þessari reglugerð,

- i) ráðstafana sem hinn brotlegi gerir til að koma í veg fyrir endurtekningu brotsins,
- j) áhrifa brotsins á hagsmuni eigenda sýndareigna og viðskiptavina þjónustuveitenda sýndareigna, einkum almennra eiganda.

2. Við beitingu valdheimilda sinna til að leggja á stjórnsýsluviðurlög og gera aðrar stjórnsýsluráðstafanir skv. 111. gr. skulu lögbær yfirvöld vinna náið saman til að tryggja að beiting þeirra á eftirlits- og rannsóknarheimildum sínum, stjórnsýsluviðurlögum og öðrum stjórnsýsluráðstöfunum sé skilvirk og viðeigandi. Þau skulu samræma aðgerðir sínar til að forðast tvítekingu og skörun þegar þau beita eftirlits- og rannsóknarheimildum sínum, stjórnsýsluviðurlögum og öðrum stjórnsýsluráðstöfunum í tilvikum sem ná yfir landamæri.

113. gr.

Áfrýjunarréttur

1. Aðildarríki skulu tryggja að ákvarðanir sem lögbær yfirvöld taka samkvæmt þessari reglugerð séu rökstuddar á viðhlítandi hátt og unnt sé að skjóta þeim til dómstóls. Réttur til málskots til dómstóls gildir einnig þegar engin ákvörðun hefur verið tekin innan sex mánaða frá því að umsókn um starfsleyfi sem hefur að geyma fullnægjandi upplýsingar samkvæmt gildandi ákvæðum hefur verið lögð fram.
2. Aðildarríki skulu kveða á um að einn eða fleiri eftirtalinn aðila geti, eins og ákvarðað er samkvæmt landslögum, í þágu neytenda og í samræmi við landslög, hafið málsókn fyrir dómstólum eða þar til bærum stjórnsýslustofnunum til að tryggja að þessari reglugerð sé beitt:
 - a) opinberar stofnanir eða fulltrúar þeirra,
 - b) neytendasamtök sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta af því að vernda eigendur sýndareigna,
 - c) fagfélög sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta af því að því að vernda félaga sína.

114. gr.

Birting ákvarðana

1. Lögbær yfirvöld skulu birta á opinberu vefsetri sínu allar ákvarðanir sínar um að beita stjórnsýsluviðurlögum eða öðrum stjórnsýsluráðstöfunum vegna brota á þessari reglugerð í samræmi við 111. gr., án tafar eftir að sá einstaklingur eða lögaðili sem sætir slíkri ákvörðun er upplýstur um hana. Birtar skulu a.m.k. upplýsingar um tegund og eðli brotsins og tilgreina skal deili á hinum brotlega einstaklingi eða lögaðila. Ekki þarf að birta ákvarðanir um beitingu ráðstafana sem eru rannsóknarlegs eðlis.
2. Telji lögbært yfirvald að birting sem tilgreindir deili á lögaðilum, eða deili á eða persónuupplýsingar einstaklinga, sé óhófleg miðað við tilefnið, að undangengnu meðalhófsmati í hverju tilviki fyrir sig á birtingu slíkra gagna, eða ef birtingin myndi tefla yfirstandandi rannsókn í tvísýnu, skal lögbæra yfirvaldið grípa til einnar af eftirfarandi aðgerðum:
 - a) að fresta opinberri birtingu ákvörðunarinnar um að beita stjórnsýsluviðurlögum eða annarri stjórnsýsluráðstöfun þar til ástæður þess að birta hana ekki opinberlega eru ekki lengur fyrir hendi,
 - b) að birta opinberlega ákvörðunina um að beita stjórnsýsluviðurlögum eða annarri ráðstöfun án nafngreiningar með hætti sem samræmist landslögum, ef slík opinber birting án nafngreiningar tryggir skilvirka vernd viðkomandi persónuupplýsinga,
 - c) að birta ekki ákvörðunina um að beita stjórnsýsluviðurlögum eða annarri stjórnsýsluráðstöfun ef kostirnir sem eru settir fram í a- og b-lið eru taldir ófullnægjandi til að tryggja:
 - i. að stöðugleika fjármálamarkaða sé ekki stefnt í tvísýnu,
 - ii. meðalhóf við birtingu slíkrar ákvörðunar, sé um að ræða ráðstafanir sem teljast minni háttar.

Sé um að ræða ákvörðun um að kunngera stjórnsýsluviðurlög eða stjórnsýsluráðstöfun án nafngreiningar, eins og um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, er heimilt að fresta opinberri birtingu viðkomandi upplýsinga í hæfilegan tíma ef fyrirséð er að ástæður opinberrar birtingar án nafngreiningar verði ekki lengur fyrir hendi innan þess tíma.

3. Sé ákvörðun um að beita stjórnsýsluviðurlögum eða stjórnsýsluráðstöfun skotið til þar til bær dómstóls eða annarra stjórnsýsluyfirvalda skulu lögbær yfirvöld án tafar birta á opinberu vefsetri sínu slíkar upplýsingar og allar síðari upplýsingar um niðurstöðu þess málskots. Auk þess skal birta opinberlega allar ákvarðanir um ógildingu fyrri ákvörðunar um beitingu stjórnsýsluviðurlaga eða stjórnsýsluráðstöfunar.

4. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að hvers konar efni sem birt er í samræmi við þessa grein verði áfram á opinberu vefsetri þeirra í minnst fimm ár frá birtingu þess. Persónuupplýsingar sem birtingin tekur til skulu einungis vera á opinberu vefsetri lögbæru yfirvaldanna í þann tíma sem nauðsynlegur er í samræmi við gildandi reglur um persónuvernd.

115. gr.

Skýrslugjöf um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar

1. Lögbært yfirvald skal árlega veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni samanteknar upplýsingar um öll stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem beitt er skv. 111. gr. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal birta þessar upplýsingar í árlegri skýrslu.

Lögbær yfirvöld aðildarríkja sem hafa, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 111. gr., kveðið á um refsiviðurlög við brotum á þeim ákvæðum sem um getur í þeirri málsgrein skulu árlega afhenda Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni nafnlaus samantekin gögn um allar viðkomandi rannsóknir sakamála sem ráðist er í og þau refsiviðurlög sem beitt er. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal birta upplýsingar um refsiviðurlög sem beitt er í árlegri skýrslu.

2. Hafi lögbært yfirvald birt upplýsingar um stjórnsýsluviðurlög, aðrar stjórnsýsluráðstafanir eða refsiviðurlög opinberlega skal það samtímis tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þau.

3. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um öll stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem beitt er en eru ekki gerð opinber, þ.m.t. um allar kærur í tengslum við þau og niðurstöðu þeirra. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld fái í hendur upplýsingar og endanlegan dóm í tengslum við öll refsiviðurlög sem beitt er og afhendi þær Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal starfrækja miðlægt gagnasafn um viðurlög og stjórnsýsluráðstafanir sem henni er tilkynnt um, eingöngu í þeim tilgangi að miðla upplýsingum milli lögbærra yfirvalda. Gagnasafnið skal eingöngu vera aðgengilegt Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum og uppfært á grundvelli þeirra upplýsinga sem lögbæru yfirvöldin veita.

116. gr.

Tilkynningar um brot og vernd tilkynnenda

Tilskipun (ESB) 2019/1937 gildir um tilkynningar um brot gegn þessari reglugerð og vernd tilkynnenda um slík brot.

4. KAFLI

Eftirlitsskyldur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar að því er varðar útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka og mikilvægra rafeyristóka og samstarfshópar eftirlitsaðila

117. gr.

Eftirlitsskyldur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar að því er varðar útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka og útgefendur mikilvægra rafeyristóka

1. Ef eignatengdur tóki hefur verið flokkaður sem mikilvægur í samræmi við 43. eða 44. gr. skal starfsemi útgefanda hans lúta eftirliti Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

Með fyrirvara um valdheimildir lögbærra landsyfirvalda skv. 2. mgr. þessarar greinar skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunarinnar beita þeim valdheimildum lögbærra yfirvalda sem veittar eru með 22.–25. gr., 29. gr., 33. gr., 34. gr. (7. og 12. mgr.), 35. gr. (3. og 5. mgr.), 36. gr. (10. mgr.) og 41., 42., 46. og 47. gr. að því er varðar útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka.

2. Ef útgefandi mikilvægs eignatengds tóka veitir einnig þjónustu á sviði sýndareigna eða gefur út eignatengda tóka sem eru ekki mikilvægir skal sú þjónusta og starfsemi áfram lúta eftirliti lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins.

3. Ef eignatengdur tóki hefur verið flokkaður sem mikilvægur í samræmi við 43. gr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunarinnar framkvæma endurmat í tengslum við eftirlitið til að tryggja að útgefandinn hlíti III. bálki.

4. Ef rafeyristóki sem gefinn er út af rafeyrisfyrirtæki hefur verið flokkaður sem mikilvægur í samræmi við 56. eða 57. gr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hafa eftirlit með því að útgefandi þess mikilvæga rafeyristóka fari að ákvæðum 55. og 58. gr.

Að því er varðar eftirlit með því hvort farið sé að 55. og 58. gr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin beita heimildum lögbærra yfirvalda sem þeim eru faldar skv. 22. og 23. gr., 24. gr. (3. mgr.), 35. gr. (3. og 5. mgr.), 36. gr. (10. mgr.) og 46. og 47. gr. að því er varðar rafeyrisfyrirtæki sem gefa út mikilvæga rafeyristóka.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal beita eftirlitsheimildum sínum eins og kveðið er á um í 1.–4. mgr. í nánu samstarfi við önnur lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með útgefandanum, einkum:

- a) varfærniseftirlitsyfirvald, þ.m.t., eftir atvikum, Seðlabanki Evrópu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1024/2013,
- b) viðkomandi lögbær yfirvöld samkvæmt landslögum sem leiða tilskipun 2009/110/EB í lög, eftir atvikum,
- c) lögbæru yfirvöldin sem um getur í 1. mgr. 20. gr.

118. gr.

Nefnd Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um sýndareignir

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal setja á stofn innri fastanefnd skv. 41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 í þeim tilgangi að undirbúa ákvarðanir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem teknar eru í samræmi við 44. gr. hennar, þ.m.t. ákvarðanir sem varða eftirlitsverkefni sem hafa verið falin Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni með þessari reglugerð.

2. Nefndinni um sýndareignir er einnig heimilt að undirbúa ákvarðanir í tengslum við drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum og drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem varða eftirlitsverkefni sem Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni hafa verið falin með þessari reglugerð.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal tryggja að nefndin um sýndareignir annist einungis þau störf sem um getur í 1. og 2. mgr. og önnur verkefni sem nauðsynleg eru til að hún geti sinnt þeim störfum sínum sem tengjast sýndareignum.

119. gr.

Samstarfshópar eftirlitsaðila fyrir útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka og mikilvægra rafeyristóka

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal innan 30 almanaksdaga frá ákvörðun um að flokka eignatengdan tóka eða rafeyristóka sem mikilvægan skv. 43., 44., 56. eða 57. gr., eftir því sem við á, koma á fót, stjórna og veita formennsku ráðgefandi samstarfshópi eftirlitsaðila fyrir hvern útgefanda mikilvægs eignatengds tóka eða mikilvægs rafeyristóka, sem skal greiða fyrir framkvæmd eftirlitsverkefna og gegna hlutverki vettvangs til samræmingar á eftirlitsstarfsemi samkvæmt þessari reglugerð.

2. Samstarfshópur eftirlitsaðila sem um getur í 1. mgr. skal samanstanda af fulltrúum frá:

- a) Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni,
- b) Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni,
- c) lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins þar sem útgefandi viðkomandi mikilvægs eignatengds tóka eða mikilvægs rafeyristóka hefur staðfestu,
- d) lögbærum yfirvöldum mikilvægustu þjónustuveitenda sýndareigna, lánastofnana eða verðbréfafyrirtækja sem tryggja vörslu varasjóðseigna í samræmi við 37. gr. eða fjármuna sem tekið er við í skiptum fyrir mikilvægu rafeyristókana,
- e) eftir atvikum, lögbærum yfirvöldum mikilvægustu viðskiptavettvanga fyrir sýndareignir þar sem mikilvægu eignatengdu tókarnir eða mikilvægu rafeyristókarnir eru teknir til viðskipta,
- f) lögbærum yfirvöldum mikilvægustu greiðsluþjónustuveitenda sem veita greiðsluþjónustu í tengslum við mikilvægu rafeyristókana,

- g) eftir atvikum, lögbærum yfirvöldum þeirra aðila sem annast þá starfsemi sem um getur í h-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 34. gr.,
 - h) eftir atvikum, lögbærum yfirvöldum mikilvægustu þjónustuveitenda sýndareigna sem bjóða upp á vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina í tengslum við mikilvægu eignatengda tókana eða mikilvægu rafeyristókana,
 - i) Seðlabanka Evrópu,
 - j) ef útgefandi mikilvæga eignatengda tókans hefur staðfestu í aðildarríki sem hefur ekki evru sem opinberan gjaldmiðil eða ef eignatengdi tókinn miðast við opinberan gjaldmiðil sem ekki er evran, seðlabanka þess aðildarríkis,
 - k) ef útgefandi mikilvæga rafeyristókans hefur staðfestu í aðildarríki sem hefur ekki evru sem opinberan gjaldmiðil eða ef mikilvægi rafeyristókinn miðast við opinberan gjaldmiðil sem ekki er evran, seðlabanka þess aðildarríkis,
 - l) lögbærum yfirvöldum aðildarríkja þar sem eignatengdi tókinn eða rafeyristókinn er notaður í miklum mæli, að beiðni þeirra,
 - m) viðkomandi eftirlitsyfirvöldum þriðju landa sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur gert framkvæmdasamninga við í samræmi við 126. gr.
3. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er heimilt að bjóða öðrum yfirvöldum aðild að þeim samstarfshópi eftirlitsaðila sem um getur í 1. mgr. ef þeir aðilar sem þau hafa eftirlit með varða vinnu samstarfshópsins.
4. Lögbæru yfirvaldi aðildarríkis sem er ekki aðili að samstarfshópnum er heimilt að biðja samstarfshópinn um allar upplýsingar er varða framkvæmd eftirlitsskyldna þess samkvæmt þessari reglugerð.
5. Samstarfshópurinn sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal, án þess að hafa áhrif á ábyrgð lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari reglugerð, tryggja:
- a) gerð álits sem er ekki bindandi og um getur í 120. gr.,
 - b) upplýsingaskipti í samræmi við þessa reglugerð,
 - c) samkomulag um úthlutun verkefna meðal aðila sinna með gagnkvæmu samþykki.

Til að greiða fyrir framkvæmd þeirra verkefna sem falin eru samstarfshópum eftirlitsaðila samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar greinar skal aðilum samstarfshópsins sem um getur í 2. mgr. vera heimilt að taka þátt í að ákveða dagskrár funda hans, einkum með því að bæta liðum á fundardagskrá.

6. Stofnsetning og starfsemi samstarfshópsins sem um getur í 1. mgr. skal byggjast á skriflegu samkomulagi allra aðila hans.
- Í samkomulaginu sem um getur í fyrstu undirgrein skal ákvarða fyrirkomulag framkvæmdarlegra þátta í störfum samstarfshópsins, þ.m.t. ítarlegar reglur um:

- a) fyrirkomulag atkvæðagreiðslu sem um getur í 3. mgr. 120. gr.,
- b) verklag við að semja dagskrár funda samstarfshópsins,
- c) tíðni funda samstarfshópsins,
- d) viðeigandi lágmarkstímaramma til mats aðila samstarfshópsins á viðkomandi gögnum,
- e) fyrirkomulag samskipta milli aðila samstarfshópsins,
- f) stofnun fleiri samstarfshópa, einn fyrir hverja tiltekna sýndareign eða flokk sýndareigna.

Með samkomulaginu má einnig ákvarða þau verkefni sem fela á Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni eða öðrum aðila samstarfshópsins.

7. Formennska Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í hverjum samstarfshópi skal fela í sér að:

- a) koma á skriflegu fyrirkomulagi og verklagsreglum um störf samstarfshópsins, að höfðu samráði við aðra aðila hans,
- b) samræma alla starfsemi samstarfshópsins,

- c) boða til allra funda samstarfshópsins, stýra þeim og halda öllum aðilum hans fyllilega upplýstum fyrirfram um skipulag fundanna, helstu fundarefni og liði til afgreiðslu,
- d) tilkynna aðilum samstarfshópsins um alla fyrirhugaða fundi svo að þeim sé unnt að óska eftir því að taka þátt,
- e) halda aðilum samstarfshópsins tímanlega upplýstum um ákvarðanir og niðurstöður þessara funda.

8. Til að tryggja samræmda og samhæfða starfsemi samstarfshópsins skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í samstarfi við Evrópsku verðbréfmarkaðseftirlitsstofnunina og Seðlabanka Evrópu, semja drög að eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

- a) við hvaða aðstæður skuli telja þá aðila sem um getur í d-, e-, f- og h-lið 2. mgr. mikilvægasta,
- b) við hvaða aðstæður skuli telja eignatengda tóka eða rafeyristóka notaða í miklum mæli, eins og um getur í l-lið 2. mgr., og
- c) nánari atriði þeirra framkvæmdarlegu þátta sem um getur í 6. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja drögin að eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja þá tæknilegu eftirlitsstaðla sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

120. gr.

Álit samstarfshópa eftirlitsaðila, sem ekki eru bindandi, fyrir útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka og mikilvægra rafeyristóka

- 1. Samstarfshópnum sem um getur í 1. mgr. 119. gr. er heimilt að gefa út álit sem ekki er bindandi, um eftirfarandi:
 - a) endurmat í tengslum við eftirlit, eins og um getur í 3. mgr. 117. gr.,
 - b) allar ákvarðanir um að gera útgefanda mikilvægs eignatengds tóka eða mikilvægs rafeyristóka að hafa hærri fjárhæð eiginfjárgrunns í samræmi við 35. gr. (2., 3. og 5. mgr.), 45. gr. (5. mgr.) og 58. gr. (1. mgr.), eftir því sem við á,
 - c) allar uppfærslur á endurbótaáætlun eða innlausnaráætlun útgefanda mikilvægs eignatengds tóka eða útgefanda mikilvægs rafeyristóka skv. 46., 47. og 55. gr., eftir því sem við á,
 - d) allar breytingar á viðskiptalíkani útgefanda mikilvægs eignatengds tóka skv. 1. mgr. 25. gr.,
 - e) drög að breyttri hvítbók um sýndareign sem gerð eru í samræmi við 2. mgr. 25. gr.,
 - f) allar fyrirhugaðar viðeigandi úrbætur skv. 4. mgr. 25. gr.,
 - g) allar fyrirhugaðar eftirlitsráðstafanir skv. 130. gr.,
 - h) hvers konar fyrirhugaðan framkvæmdasamning um upplýsingaskipti við eftirlitsyfirvald þriðja lands í samræmi við 126. gr.,
 - i) úthlutun eftirlitsverkefna frá Evrópsku bankaftirlitsstofnuninni til lögbærs yfirvalds skv. 138. gr.,
 - j) allar fyrirhugaðar breytingar á starfsleyfi aðila samstarfshópsins sem um getur í d- til h-lið 2. mgr. 119. gr. eða fyrirhugaðar eftirlitsráðstafanir sem beinast að slíkum aðila,
 - k) drög að breyttri hvítbók um sýndareign sem gerð eru í samræmi við 12. mgr. 51. gr.
- 2. Ef samstarfshópurinn gefur út álit í samræmi við 1. mgr. er heimilt að álitíð feli í sér, að beiðni einhvers aðila samstarfshópsins og samkvæmt ákvörðun meirihluta hópsins í samræmi við 3. mgr., tilmæli sem miða að því að taka á annmörkum þeirrar ráðstöfunar sem Evrópska bankaftirlitsstofnunin eða lögbær yfirvöld hafa í hyggju.

3. Einfaldur meirihluti atkvæða þeirra sem sitja í samstarfshópnum ræður úrslitum um álit hans.

Ef fleiri en einn fulltrúi frá hverju aðildarríki situr í samstarfshópnum skal aðeins einn þeirra hafa atkvæðisrétt.

Ef Seðlabanki Evrópu gegnir fleiri en einu hlutverki sem aðili samstarfshópsins, þ.m.t. eftirlitshlutverki, skal hann aðeins hafa eitt atkvæði.

Eftirlitsyfirvöld þriðju landa sem um getur í m-lið 2. mgr. 119. gr. skulu ekki hafa atkvæðisrétt að því er varðar álit samstarfshópsins.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða lögbær yfirvöld, eftir því sem við á, skulu taka tilhlýðilegt tillit til álits samstarfshópsins sem ekki er bindandi er hann hefur komist að niðurstöðu um í samræmi við 3. mgr., þ.m.t. öll tilmæli sem miða að því að ráða bót á annmörkum þeirrar eftirlitsráðstöfunar sem fyrirhuguð er að því er varðar útgefanda mikilvægs eignatengds tóka, útgefanda mikilvægs rafeyristóka, aðila eða þjónustuveitanda sýndareigna eins og um getur í d- til h-lið 2. mgr. 119. gr. Ef Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða lögbært yfirvald er ekki sammála áliti samstarfshópsins, þ.m.t. hvers kyns tilmælum sem miða að því að bæta úr annmörkum fyrirhugaðrar eftirlitsráðstöfunar, skal í ákvörðun stofnunarinnar eða lögbæra yfirvaldsins vera rökstuðningur og útskýring á öllum verulegum frávikum frá því áliti eða tilmælum.

5. KAFLI

Valdheimildir og valdsvið Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar að því er varðar útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka og útgefendur mikilvægra rafeyristóka

121. gr.

Þagnarskylda lögmanna

Valdheimildum sem faldar eru Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni skv. 122.–125. gr., eða embættismanni eða öðrum aðilum sem hafa til þess umboð Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, skal ekki beitt til að krefjast birtingar upplýsinga sem lúta þagnarskyldu lögmanna.

122. gr.

Beiðni um upplýsingar

1. Til að inna af hendi eftirlitsskyldur sínar skv. 117. gr. er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að gera eftirfarandi aðilum, með einfaldri beiðni eða úrskurði, að veita allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar svo stofnuninni sé kleift að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð:

- a) útgefanda mikilvægs eignatengds tóka eða aðila sem hefur yfirráð yfir eða er beint eða óbeint undir yfirráðum útgefanda mikilvægs eignatengds tóka,
- b) þriðja aðila eins og um getur í h-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 34. gr. sem útgefandi mikilvægs eignatengds tóka hefur gert samning við,
- c) þjónustuveitanda sýndareigna, lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki sem annast vörslu varasjóðseigna í samræmi við 37. gr.,
- d) útgefanda mikilvægs rafeyristóka eða aðila sem hefur yfirráð yfir eða er beint eða óbeint undir yfirráðum útgefanda mikilvægs rafeyristóka,
- e) greiðsluþjónustuveitanda sem veitir greiðsluþjónustu í tengslum við mikilvæga rafeyristóka,
- f) einstaklingi eða lögaðila sem annast dreifingu mikilvægra rafeyristóka fyrir hönd útgefanda mikilvægra rafeyristóka,
- g) þjónustuveitanda sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina í tengslum við mikilvæga eignatengda tóka eða mikilvæga rafeyristóka,
- h) rekstraraðila viðskiptavettvangs fyrir sýndareigna sem hefur tekið mikilvægan eignatengdan tóka eða mikilvægan rafeyristóka til viðskipta,
- i) stjórn og/eða framkvæmdastjórn þeirra aðila sem um getur í a- til h-lið.

2. Einföld beiðni um upplýsingar eins og um getur í 1. mgr. skal:

- a) vísa til þessarar greinar sem lagagrundvallar viðkomandi beiðni,
- b) tilgreina tilgang beiðninnar,
- c) tilgreina hvaða upplýsinga er krafist,
- d) tilgreina tímamörk sem veita skal upplýsingarnar innan,
- e) upplýsa aðilann sem óskað er eftir upplýsingum frá um að honum sé ekki skylt að veita þær, en kjósi hann að svara beiðninni skuli veittar upplýsingar vera réttar og ekki villandi, og
- f) tilgreina sektina sem kveðið er á um í 131. gr. fyrir tilfelli þar sem svörin við spurningunum eru röng eða villandi.

3. Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin krefst þess að upplýsingar séu veittar með ákvörðun skv. 1. mgr. skal hún:

- a) vísa til þessarar greinar sem lagagrundvallar viðkomandi beiðni,
- b) tilgreina tilgang beiðninnar,
- c) tilgreina hvaða upplýsinga er krafist,
- d) setja tímamörk sem virða skal við afhendingu upplýsinganna,
- e) tilgreina dagsektir sem kveðið er á um í 132. gr. ef framleiðsla upplýsinga er krafist,
- f) tilgreina sektina sem kveðið er á um í 131. gr. fyrir tilfelli þar sem svörin við spurningunum eru röng eða villandi,
- g) tilgreina réttinn til kæra úrskurðinn til kærunefndar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og til að skjóta málinu til Dóms-tólsins til endurskoðunar á úrskurðinum í samræmi við 60. og 61. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

4. Aðilarnir sem um getur í 1. mgr. eða fulltrúar þeirra og, þegar um er að ræða lögaðila eða samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögaðila, þeir aðilar sem hafa umboð til að koma fram fyrir þeirra hönd samkvæmt lögum skulu veita umbeðnar upplýsingar.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal án tafar senda afrit af einfaldri beiðni eða úrskurði sínum til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem aðilarnir sem upplýsingabeiðnin varðar hafa lögheimili eða staðfestu.

123. gr.

Almennar rannsóknarheimildir

1. Til að sinna eftirlitsskyldum sínum skv. 117. gr. er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að framkvæma rannsóknir á útgefendum mikilvægra eignatengdra tóka og útgefendum mikilvægra rafeyristóka. Í því skyni skulu embættismenn og aðrir aðilar sem hafa til þess umboð Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar hafa vald til að:

- a) athuga allar skrár, öll gögn, verklagsreglur og annað efni sem varðar framkvæmd verkefna hennar óháð því hver geymslu-miðill þessa er,
- b) taka afrit eða fá vottuð afrit af eða útdrætti úr slíkum skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni,
- c) boða á sinn fund og biðja útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka eða útgefendur mikilvægra rafeyristóka, eða stjórn og/eða framkvæmdastjórn þeirra eða starfsfólk, um munnlega eða skriflega útskýringu á málsvikum eða gögnum sem varða viðfangsefni og tilgang rannsóknarinnar og til að skrá svörin,
- d) taka viðtöl við aðra einstaklinga eða lögaðila sem samþykka að veita viðtal, í þeim tilgangi að afla upplýsinga sem varða viðfangsefni rannsóknar,
- e) óska eftir skráum um símtöl og gagnaumferð.

Samstarfshópur eftirlitsaðila eins og um getur í 1. mgr. 119. gr. skal upplýstur án ástæðulausrar tafar um allar niðurstöður sem gætu skipt máli fyrir framkvæmd verkefna hans.

2. Embættismenn og aðrir aðilar sem hafa heimild Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til þeirra rannsókna sem um getur í 1. mgr. skulu beita valdheimildum sínum með því að framvísa skriflegri heimild sem tilgreinir viðfangsefni og tilgang rannsóknarinnar. Sú heimild skal einnig tilgreina þau féviti sem kveðið er á um í 132. gr. í tilvikum þar sem tilskildar skrár, gögn, verklagsreglur eða annað efni eða svör við spurningum til útgefenda mikilvægra eignatengdra tóka eða mikilvægra rafeyristóka eru ekki veitt eða eru ófullgerð, og þær sektir sem kveðið er á um í 131. gr. í tilvikum þar sem svör við spurningunum sem lagðar eru fyrir útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka eða mikilvægra rafeyristóka eru röng eða misvísandi.

3. Útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka og útgefendur mikilvægra rafeyristóka skulu gangast undir rannsóknir sem stofnað er til á grundvelli ákvörðunar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Ákvörðunin skal tilgreina viðfangsefni og tilgang rannsóknarinnar, féviti sem kveðið er á um í 132. gr., tiltæk lagaleg úrræði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og réttinn til að skjóta ákvörðuninni til endurskoðunar Dómstólsins.

4. Með góðum fyrirvara á undan rannsókn eins og um getur í 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tilkynna lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem rannsóknin á að fara fram um rannsóknina og hvaða aðilar hafa slíka heimild. Embættismenn viðkomandi lögbærs yfirvalds skulu, að beiðni Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, aðstoða þá aðila sem hafa slíka heimild við að inna verkefni sín af hendi. Embættismönnum viðkomandi lögbærs yfirvalds er einnig heimilt að vera viðstaddir rannsóknir sé þess óskað.

5. Ef beiðni um skrár yfir símtöl eða gagnaumferð eins og um getur í e-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. krefst heimildar dómstóls samkvæmt gildandi landslögum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin sækja um slíka heimild. Einnig má sækja um slíka heimild í varúðarskyni.

6. Ef dómstól í aðildarríki berst umsókn um heimild til að krefjast skráa yfir símtöl eða gagnaumferð eins og um getur í e-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal dómstóllinn sannreyna hvort:

- a) ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem um getur í 3. mgr. sé gild,
- b) allar fyrirhugaðar ráðstafanir séu í samræmi við meðalhóf og ekki gerræðislegar eða óhóflegar.

7. Að því er varðar b-lið 6. mgr. er dómstólnum heimilt að biðja Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um ítarlegar útskýringar, einkum að því er varðar forsendur gruns hennar um að brot gegn þessari reglugerð hafi átt sér stað, alvarleika brotsins sem grunur leikur á og eðli aðildar þess aðila sem þvingunarráðstafanir beinast gegn. Dómstóllinn skal þó hvorki endurskoða nauðsyn rannsóknarinnar né krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjöllum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Lögmæti ákvörðunar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar skal einungis háð endurskoðun Dómstólsins eftir þá málsmæðferð sem sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 1093/2010.

124. gr.

Vettvangsathuganir

1. Til að sinna eftirlitsskyldum sínum skv. 117. gr. er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að framkvæma allar nauðsynlegar vettvangsathuganir á starfsstöðvum útgefenda mikilvægra eignatengdra tóka og útgefenda mikilvægra rafeyristóka.

Samstarfshópur eftirlitsaðila sem um getur í 119. gr. skal upplýstur án ástæðulausrar tafar um allar niðurstöður sem gætu skipt máli fyrir framkvæmd verkefna hans.

2. Embættismönnum og öðrum aðilum sem hafa heimild Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til að framkvæma vettvangsathugun er heimilt að fara inn á hverja starfsstöð þeirra lögaðila sem lúta ákvörðun sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tekur um að ráðast í slíka athugun og skulu þeir hafa allar þær valdheimildir sem kveðið er á um í 1. mgr. 123. gr. Einnig skal þeim heimilt að innsigla sérhverja starfsstöð, bækur og gögn í þann tíma og að því marki sem nauðsynlegt er vegna athugunarinnar.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal tilkynna lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem athugin á að fara fram um hana með nægjanlegum fyrirvara. Ef þess þarf til að tryggja rétta framkvæmd og skilvirkni athugunarinnar er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt, eftir að hafa upplýst viðkomandi lögbært yfirvald, að framkvæma vettvangsathugunina án þess að tilkynna viðkomandi útgefanda mikilvægs eignatengds tóka eða útgefanda mikilvægs rafeyristóka um hana fyrirfram.

4. Embættismenn og aðrir aðilar sem hafa heimild Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar til að framkvæma vettvangsathugun skulu beita valdheimildum sínum með því að framvísa skriflegri heimild sem tilgreinir viðfangsefni og tilgang skoðunarinnar sem og þau féviti sem 132. gr. kveður á um í tilvikum þar sem hlutaðeigandi aðilar skirrast við að gangast undir athuginina.
5. Útgefandi mikilvægs eignatengds tóka eða útgefandi mikilvægs rafeyristóka skal gangast undir vettvangsathuganir sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin skipar fyrir um. Ákvörðunin skal tilgreina viðfangsefni og tilgang athugunarinnar, dagsetninguna sem fyrirhugað er að hún hefjist, þau féviti sem kveðið er á um í 132. gr., tiltæk lagaleg úrræði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og réttinn á því að skjóta ákvörðuninni til endurskoðunar Dómstólsins.
6. Embættismenn lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem athuginin er fyrirhuguð, og þeir sem hafa heimild þess eða verið skipaðir af því, skulu að beiðni Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar aðstoða með virkum hætti embættismenn og aðra aðila sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin hefur veitt slíka heimild. Embættismönnum lögbærs yfirvalds viðkomandi aðildarríkis er einnig heimilt að vera viðstaddir vettvangsathuganir.
7. Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni er einnig heimilt að krefjast þess af lögbærum yfirvöldum að þau framkvæmi tiltekin rannsóknarverkefni og vettvangsskoðanir eins og kveðið er á um í þessari grein og í 1. mgr. 123. gr. fyrir hönd stofnunarinnar.
8. Ef embættismenn og aðrir fylgdarmenn sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin hefur veitt umboð komast að raun um að aðili leggst gegn athugun sem hefur verið fyrirskipuð samkvæmt þessari grein skal lögbært yfirvald viðkomandi aðildarríkis veita þeim nauðsynlega aðstoð og kalla, ef við á, eftir aðstoð lögreglu eða stjórnvalds með sambærilegt löggæsluvald, til að gera þeim kleift að framkvæma vettvangsathugun sína.
9. Ef vettvangsathugun sem kveðið er á um í 1. mgr. eða aðstoðin sem kveðið er á um í 7. mgr. krefst heimildar dómstóls samkvæmt landslögum skal Evrópska bankaefirlitsstofnunin sækja um slíka heimild. Einnig má sækja um slíka heimild í varúðarskyni.
10. Ef dómstól í aðildarríki berst umsókn um heimild til að framkvæma vettvangsathugun eins og kveðið er á um í 1. mgr. eða um aðstoð eins og kveðið er á um í 7. mgr. skal dómstóllinn sannreyna hvort:
- a) ákvörðunin sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin tekur og um getur í 4. mgr., sé gild,
 - b) allar fyrirhugaðar ráðstafanir séu í samræmi við meðalhóf og ekki gerræðislegar eða óhóflegar.
11. Að því er varðar b-lið 10. mgr. er dómstólum heimilt að biðja Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar um ítarlegar útskýringar, einkum að því er varðar forsendur gruns hennar um að brot gegn þessari reglugerð hafi átt sér stað, alvarleika brotsins sem grunur leikur á og eðli aðildar þess aðila sem þvingunarráðstafanirnar beinast gegn. Dómstóllinn skal þó hvorki endurskoða nauðsyn rannsóknarinnar né krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjöllum Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar. Lögmati ákvörðunar Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar skal einungis háð endurskoðun Dómstólsins eftir þá málsmæðferð sem sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 1093/2010.

125. gr.

Upplýsingaskipti

1. Til að Evrópska bankaefirlitsstofnunin geti sinnt eftirlitsskyldum sínum skv. 117. gr., og með fyrirvara um 96. gr., skulu Evrópska bankaefirlitsstofnunin og lögbæru yfirvöldin veita hvert öðru þær upplýsingar sem þarf til að geta sinnt skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð án ástæðulausrar tafar. Í því skyni skulu lögbæru yfirvöldin og Evrópska bankaefirlitsstofnunin skiptast á upplýsingum í tengslum við:
- a) útgefanda mikilvægs eignatengds tóka eða aðila sem hefur yfirráð yfir eða er beint eða óbeint undir yfirráðum útgefanda mikilvægs eignatengds tóka,
 - b) þriðja aðila eins og um getur í h-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 34. gr. sem útgefandi mikilvægs eignatengds tóka hefur gert samning við,
 - c) þjónustuveitanda sýndareigna, lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki sem annast vörslu varasjóðseigna í samræmi við 37. gr.,
 - d) útgefanda mikilvægs rafeyristóka eða aðila sem hefur yfirráð yfir eða er beint eða óbeint undir yfirráðum útgefanda mikilvægs rafeyristóka,
 - e) greiðsluþjónustuveitanda sem veitir greiðsluþjónustu í tengslum við mikilvæga rafeyristóka,

- f) einstakling eða lögaðila sem annast dreifingu mikilvægra rafeyristóka fyrir hönd útgefanda mikilvægra rafeyristóka,
 - g) þjónustuveitanda sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina í tengslum við mikilvæga eignatengda tóka eða mikilvæga rafeyristóka,
 - h) viðskiptavettvang fyrir sýndareignir þar sem mikilvægur eignatengdur tóki eða mikilvægur rafeyristóki hefur verið tekinn til viðskipta,
 - i) stjórn og/eða framkvæmdastjórn þeirra aðila sem um getur í a- til h-lið.
2. Lögbæru yfirvaldi er því aðeins heimilt að synja beiðni um upplýsingaskipti eins og kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar eða beiðni um samstarf við framkvæmd rannsóknar eða vettvangsathugunar eins og kveðið er á um í 123. og 124. gr., í þeirri röð, að:
- a) það að verða við beiðninni sé líklegt til að skaða þess eigin rannsókn, framfylgd eða, eftir atvikum, rannsókn sakamáls,
 - b) dómsmál hafi þegar verið höfðað vegna sama athæfis gegn sömu einstaklingum eða lögaðilum fyrir dómstólum í aðildarríkinu sem beiðninni er beint til,
 - c) viðkomandi einstaklingur eða lögaðili hafi þegar hlotið endanlegan dóm fyrir sömu háttsemi í aðildarríkinu sem beiðninni er beint til.

126. gr.

Framkvæmdasamningar um upplýsingaskipti milli Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og þriðju landa

1. Til að sinna eftirlitsskyldum sínum skv. 117. gr. er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að gera framkvæmdasamninga um upplýsingaskipti við eftirlitsyfirvöld þriðju landa ef um upplýsingarnar gildir þagnarskylda sem er að lágmarki jafngild þeirri sem kveðið er á um í 129. gr.
2. Upplýsingaskiptin skulu hafa þann tilgang að þjóna verkefnum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða eftirlitsyfirvaldanna sem um getur í 1. mgr.
3. Að því er varðar miðlun persónuupplýsinga til þriðja lands skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin beita reglugerð (ESB) 2018/1725.

127. gr.

Miðlun upplýsinga frá þriðju löndum

1. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er því aðeins heimilt að miðla upplýsingum sem hún fær frá eftirlitsyfirvöldum þriðju landa að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða lögbæra yfirvaldið sem veitti Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingarnar hafi fengið skýlaust samþykki eftirlitsyfirvaldsins í þriðja landinu sem sendi upplýsingarnar og, eftir atvikum, upplýsingunum séu aðeins miðlað í þeim tilgangi sem það eftirlitsyfirvald samþykkti eða sú upplýsingagjöf sé nauðsynleg vegna dómsmáls.
2. Krafa um skýlaust samþykki eins og um getur í 1. mgr. skal ekki gilda um önnur eftirlitsyfirvöld Sambandsins ef upplýsingarnar sem þau óska eftir eru nauðsynlegar til að þau geti leyst störf sín af hendi og hún skal ekki gilda um dómstóla þegar upplýsingarnar sem þeir óska eftir eru nauðsynlegar til rannsókna eða málsmeðferðar vegna refsiverða brota.

128. gr.

Samstarf við önnur yfirvöld

Ef útgefandi mikilvægs eignatengds tóka eða útgefandi mikilvægs rafeyristóka stundar aðra starfsemi en þá sem fellur undir þessa reglugerð skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin vinna með yfirvöldunum sem hafa með höndum eftirlit með þeirri annarri starfsemi eins og kveðið er á um í viðkomandi lögum Sambandsins eða landslögum, þ.m.t. skattyfirvöldum og viðkomandi eftirlitsyfirvöldum þriðju landa sem ekki eru aðilar að samstarfshópnum sem um getur í m-lið 2. mgr. 119. gr.

129. gr.

Þagnarskylda

Þagnarskylda skal gilda um Evrópsku bankaefirlitsstofnunina og alla aðila sem vinna eða hafa unnið fyrir Evrópsku bankaefirlitsstofnunina og fyrir aðra aðila sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin hefur úthlutað verkefnum til, þ.m.t. úttektaraðila og sérfræðinga sem Evrópska bankaefirlitsstofnunin felur verkefni.

130. gr.

Eftirlitsráðstafanir Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar

1. Telji Evrópska bankaefirlitsstofnunin að útgefandi mikilvægs eignatengds tóka hafi framið brot sem talið er upp í V. viðauka er henni heimilt að grípa til einnar eða fleiri af eftirfarandi ráðstöfunum:

- a) að taka ákvörðun um að gera viðkomandi útgefanda mikilvægs eignatengds tóka að láta af hinni brotlegu háttsemi,
- b) að taka ákvörðun um að beita sektum eða fávíti skv. 131. gr. og 132. gr.,
- c) að taka ákvörðun um að gera viðkomandi útgefanda mikilvægs eignatengds tóka að senda viðbótarupplýsingar, ef nauðsyn krefur til að vernda eigendur eignatengda tókans, einkum almenna eigendur,
- d) að taka ákvörðun um að gera viðkomandi útgefanda mikilvægs eignatengds tóka að stöðva tímabundið almennt útboð sýndareigna í að hámarki 30 virka daga samfelld í hvert sinn, sé rökstuddur grunur um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
- e) að taka ákvörðun um að banna almennt útboð hins mikilvæga eignatengda tóka telji hún að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar eða hefur rökstuddan grun um að brotið verði gegn ákvæðum hennar,
- f) að taka ákvörðun um að gera þjónustuveitanda sýndareigna sem starfrækir viðskiptavettvang fyrir sýndareignir og hefur tekið viðkomandi mikilvægan eignatengda tóka til viðskipta að stöðva tímabundið viðskipti með þá sýndareign í að hámarki 30 virka daga samfelld í hvert sinn, ef hún hefur rökstuddan grun að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
- g) að taka ákvörðun um að banna viðskipti með mikilvæga eignatengda tókann á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir ef hún telur að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
- h) að taka ákvörðun um að gera útgefanda eignatengda tókans að breyta markaðsefni sínu telji hún að markaðsefnið samræmist ekki 29. gr.,
- i) að taka ákvörðun um að stöðva tímabundið eða banna markaðsefni ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
- j) að taka ákvörðun um að gera útgefanda mikilvæga eignatengda tókans að birta allar veigamiklar upplýsingar sem kunna að hafa áhrif á mat á mikilvæga eignatengda tóknum sem boðinn er út á almennum markaði eða tekinn til viðskipta á skipulegum markaði, í því skyni að tryggja fjárfestavernd eða snurðulausa starfsemi markaðarins,
- k) að gefa út viðvaranir um að útgefandi mikilvæga eignatengda tókans uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð,
- l) að afturkalla starfsleyfi útgefanda mikilvæga eignatengda tókans,
- m) að taka ákvörðun um að krefjast þess að einstaklingur víki úr stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefanda mikilvæga eignatengda tókans,
- n) að gera útgefanda mikilvæga eignatengda tókans sem er undir eftirliti hennar að taka upp lágmarksnafnverð að því er varðar þann mikilvæga eignatengda tóka eða að takmarka útgáfufjárhæð mikilvæga eignatengda tókans í samræmi við 4. mgr. 23. gr. og 3. mgr. 24. gr.

2. Telji Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að útgefandi mikilvægs rafeyristóka hafi framið brot sem talið er upp í VI. viðauka er henni heimilt að gera eina eða fleiri af eftirfarandi ráðstöfunum:

- a) að taka ákvörðun um að gera viðkomandi útgefanda mikilvægs rafeyristóka að láta af hinni brotlegu háttsemi,
- b) að taka ákvörðun um að beita sektum eða fívíti skv. 131. gr. og 132. gr.,
- c) að taka ákvörðun um að gera viðkomandi útgefanda mikilvægs rafeyristóka að senda viðbótarupplýsingar, ef nauðsyn krefur til að vernda eigendur mikilvæga rafeyristókans, einkum almenna eigendur,
- d) að taka ákvörðun um að gera viðkomandi útgefanda mikilvægs rafeyristóka að stöðva tímabundið almennt útboð sýndareigna í að hámarki 30 virka daga samfellt í hvert sinn, sé rökstuddur grunur um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
- e) að taka ákvörðun um að banna almennt útboð hins mikilvæga rafeyristóka telji hún að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar eða hefur rökstuddan grun um að brotið verði gegn ákvæðum hennar,
- f) að taka ákvörðun um að gera viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna sem starfrækir viðskiptavettvang fyrir sýndareignir og hefur tekið viðkomandi mikilvægan rafeyristóka til viðskipta að stöðva tímabundið viðskipti með þær sýndareignir í að hámarki 30 virka daga samfellt í hvert sinn, ef hún hefur rökstuddan grun að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
- g) að taka ákvörðun um að banna viðskipti með mikilvæga rafeyristókann á viðskiptavettvangi fyrir sýndareignir ef hún telur að brotið hafi verið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar,
- h) að taka ákvörðun um að gera útgefanda mikilvæga rafeyristókans að birta allar veigamiklar upplýsingar sem kunna að hafa áhrif á mat á mikilvæga rafeyristókanum sem boðinn er út á almennum markaði eða tekinn til viðskipta á skipulegum markaði, í því skyni að tryggja fjárfestavernd eða snurðulausa starfsemi markaðarins,
- i) að gefa út viðvaranir um að útgefandi mikilvæga rafeyristókans uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð,
- j) að gera útgefanda mikilvæga rafeyristókans sem er undir eftirliti hennar að taka upp lágmarksnafnverð að því er varðar þann mikilvæga rafeyristóka eða að takmarka útgáfufjárhæð mikilvæga eignatengda tókans, vegna beitingar 3. mgr. 58. gr.

3. Þegar hún gerir þær ráðstafanir sem um getur í 1. eða 2. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til eðlis og alvarleika brotsins, með hliðsjón af:

- a) tímalengd og tíðni brotsins,
- b) því hvort efnahagsbrot hafi leitt af, greitt hafi verið fyrir því með eða það sé með öðrum hætti rekjanlegt til brotsins,
- c) því hvort brotið hafi leitt í ljós alvarlega eða kerfislega veikleika í verklagsreglum, stefnum eða áhættustýringu útgefanda mikilvæga eignatengda tókans eða útgefanda mikilvæga rafeyristókans,
- d) því hvort brotið hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi,
- e) því hversu mikla ábyrgð hinn brotlegi útgefandi mikilvæga eignatengda tókans eða útgefandi mikilvæga rafeyristókans ber á brotinu,
- f) fjárhagslegum styrk hins brotlega útgefanda mikilvæga eignatengda tókans eða útgefanda mikilvæga rafeyristókans, á grundvelli heildarveltu brotlegs lögaðila eða árstekna og hreinnar eignar brotlegs einstaklings,
- g) áhrifum brotsins á hagsmuni eigenda mikilvægra eignatengdra tóka eða mikilvægra rafeyristóka,

- h) mikilvægi hagnaðar hins brotlega útgefanda mikilvæga eignatengda tókans eða mikilvæga rafeyristókans eða þess taps sem hann kemst hjá með brotinu, eða taps þriðju aðila af brotinu, að því marki sem unnt er að ákvarða það,
 - i) samstarfsvilja hins brotlega útgefanda mikilvæga eignatengda tókans eða mikilvæga rafeyristókans við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, með fyrirvara um þörfina á að tryggja að hann endurgreiði hagnað sinn af brotinu eða tap sem hann komst hjá með því,
 - j) fyrri brotum hins brotlega útgefanda mikilvæga eignatengda tókans eða útgefanda rafeyristókans,
 - k) ráðstöfunum sem útgefandi mikilvæga eignatengda tókans eða útgefandi mikilvæga rafeyristókans gerir eftir brotið til að koma í veg fyrir endurtekningu slíks brots.
4. Áður en gripið er til einhverra þeirra ráðstafana sem um getur í d- til g-lið og j-lið 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og, ef mikilvægu eignatengdu tókarnir miðast við evruna eða opinberan gjaldmiðil aðildarríkis sem ekki er evra, Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka viðkomandi aðildarríkis sem gefur út þann opinbera gjaldmiðil, eftir því sem við á.
5. Áður en Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gerir ráðstafanir eins og um getur í 2. mgr. skal hún upplýsa lögbært yfirvald útgefanda mikilvæga rafeyristókans og seðlabanka aðildarríkisins sem gefur út opinbera gjaldmiðilinn sem mikilvægi rafeyristókinn miðast við um þær ráðstafanir.
6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal tilkynna hinum brotlega útgefanda mikilvæga eignatengda tókans eða útgefanda mikilvæga rafeyristókans, án ástæðulausrar tafar, um allar ráðstafanir sem gerðar eru skv. 1. eða 2. mgr. og tilkynna viðkomandi lögbærum yfirvöldum og framkvæmdastjórninni um ráðstöfunina. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal birta opinberlega á vefsetri sínu allar slíkar ákvarðanir innan 10 virkra daga frá þeim degi sem slík ákvörðun er tekin, nema slík birting kunni að tefla fjármálastöðugleika í tvisýnu eða valda hlutaðeigandi aðilum óhóflegum skaða. Slík birting skal ekki fela í sér persónuupplýsingar.
7. Opinbera birtingin sem um getur í 6. mgr. skal fela í sér eftirfarandi yfirlýsingar:
- a) yfirlýsingu sem staðfestir rétt hins brotlega aðila til að kæra ákvörðunina til Dómstólsins,
 - b) ef við á, yfirlýsingu sem staðfestir að kæra hafi verið lögð fram og tilgreinir að slík kæra hafi ekki áhrif til frestunar,
 - c) yfirlýsingu um að mögulegt sé fyrir kærunefnd Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar að fresta beitingu ákvörðunarinnar sem ágreiningur er um í samræmi við 3. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

131. gr.

Sektir

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun um að leggja á sekt í samræmi við 3. eða 4. mgr. þessarar greinar ef hún telur, í samræmi við 8. mgr. 134. gr., að:
- a) útgefandi mikilvægs eignatengds tóka eða aðili stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar hans hafi, af ásetningi eða gáleysi, framið brot sem talið er upp í V. viðauka,
 - b) útgefandi mikilvægs rafeyristóka eða aðili stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar hans hafi, af ásetningi eða gáleysi, framið brot sem talið er upp í VI. viðauka.
- Brot telst hafa verið framið af ásetningi ef Evrópska bankaeftirlitsstofnunin finnur hlutlægar sannanir fyrir því að slíkur útgefandi eða aðili stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar hafi framið brotið af ásettu ráði.
2. Þegar hún tekur ákvörðun eins og um getur í 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til eðlis og alvarleika brotsins, með hliðsjón af:
- a) tímalengd og tíðni brotsins,
 - b) því hvort efnahagsbrot hafi leitt af, greitt hafi verið fyrir því með eða það sé með öðrum hætti rekjanlegt til brotsins,
 - c) því hvort brotið hafi leitt í ljós alvarlega eða kerfislæga veikleika hjá útgefanda mikilvæga eignatengda tókans eða í ferlum, stefnum eða áhættustýringu útgefanda mikilvæga rafeyristókans,

- d) því hvort brotið hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi,
 - e) því hversu mikla ábyrgð hinn brotlegi útgefandi mikilvæga eignatengda tókans eða útgefandi mikilvæga rafeyristókans ber á brotinu,
 - f) fjárhagslegum styrk hins brotlega útgefanda mikilvæga eignatengda tókans eða útgefanda mikilvæga rafeyristókans, á grundvelli heildarveltu brotlegs lögaðila eða árstekna og hreinnar eignar brotlegs einstaklings,
 - g) áhrifum brotsins á hagsmuni eigenda mikilvægra eignatengdra tóka eða mikilvægra rafeyristóka,
 - h) mikilvægi hagnaðar hins brotlega útgefanda mikilvæga eignatengda tókans eða mikilvæga rafeyristókans eða þess taps sem hann kemst hjá með brotinu, eða taps þriðju aðila af brotinu, að því marki sem unnt er að ákvarða það,
 - i) samstarfsvilja hins brotlega útgefanda mikilvæga eignatengda tókans eða mikilvæga rafeyristókans við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, með fyrirvara um þörfina á að tryggja að hann endurgreiði hagnað sinn af brotinu eða tap sem hann komst hjá með því,
 - j) fyrri brotum hins brotlega útgefanda mikilvæga eignatengda tókans eða útgefanda mikilvæga rafeyristókans,
 - k) ráðstöfunum sem útgefandi mikilvæga eignatengda tókans eða útgefandi mikilvæga rafeyristókans gerir eftir brotið til að koma í veg fyrir endurtekningu slíks brots.
3. Að því er varðar útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka skal hámarksfjárhæð sektarinnar sem um getur í 1. mgr. vera allt að 12,5% af ársveltu þeirra á næstliðnu rekstrarári eða tvöföld fjárhæð hagnaðarins af brotinu eða tapsins sem komist er hjá með því, ef unnt er að ákvarða hana.
4. Að því er varðar útgefendur mikilvægra rafeyristóka skal hámarksfjárhæð sektarinnar sem um getur í 1. mgr. vera allt að 10% af ársveltu þeirra á næstliðnu rekstrarári eða tvöföld fjárhæð hagnaðarins af brotinu eða tapsins sem komist er hjá með því, ef unnt er að ákvarða hana.

132. gr.

Févíti

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun um að leggja á févíti til að þvinga:
- a) aðila til að láta af brotlegri háttsemi í samræmi við ákvörðun sem tekin er skv. 130. gr.,
 - b) aðila eins og um getur í 1. mgr. 122. gr.:
 - i. til að veita tæmandi upplýsingar sem óskað hefur verið eftir með ákvörðun skv. 122. gr.,
 - ii. til að gangast undir rannsókn og einkum leggja fram tæmandi skrár, gögn, verklagsreglur eða annað efni sem krafist er og ljúka við og leiðréttá aðrar upplýsingar sem veittar eru við rannsókn sem stofnað er til með ákvörðun skv. 123. gr.,
 - iii. til að gangast undir vettvangsskoðun sem fyrirskipuð er með ákvörðun sem tekin er skv. 124. gr.
2. Févíti skal vera áhrifaríkt og hæfilegt. Févíti skal lagt á fyrir hvern dag sem líður án þess að orðið sé við kröfunni.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. skal fjárhæð févítisins vera 3% af meðaldagsveltu á næstliðnu rekstrarári eða, sé um að ræða einstakling, 2% af meðaldagtekjum á næstliðnu almanaksári. Reikna skal févíti frá þeim degi sem mælt er fyrir um í ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um beitingu þess.
4. Févíti skal beita í að hámarki sex mánuði frá því að tilkynnt er um ákvörðun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal endurskoða ráðstöfunina að því tímabili loknu.

*133. gr.***Upplýsingagjöf um, eðli, framfylgd og ráðstöfun tekna af sektum og féviti**

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal tilkynna opinberlega um allar sektir og féviti sem beitt hefur verið skv. 131. gr. og 132. gr., nema slík opinber birting upplýsinga stefni fjármálastöðugleika í alvarlega hættu eða valdi hlutaðeigandi aðilum óhóflegum skaða. Slík birting skal ekki fela í sér persónuupplýsingar.
2. Sektir og féviti sem beitt er skv. 131. gr. og 132. gr. skulu vera stjórnsýslulegs eðlis.
3. Álagning sekta og févitis skv. 131. og 132. gr. skal vera framfylgjanleg í samræmi við gildandi reglur um meðferð einkamála í ríkinu þar sem sektinni eða févítinu er framfylgt.
4. Fjárhæðir sekta og févitis skulu renna til sjóða Sambandsins.
5. Ef Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ákveður, þrátt fyrir að 131. og 132. gr., að beita ekki sektum eða féviti skal hún upplýsa Evrópuþingið, ráðið, framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkja um ákvörðunina og tilgreina ástæður ákvörðunarinnar.

*134. gr.***Málsmeðferðarreglur um eftirlitsráðstafanir og álagningu sekta**

1. Hafi Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, við framkvæmd eftirlitsskyldna sinna skv. 117. gr., skýrar ástæður, sem unnt er að sýna fram á, til að ætla að brot eins og talið er upp í V. eða VI. viðauka hafi verið framið eða verði framið skal hún skipa óháðan rannsakanda innan Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til að rannsaka málið. Rannsakandinn skal hvorki koma að né hafa með beinum eða óbeinum hætti komið að eftirliti með viðkomandi útgefendum mikilvægra eignatengdra tóka eða útgefendum mikilvægra rafeyristóka og skal sinna skyldum sínum óháð Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni.
2. Rannsakandinn skal rannsaka meint brot að teknu tilliti til allra athugasemda sem aðilarnir sem eru til rannsóknar leggja fram og skal leggja fullgerða skýrslu með niðurstöðum sínum fyrir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina.
3. Til að inna af hendi verkefni sín er rannsakandanum heimilt að beita valdheimildum sínum til að fara fram á upplýsingar í samræmi við 122. gr. og framkvæma rannsóknir og vettvangsskoðanir í samræmi við 123. gr. og 124. gr. Við beitingu þessara valdheimilda skal rannsakandinn fara að 121. gr.
4. Við störf sín skal rannsakandinn hafa aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur aflað í eftirlitsstarfsemi sinni.
5. Eftir að rannsakandinn lýkur rannsókn sinni og áður en hann leggur málsskjölin með niðurstöðum sínum fyrir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina skal hann gefa aðilunum sem eru til rannsóknar tækifæri til að tjá sig um rannsóknarefnið. Rannsakandinn skal einungis byggja niðurstöður sínar á málsvikunum sem hlutaðeigandi aðilar hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.
6. Réttur hlutaðeigandi aðila til varnar skal virtur að fullu meðan á rannsókn stendur samkvæmt þessari grein.
7. Þegar rannsakandinn leggur skýrsluna með niðurstöðum sínum fyrir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina skal hann tilkynna aðilunum sem eru til rannsóknar um það. Aðilarnir sem sæta rannsókn skulu hafa rétt til aðgangs að skýrslunni, með fyrirvara um lögmæta hagsmuni annarra aðila að því er varðar vernd viðskiptaleyndarmála þeirra. Rétturinn til aðgangs að skýrslunni nær hvorki til trúnaðarupplýsinga sem varða þriðju aðila né innri undirbúningsskjala Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.
8. Á grundvelli skýrslunnar með niðurstöðum rannsakandans, og eftir að aðilarnir sem sæta rannsókn hafa fengið áheyrn, óski þeir þess, í samræmi við 135. gr., skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ákveða hvort brot sem talið er upp í V. eða VI. viðauka hafi verið framið af útgefanda mikilvæga eignatengda tókans eða af útgefanda mikilvæga rafeyristókans sem sætir rannsókninni og, ef svo er, gera eftirlitsráðstöfun í samræmi við 130. gr. eða leggja á sekt í samræmi við 131. gr.
9. Rannsakandinn skal hvorki taka þátt í umfjöllun Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar né hafa önnur afskipti af ákvarðanatökuferli hennar.

10. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 139. gr. eigi síðar en 30. júní 2024 til viðbótar við þessa reglugerð með því að tilgreina nánar málsmeðferðarreglur um beitingu valdheimildarinnar til að leggja á sektir eða fávíti, þ.m.t. ákvæði um rétt til málsvarnar, ákvæði um tímamörk og innheimtu sekta og fávíta og fyrningarfrestir við beitingu og fullnustu sekta og fávíta.

11. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal vekja athygli viðeigandi landsyfirvalda á málum og, eftir því sem við á, vísa málum til saksóknar ef hún verður þess áskynja við störf sín samkvæmt þessari reglugerð að sterkar vísbendingar séu um möguleg málsatvik sem gætu falið í sér refsiverð brot. Auk þess skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hvorki beita sektum né fávítum sé henni kunnugt um að fyrri sýkna eða sakfelling vegna nákvæmlega eins málsatvika, eða málsatvika sem eru að verulegu leyti þau sömu, hafi öðlast réttaráhrif dóms vegna sakamáls samkvæmt landslögum.

135. gr.

Skýrslutaka af hlutaðeigandi aðilum

1. Áður en Evrópska bankaeftirlitsstofnunin tekur ákvörðun skv. 130. gr., 131. gr. eða 132. gr. skal hún gefa þeim aðilum sem sæta rannsókn tækifæri til að tjá sig um niðurstöður hennar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal einungis byggja ákvarðanir sínar á niðurstöðum sem þeir aðilar sem sæta slíkri rannsókn hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef brýnna aðgerða er þörf til að koma í veg fyrir verulegan og yfirvofandi skaða fyrir fjármála-stöðugleika eða eigendur sýndareigna, einkum almenna eigendur. Í slíkum tilvikum er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun og skal hún þá gefa hlutaðeigandi aðilum tækifæri til að tjá sig eins fljótt og auðið er eftir að ákvörðunin er tekin.

3. Varnarréttur aðila sem sæta rannsókn skal virtur að fullu. Slíkir aðilar skulu eiga rétt á aðgangi að málsskjölum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, með fyrirvara um lögmæta hagsmuni annarra aðila af vernd viðskiptaleyndarmála þeirra. Rétturinn til aðgangs að málsskjölum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar nær hvorki til trúnaðarupplýsinga né innri undirbúningsskjala hennar.

136. gr.

Endurskoðun Dómstólsins

Dómstóllinn skal hafa ótakmarkaða lögsögu til að endurskoða ákvarðanir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um að leggja á sekt, fávíti eða stjórnarsýslusekt eða beita annarri stjórnarsýsluráðstöfun í samræmi við þessa reglugerð. Honum er heimilt að fella niður, lækka eða hækka álagða sekt eða fávíti.

137. gr.

Eftirlitsgjöld

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja eftirlitsgjöld á útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka og útgefendur mikilvægra rafeyristóka. Þessi gjöld skulu standa straum af útgjöldum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar af framkvæmd eftirlitsverkefna hennar er varða útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka og útgefendur mikilvægra rafeyristóka í samræmi við 117. og 119. gr., sem og endurgreiðslu kostnaðar sem lögbær yfirvöld kunna að stofna til í störfum sínum samkvæmt þessari reglugerð, einkum vegna úthlutunar verkefna í samræmi við 138. gr.

2. Fjárhæð gjaldsins sem innheimt er af einstökum útgefanda mikilvægs eignatengds tóka skal vera í hlutfallslegu samræmi við varasjóðseignir hans og skal standa straum af öllum kostnaði sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin stofnar til við eftirlitsstörf sín samkvæmt þessari reglugerð.

Fjárhæð gjaldsins sem innheimt er af einstökum útgefanda mikilvægs rafeyristóka skal vera í hlutfallslegu samræmi við stærð útgáfu rafeyristókans í skiptum fyrir fjármuni og skal standa straum af öllum kostnaði sem hlýst af framkvæmd eftirlitsverkefna Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. endurgreiðslu alls kostnaðar sem stofnað er til vegna framkvæmdar þessara verkefna.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð í samræmi við 139. gr. eigi síðar en 30. júní 2024 til viðbótar við þessa reglugerð með því að tilgreina nánar tegund gjalda, í hvaða tilvikum gjöld skuli innheimt, fjárhæð gjalda og með hvaða hætti greiðslan fer fram og aðferðirnar við að reikna út hámark þeirrar fjárhæðar sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar á hvern aðila sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur innheimt.

138. gr.

Úthlutun Evrópsku bankaefirlitsstofnunarinnar á verkefnum til lögbærra yfirvalda

1. Þegar nauðsynlegt er til að unnt sé að sinna eftirlitsverkefni á viðeigandi hátt að því er varðar útgefendur mikilvægra eignatengdra tóka eða útgefendur mikilvægra rafeyristóka er Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni heimilt að úthluta tilteknum eftirlitsverkefnum til lögbærs yfirvalds. Heimilt er að slík tiltekin eftirlitsverkefni feli í sér vald til að fara fram á upplýsingar í samræmi við 122. gr. og til að framkvæma rannsóknir og vettvangsskoðanir í samræmi við 123. gr. og 124. gr.
2. Áður en Evrópska bankaefirlitsstofnunin úthlutar verkefni eins og um getur í 1. mgr. skal hún hafa samráð við viðkomandi lögbært yfirvald um:
 - a) umfang verkefnisins sem ætlunin er að úthluta,
 - b) tímaáætlun framkvæmdar verkefnisins og
 - c) sendingu nauðsynlegra upplýsinga til og frá Evrópsku bankaefirlitsstofnuninni.
3. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal, í samræmi við þá framseldu reglugerð sem samþykkt er skv. 3. mgr. 137. gr. og 139. gr., endurgreiða lögbæru yfirvaldi þann kostnað sem stofnað er til við framkvæmd úthlutaðra verkefna.
4. Evrópska bankaefirlitsstofnunin skal endurskoða úthlutun verkefna með viðeigandi millibili. Afturkalla má slíka úthlutun hvenær sem er.

VIII. BÁLKUR

FRAMSELDAR GERÐIR

139. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 3. gr. (2. mgr.), 43. gr. (11. mgr.), 103. gr. (8. mgr.), 104. gr. (8. mgr.), 105. gr. (7. mgr.), 134. gr. (10. mgr.) og 137. gr. (3. mgr.) í 36 mánuði frá og með 29. júní 2023. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok 36 mánaða tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla það framsal valds sem um getur í 3. gr. (2. mgr.), 43. gr. (11. mgr.), 103. gr. (8. mgr.), 104. gr. (8. mgr.), 105. gr. (7. mgr.), 134. gr. (10. mgr.) og 137. gr. (3. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun er bundinn endi á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða á síðari degi sem tilgreindur er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við þær meginreglur sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð sem er samþykkt skv. 3. gr. (2. mgr.), 43. gr. (11. mgr.), 103. gr. (8. mgr.), 104. gr. (8. mgr.), 105. gr. (7. mgr.), 134. gr. (10. mgr.) og 137. gr. (3. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða að bæði Evrópuþingið og ráðið hafi upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlán sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

IX. BÁLKUR

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

140. gr.

Skýrslugjöf um beitingu þessarar reglugerðar

1. Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en 30. júní 2027, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar ásamt tillögum að nýrri löggjöf þegar við á. Leggja skal fram bráðabirgðaskýrslu eigi síðar 30. júní 2025 og henni skal fylgja, eftir því sem við á, tillaga að nýrri löggjöf.
2. Skýrslurnar sem um getur í 1. mgr. skulu innihalda eftirfarandi upplýsingar:
 - a) um fjölda útgáfa sýndareigna í Sambandinu, fjölda hvítbóka um sýndareignir sem lagðar eru fram eða tilkynntar eru til lögbærra yfirvalda, tegundir sýndareigna sem gefnar eru út og markaðsverðmæti þeirra og fjölda sýndareigna sem teknar hafa verið til viðskipta,
 - b) lýsingu á reynslunni af flokkun sýndareigna, þ.m.t. mögulegri sundurleitni í nálgun lögbærra yfirvalda,
 - c) mat á nauðsyn þess að innleiða aðferð til að samþykkja hvítbækur um sýndareignir aðrar en eignatengda tóka eða rafeyristóka,
 - d) mat á fjölda íbúa Sambandsins sem nota eða fjárfesta í sýndareignum sem gefnar eru út í Sambandinu,
 - e) ef mögulegt er, mat á fjölda íbúa Sambandsins sem nota eða fjárfesta í sýndareignum sem gefnar eru út utan Sambandsins og útskýringu á tiltækileika gagna í því sambandi,
 - f) um fjölda og andvirði svika, svindlmála, innbrota í tölvukerfi, notkunar á sýndareignum til greiðslna vegna gagnagíslatöku, netárása, þjófnaða eða tilvika taps á sýndareignum sem tilkynnt er um í Sambandinu, tegundir sviksamlegs athæfis, fjölda kvartana sem berast þjónustuveitendum sýndareigna og útgefendum eignatengdra tóka, fjölda kvartana sem berast lögbærum yfirvöldum og efni kvartana sem berast,
 - g) um fjölda útgefenda eignatengdra tóka og greiningu á flokkum varasjóðseigna, stærð varasjóða eigna og magn greiðslna sem inntar eru af hendi með eignatengdum tókum,
 - h) um fjölda útgefenda mikilvægra eignatengdra tóka og greiningu á flokkum varasjóðseigna, stærð varasjóða eigna og magn greiðslna sem inntar eru af hendi með mikilvægum eignatengdum tókum,
 - i) um fjölda útgefenda rafeyristóka og greiningu á opinberum gjaldmiðlum sem rafeyristókarnir miðast við, samsetningu og umfang fjármuna sem lagðir eru inn eða fjárfestir eru í samræmi við 54. gr. og magn greiðslna sem inntar eru af hendi með rafeyristókum,
 - j) um fjölda útgefenda mikilvægra rafeyristóka og greiningu á þeim opinberu gjaldmiðlum sem mikilvægu rafeyristókarnir miðast við og, að því er varðar rafeyrisfyrirtæki sem gefa út mikilvæga rafeyristóka, greiningu á flokkum varasjóðseigna, stærð varasjóða eigna og magn greiðslna sem inntar eru af hendi með mikilvægum rafeyristókum,
 - k) um fjölda mikilvægra þjónustuveitenda sýndareigna,
 - l) mat á starfsemi markaða með sýndareignir í Sambandinu, þ.m.t. á markaðsþróun og -leitni, að teknu tilliti til reynslu eftirlitsyfirvalda, fjölda viðurkenndra þjónustuveitenda sýndareigna og meðalmarkaðshlutdeildar hvers þeirra um sig,
 - m) mat á verndarstigi eigenda sýndareigna og viðskiptavina þjónustuveitenda sýndareigna, einkum almennra eigenda,
 - n) mat á sviksamlegu markaðsefni og svindli sem tengist sýndareignum og er miðlað eða fer fram gegnum samfélagsmiðla,

- o) mat á þeim kröfum sem gilda um útgefendur sýndareigna og þjónustuveitendur sýndareigna og áhrifum þeirra á rekstrarlegan viðnámsþrótt, heilleika markaðar, fjármálastöðugleika og vernd viðskiptavina og eigenda sýndareigna,
- p) mat á beitingu 81. gr. og möguleikanum á að bæta við mati á tilhlýðileika í 78., 79. og 80. gr. til að vernda betur viðskiptavini þjónustuveitenda sýndareigna, einkum almenna eigendur,
- q) mat á því hvort umfang þeirrar þjónustu á sviði sýndareigna sem fellur undir þessa reglugerð sé hæfilegt og hvort aðlaga þurfi skilgreiningar í henni, sem og hvort fella þurfi nýjungar á sviði sýndareigna undir gildissvið þessarar reglugerðar,
- r) mat á því hvort varfæriskröfur fyrir þjónustuveitendur sýndareigna eigi við og hvort þær eigi að laga að þeim kröfum um stofnfé og eiginfjárgrunn sem gilda um verðbréfafyrirtæki samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 ⁽⁴⁶⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 ⁽⁴⁷⁾,
- s) mat á því hversu viðeigandi viðmiðunarmörkin til flokkunar á eignatengdum tókum og rafeyristókum sem mikilvægum eins og þau eru sett er fram í a-, b- og c-lið 1. mgr. 43. gr. eru, og mat á því hvort meta ætti viðmiðunarmörkin reglulega,
- t) mat á þróun dreifðrar fjármálaþjónustu (e. *decentralised finance*) á mörkuðum fyrir sýndareignir og á viðeigandi eftirlits-meðferð dreifðra sýndareignakerfa,
- u) mat á því hversu viðeigandi viðmiðunarmörk þess að telja þjónustuveitendur sýndareigna mikilvæga skv. 85. gr. eru, og mat á því hvort meta ætti viðmiðunarmörkin reglulega,
- v) mat á því hvort koma ætti á jafngildisfyrirkomulagi (e. *equivalence regime*) samkvæmt þessari reglugerð fyrir aðila sem veita þjónustu á sviði sýndareigna, útgefendur eignatengdra tóka eða útgefendur rafeyristóka frá þriðju löndum,
- w) mat á því hvort undanþágurnar skv. 4. og 16. gr. séu viðeigandi,
- x) mat á áhrifum þessarar reglugerðar á eðlilega starfsemi innri markaðarins að því er varðar sýndareignir, þ.m.t. öllum áhrifum á aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármagni og á þróun nýrra greiðsluaðferða, þ.m.t. greiðslumiðla,
- y) lýsingu á þróun viðskiptalíkana og tækni á mörkuðum með sýndareignir með sérstakri áherslu á umhverfis- og loftslagsáhrif nýrrar tækni, sem og mat á stefnuvalkostum og, ef nauðsyn krefur, viðbótarráðstöfunum sem gætu verið réttmætar til að draga úr neikvæðum loftslagsáhrifum og öðrum neikvæðum umhverfisáhrifum af tækninni sem notuð er á mörkuðum með sýndareignir, einkum af þeim samstöðuðaðferðum sem notaðar eru til að sannreyna viðskipti með sýndareignir,
- z) mat á því hvort breytinga sé þörf á þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í þessari reglugerð til að tryggja vernd viðskiptavina og eigenda sýndareigna, heilleika markaðar og fjármálastöðugleika,
- aa) beiting stjórnsýsluviðurlaga og annarra stjórnsýsluráðstafana,
- ab) mat á samstarfi lögbærra yfirvalda, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, seðlabanka sem og annarra viðkomandi yfirvalda, þ.m.t. með tilliti til samspils ábyrgðar þeirra eða verkefna, og mat á kostum og göllum þess að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna annars vegar og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar hins vegar, sem bera ábyrgð á eftirliti samkvæmt þessari reglugerð, beri ábyrgð á eftirliti,

⁽⁴⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2033 frá 27. nóvember 2019 um varfæriskröfur fyrir verðbréfafyrirtæki og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 575/2013, (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 806/2014 (Stjtið. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 1).

⁽⁴⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 frá 27. nóvember 2019 um varfæriseftirlit með verðbréfafyrirtækjum og breytingu á tilskipunum 2002/87/EB, 2009/65/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/59/ESB og 2014/65/ESB (Stjtið. ESB L 314, 5.12.2019, bls. 64).

- ac) mat á samstarfi milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar að því er varðar eftirlit með mikilvægum þjónustuveitendum sýndareigna og mat á kostum og göllum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna annars vegar og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar hins vegar, sem bera ábyrgð á eftirliti með mikilvægum þjónustuveitendum sýndareigna samkvæmt þessari reglugerð,
 - ad) um kostnað útgefenda sýndareigna annarra en eignatengdra tóka og rafeyristóka við að fara að þessari reglugerð sem hundraðshlutfall af fjárhæðinni sem aflað er með útgáfu sýndareigna,
 - ae) um kostnað útgefenda eignatengdra tóka og útgefenda rafeyristóka við að fara að þessari reglugerð sem hundraðshlutfall af rekstrarkostnaði þeirra,
 - af) um kostnað þjónustuveitenda sýndareigna við að fara að þessari reglugerð sem hundraðshlutfall af rekstrarkostnaði þeirra,
 - ag) um fjölda og fjárhæð stjórnsýslusekta og refsiviðurlaga sem lögbær yfirvöld og Evrópska bankaftirlitsstofnunin beita vegna brota á þessari reglugerð.
3. Skýrslurnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu, eftir atvikum, einnig fela í sér eftirfylgni með þeim atriðum sem fjallað er um í þeim skýrslum sem um getur í 141. og 142. gr.

141. gr.

Árleg markaðspróunarskýrsla Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

Eigi síðar en 31. desember 2025 og á hverju ári eftir það skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, í nánú samstarfi við Evrópsku bankaftirlitsstofnunina, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar og þróun á mörkuðum fyrir sýndareignir. Skýrslan skal vera öllum aðgengileg.

Skýrslan skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

- a) fjölda útgáfa sýndareigna í Sambandinu, fjölda hvítbóka um sýndareignir sem lagðar eru fram eða tilkynntar til lögbærra yfirvalda, tegundir sýndareigna sem gefnar eru út og markaðsverðmæti þeirra og fjölda sýndareigna sem teknar hafa verið til viðskipta,
- b) fjölda útgefenda eignatengdra tóka og greiningu á flokkum varasjóðseigna, stærð varasjóða eigna og magn viðskipta með eignatengda tóka,
- c) fjölda útgefenda mikilvægra eignatengdra tóka og greiningu á flokkum varasjóðseigna, stærð varasjóða eigna og magn viðskipta með mikilvæga eignatengda tóka,
- d) fjölda útgefenda rafeyristóka og greiningu á opinberum gjaldmiðlum sem rafeyristókarnir miðast við, samsetningu og umfang fjármuna sem lagðir eru inn eða fjárfestir eru í samræmi við 54. gr. og magn greiðslna sem inntar eru af hendi með rafeyristókum,
- e) fjölda útgefenda mikilvægra rafeyristóka og greiningu á þeim opinberu gjaldmiðlum sem mikilvægu rafeyristókarnir miðast við og, að því er varðar rafeyrisfyrirtæki sem gefa út mikilvæga rafeyristóka, greiningu á flokkum varasjóðseigna, stærð varasjóða eigna og magni greiðslna sem inntar eru af hendi með mikilvægum rafeyristókum,
- f) fjölda mikilvægra þjónustuveitenda sýndareigna og fjölda mikilvægra þjónustuveitenda sýndareigna,
- g) mat á fjölda íbúa Sambandsins sem nota eða fjárfesta í sýndareignum sem gefnar eru út í Sambandinu,
- h) ef mögulegt er, mat á fjölda íbúa Sambandsins sem nota eða fjárfesta í sýndareignum sem gefnar eru út utan Sambandsins og útskýringu á tiltækileika gagna í því sambandi,
- i) kortlagningu á landfræðilegri staðsetningu og stigi ferla í tengslum við kröfuna um að þekkja viðskiptavininn (e. *know-your-customer*) og áreiðanleikamat viðskiptavina hjá kauphöllum án starfsleyfis sem veita íbúum í Sambandinu þjónustu á sviði sýndareigna, þ.m.t. fjölda kauphalla án skýrrar heimilisfesti í tiltekinni lögsögu og fjölda kauphalla sem eru staðsettar í lögsögu sem eru á listanum yfir áhættusöm þriðju lönd í tengslum við reglur Sambandsins um baráttuna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eða á listanum yfir ósamvinnuþýðar lögsögur í skattalegu tilliti, flokkuðum eftir því hversu mikil reglufylgni er við fullnægjandi verklagsreglur í tengslum við að þekkja viðskiptavininn,

- j) hlutfall viðskipta með sýndareignir sem fara fram gegnum þjónustuveitanda sýndareigna eða þjónustuveitanda án starfsleyfis eða milliliðalaust (e. *peer-to-peer*), og viðskiptamagn þeirra,
- k) fjölda og andvirði svika, svindlmála, innbrota í tölvukerfi, notkunar á sýndareignum til greiðslna vegna gagnagislatöku, netárása, þjófnaða eða tilvika taps á sýndareignum sem tilkynnt er um í Sambandinu, tegundir sviksamlegs athæfis, fjölda kvartana sem berast þjónustuveitendum sýndareigna og útgefendum eignatengdra tóka, fjölda kvartana sem berast lögbærum yfirvöldum og efni kvartana sem berast,
- l) fjölda kvartana sem borist hafa þjónustuveitendum sýndareigna, útgefendum og lögbærum yfirvöldum í tengslum við rangar og misvísandi upplýsingar í hvítbókum um sýndareignir eða í markaðsefni, þ.m.t. á samfélagsmiðlum,
- m) mögulegar nálganir og valkosti, sem byggjast á bestu starfsvenjum og skýrslum viðeigandi alþjóðastofnana, til að draga úr hættu á að reglugerð þessi sé sniðgengin, þ.m.t. í tengslum við þjónustu á sviði sýndareigna sem aðilar í þriðju löndum veita í Sambandinu án heimildar.

Lögbær yfirvöld skulu veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að taka saman þessa skýrslu. Að því er varðar skýrsluna er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að óska eftir upplýsingum frá löggæslustofnunum.

142. gr.

Skýrsla um nýjustu þróun á sviði sýndareigna

1. Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en 30. desember 2024, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um nýjustu þróun á sviði sýndareigna, einkum málefni sem ekki er fjallað um í þessari reglugerð ásamt tillögu að nýrri löggjöf þegar við á.
2. Skýrslan sem um getur í 1. mgr. skal innihalda a.m.k. eftirfarandi:
 - a) mat á þróun dreifðrar fjármálaþjónustu á mörkuðum með sýndareignir og viðeigandi eftirlitsmeðferð á dreifðum sýndareignakerfum án útgefanda eða þjónustuveitanda sýndareigna, þ.m.t. mat á nauðsyn og hagkvæmni reglusetningar um dreifða fjármálaþjónustu,
 - b) mat á nauðsyn og hagkvæmni reglusetningar um lánveitingar og lántökur á sýndareignum,
 - c) mat á meðhöndlun þjónustu sem tengist millifærslu rafeyristóka, ef ekki er tekið á þessu við endurskoðun á tilskipun (ESB) 2015/2366,
 - d) mat á þróun markaða með einkvæmar og ójafngengar (e. *non-fungible*) sýndareignir og viðeigandi eftirlitsmeðferð slíkra sýndareigna, þ.m.t. mat á nauðsyn og hagkvæmni reglusetningar um útbjóðendur einkvæmra og ójafngengra sýndareigna sem og veitendur þjónustu í tengslum við slíkar sýndareignir.

143. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Ákvæði 4.–15. gr. gilda ekki um almenn útboð sýndareigna sem lauk fyrir 30. desember 2024.
2. Þrátt fyrir II. bálk skulu einungis eftirfarandi kröfur gilda í tengslum við sýndareignir aðrar en eignatengda tóka og rafeyristóka sem teknir voru til viðskipta fyrir 30. desember 2024:
 - a) ákvæði 7. og 9. gr. gilda um markaðsefni sem birt er eftir 30. desember 2024,
 - b) rekstraraðilar viðskiptavettvanga skulu sjá til þess að eigi síðar en 31. desember 2027 hafi hvítbók um sýndareign, í þeim tilvikum sem þess er krafist í þessari reglugerð, verið samin, tilkynnt og birt í samræmi við 6., 8. og 9. gr. og uppfærð í samræmi við 12. gr.
3. Þjónustuveitendum sýndareigna sem veittu þjónustu sína í samræmi við gildandi lög fyrir 30. desember 2024 er heimilt að halda því áfram til 1. júlí 2026 eða þar til þeim er veitt eða synjað um starfsleyfi skv. 63. gr., hvort heldur sem gerist fyrr.

Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að beita ekki umbreytingarfyrirkomulaginu fyrir þjónustuveitendur sýndareigna sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein eða að stytta gildistíma þess ef þau telja að landsbundinn reglurammi þeirra sem gildir fyrir 30. desember 2024 geri vægari kröfur en þessi reglugerð.

Aðildarríkin skulu eigi síðar en 30. júní 2024 tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni hvort þau hafi nýtt sér valkostinn sem kveðið er á um í annarri undirgrein og um gildistíma umbreytingarfyrirkomulagsins.

4. Útgefendum eignatengdra tóka aðrir en lánastofnanir sem gáfu út eignatengda tóka í samræmi við gildandi lög fyrir 30. júní 2024 er heimilt að halda því áfram þar til þeim er veitt eða synjað um starfsleyfi skv. 21. gr., að því tilskildu að þeir sæki um starfsleyfi fyrir 30. júlí 2024.

5. Lánastofnunum sem gáfu út eignatengda tóka í samræmi við gildandi lög fyrir 30. júní 2024 er heimilt að halda því áfram þar til hvítbókin um sýndareign hefur verið samþykkt eða synjað hefur verið um samþykki hennar skv. 17. gr., að því tilskildu að þær tilkynni lögbæru yfirvaldi sínu um það skv. 1. mgr. þeirrar greinar fyrir 30. júlí 2024.

6. Þrátt fyrir 62. og 63. gr. er aðildarríkjum heimilt að beita einfölduðu ferli fyrir umsóknir um starfsleyfi sem lagðar eru fram milli 30. desember 2024 og 1. júlí 2026 af aðilum sem höfðu hinn 30. desember 2024 starfsleyfi samkvæmt landslögum til að veita þjónustu á sviði sýndareigna. Lögbæru yfirvöldin skulu tryggja að farið sé að 2. og 3. kafla V. bóls áður en starfsleyfi er veitt samkvæmt slíku einfölduðu ferli.

7. Evrópska bankaftirlitsstofnunin skal gegna eftirlitshlutverki sínu skv. 117. gr. frá þeim degi sem framseldu gerðirnar sem um getur í 11. mgr. 43. gr. koma til framkvæmda.

144. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010

Í stað fyrstu undirgreinar í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 kemur eftirfarandi:

„Stofnunin skal starfa innan þeirra valdheimilda sem henni eru veittar með þessari reglugerð og innan gildissviðs tilskipunar 2002/87/EB, tilskipunar 2008/48/EB (*), tilskipunar 2009/110/EB, reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (**), tilskipunar 2013/36/ESB (***), tilskipunar 2014/49/ESB (****), tilskipunar 2014/92/ESB (*****), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 (*****), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 (*****), og, að því marki sem þessar gerðir gilda um lána- og fjármálastofnanir og lögbæru yfirvöldin sem hafa eftirlit með þeim, innan gildissviðs viðkomandi hluta tilskipunar 2002/65/EB, þ.m.t. allra tilskipana, reglugerða og ákvarðana sem eiga stoð í þessum gerðum, og annarra lagalega bindandi gerða Sambandsins sem fela stofnuninni verkefni. Stofnunin skal einnig starfa í samræmi við reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 (*****).

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánssamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EEB (Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

(***) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfæriseftirlit með lánastofnunum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

(****) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB frá 16. apríl 2014 um innstæðutryggingakerfi (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 149).

(*****) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB frá 23. júlí 2014 um samanburð gjalda er varða greiðslureikninga, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 214).

(*****) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB, 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu tilskipunar 2007/64/EB (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).

(*****) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40).

(*****) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 frá 15. október 2013 um að fela Seðlabanka Evrópu sérstök verkefni að því er varðar stefnur sem snerta varfæriseftirlit með lánastofnunum (Stjtið. ESB L 287, 29.10.2013, bls. 63).“

145. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 1095/2010

Í stað fyrstu undirgreinar í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 kemur eftirfarandi:

Stofnunin skal starfa innan þeirra valdheimilda sem henni eru veittar með þessari reglugerð og innan gildissviðs tilskipana 97/9/EB, 98/26/EB, 2001/34/EB, 2002/47/EB, 2004/109/EB, 2009/65/EB, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB (*), reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (**), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 (***), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 (****) og, að því marki sem þessar gerðir gilda um fyrirtæki sem veita fjárfestingarþjónustu eða um sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem markaðssetja hlutdeildar-skirteini, útgefendur eða tilboðsgjafar sýndareigna, aðila sem óska eftir töku til viðskipta eða þjónustuveitendur sýndareigna og lögbæru yfirvöldin sem hafa eftirlit með þeim, innan gildissviðs viðkomandi hluta tilskipana 2002/87/EB og 2002/65/EB, þ.m.t. allra tilskipana, reglugerða og ákvarðana sem eiga stoð í þessum gerðum, og annarra lagalega bindandi gerða Sambandsins sem fela stofnuninni verkefni.

-
- (*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).
- (**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálageninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).
- (***) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (Stjtið. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 12).
- (****) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40).“

146. gr.

Breyting á tilskipun 2013/36/ESB

Í stað 15. liðar I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB kemur eftirfarandi:

- „15. Útgáfa rafeyris, þ.m.t. rafeyristóka eins og þeir eru skilgreindir í 7. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 (*).
16. Útgáfa eignatengdra tóka eins og þeir eru skilgreindir í 6. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2023/1114.
17. Þjónusta á sviði sýndareigna eins og hún er skilgreind í 16. tölulið 1. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/1114.

-
- (*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40).“

147. gr.

Breyting á tilskipun (ESB) 2019/1937

Eftirfarandi liður bætist við í B-lið I. hluta viðaukans við tilskipun (ESB) 2019/1937:

- „xxii. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 og tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 150, 9.6.2023, bls. 40).“

148. gr.

Lögleiðing breytinga á tilskipunum 2013/36/ESB og (ESB) 2019/1937

1. Aðildarríkin skulu eigi síðar en 30. desember 2024 samþykkja og birta þau lög og stjórnarsýslufyrirmæli sem eru nauðsynleg til að hlíta 146. og 147. gr.
2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni texta helstu ráðstafana landslaga sem þau samþykkja á því sviði sem 116. gr. tekur til.

149. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 30. desember 2024.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. koma ákvæði III. og IV. bálks til framkvæmda frá og með 30. júní 2024.
4. Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. þessarar greinar skulu ákvæði 2. gr. (5. mgr.), 3. gr. (2. mgr.), 6. gr. (11. og 12. mgr.), 14. gr. (önnur undirgrein 1. mgr.), 17. gr. (8. mgr.), 18. gr. (6. og 7. mgr.), 19. gr. (10. og 11. mgr.), 21. gr. (3. mgr.), 22. gr. (6. og 7. mgr.), 31. gr. (5. mgr.), 32. gr. (5. mgr.), 34. gr. (13. mgr.), 35. gr. (6. mgr.), 36. gr. (4. mgr.), 38. gr. (5. mgr.), 42. gr. (4. mgr.), 43. gr. (11. mgr.), 45. gr. (7. og 8. mgr.), 46. gr. (6. mgr.), 47. gr. (5. mgr.), 51. gr. (10. og 15. mgr.), 60. gr. (13. og 14. mgr.), 61. gr. (3. mgr.), 62. gr. (5. og 6. mgr.), 63. gr. (11. mgr.), 66. gr. (6. mgr.), 68. gr. (10. mgr.), 71. gr. (5. mgr.), 72. gr. (5. mgr.), 76. gr. (16. mgr.), 81. gr. (15. mgr.), 82. gr. (2. mgr.), 84. gr. (4. mgr.), 88. gr. (4. mgr.), 92. gr. (2. og 3. mgr.), 95. gr. (10. og 11. mgr.), 96. gr. (3. mgr.), 97. gr. (1. mgr.), 103. gr. (8. mgr.), 104. gr. (8. mgr.), 105. gr. (7. mgr.), 107. gr. (3. og 4. mgr.), 109. gr. (8. mgr.) og 119. gr. (8. mgr.), 134. gr. (10. mgr.), 137. gr. (3. mgr.) og 139. gr. gilda frá 29. júní 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. maí 2023.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

R. Metsola

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

P. Kullgren

forseti.

I. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR Í HVÍTBÓK UM SÝNDAREIGNIR AÐRAR EN EIGNATENGDA TÓKA EÐA RAFEYRISTÓKA

A-hluti: Upplýsingar um tilboðsgjafann eða aðilann sem óskar eftir töku til viðskipta

1. Heiti.
2. Rekstrarform.
3. Skráð heimilisfang og heimilisfang höfuðstöðva, ef það er annað.
4. Dagsetning skráningar.
5. Auðkenni lögaðila eða annað auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum.
6. Símanúmer og netfang tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta og dagafjöldi sem fjárfestir sem hefur samband við tilboðsgjafann eða aðilann sem óskar eftir töku til viðskipta gegnum það símanúmer eða netfang mun fá svar innan.
7. Heiti móðurfélags, eftir atvikum.
8. Deili á, heimilisföng vinnustaða og hlutverk aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn tilboðsgjafa eða aðila sem óskar eftir töku til viðskipta.
9. Viðskipta- eða atvinnustarfsemi tilboðsgjafans eða aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta og, eftir atvikum, móðurfélags hans.
10. Fjárhagsstaða tilboðsgjafa eða aðila sem sækir um töku til viðskipta á næstliðnum þremur árum eða, ef tilboðsgjafi eða aðilinn sem sækir um töku til viðskipta hefur starfað í minna en þrjú ár, fjárhagsstaða hans frá skráningardegi.

Fjárhagsstaðan skal metin á grundvelli sanngjarnar skoðunar á þróun og afkomu rekstrar útbjóðandans eða aðilans sem sækir um töku til viðskipta og á stöðu hans á hverju ári og árshluta sem sögulegra fjárhagsupplýsinga er krafist um, þ.m.t. ástæðum verulegra breytinga.

Skoðunin skal vera hlutlæg og ítarleg greining á þróun og afkomu í rekstri tilboðsgjafans eða aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta og stöðu hans í samræmi við umfang og flækjustig starfseminnar.

B-hluti: Upplýsingar um útgefandann, ef hann er annar en tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku til viðskipta,

1. Heiti.
2. Rekstrarform.
3. Skráð heimilisfang og heimilisfang höfuðstöðva, ef það er annað.
4. Dagsetning skráningar.
5. Auðkenni lögaðila eða annað auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum.
6. Heiti móðurfélags, eftir atvikum.
7. Deili á, heimilisföng vinnustaða og hlutverk aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefanda.
8. Viðskipta- eða atvinnustarfsemi útgefanda og, eftir atvikum, móðurfélags hans.

C-hluti: Upplýsingar um rekstraraðila viðskiptavettvangsins í þeim tilvikum þar sem hann semur hvítbókina um sýndareignina,

1. Heiti.
2. Rekstrarform.
3. Skráð heimilisfang og heimilisfang höfuðstöðva, ef það er annað.
4. Dagsetning skráningar.
5. Auðkenni lögaðila eða annað auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum.
6. Heiti móðurfélags, eftir atvikum.
7. Ástæða þess að rekstraraðilinn samdi hvítbókina um sýndareignina.
8. Deili á, heimilisföng vinnustaða og hlutverk aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn rekstraraðilans.
9. Viðskipta- eða atvinnustarfsemi rekstraraðilans og, eftir atvikum, móðurfélags hans.

D-hluti: Upplýsingar um verkefnið á sviði sýndareignar

1. Heiti verkefnisins og sýndareignanna, ef það er annað en nafn tilboðsgjafans eða aðilans sem óskar eftir töku til viðskipta, og skammstöfun eða auðkenni (e. *ticker handler*).
2. Stutt lýsing á verkefninu á sviði sýndareigna,
3. Upplýsingar um alla einstaklinga eða lögaðila (þ.m.t. heimilisföng fyrirtækis eða hvar fyrirtækið hefur staðfestu) sem koma að framkvæmd verkefnisins, s.s. ráðgjafa, þróunarteymi og þjónustuveitendur sýndareigna.
4. Ef verkefnið á sviði sýndareigna varðar nytjatóka, lykileiginleikar afurðanna eða þjónustunnar sem á að þróa.
5. Upplýsingar um verkefnið á sviði sýndareigna, einkum fyrri áfanga og framtíðaráfanga verkefnisins og, eftir atvikum, tilföng sem þegar hefur verið úthlutað til þess.
6. Eftir atvikum, fyrirhuguð notkun fjármuna eða annarra sýndareigna sem er aflað.

E-hluti: Upplýsingar um almenna útboðið á sýndareignunum eða töku þeirra til viðskipta

1. Upplýsingar um hvort hvítbókin um sýndareignir varðar almennt útboð á sýndareignum eða töku þeirra til viðskipta,
2. Ástæður almenns útboðs eða þess að óska eftir töku til viðskipta.
3. Eftir atvikum, fjárhæðin sem almenna útboðinu er ætlað að afla í formi fjármuna eða annarrar sýndareignar, þ.m.t., eftir atvikum, öll lágmarks- og hámarksmarkmið um áskrift sem sett eru fyrir almenna útboðið á sýndareignum, og hvort umframáskriftir eru samþykktar og hvernig þeim er úthlutað.
4. Útgáfuverð sýndareignarinnar sem boðin er út á almennum markaði (í opinberum gjaldmiðli eða öðrum sýndareignum), gildandi áskriftargjald eða aðferð sem útboðsverðið verður ákvarðað samkvæmt.
5. Eftir atvikum, heildarfjöldi sýndareigna sem verða boðnar út á almennum markaði eða teknar til viðskipta.
6. Upplýsingar um væntanlega eigendur sem eru markhópur almenna útboðsins á sýndareignunum eða töku þeirra til viðskipta, þ.m.t. allar takmarkanir að því er varðar tegundir eigenda þeirra sýndareigna.

7. Sérstök tilkynning um að kaupendur sem taka þátt í almenna útboðinu á sýndareignunum geti fengið endurgreitt ef lágmarksmarkmiði áskriftar hefur ekki verið náð við lok almenna útboðsins, ef þeir nýta réttinn til að falla frá samningi sem gert er ráð fyrir í 13. gr. eða ef fallið er frá útboðinu, og ítarleg lýsing á endurgreiðslukerfinu, þ.m.t. áætluð tímasetning þess hvenær endurgreiðslum verður lokið.
8. Upplýsingar um mismunandi áfanga almenns útboðs sýndareignanna, þ.m.t. upplýsingar um kaupverð á afslætti fyrir þá sem kaupa sýndareignir fyrir opnun (forsala), og ef um er að ræða kaupverð á afslætti fyrir suma kaupendur skal greina frá því af hverju kaupverðið getur verið annað og lýsa áhrifunum á aðra fjárfesta.
9. Sé um að ræða tímabundið útboð skal tilgreina áskriftartímabilið sem almenna útboðið stendur yfir.
10. Fyrirkomulag til að vernda fjármuni eða aðrar sýndareignir eins og um getur í 10. gr. meðan á tímabundnu almennu útboði stendur eða meðan frestur til að falla frá samningi er í gildi.
11. Greiðsluaðferðir til kaupa á sýndareignum sem boðnar eru og aðferðir til millifærslu andvirðisins til kaupenda þegar þeir eiga rétt á endurgreiðslu.
12. Ef um er að ræða almennt útboð, upplýsingar um réttinn til að falla frá samningi eins og um getur í 13. gr.
13. Upplýsingar um aðferðina við og tímaáætlun millifærslu keyptra sýndareigna til eigendanna.
14. Upplýsingar um tæknilegar kröfur sem kaupandinn þarf að uppfylla til að eiga sýndareignirnar.
15. Eftir atvikum, heiti þjónustuveitanda sýndareigna sem hefur með höndum að setja sýndareignirnar á markað og form slíkrar setningar á markað (á skuldbindandi grundvelli eða án sölutryggingar).
16. Eftir atvikum, heiti viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignir þar sem óskað er eftir töku til viðskipta og upplýsingar um hvernig fjárfestar geta nálgast slíka viðskiptavettvanga sem og kostnaðinn sem því fylgir.
17. Útgjöld sem tengjast almenna útboði sýndareignanna.
18. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar aðila sem koma að almenna útboðinu eða tökunni til viðskipta, sem koma upp í tengslum við útboðið eða tökuna til viðskipta.
19. Lög sem gilda um almennt útboð sýndareignanna og lögbær dómstóll.

F-hluti: Upplýsingar um sýndareignir

1. Tegund sýndareignar sem verður boðin út á almennum markaði eða sótt er um að taka til viðskipta.
2. Lýsing á einkennum, þ.m.t. þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að flokka hvítbókina um sýndareign í skránni sem um getur í 109. gr., eins og tilgreint er í samræmi við 8. mgr. þeirrar greinar, og notkunarmöguleikum þeirra sýndareigna sem er verið að bjóða eða taka til viðskipta, þ.m.t. upplýsingar um hvenær notkunarmöguleikarnir eru fyrirhugaðir.

G-hluti: Upplýsingar um réttindi og skyldur sem fylgja sýndareignunum

1. Lýsing á réttindum og skyldum kaupandans, ef einhver eru, og ferli við og skilyrði fyrir nýtingu þessara réttinda.
2. Lýsing á aðstæðum þar sem heimilt er að breyta réttindunum og skyldunum.

3. Eftir atvikum, upplýsingar um almenn útboð í framtíðinni á sýndareignum útgefanda og fjölda sýndareigna sem útgefandinn heldur sjálfur eftir.
4. Ef almennt útboð sýndareigna eða taka þeirra til viðskipta varðar nytjatóka, upplýsingar um gæði og magn afurða eða þjónustu sem nytjatókinn veitir aðgang að.
5. Ef almennt útboð sýndareigna eða taka þeirra til viðskipta varðar nytjatóka, upplýsingar um hvernig innleysa má nytjatókana til að fá afurðir eða þjónustu sem þeim tengjast.
6. Ef ekki er óskað eftir töku til viðskipta, upplýsingar um hvernig og hvar er hægt að kaupa eða selja sýndareignirnar eftir að almennu útboði lýkur.
7. Takmarkanir á framseljanleika sýndareignanna sem eru boðnar út eða teknar til viðskipta.
8. Ef sýndareignunum fylgja aðferðarlýsingar til aukningar eða minnkunar á framboði þeirra til að bregðast við breyttri eftirspurn, lýsing á því hvernig þessar aðferðarlýsingar virka.
9. Eftir atvikum, lýsing á verndarkerfum sem vernda virði sýndareigna og á bótakerfum.
10. Lög sem gilda um sýndareignirnar og lögbær dómstóll.

H-hluti: Upplýsingar um tæknina sem liggur að baki

1. Upplýsingar um tæknina sem er notuð, þ.m.t. dreifð færsluskrártækni, aðferðarlýsingar og tæknistaðlar sem notaðir eru.
2. Samstöðuaðferðin, eftir atvikum.
3. Hvatakerfi til að tryggja viðskipti og gjöld sem gilda.
4. Ef sýndareignirnar eru gefnar út, millifærðar og geymdar með því að nota dreifða færsluskrártækni sem er starfrækt af útgefandanum, tilboðsgjafanum eða þriðja aðili sem kemur fram fyrir þeirra hönd starfrækir skal gefa ítarlega lýsingu á því hvernig slík dreifð færsluskrártækni virkar.
5. Upplýsingar um niðurstöður úttektar á tækninni sem er notuð, ef slík úttekt var gerð.

I. hluti: Upplýsingar um áhættuþætti

1. Upplýsingar um þá áhættuþætti sem tengjast almennu útboði sýndareignanna eða töku þeirra til viðskipta.
2. Upplýsingar um þá áhættuþætti sem tengjast útgefandanum, ef hann er annar en tilboðsgjafinn, eða aðilanum sem óskar eftir töku til viðskipta.
3. Lýsing á þeim áhættuþáttum sem tengjast sýndareigninni.
4. Lýsing á þeim áhættuþáttum sem tengjast framkvæmd verkefnisins.
5. Lýsing á þeim áhættuþáttum sem tengjast tækninni sem er notuð og ráðstöfunum til að draga úr áhættu, ef einhverjar eru.

II. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR Í HVÍTBÓK UM SÝNDAREIGN SEM ER EIGNATENGÐUR TÓKI

A-hluti: Upplýsingar um útgefanda eignatengda tókans

1. Heiti.
2. Rekstrarform.
3. Skráð heimilisfang og heimilisfang höfuðstöðva, ef það er annað.
4. Dagsetning skráningar.
5. Auðkenni lögaðila eða annað auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum.
6. Deili á móðurfélagi, eftir atvikum.
7. Deili á, heimilisföng vinnustaða og hlutverk aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefanda.
8. Viðskipta- eða atvinnustarfsemi útgefanda og, eftir atvikum, móðurfélags hans.
9. Fjárhagsstaða útgefanda á næstliðnum þremur árum eða ef útgefandinn hefur starfað í minna en þrjú ár, fjárhagsstaða hans frá skráningardegi.

Fjárhagsstaðan skal metin á grundvelli sanngjarnar skoðunar á þróun og afkomu rekstrar útgefandans og á stöðu hans á hverju ári og árshluta sem sögulegra fjárhagsupplýsinga er krafist um, þ.m.t. ástæðum verulegra breytinga.

Yfirlitið skal vera óhlutdræg og ítarleg greining á þróun og afkomu í rekstri útgefanda og stöðu hans, í samræmi við umfang og flækjustig starfseminnar.

10. Ítarleg lýsing á fyrirkomulagi stjórnarháttanna útgefanda.
11. Að undanskildum útgefendum eignatengdra tóka sem eru undanþegnir kröfunni um starfsleyfi í samræmi við 17. gr. skal veita ítarlegar upplýsingar um starfsleyfið sem útgefandi eignatengds tóka og greina frá heiti lögbæra yfirvaldsins sem veitti starfsleyfið.

Fyrir lánastofnanir, heiti lögbærs yfirvalds heimaáðildarríkisins.

12. Ef útgefandi eignatengda tókans gefur einnig út aðrar sýndareignir eða stundar einnig starfsemi sem tengist öðrum sýndareignum skal taka það skýrt fram, auk þess sem útgefandinn ætti einnig að taka fram hvort einhver tengsl eru milli útgefandans og aðilans sem starfrækir dreifðu færsluskráartæknina sem notuð er til að gefa út sýndareignina, þ.m.t. hvort samskipta-reglurnar séu starfræktar af eða stjórnað af aðila sem er í nánum tengslum við þátttakendur í verkefninu.

B-hluti: Upplýsingar um eignatengda tókann

1. Nafn og skammstöfun eða auðkenni eignatengda tókans,
2. Lýsing á einkennum eignatengda tókans, þ.m.t. þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar eru til að flokka hvítbókina um sýndareign í skránni sem um getur í 109. gr., eins og tilgreint er í samræmi við 8. mgr. þeirrar greinar.
3. Upplýsingar um alla einstaklinga eða lögaðila (þ.m.t. heimilisföng fyrirtækis eða hvar fyrirtækið hefur staðfestu) sem koma að framkvæmd verkefnisins um eignatengda tókann, s.s. ráðgjafa, þróunarteymi og þjónustuveitendur sýndareigna.

4. Lýsing á hlutverki, ábyrgð og ábyrgðarskyldu allra þriðju aðila sem um getur í h-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 34. gr.,
5. Upplýsingar um áætlanir um eignatengdu tókana, þ.m.t. lýsing á fyrri áföngum og framtíðaráföngum og, eftir atvikum, auðlindum sem þegar hefur verið úthlutað.

C-hluti: Upplýsingar um almennt útboð eignatengda tókans eða töku hans til viðskipta

1. Upplýsingar um hvort hvítbókin um sýndareignir varðar almennt útboð eignatengda tókans eða töku hans til viðskipta.
2. Eftir atvikum, fjárhæðin sem almennu útboði eignatengda tókans er ætlað að afla í formi fjármuna eða annarrar sýndareignar, þ.m.t., eftir atvikum, öll lágmarks- og hámarksmarkmið um áskrift sem sett eru fyrir almennt útboð eignatengda tókans, og hvort umframáskriftir eru samþykktar og hvernig þeim er úthlutað.
3. Eftir atvikum, heildarfjöldi eininga eignatengda tókans sem á að bjóða út eða taka til viðskipta.
4. Upplýsingar um væntanlega eigendur sem eru markhópur almenns útboðs eignatengda tókans eða töku hans til viðskipta, þ.m.t. allar takmarkanir að því er varðar tegundir eigenda þess eignatengda tóka.
5. Sérstök tilkynning um að kaupendur sem taka þátt í almennu útboði eignatengda tókans geti fengið endurgreitt ef lágmarks-markmiði áskriftar hefur ekki verið náð við lok almenna útboðsins, þ.m.t. áætluð tímasetning þess hvenær endurgreiðslum verður lokið; gera skal skýra grein fyrir afleiðingum þess að fara yfir hámarksmarkmið áskriftar.
6. Upplýsingar um mismunandi áfanga almenns útboðs eignatengda tókans, þ.m.t. upplýsingar um kaupverð á afslætti fyrir þá sem kaupa eignatengda tókann fyrir opnun (forsala), og ef um er að ræða kaupverð á afslætti fyrir suma kaupendur skal greina frá því af hverju kaupverðið getur verið annað og lýsa áhrifunum á aðra fjárfesta.
7. Sé um að ræða tímabundið útboð skal tilgreina áskriftartímabilið sem almenna útboðið stendur yfir.
8. Greiðsluaðferðir við kaup og innlausn þeirra eignatengdu tóka sem eru boðnir.
9. Upplýsingar um aðferðina við og tímaáætlun millifærslu keyptra eignatengdra tóka til eigendanna.
10. Upplýsingar um tæknilegar kröfur sem kaupandinn þarf að uppfylla til að eiga eignatengda tókann.
11. Eftir atvikum, heiti þjónustuveitanda sýndareigna sem hefur með höndum að setja eignatengdu tókanna á markað og form slíkrar setningar á markað (á skuldbindandi grundvelli eða án sölutryggingar).
12. Eftir atvikum, heiti viðskiptavettvangsins fyrir sýndareignir þar sem óskað er eftir töku til viðskipta og upplýsingar um hvernig fjárfestar geta nálgast slíka viðskiptavettvanga sem og kostnaðinn sem því fylgir.
13. Útgjöld sem tengjast almennu útboði eignatengda tókans.
14. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar aðila sem koma að almenna útboðinu eða tókunni til viðskipta, sem koma upp í tengslum við útboðið eða tókuna til viðskipta.
15. Lög sem gilda um almennt útboð eignatengda tókans og lögbær dómstóll.

D-hluti: Upplýsingar um réttindi og skyldur sem fylgja eignatengda tóknum

1. Lýsing á einkennum og notkunarmöguleikum eignatengda tókans sem er boðinn út eða tekinn til viðskipta, þ.m.t. upplýsingar um hvenær notkunarmöguleikarnir eru fyrirhugaðir.
2. Lýsing á réttindum og skyldum kaupandans, ef einhver eru, og ferli við og skilyrði fyrir nýtingu þessara réttinda.
3. Lýsing á aðstæðum þar sem heimilt er að breyta réttindunum og skyldunum.
4. Eftir atvikum, upplýsingar um almenn útboð í framtíðinni á eignatengdum tóka útgefandans og fjölda eininga eignatengda tókans sem útgefandinn heldur sjálfur eftir.
5. Ef ekki er óskað eftir töku til viðskipta, upplýsingar um hvernig og hvar er hægt að kaupa eða selja eignatengda tókann eftir að almennu útboði lýkur.
6. Takmarkanir á framseljanleika eignatengda tókans sem er boðinn út eða tekinn til viðskipta.
7. Ef eignatengda tóknum fylgja aðferðarlýsingar til aukningar eða minnkunar á framboði hans til að bregðast við breyttri eftirspurn, lýsing á því hvernig þessar aðferðarlýsingar virka.
8. Eftir atvikum, lýsing á verndarkerfum sem vernda virði eignatengda tókans og á bótakerfum.
9. Upplýsingar um eðli og framfylgjanleika réttinda, þ.m.t. varanlegs réttar til innlausnar og allar kröfur sem eigendur og lögaðili eða einstaklingur, eins og um getur í 2. mgr. 39. gr., kann að eiga á hendur útgefandanum, þ.m.t. upplýsingar um hvernig farið verður með slík réttindi við ógjaldfærnimeðferð, upplýsingar um hvort mismunandi réttindi eru veitt mismunandi eigendum og ástæður slíkrar mismunandi meðferðar, án þess að þær feli í sér mismun.
10. Ítarleg lýsing á kröfunni sem eignatengdi tókinn felur í sér fyrir eigendur, þ.m.t.:
 - a) lýsing á hverri eign sem tókinn er tengdur við og tilgreind hlutföll hverrar þessara eigna,
 - b) tengslin milli virðis eigna sem tókinn er tengdur við og fjárhæðar kröfunnar og varasjóðs eigna og
 - c) lýsing á því hvernig sanngjarnt og gagnsætt mat á efnispáttum kröfunnar fer fram, þar sem tilgreindir eru óháðir aðilar þar sem við á.
11. Eftir atvikum, upplýsingar um ráðstafanir sem útgefandinn hefur gert til að tryggja seljanleika eignatengda tókans, þ.m.t. nöfn þeirra aðila sem sjá um að tryggja slíkan seljanleika.
12. Samskiptaupplýsingar til að leggja fram kvartanir og lýsing á verklagi við meðferð kvartana og kerfi til lausnar ágreiningsmála eða fyrirkomulag úrlausnar meðferðar sem útgefandi eignatengda tókans hefur komið á.
13. Lýsing á réttindum eigenda þegar útgefandinn getur ekki uppfyllt skuldbindingar sínar, þ.m.t. við ógjaldfærni.
14. Lýsing á réttindum í tengslum við framkvæmd endurbótaáætlunar.
15. Lýsing á réttindum í samhengi við framkvæmd innlausnaráætlunar.
16. Ítarlegar upplýsingar um hvernig eignatengdi tókinn er innlestur, þ.m.t. hvort eigandanum verði kleift að velja form innlausnar, form framsals eða opinberan gjaldmiðil innlausnar.
17. Lög sem gilda um eignatengda tókann og lögbær dómstóll.

E-hluti: Upplýsingar um tæknina sem liggur að baki

1. Upplýsingar um tæknina sem er notuð, þ.m.t. dreifðu færsluskrártæknina ásamt aðferðarlýsingum og tæknistöðlum sem eru notaðir, og gerir kleift að eiga, geyma og millifæra eignatengda tóka.
2. Samstöðuaðferðin, eftir atvikum.
3. Hvatakerfi til að tryggja viðskipti og gjöld sem gilda.
4. Ef eignatengdu tókarnir eru gefnir út, millifærðir og geymdir með því að nota dreifða færsluskrártækni, sem útgefandinn eða þriðji aðili sem kemur fram fyrir hönd útgefandans starfrækir skal gefa ítarlega lýsingu á því hvernig þessi dreifða færsluskrártækni virkar.
5. Upplýsingar um niðurstöður úttektar á tækninni sem er notuð, ef slík úttekt var gerð.

F-hluti: Upplýsingar um áhættuþætti

1. Áhættuþættir sem tengjast varasjóði eigna, þegar útgefandi getur ekki uppfyllt skuldbindingar sínar.
2. Lýsing á áhættuþáttum sem tengjast útgefanda eignatengda tókans.
3. Upplýsingar um áhættuþættina sem tengjast almennu útboði eignatengda tókans eða töku hans til viðskipta.
4. Lýsing á áhættuþáttum sem tengjast eignatengda tókanum, einkum hvað varðar eignirnar sem hann miðast við.
5. Lýsing á áhættuþáttum sem tengjast framkvæmd verkefnisins um eignatengda tókann.
6. Lýsing á þeim áhættuþáttum sem tengjast tækninni sem er notuð og ráðstöfunum til að draga úr áhættu, ef einhverjar eru.

G-hluti: Upplýsingar um varasjóð eigna

1. Ítarleg lýsing á kerfinu sem miðar að því að samræma virði varasjóðs eigna við kröfuna í hann sem tengist eignatengda tókanum, þ.m.t. lagalegum og tæknilegum þáttum.
2. Ítarleg lýsing á varasjóðum eigna og samsetningu þeirra.
3. Lýsing á fyrirkomulagi útgáfu og innlausnar eignatengdra tóka.
4. Upplýsingar um hvort hluti varasjóðseignanna sé fjárfestur og, eftir atvikum, lýsing á fjárfestingarstefnu um þessar varasjóðseignir.
5. Lýsing á vörslufyrirkomulagi varasjóðseigna, þ.m.t. aðgreiningu þeirra, og heiti þjónustuveitenda sýndareigna sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina, lánastofnana eða verðbréfafyrirtækja sem er falið að vera vörsluaðilar varasjóðseignanna.

III. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR Í HVÍTBÓK UM SÝNDAREIGN SEM ER RAFEYRISTÓKI

A-hluti: Upplýsingar um útgefanda rafeyristókans

1. Heiti.
2. Rekstrarform.
3. Skráð heimilisfang og heimilisfang höfuðstöðva, ef það er annað.
4. Dagsetning skráningar.
5. Auðkenni lögaðila eða annað auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum.
6. Símanúmer og netfang útgefandans og dagafjöldi sem fjárfestir sem hefur samband við útgefandann gegnum það símanúmer eða netfang mun fá svar innan.
7. Deili á móðurfélagi, eftir atvikum.
8. Deili á, heimilisföng vinnustaða og hlutverk aðila í stjórn og/eða framkvæmdastjórn útgefanda.
9. Viðskipta- eða atvinnustarfsemi útgefanda og, eftir atvikum, móðurfélags hans.
10. Mögulegir hagsmunaárekstrar.
11. Ef útgefandi rafeyristókans gefur einnig út aðrar sýndareignir eða stundar einnig aðra starfsemi sem tengist sýndareignum skal taka það skýrt fram, auk þess sem útgefandinn ætti einnig að taka fram hvort tengsl eru milli útgefandans og aðilans sem starfrækir dreifðu færsluskrártæknina sem notuð er til að gefa út sýndareignina, þ.m.t. hvort samskiptareglurnar séu keyrðar af eða stjórnað af aðila sem er í nánnum tengslum við þátttakendur í verkefninu.
12. Fjárhagsstaða útgefanda á næstliðnum þremur árum eða, ef útgefandinn hefur starfað í minna en þrjú ár, fjárhagsstaða hans frá skráningardegi.

Fjárhagsstaðan skal metin á grundvelli sanngjarnar skoðunar á þróun og afkomu rekstrar útgefandans og á stöðu hans á hverju ári og árshluta sem sögulegra fjárhagsupplýsinga er krafist um, þ.m.t. ástæðum verulegra breytinga.

Yfirlitið skal vera óhlutdræg og ítarleg greining á þróun og afkomu rekstrar útgefandans og stöðu hans, í samræmi við umfang og flækjustig starfseminnar.

13. Að undanskildum útgefendum rafeyristóka sem eru undanþegnir kröfunni um starfsleyfi í samræmi við 4. og 5. mgr. 48. gr. skal veita ítarlegar upplýsingar um starfsleyfið sem útgefandi rafeyristóka og greina frá heiti lögbæra yfirvaldsins sem veitti starfsleyfið.

B-hluti: Upplýsingar um rafeyristókann

1. Heiti og skammstöfun.
2. Lýsing á einkennum rafeyristókans, þ.m.t. þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar eru til að flokka hvítbókina um sýndareignina í skránni sem um getur í 109. gr., eins og tilgreint er í samræmi við 8. mgr. þeirrar greinar.
3. Upplýsingar um alla einstaklinga eða lögaðila (þ.m.t. heimilisföng fyrirtækja og/eða hvar fyrirtæki hefur staðfestu) sem koma að hönnun og þróun, s.s. ráðgjafa, þróunarteymi og þjónustuveitendur sýndareigna.

C-hluti: Upplýsingar um almennt útboð rafeyristókans eða töku hans til viðskipta

1. Upplýsingar um hvort hvítbókin um sýndareignir varðar almennt útboð á rafeyristókanum eða töku hans til viðskipta.
2. Eftir atvikum, heildarfjöldi eininga rafeyristókans sem á að bjóða út á almennum markaði eða taka til viðskipta.
3. Eftir atvikum, heiti viðskiptavettvanga fyrir sýndareignir þar sem óskað er eftir töku rafeyristókans til viðskipta.
4. Lög sem gilda um almennt útboð rafeyristókans og lögbær dómstóll.

D-hluti: Upplýsingar um réttindi og skyldur sem fylgja rafeyristókanum

1. Ítarleg lýsing á réttindum og skyldum, ef einhver eru, sem eigandi rafeyristókans hefur, þ.m.t. réttur til innlausnar á nafnverði sem og tilhögun og skilyrði fyrir nýtingu þessara réttinda.
2. Lýsing á aðstæðum þar sem heimilt er að breyta réttindunum og skyldunum.
3. Lýsing á réttindum eigenda þegar útgefandinn getur ekki uppfyllt skuldbindingar sínar, þ.m.t. við ógjaldfærni.
4. Lýsing á réttindum í tengslum við framkvæmd endurreisnaráætlunarinnar,
5. Lýsing á réttindum í tengslum við framkvæmd innlausnaráætlunarinnar.
6. Samskiptaupplýsingar til að leggja fram kvartanir og lýsing á verklagi við meðferð kvartana og kerfi til lausnar ágreiningsmála eða fyrirkomulag úrlausnar meðferðar sem útgefandi rafeyristókans hefur komið á.
7. Eftir atvikum, lýsing á verndarkerfum sem vernda virði sýndareignar og á bótakerfum.
8. Lög sem gilda um rafeyristókann og lögbær dómstóll.

E-hluti: Upplýsingar um tæknina sem liggur að baki

1. Upplýsingar um tæknina sem er notuð, þ.m.t. um dreifðu færsluskrártæknina ásamt aðferðarlýsingum og tæknistöðlum sem eru notaðir, sem gerir kleift að eiga, geyma og millifæra rafeyristóka.
2. Upplýsingar um þær tæknilegu kröfur sem kaupandinn verður að uppfylla til að öðlast yfirráð yfir rafeyristókanum.
3. Samstöðuáðferðin, eftir atvikum.
4. Hvatakerfi til að tryggja viðskipti og gjöld sem gilda.
5. Ef rafeyristókarnir eru gefnir út, millifærðir og geymdir með því að nota dreifða færsluskrártækni sem útgefandinn eða þriðji aðili sem kemur fram fyrir hans hönd starfrækir skal gefa ítarlega lýsingu á því hvernig þessi dreifða færsluskrártækni virkar.
6. Upplýsingar um niðurstöður úttektar á tækninni sem er notuð, ef slík úttekt var gerð.

F-hluti: Upplýsingar um áhættuþætti

1. Lýsing á áhættuþáttum sem tengjast útgefanda rafeyristókans.
2. Lýsing á áhættuþáttum sem tengjast rafeyristókanum.
3. Lýsing á áhættuþáttum sem tengjast tækninni sem notuð er og ráðstöfunum til að draga úr áhættu, ef einhverjar eru.

IV. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR UM EIGIÐ FÉ FYRIR ÞJÓNUSTUVEITENDUR SÝNDAREIGNA

Þjónustuveitendur sýndareigna	Tegund þjónustu á sviði sýndareigna	Lágmarkskröfur um eigið fé skv. a-lið 1. mgr. 67. gr.
Flokkur 1	Þjónustuveitandi sýndareigna með starfsleyfi fyrir eftirfarandi þjónustu á sviði sýndareigna: — framkvæmd fyriræla fyrir hönd viðskiptavina, — markaðssetningu sýndareigna, — millifærsluþjónustu fyrir sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina, — móttöku og miðlun fyriræla um sýndareignir fyrir hönd viðskiptavina, — ráðgjöf um sýndareignir og/eða — stýringu sýndareignasafna.	50 000 evrur
Flokkur 2	Þjónustuveitandi sýndareigna með starfsleyfi fyrir þjónustu á sviði sýndareigna í 1. flokki og: — vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina, — skipti sýndareigna fyrir fjármuni og/eða — skipti sýndareigna fyrir aðrar sýndareignir.	125 000 evrur
Flokkur 3	Þjónustuveitandi sýndareigna með starfsleyfi fyrir þjónustu á sviði sýndareigna í 2. flokki og: — rekstur viðskiptavettvangs fyrir sýndareignir.	150 000 evrur

V. VÍÐAUKI

LISTI YFIR BROT SEM UM GETUR Í III. OG VI. BÁLKI FYRIR ÚTGEFENDUR MIKILVÆGRA EIGNATENGDRÁ TÓKA

1. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 22. gr. með því að veita ekki Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni ársfjórðungslega þær upplýsingar sem um getur í a- til d-lið fyrstu undirgreinar þeirrar málsgreinar fyrir hvern mikilvægan eignatengdan tóka með hærri útgáfuvirði en 100 000 000 evrur.
2. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 23. gr. með því að láta ekki af útgáfu mikilvægs eignatengds tóka þegar viðmiðunarmörkunum sem kveðið er á um í þeirri málsgrein er náð eða með því að leggja ekki áætlun fyrir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina innan 40 virkra daga frá því að þessum viðmiðunarmörkunum er náð til að tryggja að áætluðum ársfjórðungslegum meðalfjölda og meðaltali samanlagðs virðis viðskiptanna á dag sé haldið undir þessum viðmiðunarmörkunum.
3. Útgefandi brýtur gegn 4. mgr. 23. gr. með því að hlíta ekki breytingum á áætluninni sem um getur í b-lið 1. mgr. þeirrar greinar eins og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin krefst.
4. Útgefandi brýtur gegn 25. gr. með því að tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni ekki um fyrirhugaða breytingu á viðskiptalíkani sínu sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á kaupákvörðun eigenda eða væntanlegra eigenda mikilvægra eignatengdra tóka eða með því að lýsa ekki slíkri breytingu í hvítbók um sýndareign.
5. Útgefandi brýtur gegn 25. gr. með því að gera ekki ráðstöfun sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin krefst í samræmi við 4. mgr. 25. gr.
6. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 27. gr. ef hann sýnir ekki heiðarleika, sanngirni og fagmennsku.
7. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 27. gr. með því að eiga ekki samskipti við eigendur og væntanlega eigendur mikilvæga eignatengda tókans á óvilhallan, skýran og ekki villandi hátt.
8. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 27. gr. með því að starfa ekki með hagsmuni eigenda mikilvæga eignatengda tókans að leiðarljósi, eða með því að veita tilteknum eigendum ívilnandi meðferð sem ekki er upplýst um í hvítbók útgefandans um sýndareignina eða, eftir atvikum, markaðsefninu.
9. Útgefandi brýtur gegn 28. gr. með því að birta ekki á vefsetri sínu samþykktu hvítbók um sýndareign eins og um getur í 1. mgr. 21. gr. og, eftir atvikum, breytta hvítbók um sýndareign eins og um getur í 25. gr.
10. Útgefandi brýtur gegn 28. gr. með því að gera ekki hvítbókina um sýndareignina aðgengilega almenningi, eigi síðar en á upphafsdegi almenns útboðs á mikilvægum eignatengdum tóka eða töku slíks tóka til viðskipta.
11. Útgefandi brýtur gegn 28. gr. með því að tryggja ekki að hvítbókin um sýndareignina og, eftir atvikum, breytta hvítbókin um sýndareignina sé aðgengileg á vefsetri útgefandans svo lengi sem mikilvægi eignatengdi tókin er í eigu almennings.
12. Útgefandi brýtur gegn 1. og 2. mgr. 29. gr. með því að birta markaðsefni í tengslum við almennt útboð mikilvægs eignatengds tóka eða töku slíks mikilvægs eignatengds tóka til viðskipta sem uppfyllir ekki kröfur a- til d-lið 1. mgr. og 2. mgr. þeirrar greinar.
13. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 29. gr. með því að birta ekki markaðsefni og allar breytingar á því á vefsetri sínu.
14. Útgefandinn brýtur gegn 5. mgr. 29. gr. með því að tilkynna ekki um markaðsefni til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar samkvæmt beiðni.

15. Útgefandi brýtur gegn 6. mgr. 29. gr. með því að dreifa markaðsefni áður en hvítbókin um sýndareignina er birt.
16. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 30. gr. með því að birta ekki á skýran, nákvæman og gagnsæjan hátt, á stað á vefsetri sínu sem allir hafa greiðan aðgang að, magn eignatengds tóka í umferð og virði og samsetningu þess varasjóðs eigna sem um getur í 36. gr., eða með því að uppfæra ekki upplýsingarnar sem krafist er a.m.k. mánaðarlega.
17. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 30. gr. með því að birta ekki, eins fljótt og auðið er, á stað á vefsetri sínu sem allir hafa greiðan aðgang að, stutta, skýra, nákvæma og gagnsæja samantekt endurskoðunarskýrslunnar, sem og alla endurskoðunarskýrsluna í óstyttri útgáfu, um varasjóð eigna eins og um getur í 36. gr.
18. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 30. gr. með því að birta ekki upplýsingar, á stað á vefsetri sínu sem allir hafa greiðan aðgang að, á skýran, nákvæman og gagnsæjan hátt, og eins fljótt og auðið er, um hvern þann atburð sem hefur eða er líklegur til að hafa veruleg áhrif á virði mikilvægs eignatengds tóka eða varasjóðs eigna eins og um getur í 36. gr.
19. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 31. gr. með því að setja ekki eða viðhalda ekki skilvirkum og gagnsæjum verklagsreglum til skjótrar, sanngjarnrar og samræmdrar meðferðar kvartana sem berast frá eigendum eignatengdra tóka og öðrum hagsmunaaðilum, þ.m.t. neytendasamtökum sem eru fulltrúar eigenda eignatengdra tóka, og með því að birta ekki lýsingar á þessum verklagsreglum, eða, ef þriðju aðilar dreifa eignatengda tóknum að öllu leyti eða að hluta, með því að setja ekki verklagsreglur til að auðvelda einnig meðferð kvartana milli eigenda og þriðju aðila eins og um getur í h-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 34. gr.
20. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 31. gr. með því að gera eigendum mikilvæga eignatengda tókans ekki kleift að leggja fram kvartanir án endurgjalds.
21. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 31. gr. ef hann gerir ekki sniðmát til að leggja fram kvartanir, gerir það ekki aðgengilegt eigendum mikilvægra eignatengdra tóka eða heldur ekki skrá yfir allar kvartanir sem berast og allar ráðstafanir sem gerðar eru vegna slíkra kvartana.
22. Útgefandi brýtur gegn 4. mgr. 31. gr. með því að rannsaka ekki öll kvörtunarmál tímanlega og af sanngirni eða senda ekki niðurstöður slíkra rannsókna til eigenda mikilvægra eignatengdra tóka sinna innan eðlilegs tíma.
23. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 32. gr. ef hann innleiðir ekki eða viðheldur ekki skilvirkum stefnum og verklagsreglum til að greina, koma í veg fyrir, stýra og upplýsa um hagsmunaaðrekstra milli sín og hluthafa sinna, sín og hluthafa eða aðila sem á beint eða óbeint virkan eignarhlut í útgefandanum, sín og aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar sinnar, sín og starfsmanna sinna, sín og eigenda mikilvægra eignatengda tókans og sín og þriðja aðila sem gegnir einu af þeim hlutverkum sem um getur í h-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 34. gr.
24. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 32. gr. með því að gera ekki allar viðeigandi ráðstafanir til að greina, hindra, stýra og birta upplýsingar um hagsmunaaðrekstra sem stafa af stýringu og fjárfestingum þess varasjóðs eigna sem um getur í 36. gr.
25. Útgefandi brýtur gegn 3. og 4. mgr. 32. gr. með því að birta ekki eigendum mikilvægu eignatengdu tókanna upplýsingar, á áberandi stað á vefsetri sínu, um almennt eðli og upptök hagsmunaaðrekstra og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr þessari áhættu, eða með því að birta þær ekki nægilega nákvæmlega til að gera tilvonandi eigendum mikilvæga eignatengda tókans kleift að taka upplýsta ákvörðun um kaup á þeim tóka.

26. Útgefandinn brýtur gegn 33. gr. með því að tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni ekki tafarlaust um breytingar á stjórn sinni og/eða framkvæmdastjórn sinni eða með því að veita henni ekki allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort farið sé að 2. mgr. 34. gr.
27. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 34. gr. með því að hafa ekki traust fyrirkomulag stjórnarhátta, þ.m.t. skýrt stjórnskipulag með vel skilgreinda, gagnsæja og samræmda skiptingu ábyrgðar, skilvirk ferli til að greina, stýra, fylgjast með og tilkynna um áhættu sem hann stendur eða kanna að standa frammi fyrir og fullnægjandi innri eftirlitskerfi, þ.m.t. traustar stjórnunar- og reikningsskilaaðferðir.
28. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 34. gr. með því að hafa aðila stjórnar og/eða framkvæmdastjórnar sem ekki hafa óflekkað mannorð eða búa ekki yfir viðhlitandi þekkingu, hæfni og reynslu, hver um sig eða sameiginlega, til að gegna skyldum sínum, eða sem sýna ekki fram á að þeim sé kleift að verja nægjanlegum tíma til að sinna skyldum sínum með skilvirkum hætti.
29. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 34. gr. ef hann lætur stjórn og/eða framkvæmdastjórn sína ekki meta eða reglulega endurskoða skilvirkni stefnufyrirkomulags og verklagsreglna sem komið er á til að fara að 2., 3., 5. og 6. kafla III. bóls eða með því að gera ekki viðeigandi ráðstafanir til að bæta úr annmörkum þar á.
30. Útgefandi brýtur gegn 4. mgr. 34. gr. ef hluthafar eða aðilar hans, hvort sem þeir eru beinir eða óbeinir, sem eiga virkan eignarhlut hafa ekki hafa nægilega gott orðspor.
31. Útgefandi brýtur gegn 5. mgr. 34. gr. með því að innleiða ekki stefnur og verklagsreglur sem eru nægilega skilvirkar til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð, einkum með því að koma ekki á, viðhalda ekki eða framkvæma ekki einhverjar af þeim stefnum og verklagsreglum sem um getur í a- til k-lið fyrstu undirgreinar þeirrar málsgreinar.
32. Útgefandi brýtur gegn 5. mgr. 34. gr. með því að gera ekki samninga við þriðju aðila, eins og um getur í h-lið fyrstu undirgreinar þeirrar málsgreinar, sem kveða á um hlutverk, ábyrgð, réttindi og skyldur bæði útgefanda og viðkomandi þriðja aðila, eða með því að kveða ekki á um gildandi lög með ótvíræðum hætti.
33. Nema hann hafi virkjað áætlun eins og um getur í 47. gr. brýtur útgefandi gegn 6. mgr. 34. gr. með því að nota ekki viðeigandi og hæfileg kerfi, tilföng eða verklagsreglur til að tryggja áframhaldandi og reglulega framkvæmd þjónustu og starfsemi sinnar, og með því að viðhalda ekki öllum kerfum sínum og öryggisreglum um aðgang í samræmi við viðeigandi staðla Sambandsins.
34. Útgefandi brýtur gegn 7. mgr. 34. gr. með því að leggja ekki fram áætlun til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um aflagningu þjónustu og starfsemi, til samþykkis á slíkri aflagningu.
35. Útgefandi brýtur gegn 8. mgr. 34. gr. með því að greina ekki rekstraráhættuþætti og með því að lágmarka þá ekki með því að þróa viðeigandi kerfi, stjórnþætti og verklag.
36. Útgefandi brýtur gegn 9. mgr. 34. gr. með því að setja ekki stefnu og koma ekki á áætlunum um rekstrarsamfellu sem miða að því að tryggja varðveislu mikilvægra gagna og þjónustu ef truflun á sér stað í upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfum hans og -verkferlum, og að starfsemi hans sé viðhaldið, eða, ef því verður ekki við komið, tryggja tímanlega endurheimt slíkra gagna og starfsþátta og að starfsemi hans hefjist að nýju tímanlega.
37. Útgefandi brýtur gegn 10. mgr. 34. gr. með því að hafa ekki innri eftirlitskerfi og skilvirkar verklagsreglur um áhættustýringu, þ.m.t. skilvirkt eftirlits- og verndarfyrirkomulag til stjórnunar upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfa í samræmi við reglugerð (ESB) 2022/2554.
38. Útgefandi brýtur gegn 11. mgr. 34. gr. með því að hafa ekki til staðar kerfi og verklagsreglur sem eru fullnægjandi til að vernda tiltækileika, ósvikni, heilleika og trúnað gagna eins og krafist er í reglugerð (ESB) 2022/2554 og í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679.

39. Útgefandi brýtur gegn 12. mgr. 34. gr. með því að tryggja ekki að óháðir endurskoðendur endurskoði útgefandann reglulega.
40. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 35. gr. með því að hafa ekki ávallt eiginfjárgrunn sem nemur a.m.k. hæstu fjárhæðinni af þeim sem settar eru fram í a- eða c-lið þeirrar málsgreinar eða 5. mgr. 45. gr.
41. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 35. gr. þessarar reglugerðar ef eiginfjárgrunnur hans samanstendur ekki af liðum og eiginfjárgrunnsgerningum almenns eigin fjár þáttar 1 sem um getur í 26.–30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eftir fullan frádrátt skv. 36. gr. þeirrar reglugerðar, án beitingar undanþáganna á grundvelli viðmiðunarmarka sem um getur í 4. mgr. 46. gr. og 48. gr. þeirrar reglugerðar.
42. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 35. gr. með því að fara ekki að kröfu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um að hafa yfir að ráða hærri fjárhæð eiginfjárgrunns, í kjölfar mats sem gert er í samræmi við a- til g-lið þeirrar málsgreinar.
43. Útgefandi brýtur gegn 5. mgr. 35. gr. með því að framkvæma ekki reglulega álagspróf þar sem tekið er tillit til alvarlegra en trúverðugra sviðsmynda fjárhagslegs álags, s.s. vaxtaáfalla, og álagssviðsmynda sem eru ekki fjárhagslegar, s.s. í tengslum við rekstraráhættu.
44. Útgefandi brýtur gegn 5. mgr. 35. gr. með því að fara ekki að kröfu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um að hafa yfir að ráða hærri fjárhæð eiginfjárgrunns á grundvelli niðurstöðu álagsprófa.
45. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 36. gr. með því að koma ekki á fót eða hafa ekki ávallt varasjóð eigna.
46. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 36. gr. ef hann tryggir ekki að varasjóður eigna sé samsettur og honum stýrt á þann hátt að áhættunni sem tengist eignunum sem eru viðmið eignatengdu tókanna sé mætt.
47. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 36. gr. með því að tryggja ekki að varasjóður eigna sé samsettur og honum stýrt á þann hátt að lausafjárahættunni sem stafar af varanlegum innlausnarrétti eigendanna sé mætt.
48. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 36. gr. með því að tryggja ekki að varasjóður eigna sé rekstrarlega aðskilinn frá búi útgefanda og frá varasjóði eigna fyrir aðra eignatengda tóka.
49. Útgefandi brýtur gegn 6. mgr. 36. gr. ef stjórn og/eða framkvæmdastjórn hans tryggir ekki skilvirka og skynsamlega stýringu varasjóðs eigna.
50. Útgefandi brýtur gegn 6. mgr. 36. gr. með því að tryggja ekki að á móti útgáfu og innlausn mikilvæga eignatengda tókans komi ávallt samsvarandi aukning eða lækkun á varasjóði eigna.
51. Útgefandi brýtur gegn 7. mgr. 36. gr. með því að ákvarða ekki samanlagt virði varasjóðs eigna með því að nota markaðsverð, og með því að tryggja ekki að samanlagt virði hans sé ávallt a.m.k. jafnt samanlögðu virði krafna á hendur útgefandanum frá eigendum mikilvæga eignatengda tókans í umferð.
52. Útgefandi brýtur gegn 8. mgr. 36. gr. með því að hafa ekki skýra og ítarlega stefnu sem lýsir aðferðunum við verðjöfnun hins mikilvæga eignatengda tóka og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í a- til g-lið þeirrar málsgreinar.
53. Útgefandi brýtur gegn 9. mgr. 36. gr. með því að láta ekki framkvæma óháða úttekt á varasjóði eigna á sex mánaða fresti frá og með þeim degi sem hann fær starfsleyfi eða frá og með dagsetningu staðfestingar á hvítbókinni um sýndareignirnar skv. 17. gr.
54. Útgefandi brýtur gegn 10. mgr. 36. gr. með því að tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni ekki um niðurstöður úttektar í samræmi við þá málsgrein eða með því að birta ekki niðurstöður úttektarinnar innan tveggja vikna frá dagsetningu tilkynningarinnar til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

55. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 37. gr. með því að koma ekki á, hrinda ekki í framkvæmd eða viðhalda ekki vörslustefnum, verklagsreglum og samningum sem tryggja ávallt að skilyrðin sem talin eru upp í a- til e-lið fyrstu undirgreinar þeirrar málsgreinar séu uppfyllt.
56. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 37. gr. með því að hafa ekki, þegar hann gefur út tvo eða fleiri mikilvæga eignatengda tóka, vörslustefnu fyrir hvert safn varasjóða eigna.
57. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 37. gr. með því að tryggja ekki að varasjóður eigna sé í vörslu þjónustuveitanda sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina, lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis eigi síðar en fimm virkum dögum eftir útgáfudag mikilvæga eignatengda tókans.
58. Útgefandi brýtur gegn 4. mgr. 37. gr. með því að sýna ekki tilhlýðilega aðgát, færni og kostgæfni við val, ráðningu og endurskoðun á þjónustuveitendum sýndareigna, lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum sem ráðin eru sem vörsluaðilar varasjóðseigna, eða með því að tryggja ekki að vörsluaðilinn sé annar lögaðili en útgefandinn.
59. Útgefandi brýtur gegn 4. mgr. 37. gr. með því að tryggja ekki að þjónustuveitendur sýndareigna, lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki sem ráðin eru sem vörsluaðilar varasjóðseigna búi yfir nauðsynlegri sérfræðiþekkingu og orðspori á markaði til að gegna hlutverki vörsluaðila slíkra varasjóðseigna.
60. Útgefandi brýtur gegn 4. mgr. 37. gr. með því að tryggja ekki með samningunum við vörsluaðilana að varasjóðseignirnar í vörslu séu varðar gegn kröfuhöfum vörsluaðilanna.
61. Útgefandi brýtur gegn 5. mgr. 37. gr. með því að setja ekki fram í vörslustefnum og verklagsreglum viðmið um val við ráðningu þjónustuveitenda sýndareigna, lánastofnana eða verðbréfafyrirtækja sem vörsluaðila varasjóðseignanna eða setja ekki fram verklagsreglur um endurskoðun slíkra ráðninga.
62. Útgefandi brýtur gegn 5. mgr. 37. gr. með því að endurskoða ekki reglulega ráðningu þjónustuveitenda sýndareigna, lánastofnana eða verðbréfafyrirtækja sem vörsluaðila varasjóðseignanna, með því að meta ekki áhættuskuldbindingar sínar vegna slíkra vörsluaðila eða með því að fylgjast ekki með fjárhagsaðstæðum slíkra vörsluaðila á viðvarandi grundvelli.
63. Útgefandi brýtur gegn 6. mgr. 37. gr. með því að tryggja ekki að varsla varasjóðseignanna sé framkvæmd í samræmi við a- til d-lið fyrstu undirgreinar þeirrar málsgreinar.
64. Útgefandi brýtur gegn 7. mgr. 37. gr. með því að koma því ekki til leiðar að ráðning þjónustuveitanda sýndareigna, lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis sem vörsluaðila varasjóðseigna sé staðfest með samningi, eða með því að stýra ekki, með slíkum samningi, flæði þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að gera útgefanda mikilvæga eignatengda tókans, viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna, lánastofnuninni og verðbréfafyrirtækinu kleift að sinna hlutverki sínu sem vörsluaðilar.
65. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 38. gr. með því að fjárfesta varasjóðseignirnar í afurðum sem eru ekki auðseljanlegir fjármálagerningar sem bera hverfandi markaðsáhættu, greiðslufallsáhættu og samþjöppunaráhættu, eða ef ekki er unnt að selja slíkar fjárfestingar fljótt með hverfandi neikvæðum áhrifum á verð.
66. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 38. gr. með því að hafa ekki í vörslu í samræmi við 37. gr. þá fjármálagerninga sem varasjóðseignirnar eru fjárfestar í.
67. Útgefandi brýtur gegn 4. mgr. 38. gr. með því að bera ekki allan hagnað og tap og mótaðila- eða rekstraráhættu sem stafar af fjárfestingum varasjóðs eigna.

68. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 39. gr. með því að koma ekki á, hrinda ekki í framkvæmd eða viðhalda ekki skýrum og ítarlegum stefnum og verklagsreglum að því er varðar varanlegan innlausnarrétt eigenda mikilvægra eignatengdra tóka.
69. Útgefandi brýtur gegn 1. og 2. mgr. 39. gr. með því að tryggja ekki að eigendur mikilvægra eignatengda tókans hafi varanlegan innlausnarrétt í samræmi við þessar málsgreinar og með því að setja ekki stefnu um slíkan varanlegan innlausnarrétt sem uppfyllir skilyrðin sem talin eru upp í a- til e-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 39. gr.
70. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 39. gr. með því að leggja á gjöld þegar mikilvægi eignatengdi tókinn er innleystur.
71. Útgefandi brýtur gegn 40. gr. með því að úthluta vöxtum í tengslum við mikilvæga eignatengda tókann.
72. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 45. gr. með því að koma ekki á, hrinda ekki í framkvæmd eða viðhalda ekki starfskjarastefnu sem stuðlar að traustri og skilvirkri áhættustýringu sinni sem útgefanda mikilvægra eignatengdra tóka og sem skapar ekki hvata til að slaka á kröfum í tengslum við áhættu.
73. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 45. gr. með því að tryggja ekki að mikilvægir eignatengdir tókar hans geti verið í vörslu mismunandi þjónustuveitenda sýndareigna sem hafa starfsleyfi til vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina, á sanngjörnum og eðlilegum grundvelli án mismununar.
74. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 45. gr. með því að meta ekki eða fylgjast ekki með lausafjárþörf til að geta orðið við beiðnum eigenda eignatengdra tóka um innlausn þeirra.
75. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 45. gr. með því að koma ekki á, hrinda ekki í framkvæmd eða viðhalda ekki stefnu og verklagsreglum um lausafjárstýringu eða með því að tryggja ekki, með þeirri stefnu og verklagsreglum, að lausafjárnsið varasjóðseignanna sé álagsþolið og geri útgefanda mikilvæga eignatengda tókans kleift að halda áfram eðlilegum rekstri, þ.m.t. við sviðsmyndir þar sem lausafjárálags gætir.
76. Útgefandi brýtur gegn 4. mgr. 45. gr. með því að framkvæma ekki reglulega lausafjárálagspróf eða herða ekki lausafjárkröfur þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin fer fram á það á grundvelli niðurstaðna slíkra prófa.
77. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 46. gr. með því að semja ekki eða viðhalda ekki endurbótaáætlun um ráðstafanir sem hann sem útgefandi mikilvægra eignatengda tókans þarf að gera til að uppfylla aftur þær kröfur sem gilda um varasjóð eigna í tilvikum þar sem útgefandinn uppfyllir ekki þessar kröfur, þ.m.t. að viðhalda þeirri þjónustu sinni sem tengist mikilvæga eignatengda tóknum, tímanlega endurheimt á starfsemi og efndir á skuldbindingum útgefandans í tilvikum þar sem veruleg hættu er á að starfsemin raskist.
78. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 46. gr. með því að semja ekki eða viðhalda ekki endurbótaáætlun sem tilgreinir viðeigandi aðstæður og ferli til að tryggja tímanlega framkvæmd endurbótaáðgerða sem og ýmsa valkosti um endurbætur, eins og talið er upp í þriðju undirgrein þeirrar málsgreinar.
79. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 46. gr. með því að tilkynna ekki Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og, eftir atvikum, skilastjórnvöldum og varfærniseftirlitsyfirkvöldum sínum um endurbótaáætlunina innan sex mánaða frá dagsetningu starfsleyfis skv. 21. gr. eða innan sex mánaða frá dagsetningu samþykkis á hvítbókinni um sýndareignina skv. 17. gr.
80. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 46. gr. með því að endurskoða ekki eða uppfæra ekki endurbótaáætlunina reglulega.
81. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 47. gr. með því að gera ekki eða viðhalda ekki aðgerðaáætlun til að styðja við skipulega innlausn hvers mikilvægs eignatengds tóka.

82. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 47. gr. með því að hafa ekki innlausnaráætlun sem sýnir fram á getu hans sem útgefanda mikilvæga eignatengda tókans til að framkvæma innlaun á hinum útistandandi mikilvæga eignatengda tóka sem gefinn hefur verið út, án þess að valda óþörfum fjárhagslegum skaða fyrir eigendur hans eða stöðugleika markaða varasjóðseignanna.
83. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 47. gr. með því að hafa ekki innlausnaráætlun sem felur í sér samning, verklagsreglur eða kerfi, þ.m.t. að skipaður sé bráðabirgðastjórnandi, til að tryggja jafnræði allra eigenda mikilvæga eignatengda tókans og til að tryggja að eigendur mikilvæga eignatengda tókans fái tímanlega greitt með söluandvirði eftirstandandi varasjóðseigna.
84. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 47. gr. með því að hafa ekki innlausnaráætlun sem tryggir þá samfellu mikilvægrar starfsemi sem er nauðsynleg til skipulegrar innlausnar og sem er framkvæmd af útgefandanum eða þriðja aðila.
85. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 47. gr. með því að tilkynna ekki Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um endurbótaáætlunina innan sex mánaða frá dagsetningu starfsleyfis skv. 21. gr. eða innan sex mánaða frá dagsetningu samþykkis á hvítbókinni um sýndareignina skv. 17. gr.
86. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 47. gr. með því að endurskoða ekki eða uppfæra ekki innlausnaráætlunina reglulega.
87. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 88. gr., nema skilyrði 2. mgr. 88. gr. séu uppfyllt, með því að upplýsa ekki almenning eins fljótt og auðið er um innherjaupplýsingar eins og um getur í 87. gr. sem varða útgefandann beint, með þeim hætti að almenningur geti nálgast þær skjótt og lagt fullt, rétt og tímanlegt mat á upplýsingarnar.
-

VI. VIÐAUKI

**LISTI YFIR BROT GEGN ÁKVÆÐUM SEM UM GETUR Í IV. BÁLKI Í TENGLUM VIÐ III. BÁLK VARÐANDI
ÚTGEFENDUR MIKILVÆGRA RAFEYRISTÓKA**

1. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 22. gr. með því að veita ekki Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni ársfjórðungslega þær upplýsingar sem um getur í fyrstu undirgrein a- til d-liðar þeirrar málsgreinar fyrir hvern mikilvægan rafeyristóka sem er í gjaldmiðli sem er ekki opinber gjaldmiðill aðildarríkis og sem hefur hærra útgáfuverðmæti en 100 000 000 evrur.
2. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 23. gr. með því að láta ekki af útgáfu mikilvægs rafeyristóka sem er í gjaldmiðli sem er ekki opinber gjaldmiðill aðildarríkis þegar þeim viðmiðunarmörkum sem kveðið er á um í þeirri málsgrein er náð eða með því að leggja ekki áætlun fyrir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina innan 40 virkra daga frá því að þessum viðmiðunarmörkum er náð til að tryggja að áætluðum ársfjórðungslegum meðalfjölda og meðaltali samanlagðs virðis viðskiptanna á dag sé haldið undir þessum viðmiðunarmörkum.
3. Útgefandi brýtur gegn 4. mgr. 23. gr. með því að hlíta ekki breytingum á áætluninni sem um getur í b-lið 1. mgr. þeirrar greinar eins og Evrópska bankaeftirlitsstofnunarinnar krefst.
4. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 35. gr. þessarar reglugerðar ef eiginfjárgrunnur hans samanstendur ekki af liðum og eiginfjárgrunnsgemingum almenns eigin fjár þáttar 1 sem um getur í 26.–30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eftir fullan frádrátt skv. 36. gr. þeirrar reglugerðar, án beitingar undanþáganna á grundvelli viðmiðunarmarka sem um getur í 4. mgr. 46. gr. og 48. gr. þeirrar reglugerðar.
5. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 35. gr. með því að fara ekki að kröfu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um að hafa yfir að ráða hærri fjárhæð eiginfjárgrunns, í kjölfar mats sem gert er í samræmi við a- til g-lið þeirrar málsgreinar.
6. Útgefandi brýtur gegn 5. mgr. 35. gr. með því að framkvæma ekki reglulega álagspróf þar sem tekið er tillit til alvarlegra en trúverðugra sviðsmynda fjárhagslegs álags, s.s. vaxtaáfalla, og álagssviðsmynda sem eru ekki fjárhagslegar, s.s. í tengslum við rekstraráhættu.
7. Útgefandi brýtur gegn 5. mgr. 35. gr. með því að fara ekki að kröfu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um að hafa yfir að ráða hærri fjárhæð eiginfjárgrunns á grundvelli niðurstöðu álagsprófa.
8. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 36. gr. með því að koma ekki á fót eða hafa ekki ávallt varasjóð eigna.
9. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 36. gr. með því að tryggja ekki að varasjóður eigna sé samsettur og honum stýrt á þann hátt að áhættunni sem tengist gjaldmiðlinum sem mikilvægi rafeyristókinn miðast við sé mætt.
10. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 36. gr. með því að tryggja ekki að varasjóður eigna sé samsettur og honum stýrt á þann hátt að lausafjárahættunni sem stafar af varanlegum innlausnarrétti eigendanna sé mætt.
11. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 36. gr. með því að tryggja ekki að varasjóður eigna sé rekstrarlega aðskilinn frá búi útgefandans og frá varasjóði eigna fyrir aðra rafeyristóka.
12. Útgefandi brýtur gegn 6. mgr. 36. gr. ef stjórn og/eða framkvæmdastjórn hans tryggir ekki skilvirka og skynsamlega stýringu varasjóðs eigna.
13. Útgefandi brýtur gegn 6. mgr. 36. gr. með því að tryggja ekki að á móti útgáfu og innlausn mikilvæga rafeyristókans komi ávallt samsvarandi aukning eða lækkun varasjóðs eigna.

14. Útgefandi brýtur gegn 7. mgr. 36. gr. með því að ákvarða ekki samanlagt virði varasjóðs eigna út frá markaðsverði og með því að tryggja ekki að samanlagt virði hans sé ávallt a.m.k. jafnt samanlögðu virði krafna á hendur útgefandanum frá eigendum hins mikilvæga rafeyristóka í umferð.
15. Útgefandi brýtur gegn 8. mgr. 36. gr. með því að hafa ekki skýra og ítarlega stefnu sem lýsir aðferðunum við verðjöfnun hins mikilvæga rafeyristóka og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í a- til g-lið þeirrar málsgreinar.
16. Útgefandi brýtur gegn 9. mgr. 36. gr. með því að láta ekki gera óháða úttekt á varasjóði eigna á sex mánaða fresti frá dagsetningu almenns útboðs eða töku til viðskipta.
17. Útgefandi brýtur gegn 10. mgr. 36. gr. með því að tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni ekki um niðurstöður úttektar í samræmi við þá málsgrein eða með því að birta ekki niðurstöður úttektarinnar innan tveggja vikna frá dagsetningu tilkynningarinnar til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.
18. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 37. gr. með því að koma ekki á, hrinda ekki í framkvæmd eða viðhalda ekki vörslustefnum, verklagsreglum og samningum sem tryggja ávallt að skilyrðin sem talin eru upp í a- til e-lið fyrstu undirgreinar þeirrar málsgreinar séu uppfyllt.
19. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 37. gr. með því að hafa ekki, þegar hann gefur út tvo eða fleiri mikilvæga rafeyristóka, vörslustefnu fyrir hvert safn varasjóða eigna.
20. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 37. gr. með því að tryggja ekki að varasjóður eigna sé í vörslu þjónustuveitanda sem annast vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina, lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis eigi síðar en fimm virkum dögum eftir útgáfudag mikilvæga rafeyristókans.
21. Útgefandi brýtur gegn 4. mgr. 37. gr. með því að sýna ekki tilhlýðilega aðgát, færni og kostgæfni við val, ráðningu og endurskoðun á þjónustuveitendum sýndareigna, lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum sem ráðin eru sem vörsluaðilar varasjóðseigna, eða með því að tryggja ekki að vörsluaðilinn sé annar lögaðili en útgefandinn.
22. Útgefandi brýtur gegn 4. mgr. 37. gr. með því að tryggja ekki að þjónustuveitendur sýndareigna, lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki sem ráðin eru sem vörsluaðilar varasjóðseigna búi yfir nauðsynlegri sérfræðipækkingu og orðspori á markaði til að gegna hlutverki vörsluaðila slíkra varasjóðseigna.
23. Útgefandi brýtur gegn 4. mgr. 37. gr. með því að tryggja ekki með samningunum við vörsluaðilana að varasjóðseignimar í vörslu séu varðar gegn kröfuhöfum vörsluaðilanna.
24. Útgefandi brýtur gegn 5. mgr. 37. gr. með því að setja ekki fram í vörslustefnum og verklagsreglum viðmið um val við ráðningu þjónustuveitenda sýndareigna, lánastofnana eða verðbréfafyrirtækja sem vörsluaðila varasjóðseignanna eða setja ekki fram verklagsreglur um endurskoðun slíkra ráðninga.
25. Útgefandi brýtur gegn 5. mgr. 37. gr. með því að endurskoða ekki reglulega ráðningu þjónustuveitenda sýndareigna, lánastofnana eða verðbréfafyrirtækja sem vörsluaðila varasjóðseignanna, með því að meta ekki áhættuskuldbindingar sínar vegna slíkra vörsluaðila eða með því að fylgjast ekki með fjárhagsaðstæðum slíkra vörsluaðila á viðvarandi grundvelli.
26. Útgefandi brýtur gegn 6. mgr. 37. gr. með því að tryggja ekki að varsla varasjóðseignanna sé framkvæmd í samræmi við a- til d-lið fyrstu undirgreinar þeirrar málsgreinar.
27. Útgefandi brýtur gegn 7. mgr. 37. gr. með því að koma því ekki til leiðar að ráðning þjónustuveitanda sýndareigna, lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis sem vörsluaðila varasjóðseigna sé staðfest með samningi, eða með því að stýra ekki, með slíkum samningi, flæði þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að gera útgefanda mikilvæga rafeyristókans, viðkomandi þjónustuveitanda sýndareigna, lánastofnuninni og verðbréfafyrirtækinu kleift að sinna hlutverki sínu sem vörsluaðilar.

28. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 38. gr. með því að fjárfesta varasjóðseignir í afurðum sem eru ekki auðseljanlegir fjármálagerningar sem bera hverfandi markaðsáhættu, greiðslufallsáhættu og samþjöppunaráhættu, eða ef ekki er unnt að selja slíkar fjárfestingar fljótt með hverfandi neikvæðum áhrifum á verð.
29. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 38. gr. með því að hafa ekki í vörslu í samræmi við 37. gr. þá fjármálagerninga sem varasjóðseignirnar eru fjárfestar í.
30. Útgefandi brýtur gegn 4. mgr. 38. gr. með því að bera ekki allan hagnað og tap og mótaðila- eða rekstraráhættu sem stafar af fjárfestingum varasjóðs eigna.
31. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 45. gr. með því að koma ekki á, hrinda ekki í framkvæmd eða viðhalda ekki starfskjarastefnu sem stuðlar að traustri og skilvirkri áhættustýringu útgefenda mikilvægra rafeyristóka og sem skapar ekki hvata til að slaka á kröfum í tengslum við áhættu.
32. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 45. gr. með því að tryggja ekki að mikilvægir rafeyristókar hans geti verið í vörslu mismunandi þjónustuveitenda sýndareigna sem hafa starfsleyfi til vörslu og umsýslu sýndareigna fyrir hönd viðskiptavina, á sanngjörnum og eðlilegum grundvelli án mismununar.
33. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 45. gr. með því að meta ekki eða fylgjast ekki með lausafjárþörf til að geta orðið við beiðnum eigenda rafeyristóka um innlaun þeirra.
34. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 45. gr. með því að koma ekki á, hrinda ekki í framkvæmd eða viðhalda ekki stefnu og verklagsreglum um lausafjástýringu eða með því að tryggja ekki, með þeirri stefnu og verklagsreglum, að lausafjárskilvægni varasjóðseignanna sé álagsþolið og geri útgefanda mikilvæga rafeyristókans kleift að halda áfram eðlilegum rekstri, þ.m.t. við sviðsmyndir þar sem lausafjárálags gætir.
35. Útgefandi brýtur gegn 4. mgr. 45. gr. með því að framkvæma ekki reglulega lausafjárálagspróf eða herða ekki lausafjárkröfur þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin fer fram á það á grundvelli niðurstaðna slíkra prófa.
36. Útgefandi brýtur gegn 5. mgr. 45. gr. með því að fara ekki ávallt að kröfum um eiginfjárgrunn.
37. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 46. gr. með því að semja ekki eða viðhalda ekki endurbótaáætlun um ráðstafanir sem útgefandi mikilvæga rafeyristókans þarf að gera til að uppfylla aftur þær kröfur sem gilda um varasjóð eigna í tilvikum þar sem útgefandinn uppfyllir ekki þessar kröfur, þ.m.t. að viðhalda þeirri þjónustu sinni sem tengist mikilvæga rafeyristóknum, tímanlega endurheimt á starfsemi og efndir á skuldbindingum útgefandans í tilvikum þar sem veruleg hætta er á að starfsemin raskist.
38. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 46. gr. með því að semja ekki eða viðhalda ekki endurbótaáætlun sem tilgreinir viðeigandi aðstæður og ferli til að tryggja tímanlega framkvæmd endurbótaáðgerða sem og ýmsa valkosti um endurbætur, eins og talið er upp í a-, b- og c-lið þriðju undirgreinar þeirrar málsgreinar.
39. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 46. gr. með því að tilkynna ekki Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og, eftir atvikum, skilastjórnvöldum og varfærniseftirlitsyfirvöldum sínum um endurbótaáætlunina innan sex mánaða frá dagsetningu almenns útboðs eða töku til viðskipta.
40. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 46. gr. með því að endurskoða ekki eða uppfæra ekki endurbótaáætlunina reglulega.
41. Útgefandi brýtur gegn 1. mgr. 47. gr. með því að gera ekki eða viðhalda ekki aðgerðaáætlun sem styður við skipulega innlaun hvers mikilvægs rafeyristóka.

42. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 47. gr. með því að hafa ekki innlausnaráætlun sem sýnir fram á getu hans sem útgefanda mikilvæga rafeyristókans til að framkvæma innlausn útistandandi rafeyristókans sem gefinn hefur verið út, án þess að valda óþörfum fjárhagslegum skaða fyrir eigendur hans eða stöðugleika markaða varasjóðseignanna.
43. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 47. gr. með því að hafa ekki innlausnaráætlun sem felur í sér samning, verklagsreglur eða kerfi, þ.m.t. að skipaður sé bráðabirgðastjórnandi, til að tryggja jafnræði allra eigenda mikilvæga rafeyristókans og til að tryggja að eigendur mikilvæga rafeyristókans fái tímanlega greitt með söluandvirði eftirstandandi varasjóðseigna.
44. Útgefandi brýtur gegn 2. mgr. 47. gr. með því að hafa ekki innlausnaráætlun sem tryggir þá samfellu mikilvægrar starfsemi sem er nauðsynleg til skipulegrar innlausnar og sem er framkvæmd af útgefandanum eða þriðju aðilum.
45. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 47. gr. með því að tilkynna ekki Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um innlausnaráætlunina innan sex mánaða frá dagsetningu almenns útboðs eða töku til viðskipta.
46. Útgefandi brýtur gegn 3. mgr. 47. gr. með því að endurskoða ekki eða uppfæra ekki innlausnaráætlunina reglulega.

C-deild – Útgáfudagur: 18. mars 2025